# Bændablaðið

13. tölublað 2026 ● Fimmtudagur 9. júlí ● Blað nr. 706 ● 32 árg. ● Upplag 33.000 ● Vefur: bbl.is

## Vindmyllur í Vaðölduveri

Fyrstu vindmyllurnar eru risnar í Vaðölduveri en alls verða þær 28.

20–21



## Gísli Matthías

Yfirkokkurinn í Ylju, Laugarási notar hráefni úr nærsamfélaginu.

30–32



## Safn Gísla á Uppsölum

Safn Gísla á Uppsölum verður opnað á Selárdalshátíð 7. ágúst.

54





**ÞEKKINGU MIÐLAÐ MILLI KYNSLÓÐA Kristján Brandur Sigurðarson, sem verður fimm ára í sumar, horfir framan í hest í Hólum á Rangárvöllum þar sem hann býr ásamt fjölskyldu sinni. Móðir hans, amma, langamma og aðrar formæður langt aftur í aldir hafa framleitt skyr með hefðbundinni aðferð og skyrgerlaflóru sem er búið að halda lifandi frá ómunatíð. *– Sjá nánar á miðopnu.***

Mynd / Ástvaldur Lárusson

# Mikil áhrif af inngöngu

**Johan Åberg, framkvæmdastjóri landbúnaðarmála hjá finnsku landbúnaðarsamtökunum (MTK), segir heildaráhrifin af inngöngu Finna í Evrópusambandið árið 1995 hafa verið mjög mikil, sérstaklega á þróun atvinnugreinarinnar til lengri tíma litið.**

„Fyrir aðild að Evrópusambandinu voru um 120.000 bú í Finnlandi en í dag eru þau færri en 40.000. Framleiðslumagnið hefur hins vegar verið nokkuð stöðugt og sjálfsaflafæðishlutfall (sjálfsþurft) mismunandi afurða hefur ekki breyst mikið.“

Önnur stór breyting, segir Åberg, hefur verið sú að farið var úr lokuðum markaði yfir í raunverulegt markaðshagkerfi innan innri markaðar ESB með öllum þeim sveiflum sem því fylgja í afurðaverði, aðfangakostnaði og fleiru.

Hann segir að samkeppnishæfni finnskra bænda hafi batnað en skautun hafi aukist á milli þeirra. „Sumum gengur mjög vel á meðan aðrir eiga í erfiðleikum og neyðast til að hætta búskap.“

Rætt er við Åberg í blaðinu í dag um þetta og fleira, svo sem um áhrif ESB-aðildarinnar á finnska landbúnaðarstefnu, matarverð og skriffinnsku bænda. */þh*

***– Sjá nánar á síðu 6.***

# Fjölmennt á fyrsta degi Landsmóts

**Margir voru mættir í brekkuna á fyrsta degi Landsmóts hestamanna og lék veðrið við gesti á Hólum í Hjaltadal sunnudaginn 5. júlí.**

Markaðssvæðið iðaði af lífi og var þar að finna handverk úr Skagafirði, kynningarbása og fjölbreyttar vörur fyrir bæði hesta og knapa. Veitingasala fór fram innan- og utandyra og hægt var að fjárfesta í skrautlegum kúrekahöttum í Partívagninum. Mótið er vel skipulagt og aðkoman góð og gekk því smurt að hleypa fólki inn á mótsvæðið og tjaldsvæðin.

### Þétt dagskrá

Fyrstu daga mótsins fóru fram forkeppnir og milliriðlar og þétt dagskrá var á kynbótavellinum. Keppt var í tveimur nýjum flokkum, annars vegar B-flokki áhugamanna og hins vegar A-flokki ungmenna.

„Nú er verið að bjóða upp á þennan nýja flokk, A-flokk ungmenna frá 18–21 árs, til þess að undirbúa þau fyrir framtíðina að keppa á stóra sviðinu í A-flokki,“ segir Jóhann G. Jóhannesson gæðingadómari. „Þá verða þau tilbúnari til þess að koma í fullorðinsflokkinn. Ég bar þessa tillögu upp á landsþingi fyrir einhverjum árum. Það er stórt stökk upp úr ungmennaflokknum í fullorðinsflokkana svo ég held að þetta sé gott.“

Jóhann er að dæma þriðja landsmótið sitt í röð en var sjálfur keppandi á mótinu lengi. „Það gengur auðvitað misvel hjá keppendum en þá koma krakkarnir bara aftur á næsta Landsmót. Það er stórt fyrir þau að vera komin inn á Landsmót, þetta er eins og að vera kominn inn á heimsmeistaramótið fyrir fótboltamennina,“ segir Jóhann.

### Kynslóðir hesta og manna

Margir hafa lagt land undir fót til þess að koma í Skagafjörðinn. Snorri Ólafsson býr í Keflavík en hann og fjölskyldan mættu á Hóla á fimmtudeginum í vikunni fyrir mót.

„Ég á einn hest hérna, dóttir mín er að keppa á honum. Svo er eldri sonur minn og eldri dóttir að keppa líka og kynbótasýna og svo á ég barnabarn að keppa í barnaflokki. Barnabarninu gekk vel í dag, hún heitir Eva Hrönn Ásmundsdóttir og hún er önnur inn í milliriðla á hesti frá ömmu sinni, Rafni frá Melabergi,“ segir Snorri. Börnin hans eru atvinnumenn í hrossum og keppa á mótinu, þau Ásmundur Ernir, Jóhanna Margrét og Signý Sól Snorrabörn.

„Við verðum hérna alla vikuna, það er engin spurning. Það er listaverk að vera hér og æðisleg aðstaða í Hjaltadal.“ Snorri hefur verið að mæta á Landsmót í áratugi. „Ég var sjálfur að keppa í gamla daga. Fyrsta Landsmótið mitt var hér í Skagafirðinum, á Vindheimamelum árið 1982, þá keppti ég í barnaflokki. Gaman er að segja frá því að ég keppti meira að segja á meri sem er langamma hestsins sem barnabarnið er að keppa á í dag.“ */kró*

***– Sjá nánar á síðu 10.***

VÉLFANG
CLAAS
FENDT
KUHN
JCB
Kverneland
Schäffer
STRAUTMANN

Biobú:

# 7% lækkun á vörum

**Helgi Rafn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Biobús, og hans starfsfólk lækkuðu vöruverð um 7% á vörum fyrirtækisins og gildir lækkunina til 31. ágúst nk.**

Meðal vöruflokka eru lífræn mjólk og fjölbreytt úrval jógúrtvara. „Viðbrögðin hafa verið mjög jákvæð. Innkaupastjórar verslanakeðjanna tóku þessari ákvörðun mjög vel og hétu því að skila verðlækkuninni að fullu til neytenda. Við finnum líka fyrir því að fólk tekur svona fréttum vel, sérstaklega þar sem umræðan síðustu mánuði hefur að mestu snúist um verðhækkanir og verðbólgu. Við vonum að þetta geri fleirum kleift að velja lífrænar mjólkurvörur,“ segir Helgi Rafn.



Helgi Rafn Gunnarsson. Mynd / Aðsend

„Sumarið hefur verið einstaklega gott og lífrænu kýrnar hafa aldrei mjólkað jafn mikið. Salan hjá okkur hefur verið mjög góð síðustu mánuði og við höfum unnið úr allri þeirri lífrænu mjólk sem hefur verið í boði. Reyndar höfum við oft þurft að skammta vörur til verslana þegar hráefnið hefur ekki dugað,“ segir Helgi Rafn enn fremur.

En kemur til greina að 7% lækkunin haldi áfram eftir 31. ágúst? „Við höfum ekki tekið ákvörðun um það, sjáum til hvernig átakið gengur og hvernig mjólkurframboðið þróast þegar líður á haustið. Það mun ráða milklu um framhaldið, þannig við útilokum það ekki,“ segir Helgi Rafn. Hjá Biobúi vinna 11 starfsmenn. */mhh*



Stærð tjaldsvæðisins í Breiðavík fer tímabundið úr hálfum hektara upp í níu hektara í kringum sólmyrkvann í ágúst. Mynd / Breiðavík

Sólmyrkvinn:

# Tjaldsvæðið í Breiðavík stækkar átjánfalt

**Eigendur Hótels Breiðavíkur ætla að gera tímabundna aðstöðu fyrir tjaldgesti á túnum til þess að geta tekið á móti miklum fjölda ferðalanga sem von er á í tengslum við sólmyrkvann þann 12. ágúst.**

Í Breiðavík er sú gistiaðstaða sem er næst Látrabjargi, en þar mun almyrkvinn á sólu vara lengst á föstu landi. Við hlið hótelsins í Breiðavík er tjaldsvæði sem er hálfur hektari að stærð, en dagana í kringum sólmyrkvann mun það stækka í níu hektara, sem er átjánföld stækkun.

Ekki er tekið á móti bókunum á tjaldsvæðinu, en rekstraraðilar hafa fulla trú á því að hafa pláss fyrir alla sem vilja tjalda. Þeir sem koma fyrst fá aðgang að rafmagni og sturtum á þeim hálfa hektara þar sem þegar hefur verið byggð upp aðstaða fyrir tjaldgesti. Þeir sem slá upp tjöldum utan þess svæðis hafa eingöngu aðgang að salernum. Nóttin á tjaldsvæðinu mun kosta 8.000 krónur fyrir hvern fullorðinn einstakling. Í fjölmiðlum hefur verið greint frá því að mikið hefur verið um afbókanir á hótelinu í Breiðavík og því hugsanlegt að enn finnist svefnstaður innandyra á svæðinu.

Ferðaþjónustuaðilarnir í Breiðavík hvetja fólk til þess að mæta 10. eða 11. ágúst og fara af svæðinu einum eða tveimur dögum eftir sólmyrkvann til þess að forðast umferðaröngþveiti. Búist er við miklum mannfjölda á Látrabjargi, en nánar er fjallað um undirbúning vegna viðburðarins á síðu 16. */ál*






Erfðagallinn birtist eingöngu í nautum, ekki kvígum. Mynd / Yulia Gadalina

# Erfðagalli í Angus-nautum

**Erfðagalli fannst í Angus-nautgripastofninum sem veldur ófrjósemi í arfhreinum nautum. Fyrir utan það að vera ófrjó eru nautin sem bera genið heilbrigð að öðru leyti. Vísindamenn í Noregi uppgötvuðu genið. Höskuldur Jensson dýralæknir hélt erindi um málið á opnum fundi sem deild nautgripabænda stóð fyrir.**

„Norðmenn létu okkur vita af erfðagallanum þegar þeir voru búnir að staðfesta niðurstöður rannsóknanna,“ segir Höskuldur. „Allir gripirnir sem við erum með eru innfluttir, það er erfðaefnið er innflutt frá Noregi, og vitað var að einhverjir af forfeðrum þeirra gripa sem við erum með hér á landi bæru genið. Þá var boðið upp á bráðabirgðagreiningar og við fengum að senda sýni úr öllum gripum úr stöðinni á Stóra-Ármóti og nokkrum nautum sem eru búin að vera í dreifingu svo við vitum stöðuna á þessum gripum í dag.“ Búið er að greina 43 gripi hérlendis og um helmingur þeirra var laus við genið, helmingur voru arfblendnir gripir með genið og tveir voru arfhreinir með genið. Í Noregi er búið að greina 700 gripi samkvæmt Höskuldi en þar af voru 25% arfblendnir og 3% arfhreinir með genagallann.



Höskuldur Jensson.

Að sögn Höskuldar er raunhæft að losna alfarið við genið en forsendan fyrir því sé að hafa aðgang að greiningum. Óvissa ríkir í þeim málum sem stendur þar sem allar greiningarnar fara fram í Noregi og hafa nú verið stöðvaðar tímabundið. Unnið er að þróun framtíðarlausnar við greiningu á geninu. „Við reiknum með að þetta sé aðeins tímabundið stopp og að okkur bjóðist hagstæð lausn til greininga á okkar gripum innan skamms,“ segir Höskuldur en hann býst við að þessi stöðvun vari aðeins í nokkra mánuði.

„Þau naut sem við höfum verið að nota undanfarið af þessum Angus-ættum eru öll berar. Þau eru öll arfhrein og bera genið, þau eru alveg frjó en bera þó þetta gen. En sem betur fer erum við að koma inn með nýjan árgang nauta sem fæddust í fyrra. Við vorum einmitt nýlega að taka sæði úr nokkrum svoleiðis nautum sem fara fljótlega í dreifingu en þau naut eru öll laus við þetta gen,“ segir Höskuldur. Engu sæði verður dreift úr nautum sem ekki er búið að greina. „Það er spurning hvernig maður sér fyrir sé að losna alfarið við þetta í öllum gripum á landinu, það getur tekið einhver ár en það mikilvægasta er að við förum ekki að dreifa neinu sæði úr nautum héðan í frá nema þau séu laus við þetta,“ segir Höskuldur. „Það er ekki ástæða til að hafa svakalegar áhyggjur af þessu. Þetta er búið að vera til í Noregi og víðar í langan tíma, áratugi jafnvel, án þess að menn hafi tekið eftir því. Ef þetta væri búið að valda einhverju stórtjóni hefði þetta uppgötvast fyrr.“ */kró*

Landnýting:

# Landbótaáætlanir uppfærðar

**Land og skógur vinnur nú að innleiðingu reglugerðar um sjálfbæra landnýtingu.**

Landeigendur, rétthafar og aðrir hagaðilar eiga von á að haft verði samband við þá á næstu mánuðum í tengslum við endurskoðun landbótaáætlana, sem nær til fjögurra flokka landnýtingar; beitar, akuryrkju, framkvæmda og umferðar fólks og ökutækja.

### Mikillar endurnýjunar þörf

Endurskoðunin er hluti af innleiðingu reglugerðar um sjálfbæra landnýtingu frá 2024. Hún nær til fjögurra flokka sem sett eru viðmið fyrir og er skrifuð á grundvelli laga um landgræðslu. Núverandi landbótaáætlun var gerð á grundvelli reglugerðar um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu og rennur út í lok árs 2026.

„Ljóst er að endurnýja þarf allmargar landbótaáætlanir, einkum þar sem ástand svæða hefur lítið breyst síðustu tíu ár. Í öðrum tilfellum kann beitarnýting að hafa lagst af eða ástand lands batnað það mikið að ekki er þörf á frekari aðgerðum,“ segir Sigþrúður Jónsdóttir, formaður vinnuhóps við innleiðingu reglugerðarinnar og sérfræðingur hjá Landi og skógi.

Forgangsverkefni Lands og skógar er að greina hvar þörf er á endurskoðun eða endurnýjun þessara áætlana eða hvort nýting á þessum svæðum teljist nú sjálfbær. Við greininguna er byggt á bestu fáanlegu gögnum um ástand lands, meðal annars fjarkönnunargögnum, gervitunglamyndum, gögnum úr rannsóknum Grólindarverkefnisins og nánari vettvangsskoðunum þar sem þörf er á.

„Helsta breyting frá fyrra fyrirkomulagi er sú að ábyrgðin nær nú ekki eingöngu til þeirra sem eru í gæðastýrðri sauðfjárrækt, heldur til allra þeirra sem nýta viðkomandi beitarland,“ segir Sigþrúður.



Kindur á beit á Hveravöllum. Mynd / eks

### Önnur svæði skoðuð

„Endurnýjun þeirra landbótaáætlana sem snúa að beitarnýtingu og eru nú að renna sitt skeið er í forgangi,“ segir Sigþrúður. „Að því loknu þarf að fara yfir hvort landnýting sé sjálfbær á öðrum svæðum sem falla undir ákvæði reglugerðarinnar, þar á meðal á öðrum beitarlöndum en beitarlöndum sauðfjár. Reglugerðin tekur einnig til landnýtingar vegna akuryrkju, umferðar fólks og ökutækja og framkvæmda og því þarf í kjölfarið að meta hvort slík nýting kalli á landbótaáætlanir.“

Um stöðu vinnunnar segir Sigþrúður að haft hafi verið samband við alla ábyrgðaraðila þeirra landbótaáætlana sem um ræðir og þeim gerð grein fyrir því að vinna við endurskoðun áætlananna sé hafin og þurfi að ljúka fyrir áramót. „Í kjölfarið verður, á grundvelli fyrirliggjandi mats, unnið að endurskoðun eða endurnýjun landbótaáætlana þar sem þörf er á í samráði við hlutaðeigandi aðila.“ Hún segir Land og skóg muni leiðbeina eigendum eða rétthöfum lands um gerð landbótaáætlunar og útvega rafrænt form til að vinna hana í. */eks*



TILBOÐ 2026
FÆST Í VEFVERSLUN
VANTAR ÞIG PLÁSS?
Það er gott að eiga stað fyrir sláttuvélina, grillið, hrífuna og dekkin...
Hugmyndir af útfærslum
Verkfærageymsla
Hobby herbergi
Sauna
Skrifstofa
EYRI - 15 fm
25% afsláttur
1.196.000 kr.
897.000 kr.
TIL Á LAGER
TIL AFGREIÐSLU STRAX
STAPI - 14,98 fm
25% afsláttur
1.188.000 kr.
891.000 kr.
NAUST - 14,44 fm
30% afsláttur
950.000 kr.
665.000 kr.
HLÍÐ - 10 fm
25% afsláttur
796.000 kr.
597.000 kr.
Leiðbeiningar og teikningar af undirstöðum eru á vefnum okkar kofaroghus.is
Hægt er að bæta við auka bjálkaröðum í öll húsin ef óskað er eftir meiri lofthæð
UPPSELT
BREKKA 34 - 9 fm
25% afsláttur
776.000 kr.
582.000 kr.
www.kofaroghus.is - Sími 553 1545
KOFAR OG HÚS
Síðan 2012

Jöfnun dreifikostnaðar:

# Raforkukostnaður lækkar í dreifbýli

**Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku milli dreifbýlis og þéttbýlis eykst úr rúmum 60% í tæplega 90% með nýjum lögum sem tóku gildi þann 1. júlí og ættu áhrifin að birtast strax í rafmagnsreikningum sem berast heimilum og fyrirtækjum í upphafi næsta mánaðar**


Jóhann Páll Jóhannsson.

Frumvarp umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um breytingar á lögum um Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku milli dreifbýlis og þéttbýlis er liður í stefnu ríkisstjórnarinnar um að jafna aðstöðu heimila og fyrirtækja óháð búsetu og styrkja stoðir atvinnulífs og búsetu í dreifðum byggðum. Áhrifin munu koma einna sterkast fram í landbúnaði. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu.

„Um leið og dreifbýlisframlag hækkar og raforkureikningurinn lækkar hjá heimilum og fyrirtækjum í dreifbýli fela breytingarnar í sér að raforkunotkun vegna hitunar íbúðarhúsnæðis sem uppfyllir skilyrði niðurgreiðslna skv. 4. gr. laga um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002, verður undanþegin greiðslu jöfnunargjalds. Þetta þýðir að raforkureikningur allra heimila sem reiða sig á rafhitun eða kyntar veitur mun einnig lækka lítillega,“ segir í tilkynningunni.

Haft er eftir Jóhanni Páli Jóhannssyni, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, í fréttatilkynningunni að þetta sé jafnaðarmennska í orkumálum og mikilvægt byggðamál. „Fyrir landbúnað og ýmsa atvinnustarfsemi í dreifðum byggðum skiptir þetta gríðarlegu máli. Fyrir t.a.m. meðalstórt kúabú gæti lækkunin á dreifikostnaði raforku sem lagabreytingarnar skila numið rúmlega 40.000 kr. á mánuði, eða um 480.000 kr. á ári. Fyrir mörg bú er það fjárhæð sem skiptir máli á tímum þar sem aðföng, vextir og annar rekstrarkostnaður hafa hækkað mikið. Raforkueftirlitið mun fylgjast grannt með því að jöfnunin skili sér til notenda og við munum halda áfram að þróa jöfnunarkerfið þannig að það skili þeim árangri sem að er stefnt.“ */þh*

Sauðfjárslátrun hjá SS:

# Erlendir starfsmenn ráðnir sérstaklega

**Sauðfjárslátrun hjá SS á Selfossi hefst formlega 8. september í haust og stendur til 4. nóvember. Reiknað er með að slátra um hundrað þúsund fjár.**

„Það verða um hundrað og fimmtíu manns að vinna í sláturtíðinni og hundrað af þeim koma sérstaklega til landsins til að vinna hjá okkur þetta tímabil,“ segir Benedikt Benediktsson, framleiðslustjóri hjá SS.

Á heimasíðu fyrirtækisins kemur meðal annars fram að 4% hækkun verði á verðskrá kindakjöts og ofan á það greiðir SS svo bændum 8% í viðbót ofan á verðskrá sauðfjárinnleggs eins og fyrri ár. Þá kemur líka fram að bændum standi til boða að kaupa frosið dilkakjöt með afslætti í sláturtíð en ekki er um að ræða heimtöku á innleggi viðkomandi bónda.

En hvað segir formaður Félags sauðfjárbænda um verðið sem bændur fá fyrir sitt fé í haust? „SS er eina afurðastöðin sem hefur gefið út verðskrá fyrir haustið og afurðaverð fylgir þróun verðlags síðan í síðustu sláturtíð, eða um 4%. Sauðfjárbændur hefðu viljað sjá frekari hækkun á afurðaverði til sín en eins og í tilviki SS þá vita bændur að sú afurðastöð greiðir uppbót í lok árs ef rekstur félagsins gengur vel. Sauðfjárbændur sýna þessari hóflegu hækkun þó skilning í því verkefni að reyna að halda aftur af miklum verðlagshækkunum. Aftur á móti bendum við líka á að aðföng til framleiðslunnar hafa hækkað frá síðasta ári, olía hefur hækkað umtalsvert milli ára, áburður hækkaði milli ára svo dæmi séu tekin,“ segir Eyjólfur Ingvi Bjarnason, formaður sauðfjárbænda. */mhh*


Benedikt Benediktsson





Landtökubyggðin Elon Moreh á hernumdu svæði Palestínu, norður af Nablus á Vesturbakkanum árið 2008. Þar voru áður palestínsku þorpin Azmut og Deir al-Hatab. Mynd / CC Wikipedia

Tollamál:

# Vörustreymi frá ólöglegum landtökubyggðum Ísraela

**Ný skýrsla sem unnin var á fjögurra ára tímabili sýnir fram á kerfi sem liggur að baki stórfelldum innflutningi vara til Evrópu sem bera ólöglega upprunamerkingu. Vörurnar eru framleiddar í ólöglegum landtökubyggðum Ísraela í Palestínu en merktar ísraelskar.**

Í það minnsta 42% vara innfluttar af hernumdu svæðunum voru merktar ísrealskar og nutu þar með 13,1 milljónar evra tollaívilnana. Ísraelsk stjórnvöld greiða útflytjendum landbúnaðarvara af hernumdu svæðunum fái þeir synjun um tollafríðindi. Á árunum 2005–2024 greiddu þau útflytjendum vara af hernumdu svæðunum 63 milljónir evra.


Döðlur eru meðal þess sem er ræktað og flutt út frá hernumdu svæðunum. Svæðið er frjósamt ræktarland. Mynd / Freepic

### Ólöglegar upprunamerkingar

Vörur ræktaðar í landtökubyggðum Ísraela á palestínsku landi eru kerfisbundið upprunamerktar sem ísraelskar, sem er ólöglegt samkvæmt Evrópulögum og alþjóðlegum viðskiptasamningum. Fríverslunarsamningur hefur verið í gildi á milli Ísraels og Evrópu frá 1995, en strangar reglur um merkingar á vörum úr landtökubyggðum gilda. Landtökubyggðir eru ólöglegar samkvæmt alþjóðalögum. Evrópa er stærsta markaðssvæði Ísraels og því mikið í húfi.

Skýrslan byggir á rannsókn á nærri sex þúsund tilfellum innflutnings inn til Evrópu á undanförnum átta árum. Meðal innflutningsvara eru sítrusávextir, döðlur, tahini og aðrar vörur fluttar inn á árunum 2017–2026. Í ljós kom að ein af hverjum fimm sendingum inn í Evrópusambandið kom úr landbúnaði í landtökubyggðum en vörur voru merktar ísraelskar. Vegna mikillar ringulreiðar á skráningu á uppruna er talið líklegt að raunverulegt hlutfall sé enn hærra. Í skýrslunni er sýnt fram á að ekki er um stöku mistök að ræða heldur kerfisbundið mynstur sem brýtur í bága við evrópsk og alþjóðalög, viðskiptasamninga og stefnu Evrópusambandsins.

Að baki skýrslunni standa Global Echo Litigation Center, óhagnaðardrifin samtök sem berjast gegn kerfisbundinni og ólöglegri yfirtöku Ísraels á palestínsku landi með rannsóknum á og málaferlum gegn aðilum sem stunda viðskipti og hagnast á hernumdu svæðunum.

### Ísraelsk stjórnvöld greiða útflytjendum

Landbúnaðarvörur frá landtökubyggðum njóta ekki ívilnana við innflutning til Evrópu en samningur er í gildi á milli ESB og Ísraels um tollaívilnanir. Greining á yfir 2.000 reikningum fyrir flutning á landbúnaðarvörum úr ólöglegum landtökubyggðum til ESB leiddi í ljós að 16,7% vara höfðu fengið tollaívilnanir á grundvelli þess að vera upprunamerktar ísraelskar, en voru í reynd úr landtökubyggðum. Ívilnanir námu 13,1 milljón evra.

Uppruni varanna er í reynd falinn og evrópsk tollayfirvöld, innflutningsaðilar og stórmarkaðir gera lítið til að spyrna gegn starfseminni. Röng upprunamerking gerir innflytjendum þvert á móti kleift að krefjast lægri innflutningstolla, sem bæði dregur úr skatttekjum ESB og hefur áhrif á verð til neytenda. Neytendur eru þannig óafvitandi að styðja við landbúnað á hernumdu svæðunum.

Í skýrslunni er einnig sýnt fram á að þegar vörum úr landtökubyggðum er réttilega synjað um tollafríðindi, endurgreiða ísraelsk stjórnvöld framleiðendum þeirra. Það gerir tolla á vörur frá landtökubyggðum tilgangslausa, segir í skýrslunni. Á árunum 2005–2024 greiddu ísraelsk stjórnvöld að minnsta kosti 63 milljónir evra til útflytjenda vara úr ólöglegum landtökubyggðum.

Einnig er sýnt fram á í skýrslu Global Echo að plöntuheilbrigðisvottorð og lífræn vottun á vörum er ólögmæt, en kerfisbundið samþykkt af evrópskum tollayfirvöldum. Slíkt grefur undan trausti á yfirvöld og ógnar heilsu almennings, segir þar enn fremur.

Global Echo er í þann mund að hefja málaferli til að knýja fram aðgerðir vegna þessara brota og kerfisins sem liggur að baki. Samtökin hafa það einnig að markmiði að varpa ljósi á enn víðtækara kerfisbundið samþykkt Ísraela á landbúnaðarlandi í Palestínu sem haldið er uppi af landtökufólki með stuðningi yfirvalda í Ísrael. */eks*

# MÁLMIÐJAN

## Stálheiðarleg **opnunartilboð** á bárujárni

**Ólituð bára 0,6 mm**

**1990 kr.**

$m^2$ með vsk.

**Lituð bára 0,6 mm**

**2990 kr.**

$m^2$ með vsk.

## MÁLMIÐJAN breytir leiknum!

### Hagstætt verð

Með nýrri framleiðslutækni og sjálfvirkni er vara framleidd á hagkvæmari máta en áður. Þið fáið verð strax á sölusíðu félagsins, pantið og fáið uppgefinn afhendingartíma.

### Stuttur afhendingartími

Framleiðslubúnaður félagsins er nýr og afkastamikill. Við **afhendum pantanir á 2–3 virkum** dögum frá staðfestingu.

### Auðvelt að panta

Vefverslun félagsins er notendavæn og þægileg, og þið getið fylgst með stöðu pantana í rauntíma, flokkað pantanir niður á verk og verkstaði.

### Framúrskarandi efnisgæði

Hráefni Málmiðjunnar er frá Baosteel, stærsta og framsæknasta stálframleiðanda í heimi. Stálið sem við notum í klæðningar er í háum gæðaflokki.



Skoðaðu málminn

**malmidjan.is**

Bændablaðið

**Ritstjóri:** Þröstur Helgason (ábm.) throstur@bondi.is – **Sími:** 563 0300
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
**Blaðamenn:** Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Edda Kristín Sigurjónsdóttir edda@bondi.is
Karólína Rós Ólafsdóttir karolina@bondi.is – Katrín Lilja Jónsdóttir katrinlilja@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is
**Vefur blaðsins:** www.bbl.is – Netfang blaðsins: bbl@bondi.is
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf.
**Upplag:** 33.000 **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

# Neytendur vilja vita hvaðan maturinn kemur

Með auknum innflutningi á matvörum og sífellt flóknari matvælamarkaði hefur traust orðið sífellt mikilvægara. Neytendur vilja vita hvaðan maturinn kemur. Þeir vilja geta tekið upplýstar ákvarðanir um hvað þeir setja í innkaupakörfuna og hvaða framleiðslu þeir kjósa að styðja. Til þess þurfa þeir skýrar og áreiðanlegar upplýsingar. Þess vegna skiptir upprunamerkið Íslenskt staðfest máli.

Merkið er ekki gæðavottun og heldur því ekki fram að ein vara sé betri en önnur. Gildi þess felst í því að segja neytandanum með skýrum hætti að varan uppfylli ákveðin skilyrði um íslenskan uppruna og að sú staðhæfing hafi verið staðfest af óháðum þriðja aðila. Á markaði þar sem framleiðendur geta sett margvísleg orð á umbúðir sínar – „íslensk framleiðsla", „úr sveit", „úr íslenskri sveit" og annað í þeim dúr – er mikill munur á eigin yfirlýsingu og sjálfstæðri vottun. Það er einmitt þessi munur sem skapar traust.

Á undanförnum árum hefur orðið æ ljósara að merkingar á matvælum geta verið villandi. Íslenski fáninn birtist á ýmsum umbúðum, vörur eru markaðssettar með vísan til íslenskrar hefðar og fyrirtæki byggja ímynd sína á íslenskum uppruna. En neytandinn veit ekki alltaf hvort hráefnið sé raunverulega íslenskt eða hvort varan sé aðeins unnin eða pökkuð hér á landi. Þess vegna er ekki nóg að treysta eingöngu á markaðssetningu. Það þarf staðal, eftirlit og gagnsæi.

Íslenskir framleiðendur kvarta oft – og með réttu – yfir harðnandi samkeppni frá innflutningi. Samkeppni verður þó ekki aðeins mætt með því að framleiða meira. Henni verður líka mætt með því að gera neytendum auðveldara að velja. Ef neytandinn þarf að grandskoða smáletraðar upplýsingar á umbúðum til að komast að raunverulegum uppruna vöru er kerfið ekki að þjóna tilgangi sínum. Skýr, sýnileg og trúverðug upprunamerking einfaldar valið.

Reynslan frá Norðurlöndunum sýnir að öflug upprunamerki geta haft áhrif á matvælamarkaði. Þau auðvelda valið og styrkja tengsl neytenda við innlenda framleiðslu. Sama þróun ætti að vera möguleg hér á landi en til þess að svo megi verða þarf fleiri fyrirtæki til liðs við merkið. Sú staðreynd að aðeins sjö framleiðendur hafa tekið merkið Íslenskt staðfest upp til þessa er áhyggjuefni en jafnframt tækifæri því möguleikar til vaxtar eru greinilega miklir.

Það er erfitt að byggja upp þekkingu og traust ef aðeins lítill hluti markaðarins notar vottunina. Því fleiri framleiðendur sem taka merkið upp, því sýnilegra verður það, því betur læra neytendur að þekkja það og því meira verður virði þess fyrir alla sem að því standa.

Íslenskur landbúnaður stendur frammi fyrir mörgum áskorunum. Aukinn innflutningur er ein þeirra. Á sama tíma hefur neytandinn aldrei haft fleiri valkosti. Einmitt þess vegna er gagnsæi orðið samkeppnisforskot.

Íslenskt staðfest er ekki lausn á öllum vandamálum íslenskrar matvælaframleiðslu en það er mikilvægt verkfæri. Það gerir neytendum kleift að velja af meiri vissu og framleiðendum kleift að sýna fram á það sem þeir eru að selja.

Það er því full ástæða til að hvetja fleiri framleiðendur til að taka merkið upp. Ekki aðeins vegna eigin hagsmuna heldur einnig vegna þeirra neytenda sem eiga rétt á skýrum upplýsingum um uppruna matvæla sinna. Þegar kemur að mat er það grundvallaratriði að vita hvaðan hann kemur.

*Þröstur Helgason*




# Finnskum búum fækkað úr 120.000 í 40.000 eftir ESB-aðild

## – „Eins og staðan er í dag er enginn betri kostur í boði"

Fréttaljós | Þröstur Helgason
throstur@bondi.is

**Finnskur landbúnaður hefur verið talsvert til umræðu hér á landi að undanförnu í tengslum við spurningu um það hvort Íslendingar eigi að taka upp aðildarviðræður við Evrópusambandið að nýju. Finnar gengu í Evrópusambandið 1. janúar 1995 að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu árið áður. Umræðan hér hefur snúist um það hvaða áhrif inngang Finna hafi haft á þarlendan landbúnað. Bændablaðið ræddi við Johan Åberg, framkvæmdastjóra landbúnaðarmála hjá finnsku landbúnaðarsamtökunum (MTK), og leitaði svara við nokkrum spurningum sem hafa vaknað í umræðunni.**

Sumir segja að finnskum landbúnaði hafi hrakað eftir inngöngu landsins í Evrópusambandið, aðrir að hann standi mun betur. Talað er um að styrkir hafi aukist til landbúnaðar í Finnlandi, aðrir segja að finnskir bændur standi nú frammi fyrir gríðarlegri skriffinnsku vegna ESB. Enn aðrir segja að afurðaverð til finnskra bænda hafi lækkað um 40% en matvöruverð um 10%. Sumir segja matarverðið raunar hafa lækkað um 40%. Og þannig mætti áfram telja.


Johan Åberg.

Johan Åberg segir myndina að mörgu leyti flókna þegar horft er til baka. Þróunin hafi að sumu leyti verið jákvæð en að öðru leyti neikvæð.

### Búum fækkað um 80.000

*En byrjum á stóru spurningunni. Hvernig metið þið hjá MTK áhrif Evrópusambandsaðildar Finna á landbúnað í landinu?*

„Heildaráhrifin hafa verið mjög mikil, sérstaklega á þróun atvinnugreinarinnar til lengri tíma litið. Fyrir aðild að Evrópusambandinu voru um 120.000 bú í Finnlandi en í dag eru þau færri en 40.000. Framleiðslumagnið hefur hins vegar verið nokkuð stöðugt og sjálfsaflafæðishlutfall (sjálfsþurft) mismunandi afurða hefur ekki breyst mikið.

Önnur stór breyting hefur verið sú að farið var úr lokuðum markaði yfir í raunverulegt markaðshagkerfi innan innri markaðar ESB með öllum þeim sveiflum sem því fylgja í afurðaverði, aðfangakostnaði og fleiru."

*Geturðu nefnt nokkur atriði sem hafa færst til betri vegar hjá finnskum bændum eftir inngöngu í Evrópusambandið og nokkur sem hafa færst til verri vegar?*

„Það sem hefur batnað er samkeppnishæfnin þar sem finnskir bændur hafa fjárfest mikið í aukinni framleiðni og samkeppnishæfni, sérstaklega í búfjárframleiðslu. Á móti sjáum við vaxandi skautun meðal bænda. Sumum gengur mjög vel á meðan aðrir eiga í erfiðleikum og neyðast til að hætta búskap. Markaðssveiflur hafa einnig aukist verulega."


Beinar greiðslur til bænda hafa aukist verulega, bæði flatarmálstengdar greiðslur og greiðslur vegna búfjár. Heildarstuðningur hins opinbera hefur þó dregist saman, þar sem gamla finnska kerfið var mjög kostnaðarsamt fyrir skattgreiðendur." Mynd / Janne Järvinen

### Afkoma almennt stöðug en afurðaverð lækkað

*Er afkoma finnskra bænda almennt betri eða verri eftir inngöngu í Evrópusambandið?*

„Almennt hefur efnahagsleg staða bænda verið nokkuð stöðug, en þó heldur lakari en áður. Á bak við meðaltalstölurnar má hins vegar sjá að um 20% bænda standa sig mjög vel og betur en áður, á meðan um 20% standa mun verr. Meðaltalið segir því ekki alla söguna. Á opnum markaði þar sem opinber stefna hefur minni áhrif hafa tilhneigingar frumkvöðla og rekstraraðila til að skila misjöfnum árangri meiri áhrif og munurinn á milli þeirra eykst."

*Hefur afurðaverð hækkað eða lækkað til finnskra bænda eftir inngögnu í Evrópusambandið?*

„Í flestum tilvikum hefur afurðaverð til bænda lækkað."

### Beinar greiðslur aukist en heildarstuðningur minnkað

*Hafa styrkir til finnskra bænda aukist með inngögnunni og hvaða styrki er þá um að ræða?*

„Beinar greiðslur til bænda hafa aukist verulega, bæði flatarmálstengdar greiðslur og greiðslur vegna búfjár. Heildarstuðningur hins opinbera hefur þó dregist saman, þar sem gamla finnska kerfið var mjög kostnaðarsamt fyrir skattgreiðendur."

*Hvaða áhrif hafði inngangan á hið opinbera landbúnaðarkerfi í Finnlandi, svo sem stuðningsgreiðslur til finnskra bænda, styrkjakerfið og svo framvegis?*

„Áhrifin á landbúnaðarstefnuna voru gríðarleg þar sem Finnland þurfti að breyta nánast öllu. Finnsk landbúnaðarstefna var fyrir aðildina á engan hátt samræmanleg stefnu ESB. Eftir 1995 hefur Evrópusambandið einnig gert nokkrar stórar og mikilvægar umbætur á sameiginlegri landbúnaðarstefnu sinni."

*Hefur skriffinnska aukist hjá bændum eftir inngöngu í Evrópusambandið?*

„Já, stjórnsýslubyrðin hefur aukist verulega og það er einmitt það sem bændur kvarta mest undan."

### Matvæli hlutfallslega ódýrari nú

*Hefur matvöruverð í Finnlandi hækkað eða lækkað eftir inngöngu?*

„Matvælaverð hefur hækkað að nafnvirði, en hlutfallslega eru matvæli ódýrari nú en fyrir aðildina. Almennt verja finnskir neytendur aðeins um 12% af ráðstöfunartekjum sínum til matvæla og óáfengra drykkja. Það er meðal þess lægsta sem gerist í Evrópusambandinu."

### Bændur almennt gagnrýnir en fáir vilja yfirgefa ESB

*Hafið þið hjá MTK kannað viðhorf finnskra bænda til aðildarinnar að Evrópusambandinu eftir að Finnland varð hluti af sambandinu?*

„Já, við höfum gert margar rannsóknir í gegnum árin. Bændur eru almennt gagnrýnir á Evrópusambandið, en mjög fáir þeirra myndu í raun vilja yfirgefa sambandið. Eins og staðan er í dag er enginn betri kostur í boði. ESB er einnig stórt öryggismál fyrir Finnland og því er engin raunveruleg umræða um úrsögn, jafnvel meðal bænda. Þess í stað reynum við að vinna að því með uppbyggilegum hætti að gera Evrópusambandið betra."

**Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári. Upplýsingar um dreifingarstaði: www.bbl.is** Áskrifendur fá blaðið sent heim gegn greiðslu burðargjalds sem er kr. 19.800 m/vsk á ári. Eldri borgarar og öryrkjar kr. 15.500 m/vsk.
**Heimilisfang:** Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík. **Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279 – **Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.



**Landréttir í Réttarnesi eru steinhlaðnar fjárréttir sem voru í notkun frá því um 1660 til 1979, en þær lögðust af í kjölfar Heklugoss árið 1980. Síðan þá hafa bændur sem nýta Landmannaafrétt réttað í Áfangagili. Skömmu fyrir síðustu aldamót var búið að leggja mikla vinnu í að gera við steinhleðsluna, en sú fyrirhöfn var fyrir bí í Suðurlandsskjálftanum árið 2000.** Mynd / ál

# ESB-umræðan kallar á svör en ekki slagorð

**Vinkill** | Margrét Gísladóttir
margret@safl.is

Um þessar mundir virðist varla hægt að koma á tjaldvæði, sundstað, fjölskylduboð, fund eða kaffistofu án þess að umræðan berist að ESB. Fólk er að reyna að átta sig á hvað möguleg endurvakning aðildarumsóknar Íslands að ESB myndi þýða. Hverjir eru kostirnir? Hverjir eru gallarnir? Og hvað myndi þetta kosta?

Það er eðlilegt að fólk spyrji. ESB-aðild er ekki einfalt mál og snýst því ekki um einfalt já eða nei. Aðildarviðræður eru mjög flókið ferli, enda hefði aðild umfangsmikil og afdrifarík áhrif á efnahagslíf, fullveldi, atvinnulíf, byggðir landsins og einnig íslenskan landbúnað. Aðild fæli í sér djúpstæðar breytingar á lagaumhverfi landbúnaðarins, stjórnsýslu, stuðningskerfi, tollvernd – og ákvörðunarvald.

### Skortur á pólitískri umræðu

Þess vegna er bagalegt að á sama tíma og almenningur er að reyna að átta sig á þessu stóra máli eru þeir 63 þingmenn sem þjóðin kaus til að setja sig inn í nákvæmlega svona mál og miðla upplýsingum til kjósenda, í sumarhléi. Alþingi er ekki virkur vettvangur umræðu um málið á þeim tímapunkti þegar þörfin fyrir skýringar og pólitíska ábyrgð hefur líklega aldrei verið meiri.

Nú er búið að setja þjóðina í þá stöðu að þurfa sjálf að kortleggja jafn tæknilega flókið ferli og endurvakning umsóknaraðildar er. Það er áþreifanleg eftirspurn frá fólki eftir meiri upplýsingum og skýrum svörum frá þeim sem bera pólitíska ábyrgð. Slagorð og loforðaflaumur á TikTok er ekki það sem fólk þarf á að halda núna heldur fagleg umfjöllun.

### Ísland yrði nettógreiðandi til ESB

Ein af fyrstu spurningunum sem þarf að svara er hvað aðild myndi kosta Ísland. Miðað við stærð íslensks hagkerfis og stöðu Íslands sem hátekjuland er næsta öruggt að Ísland yrði nettógreiðandi til ESB. Með öðrum orðum myndi Ísland greiða meira inn í sameiginlega sjóði ESB en við fengjum til baka í formi styrkja og verkefna. Gróflega má ætla að nettóframlag Íslands gæti numið um 20–30 milljörðum króna miðað við núverandi stærð hagkerfisins og stöðu sambærilegra ríkja ESB.

Sú tala segir þó ekki alla söguna. Til viðbótar við þessa upphæð, sem er það fjármagn sem við greiðum umfram það sem við fáum til baka, kæmi t.d. framlag frá íslenska ríkinu til íslensks landbúnaðar sem þyrfti sem mótvægisaðgerð við niðurfellingu tollverndar, þ.e. ef ætlunin er að tryggja áframhaldandi innlenda matvælaframleiðslu. Það mótframlag gæti numið tæpum 20 milljörðum króna til viðbótar á ársgrundvelli, sé miðað við virði markaðsverndar samkvæmt útreikningum OECD.

### Íslenski landbúnaðurinn

Íslenskur landbúnaður býr við nokkuð sérstakar aðstæður sem ber að taka alvarlega. Og tollverndin er mikilvægur hluti af þeirri umgjörð sem gerir innlendri framleiðslu kleift að starfa við íslenskar aðstæður. Ef tollvernd félli niður við ESB-aðild, án þess að sambærilegar mótvægisaðgerðir kæmu í staðinn, yrðu afleiðingarnar alvarlegar og myndu líklega ríða mörgum greinum landbúnaðarins að fullu.

Fyrir íslenskan landbúnað skiptir mestu að umræðan um ESB-aðild fari ekki fram á forsendum óskhyggju. Það þarf að liggja fyrir hvaða kröfur íslenska ríkið mun setja í aðildarviðræðum við ESB hvað varðar tollvernd, dýraheilbrigði, stuðningskerfi o.fl. Áður en þjóðinni er gert að taka afstöðu þarf að svara þessum spurningum af fullri alvöru.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í landbúnaði.*

# Jarmað, hneggjað, baulað ...

Það er ekki á hverjum degi sem íslenskur matreiðslumaður segir að markmið hans sé að sýna fram á að hægt sé að reka stóran veitingastað með því að kaupa hráefni frá tugum smáframleiðenda í nærsamfélaginu. Enn sjaldnar heyrast sögur af því að einn þeirra framleiðenda sendi póst og segi að viðskiptin hafi „bjargað árinu“. En einmitt í þessu felst mikilvægi þeirrar hugsjónar sem Gísli Matthías Auðunsson hefur lagt til grundvallar á Ylju í Laugarás.

Hugmyndin er í sjálfu sér einföld: að horfa fyrst út um gluggann áður en litið er langt yfir hafið eftir hráefni. Að byggja matargerð á því sem vex, dafnar og er framleitt í næsta nágrenni. Að tengja veitingastaðinn við samfélagið sem umlykur hann.

Íslenskur landbúnaður hefur í raun alla burði til að verða ómissandi hluti af slíkri framtíðarsýn. Fá lönd af þessari stærð geta boðið upp á jafn fjölbreytt úrval af afurðum. Við framleiðum mjólk, kjöt, egg, kartöflur, fjölbreytt grænmeti, kryddjurtir, ber og ýmsar sérvörur. Við búum yfir jarðhita sem gerir ræktun mögulega allt árið um kring og víða hafa frumkvöðlar sýnt að hægt er að rækta tegundir sem fyrir fáeinum árum þóttu óhugsandi við íslenskar aðstæður.

Samt er ákveðin mótsögn í stöðunni. Á sama tíma og veitingamenn eins og Gísli kalla eftir meiri fjölbreytni í íslenskri ræktun eru stuðningskerfin enn að verulegu leyti sniðin að takmörkuðum hópi tegunda. Ef styrkjakerfið umbunar fyrst og fremst ræktun ákveðinna afurða er eðlilegt að bændur fylgi þeim hvötum. Fæstir hafa efni á að taka mikla áhættu með nýjar tegundir nema til þess sé skapað svigrúm.

Þess vegna er umræða um stuðning við grænmetisræktun ekki aðeins spurning um framleiðslumagn heldur einnig um fjölbreytni. Viljum við sjá meira af sólhnýðum, sellerírót, hvítlauk, sérhæfðum tómatayrkjum, blaðgrænmeti og öðrum nytjaplöntum sem geta gefið íslenskri matarmenningu nýja vídd? Þá þarf stuðningsumhverfið að endurspegla þann metnað.

Við gleymum líka stundum að fjölbreytni í landbúnaði er hluti af fæðuöryggi. Kerfi sem byggir á fáum tegundum er viðkvæmara en kerfi sem stendur á fleiri stoðum. Þekking á ólíkum ræktunaraðferðum og fleiri afurðum meðal fleiri framleiðenda styrkir íslenskan matvælageira til framtíðar.

Frásögn Gísla af því hvernig hann lærði að „endurmeta upprunann“ fangar vel þá hugsun sem ætti að vera leiðarljós í þessari umræðu. Málið snýst um að sjá verðmætin sem fyrir eru, nýta þau betur og skapa ný. Það snýst um að gera nærsamfélagið að uppsprettu hugmynda, atvinnusköpunar og gæða.

Þegar gestur sest niður á veitingastað í Laugarási ætti hann ekki aðeins að fá góða máltíð. Hann ætti líka að fá söguna af sveitinni í kring, ræktuninni í gróðurhúsunum, vinnu bænda og smáframleiðenda og þeim fjölmörgu afurðum sem umhverfið getur gefið af sér. Til þess þarf bæði frumkvæði og hugrekki í eldhúsunum en einnig stefnu stjórnvalda sem hvetur til fjölbreytni frekar en einsleitni.

**Pistill formanns** | Trausti Hjálmarsson
trausti@bondi.is

# Landsmót eru óður til íslenska hestsins

Landsmót hestamanna er einstakur viðburður sem enginn gleymir sem upplifir, en mótið er heillar viku óður til okkar einstaka hestakyns. Þegar þetta er ritað er undirritaður staddur á Hólum í Hjaltadal og virðist það engu skipta hversu oft maður sækir Landsmót, alltaf eru þau jafn spennandi og skemmtileg.

Fjöldi hrossa í sýningum og keppni skiptir hundruðum, gera má ráð fyrir að hátt í átta þúsund gestir frá a.m.k. tuttugu þjóðlöndum mæti í brekkurnar og fjöldi knapa, starfsmanna mótsins og sjálfboðaliða skiptir vafalaust hundruðum. Það er ánægjulegt að sjá hve mikil vinna hefur verið unnin til að hafa mótið sem glæsilegast og hefur heimafólk lagt ótrúlega mikið á sig til að gestum mótsins og þátttakendum, tví- og fjórfættum, líði sem best.

Landsmótið er á tveggja ára fresti nafli alheimsins í veröld íslenska hestsins, hvort sem er hérlendis eða erlendis. Til viðbótar við þá mörgu erlendu gesti sem sækja mótið er ótrúlegur fjöldi til viðbótar sem fylgist með mótinu á netinu, bæði fréttum af því en einnig beinu streymi af keppnisgreinunum sjálfum.

Það er því langt í frá úr lausu lofti gripið þegar talað er um að íslenski hesturinn sé öflugasti sendiherra þjóðarinnar. Hann er í raun eilífur, því hann endurnýjar sig frá einu ári til annars og er í hugum allra þeirra sem elska hann fullkomið afkvæmi alúðar og metnaðar þeirra sem sinna ræktunarstarfi hans. Auðvitað eru í heimi hestsins eins og annars staðar ákveðnar stjörnur á hverjum tíma en ímyndin er óháð einstaklingunum og snýst um hæfileika og lundarfar íslenska hestakynsins sem sannar það alla daga að margur sé knár þótt hann sé smár.

Sú aðdáun sem íslenski hesturinn nýtur á sér margar og samverkandi ástæður. Sem betur fer höfum við alla tíð borið gæfu til þess að halda honum hreinræktuðum og verja hina upprunalegu eiginleika hans fyrir hvers kyns blöndun. Er það vegna þess að innflutningur á lifandi hestum og erfðaefni úr hrossum er með öllu bannaður og mikilvægt er að halda í þá vernd.

Óumdeilt aðalsmerki hestsins okkar er hin blíða lund hans, en hann nýtur einnig virðingar fyrir hve sterkbyggður, heilsuhraustur og harðger hann er við krefjandi íslenskar aðstæður og erfið verkefni upp um fjöll og firnindi.

Hin afdráttarlausa sérstaða er þó fólgin í töltinu sem sameinar einstaka mýkt og augljósan glæsileika ásamt skeiðinu þegar hesturinn er tekinn til kostanna. Skartar íslenski hesturinn sínu fegursta á tölti og skeiði og hrífur alla með sér.

Þessi glæsti sendiherra okkar ber ekki eingöngu landi og þjóð fagurt vitni, því ég hef áður sagt að þegar grannt er skoðað er hann ósvikinn kyndilberi íslensks landbúnaðar og leggur mikið af mörkum til verðmætasköpunar hans bæði með beinum hætti og óbeinum. Á erlendum vettvangi er hann ekki síður driffjöður mikillar verðmætasköpunar og vafalaust einnig ómældra ánægjustunda barna og fullorðinna.

Landsmótin á Íslandi kallast á við heimsmeistaramót íslenska hestsins sem haldið er annað hvert ár í einhverju Evrópulandanna en þangað koma að jafnaði 10–15.000 gestir og keppendur frá um 20 þjóðlöndum. Sú ánægjulega hefð hefur skapast að íslenska liðið sé hið sigursælasta á mótinu og ber það metnaði í íslenskri hestamennsku fagurt vitni.

Þessi metnaður og fagmennska er ekki síður til sýnis hér á Hólum og ljóst er að framtíð íslenska hestsins og íslenskrar hrossaræktar er björt.

*Höfundur er formaður Bændasamtaka Íslands.*



Á myndinni er kvenfluga til vinstri og karlfluga til hægri. Mynd / Matthías S. Alfreðsson

## Sumarvöktun:

# Moskítóflugur og mítlar

**Vöktun á moskítóflugum, mítlum og lúsmýi heldur áfram í sumar. Almenningur er hvattur til að tilkynna grun um moskítóflugur til Náttúrufræðistofnunar og safna mítlum sem finnast á fólki eða dýrum. Moskítóflugur fundust í fyrsta sinn á Íslandi síðastliðið haust.**

Vöktun á svokölluðum smitferjum heldur áfram í sumar. Smitferjar eru til dæmis moskítóflugur, mítlar og lúsmý. Talið er mikilvægt að fylgjast með þróun mála hvað varðar moskítóflugur eftir að þær fundust í fyrsta sinn á Íslandi síðastliðið haust. Matvælastofnun í samvinnu við Náttúrufræðistofnun og Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum fylgist með þessum lítt velkomnu gestum.

Moskítóflugur af tegundinni Culiseta annulata fundust í Kjós í fyrra. Tegundin er útbreidd víða í Evrópu og er stórvaxin. Hún hefur lagað sig að fremur köldu loftslagi og lifir veturinn af á fullorðinsstigi með því að leita skjóls svo sem í útihúsum og kjöllurum. Óþekkt er hvernig hún barst til Íslands en talið líklegt að hún hafi komið með vöruflutningum. Samkvæmt vef Náttúrufræðistofnunar bendir allt til að hún geti lifað við íslenskar aðstæður. Hlýnandi loftslag og auknir flutningar eru taldir skýra þann vaxandi fjölda nýrra skordýrategunda sem hafa greinst á Íslandi á undanförnum árum.

Finnist mítill á dýri eða manneskju er almenningur og dýralæknar hvattir til að skila sýnum til Náttúrufræðistofnunar eða Tilraunastöðvar HÍ að Keldum. Upplýsingar skulu fylgja um dagsetningu fundar, fundarstað, hvort hýsill var dýr eða maður og hvar sá hinn sami hefur haldið sig undanfarna daga. Tilkynningar um grun um moskítóflugur skulu sendar til Náttúrufræðistofnunar og þeim skal fylgja staðsetning fundar og ljósmynd sé þess kostur. /eks

## Matvælastofnun:

# Villa á sér heimildir sem eftirlitsmenn

**Matvælastofnun hefur fengið ábendingar um aðila sem gekk milli hesthúsa á Eyrarbakka um þarsíðustu helgi og kynnti sig sem starfsmann stofnunarinnar.**

Stofnunin áréttar í tilkynningu að engir eftirlitsmenn á hennar vegum hafi verið að störfum á umræddu svæði á þessum tíma. Viðkomandi hafi ekki verið á vegum stofnunarinnar og hafi engar heimildir til eftirlits.

Mast segir atvik sem þessi því miður ekki einsdæmi og það hafi komið fyrir áður að óviðkomandi aðilar gefi sig út fyrir að framkvæma opinbert eftirlit. „Af þessu tilefni vill Matvælastofnun beina því til umráðamanna dýra, sem og almennings alls, að sýna aðgát og vera á verði gagnvart háttalagi sem þessu,“ segir í tilkynningunni.

Auðkenni eftirlitsmanna Matvælastofnunar er vinnufatnaður sem er sýnilega merktur stofnuninni. „Allir eftirlitsmenn bera sérstök




starfsskírteini sem bera merki stofnunarinnar. Þeim ber ávallt að framvísa skírteinunum til að sanna á sér deili.“

Umráðamenn dýra eru hvattir til að hika ekki við að óska eftir að fá að sjá starfsskírteini leiki minnsti vafi á auðkenni viðkomandi, segir í tilkynningu Mast. „Verði fólk vart við aðila sem gefa sig út fyrir að vera starfsmenn Matvælastofnunar án tilskilinna heimilda er það vinsamlegast beðið um að hafa tafarlaust samband við stofnunina og, eftir atvikum, tilkynna atvikið til lögreglu.“ /þh




## Útvarp Bændablaðið:

# „Verulega mörgum spurningum ósvarað“

Þröstur Helgason
throstur@bondi.is



**Áhrif mögulegrar aðildar Íslands að Evrópusambandinu á landbúnað voru í brennidepli í umræðu þriggja alþingismanna í Útvarpi Bændablaðsins. Guðrún Hafsteinsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, og Þórarinn Ingi Pétursson, þingmaður Framsóknarflokksins og sauðfjárbóndi, telja að íslenskur landbúnaður myndi verða fyrir verulegu áfalli við inngöngu í sambandið. Pawel Bartoszek, þingmaður Viðreisnar og formaður utanríkismálanefndar, telur hins vegar að hægt sé að tryggja áframhaldandi stuðning við landbúnað innan ramma ESB og að neytendur myndu njóta góðs af lægra matvælaverði.**

Umræða um Evrópusambandið hefur færst í aukana eftir að ákveðið var að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðna. Í samtali við Útvarp Bændablaðsins ræddu þau Guðrún Hafsteinsdóttir, Pawel Bartoszek og Þórarinn Ingi Pétursson hvaða áhrif aðild gæti haft á íslenskan landbúnað, fæðuöryggi og byggð í landinu.

### Bíður eftir niðurstöðu nefndar Bændasamtakanna

Þórarinn Ingi segir að umræðan hafi oft verið sundurlaus og að mörgum spurningum sé enn ósvarað.

„Mér finnst þetta vera frekar út og suður staðhæfingar fram og til baka,“ segir hann.

Hann segist bíða með miklum áhuga eftir niðurstöðum milliþinganefndar Bændasamtakanna sem hafi farið ítarlega yfir áhrif mögulegrar aðildar á landbúnaðinn.

„Það er verulega mörgum spurningum ósvarað,“ segir hann og nefnir sérstaklega áhrif afnáms tollverndar.

„Í mínum huga er því svo fljótsvarað að íslenskur landbúnaður lifir það ekki af ef við höfum ekki tollvernd.“

### Segir ESB ekki hafa áhuga á að landbúnaður leggist af

Pawel Bartoszek segir umræðuna almennt hafa verið góða og upplýsandi.

„Mér finnst umræðan í rauninni bara hafa verið ágæt og góð það sem af er þessu sumri,“ segir hann.

Hann bendir á að Evrópusambandið hafi ítrekað sýnt vilja til að styðja landbúnað og að stór hluti fjárlaga sambandsins fari til þeirra mála.

„Evrópusambandið hefur auðvitað ekki áhuga á því að landbúnaður í einhverju einu aðildarríki leggist af,“ segir Pawel.

Hann telur mögulegt að Ísland gæti fengið sértækan stuðning vegna erfiðra ræktunarskilyrða, með svipuðum hætti og Finnland og Svíþjóð hafa notið.

### „Landbúnaður yrði ekki svipur hjá sjón“

Guðrún Hafsteinsdóttir segist hins vegar telja að afleiðingarnar yrðu miklar.

„Ég held að full aðild að Evrópusambandinu myndi hafa gríðarlega alvarlegar afleiðingar fyrir bændur á Íslandi og íslenskan landbúnað,“ segir hún.

Að hennar mati myndi íslenskur landbúnaður ekki standast samkeppni við framleiðendur á meginlandi Evrópu.

„Ég er meira að segja svo svartsýn að ég held að framleiðsla á íslenskum landbúnaðarvörum muni að mestu leyti leggjast af.“

Hún bendir á að íslenskir bændur búi við stutt vaxtarskeið, kalda veðráttu og mikinn launakostnað.

„Það er ósanngjarnt að gera þá kröfu hér til íslenskra bænda að þeir keppi algjörlega á samkeppnisgrunni við bændur í Evrópu.“

### Deilt um reynslu Finna og Svía

Mikil umræða spannst um reynslu Finna og Svía eftir inngöngu þeirra í Evrópusambandið.

Þórarinn Ingi bendir á að Finnar hafi fengið heimild til að styðja við landbúnað norðan 62. breiddargráðu en jafnframt þurft að taka upp sameiginlega landbúnaðarstefnu ESB að fullu.

Hann segir afurðaverð til bænda hafa lækkað verulega eftir inngönguna.

„Við vitum það að tollverndin fer út ef við verðum aðilar að Evrópusambandinu og það er alveg ljóst að íslenskur landbúnaður getur ekki keppt á þeim grunni sem Danir, Þjóðverjar og Frakkar eru að spila á.“



Pawel Bartozek.



Þórarinn Ingi Pétursson.



Guðrún Hafsteinsdóttir.

> ” Í mínum huga er því svo fljótsvarað að íslenskur landbúnaður lifir það ekki af ef við höfum ekki tollvernd ...

Pawel leggur hins vegar áherslu á að neytendur hafi notið góðs af breytingunum.

„Samkvæmt skýrslu Hagfræðistofnunar lækkaði verð á matvöru til neytenda um 25 til 30 prósent þegar Svíar og Finnar gengu í Evrópusambandið,“ segir hann.

Guðrún segir hins vegar að slíkar staðhæfingar gefi ekki rétta mynd.

„Þú getur ekki lofað þjóðinni því að matvælaverð muni lækka hér um 25 prósent,“ segir hún og bendir á að verð ráðist af fjölmörgum þáttum, meðal annars launum, orkuverði, flutningum og öðrum rekstrarkostnaði.

### Fæðuöryggi og þjóðaröryggi

Guðrún lagði mikla áherslu á tengsl landbúnaðar við fæðuöryggi.

„Fæðuöryggi er hluti af þjóðaröryggi,“ segir hún.

Hún bendir á að íslenskur landbúnaður sjái landsmönnum fyrir langstærstum hluta mjólkurvara, eggja og kjöts.

„Við erum ekki að tala um eitthvert jaðarfyrirbæri heldur raunverulegan grunn að daglegu fæðuöryggi landsmanna.“

Þórarinn Ingi tekur undir það og segir að landbúnaður verði að skoðast sem ein heild.

„Við verðum alltaf að tala um landbúnaðinn í heild, ekki taka hverja búgrein út af fyrir sig,“ segir hann.

Að hans mati myndu breytingar í einni grein hafa áhrif á aðrar greinar og á þjónustuna í kringum landbúnaðinn.

### Lifandi dýr og búfjárstofnar

Eitt af þeim atriðum sem Þórarinn Ingi telur lítið hafa verið rætt er flutningur lifandi dýra milli landa.

„Við þekkjum alveg þá sérstöðu sem íslenskir búfjárstofnar hafa hér á landi,“ segir hann.

Hann kveðst ekki hafa séð neinar varanlegar undanþágur innan ESB sem myndu tryggja áframhaldandi bann við slíkum flutningum.

Pawel segir hins vegar að það sé skýrt markmið þeirra sem styðja viðræðurnar að viðhalda banninu.

„Við erum alveg skýr í okkar meirihlutaáliti að það er markmið hjá okkur að viðhalda banni á flutningi á lifandi dýrum,“ segir hann.

### Verður þjóðin að fá að taka afstöðu?

Aðspurð hvort ekki þurfi að útkljá Evrópusambandsmál meðal þjóðarinnar með því að taka upp aðildarviðræður aftur segir Guðrún að þjóðin muni taka afstöðu í komandi þjóðaratkvæðagreiðslu.

Hún telur hins vegar að margt liggi þegar fyrir.

„Við vitum nákvæmlega hvað er í boði,“ segir hún og bætir við að ekkert ríki hafi fengið varanlegar undanþágur frá sameiginlegri landbúnaðarstefnu eða sjávarútvegsstefnu ESB.

Pawel telur aftur á móti að endanleg svör fáist ekki nema með því að ljúka viðræðum.

„Við fáum auðvitað ekkert að sjá hvað er í boði nema við klárum aðildarviðræðurnar,“ segir hann.

Þar með stendur áfram eftir sú grundvallarspurning sem mótaði umræðuna frá upphafi: Hvort ávinningur af hugsanlegri aðild vegi upp á móti þeim breytingum sem hún myndi hafa á íslenskan landbúnað og þær byggðir sem á honum byggja.

# Net- og plastlager frá Búvís um land allt









**Baldur Grétarsson**
Skipalæk - 701 Egilsstöðum
Sími: 471 3131 / 861 1961

**Elvar Þór Sigurjónsson**
Nýpugarðar - 781 Höfn í Hornafirði
Sími: 659 2560

**Ármann Gíslason**
Ytri Ásum - 880 Kirkjubæjarklaustur
Sími: 849 4057

**Jóhann Pálmason**
Skammidalur - 871 Vík í Mýrdal
Sími: 868 7910

**Magnús Guðmundsson**
Efra Hvoli - 861 Hvolsvelli
Sími: 892 2488 / 487 8334

**Bryndís Eva Óskarsdóttir**
Dalbæ - 803 Selfoss
Sími: 846 7188

**Jón Bjarnason**
Skipholti 3 - 846 Flúðum
Sími: 848 2599

**Sigurþór Gíslason**
Meðalfelli - 276 Mosfellsbær
Sími: 566 7060 / 897 7690

**Kristbjörn Jónsson**
Bóndhóli - 311 Borgarnesi
Farsími: 849 9805

**Brynjúlfur Steinar Guðbrandsson**
Brúarlandi I - 311 Borgarnesi
Farsími: 894 2708

**Atli Sveinn Svansson**
Dalsmynni - 311 Borgarnes
Sími: 662 1345

**Brynjar Hildibrandsson**
Bjarnarhöfn - 341 Stykkishólmur
Sími: 893 1582

**Anna Berglind Halldórsdóttir**
Magnúsarskógum 3 - 371 Búðardal
Sími: 895 0559

**Gísli Ásberg Gíslason**
Efri-Rauðasandi - 451 Patreksfjörður
Sími: 694 8561

**Sigurjón Sveinsson**
415 Bolungarvík
Sími: 861 2480

**Gunnar Þorgeirsson**
Efri Fitjum - 531 Hvammstangi
Sími: 451 2554 / 894 2554

**Rúnar Örn Guðmundsson**
Síðu - 541 Blönduós
Sími: 695 3363

**Auðólfstaðabúið**
Auðólfstöðum - 541 Blönduós
Sími: 452 4757 / 864 0238

**Róbert Jónsson**
Réttarholti - 560 Varmahlíð
Sími 453 8258 / 891 9161

**Þór Ingvason**
Bakka - 621 Dalvík
Sími: 466 3171 / 844 9371

**Búvís ehf**
600 Akureyri
Sími: 465 1332 / 660 1648

**Vagn Haukur Sigtryggsson**
Hriflu II - 641 Húsavík
Sími: 464 3259 / 848 4476

**Stefán Pétursson**
Klifshaga - 671 Kópasker
Sími: 465 2227 / 659 8927

**Jóhannes Sigfússon**
Gunnarsstaðir - 681 Þórshöfn
Sími: 868 7832

**Valur Guðmundsson**
Fremri-Hlíð - 691 Vopnafjörður
Sími: 899 4179

# ÞAR SEM BÚVÍS FAGNAR 20 ÁRA AFMÆLI SÍNU Í ÁR

## þá höfum við náð samkomulagi við suma okkar erlendu birgja um sérstök afmælisverð



**Háþrýstidælur**
Quadro 799TST
Kr. 322.419.- án vsk

AFMÆLISTILBOÐ 274.032 ÁN VSK
AFMÆLISAFSLÁTTUR 60.000



**Háþrýstidælur**
Profi 160TST
Kr. 217.661.- án vsk

AFMÆLISTILBOÐ 177.338 ÁN VSK
AFMÆLISAFSLÁTTUR 50.000



AFMÆLISTILBOÐ 2.240.000 ÁN VSK
AFMÆLISAFSLÁTTUR 250.000

**Heytætla 7.7metra 6 stjörnu**
Kr. 2.490.000.- án vsk



AFMÆLISTILBOÐ 5.190.000 ÁN VSK
AFMÆLISAFSLÁTTUR 400.000

**Heytætla 11 metra á vagni 10 stjörnu**
Kr. 5.590.000.- án vsk



AFMÆLISTILBOÐ 1.540.000 ÁN VSK
AFMÆLISAFSLÁTTUR 150.000

**Diskaherfi 3 metra**
Kr. 1.690.000.- án vsk



**Palmse sturtuvagn**
**PT-190**
Burðargeta 15 tonn
Kr. 3.790.000.- án vsk

AFMÆLISTILBOÐ 3.590.000 ÁN VSK
AFMÆLISAFSLÁTTUR 200.000



AFMÆLISTILBOÐ
389.000 ÁN VSK
AFMÆLISAFSLÁTTUR
60.000

**Staurasleggja með Hondu mótor**
Kr. 449.000.- án vsk



AFMÆLISTILBOÐ
199.500 ÁN VSK
AFMÆLISAFSLÁTTUR
30.000

**Þyngdarklossar**
1000 kg. Kr. 229.5000.- án vsk

Búvís
www.buvis.is Sími 465 1332

GILDIR MEÐAN
BIRGÐIST ENDAST

Héraðsprent



Frábært verður var á fyrsta degi Landsmóts hestamanna 2026, á Hólum í Hjaltadal. Myndir / kró

## Landsmót hestamanna:

# Mótið 2026 fer vel af stað!

Margt var í brekkunni á fyrsta degi Landsmóts hestamanna og sólin skein á Hólum í Hjaltadal. Dagskráin hófst á sérstakri forkeppni í barnaflokki og þóttu sýningar þessara yngstu knapa stórglæsilegar. „Við erum mjög ánægðir með það sem við erum búnir að sjá, hér er fullt af góðum hestum,“ segir Erlendur Árnason gæðingadómari, sem er nú að dæma tíunda Landsmótið í röð. „Dagurinn byrjaði á barnaflokki, þetta voru 120 krakkar og margar frábærar sýningar. Það gekk á heildina litið mjög vel,“ segir Erlendur.

### Fá að skoða bestu hross landsins

Sigríður Björnsdóttir og Helga Gunnarsdóttir dýralæknar sjá um læknisskoðanir mótsins. „Þetta eru yfir 400 skoðanir og stærstu dagarnir eru þriðjudagur, miðvikudagur og fimmtudagur. Við skoðum næstum öll hrossin,“ segir Helga. Mikið annríki er í læknisskoðununum alla vikuna. „Við vinnum eftir hugmyndafræðinni „Klár í keppni“ sem búið er að hanna og þróa og hefur sannað sig ágætlega,“ segir Helga. „Klár í keppni“ er velferðarskoðun á keppnishestum sem snýr að því að greina álagseinkenni með því að skoða munn, fætur og hreyfingar hestsins auk almenns ástands. Tíðni ákveðinna áverka getur verið hentugur velferðarvísir fyrir keppnishesta.

Helga segir að það sé bæði spenna og tilhlökkun í loftinu. „Ég er alltaf spennt að vera komin á Landsmót, maður fær náttúrlega að skoða bestu hross landsins. Við sjáum ákveðna línu í því hvað kynbótahrossin og keppnishrossin eru að stríða við og það er gott fyrir vísindin, maður hefur samanburð milli móta og getur unnið úr gögnum sem er jákvætt. Við Sigríður erum ansi samhæft teymi, við erum komnar með ágætis skipulag. Knaparnir eru líka farnir að þekkja þetta form þannig að þetta gengur vel fyrir sig,“ segir Helga og bætir við að fólk sé jákvætt og allir af vilja gerðir til að hjálpa til.

### Margar hendur á bak við tjöldin

Löng hefð er fyrir sjálfboðaliðum á Landsmóti hestamanna. Unnur Kjartansdóttir og Emma Lind Einarsdóttir eru sjálfboðaliðar á Landsmótinu í ár og báðar nýútskrifaðar úr viðburðastjórnun frá Háskólanum á Hólum. „Við erum í dag að gera könnun og tala við gesti en hoppum líka í hvaða störf sem er,“ segir Emma Lind. „Það getur verið að tína rusl, þrífa klósett eða hlaupa með kaffi inn á völl fyrir dómara, þeir geta verið kaffiþyrstir.“ Unnur segir að það sé gaman að fá að prófa fjölbreytt störf á mótinu, að fá innsýn inn í skipulag og uppsetningu viðburðar af þessari stærðargráðu og eru þær stöllur spenntar fyrir vikunni.

### Flottir hófar og glaðir knapar

„Við sjáum um fótaskoðunina hér á mótinu,“ segir Sigurgeir Jóhannsson, járningamaður og formaður Járningamannafélags Íslands. „Við sjáum langflesta hestana á mótinu og það gengur alveg stórkostlega vel. Við erum hér á degi tvö og það er allt í topp standi. Það er stóra stundin að koma á Landsmót svo fólk er búið að sjá til þess að það sé allt í topp málum. Einnig hefur orðið mikil vitundarvakning hvað varðar járningar og hófhirðu á hestum síðastliðin ár og hún er almennt að batna svo okkur fer ofboðslega fram varðandi járningar. Það er mjög lítið sem við þurfum að setja út á og það er afskaplega ánægjulegt,“ segir Sigurgeir. „Við erum að sjá flotta hófa, glæsilegustu hestana og glaða keppendur sem er frábært. Þetta er náttúrlega okkar þjóðhátíð.“ */kró*



Unnur og Emma Lind eru spenntar fyrir fjölbreyttum verkefnum sjálfboðaliða, en þetta er þeirra fyrsta Landsmót.



Glæsilegir knapar í unglingaflokki.



Það var þétt setið í brekkunni, fólk kom sér vel fyrir með það að markmiði að sitja límt við völlinn allan daginn.



Þessir kátu járningamenn sjá um fótaskoðun á Landsmóti, þeir eru í stjórn Járningamannafélags Íslands. Sigurgeir fyrir miðju.





„Það sem við skoðum er fótabúnaður, auðvitað skeifurnar og hverslags járn er undir hestunum, hver þykktin er á skeifum, við skoðum hlífarnar og mælum lengd á hófum,“ segir Sigurgeir.



# can-am®

# MAVERICK X-DS

## ALLT ÞAÐ BESTA Í MAVERICK Á HAGSTÆÐARA VERÐI



135 HESTAFLA
ROTAX ACE TURBÓ

SHOWA 2.5 DEMPARAR
51CM FJÖÐRUNARSVIÐ

SMARTLOX FRAMLÆSING
30" TRACFORCE DEKK

TIL Á LAGER Í TAKMÖRKUÐU UPPLAGI

**5.490.000 m/VSK**

## ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.



Þjóðminjasafnið hefur nú tekið við kirkjunni á Keldum, auk nokkurra annarra bygginga á staðnum. Drífa segir mjög eðlilegt að safnið sjái um kirkjuna þar sem hún sé hluti af byggingarsögunni og upplifun þeirra sem heimsækja Keldur.
Mynd / mhh

Rangárvellir:

# Keldnakirkja afhent Þjóðminjasafninu

**Keldnakirkja á Rangárvöllum hefur formlega verið afhent Þjóðminjasafni Íslands til varðveislu.**

Safnið tók við gamla bænum árið 1946 og síðan hafa verið afhentar fornminjar og ríkinu voru seldir 129 hektarar af landi, ásamt því að kaupa íbúðarhús og útihús á Keldum.

„Við héldum eftir okkar íbúðarhúsi og eigum um 6 þúsund hektara lands, þar sem við erum með skógrækt og landgræðslu. Mér finnst þetta góð ráðstöfun með húsin, landið og kirkjuna þar sem ég átti hugmyndina að þessum gjörningi,“ segir Drífa Hjartardóttir, sem býr á Keldum með sínu fólki.

„Ég á þá ósk að þessum eignum verði vel við haldið, þær eru einar merkustu fornminjar sem við eigum og Keldur er merkur söguststaður. Fjölskylda Skúla, eiginmanns míns, hefur búið á Keldum frá því á átjándu öld. Það er einstakt að búa á Keldum í þessu sögulega umhverfi, fallegt bæjarstæði og fjallasýnin er alveg einstök. Það eru ekki allir með Heklu í bakgarðinum eins og ég,“ segir Drífa stolt og ánægð.

*/mhh*

# Dagur íslenska fjárhundsins

**Laugardaginn 18. júlí verður haldið upp á dag íslenska fjárhundsins úti um allt land.**



Í Skagafirði verður dagurinn meðal annars haldinn hátíðlegur í samstarfi við Byggðasafn Skagfirðinga, en í tilefni dagsins verður frítt á safnið í Glaumbæ fyrir eigendur íslenskra fjárhunda í fylgd með hundunum.

Einnig verður eigendum og hundunum þeirra boðið heim að bænum Lýtingsstöðum í Skagafirði til að hittast og spjalla, skoða Sögusetrið og torfhúsin á staðnum. Í tilefni dagsins verður frítt inn fyrir alla á Sögusetur íslenska fjárhundsins á staðnum.

*/mhh*

VIG Vélsmiðja Ingvars Guðna




**VIG** framleiðir vandaðar og traustar þvottasnúrur fyrir íslenskar aðstæður. **VIG** þvottasnúrurnar liggja samsíða og snúningurinn tryggir að það blæs alltaf rétt í þvottinn.

**VIG** afhendir þvottasnúrurnar með öllum boltum, snúrum, smurefni og undirstöðu í jörðina.

Vélsmiðja Ingvars Guðna

VIG
Tanga · 801 Selfoss
Sími 486 1810 · Fax 486 1820
www.vig.is · vig@vig.is

# Eimverk eykur starfsemi í Bjálmholti

**Fyrirtækið Eimverk framleiðir viskí og er stórtækt í ræktun og kaupum á korni. Starfsemi Eimverks hefur verið bæði í Garðabæ og í Bjálmholti í Holtum en mun nú færast alfarið á síðarnefnda staðinn.**



Í Bjálmholti stendur til að stækka aðstöðuna til muna og reisa eimingarverksmiðju og möltunarverksmiðju.
Myndir / Aðsendar

„Núna hefur verið tekin sú ákvörðun að byggja nýtt 2.000 fermetra eimingarhús í Bjálmholti sem fjórfaldar framleiðslugetu okkar á viskíi í fyrsta áfanga,“ segir Haraldur Haukur Þorkelsson, framkvæmdastjóri Eimverks, í samtali. „Hingað til höfum við verið með starfsemi á tveimur stöðum, það er í Bjálmholti í Holtum þar sem við erum með kornrækt og tunnugeymslu á viskíinu, á meðan eimingarhúsið okkar hefur verið í Garðabæ.

Þarna verður jafnframt fyrsta möltunarverksmiðja Íslands, en þar verður hægt að malta um 400 tonn af korni á ári. Hingað til hefur þetta ekki verið gert með íslenskt bygg af neinum skala hérna á Íslandi og höfum við maltað í höndunum. Með því að malta byggið er það látið spíra aðeins og með því losnar um ensím sem hjálpa til með að brjóta niður sykurinn. Þetta opnar á þann möguleika að aðrir geti keypt af okkur maltað korn, ýmist til að framleiða viskí eða bjór. Ef áætlanir ganga eftir verða möltunarverksmiðjan og eimingarhúsið komin í notkun á næsta ári,“ segir Haraldur.

### Ætla að verða stærsti kaupandi íslensks byggs

„Hvað byggræktina varðar höfum við sjálfir ræktað um 100 tonn á ári,“ segir Haraldur. „Eftir því sem þörfin eykst stefnum við að því að auka samvinnu við bændur hér og þar um landið. Núorðið er minnst af korninu sem við notum ræktað í Bjálmholti, en við höfum fengið aðgengi að ökrum í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Við erum alltaf með einn eða tvo akra í gangi í Bjálmholti, ekki síst til þess að sýna gestum. Þar erum við yfirleitt með um fjóra til fimm hektara á meðan í Gunnarsholti eru akrarnir í kringum 40 hektarar.

Við notum bara íslenskt bygg og í vetur samþykkti MAST verndun vöruheitis fyrir íslenskt viskí og þarf það að innihalda að minnsta kosti til helminga íslenskt korn. Við ætlum ekki að verða stærsti aðilinn í byggrækt á Íslandi, en gangi okkar plön eftir verðum við hins vegar stærsti kaupandi íslensks byggs. Árið 2035 ætlum við að vera komnir upp í milljón flöskur, sem krefst þúsund tonna af byggi, sem er nálægt tíu prósentum af heildarbyggframleiðslu landsins eins og hún var í fyrra.

Bragðmunur getur verið á viskíi eftir því hvers konar bygg er notað og hvaðan það er, ásamt því sem árferði getur haft áhrif. Tæknilega séð færðu meira bragð eftir því sem verr gengur í kornræktinni. Oft er talað um að þau lönd sem eru norðarlega geti verið góð í kornrækt fyrir viskí, en ekki fyrir bjór. Þegar skosku brugghúsin þurfa að kaupa bygg að utan leita þau til Finnlands eða Svíþjóðar í staðinn fyrir einhver lönd sunnar,“ segir Haraldur.

### Áburði dreift með dróna

„Við fengum styrk frá Orkusjóði til þess að kaupa stóran burðardróna til þess að dreifa áburði,“ segir Haraldur. „Hann er með hundrað kílóa áburðarsíló og getum við notað hann í staðinn fyrir að fara með traktor út á akur í aukaáburðargjöf með tilheyrandi raski og olíunotkun. Hann er ekki nema fimm til sjö mínútur að dreifa hundrað kílóum með nákvæmni á allan akurinn og eftir það kemur hann til baka til að sækja annan skammt og nýtt batterí. Við náum því að dreifa um sex til sjö hundruð kílóum á klukkustund sem fer á fimm til tíu hektara.



Haraldur Haukur Þorkelsson, framkvæmdastjóri Eimverks.

Þetta býður upp á annað vinnulag, en með þessu er hægt að dreifa sama magni af áburði í minni skömmtum í staðinn fyrir að gefa áburð bara fyrst samhliða sáningu og aftur einu sinni yfir sumarið. Þannig náum við að tryggja að plantan hafi á hverjum tíma passlegt magn af næringarefnum.

Þegar kemur að afköstum þá er traktorinn auðvitað með vinninginn ef til stendur að dreifa miklu magni á skömmum tíma. Dróninn er hins vegar með betri afköst þegar kemur að því að dreifa litlu magni oft, en það er eiginlega ekki gerlegt á dráttarvél út af því raski sem það veldur. Dróninn leysir auðvitað ekki öll mál þegar kemur að áburðargjöf, en þetta er skemmtileg nýjung,“ segir Haraldur.

*/ál*

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga:

# 18 milljóna króna styrkur vegna gagnavera

**Samtök sunnlenskra sveitarfélaga hafa fengið veglegan Evrópustyrk vegna sjálfbærrar uppbyggingar gagnavera á Suðurlandi. Styrkurinn nemur 124.280 evrum, sem jafngildir um 18 milljónum íslenskra króna.**

„Það er mikil ánægja hjá okkur með þennan styrk. Samkeppnin um Evrópustyrki er hörð og því er þetta bæði viðurkenning á því starfi sem hefur verið unnið á Suðurlandi og mikilvægt tækifæri fyrir sveitarfélögin á svæðinu. Það er alltaf ákveðin óvissa í svona umsóknarferli og því var mjög ánægjulegt að fá þær fréttir að verkefnið hefði verið valið til styrktar,“ segir Elísabet Björney Lárusdóttir, verkefnisstjóri hjá SASS, en samstarfsaðilar í verkefninu „DC NEST“, eins og það heitir, koma frá Finnlandi, Írlandi og Svíþjóð, en öll þessi lönd búa yfir víðtækri reynslu af sjálfbærri stýringu stórra tækniverkefna.

### Nýttur á næstu 30 mánuðum

Elísabet segir að styrkurinn verði nýttur á næstu 30 mánuðum til að byggja upp þekkingu og verkfæri, sem styðja sveitarfélög við að taka upplýstar ákvarðanir um mögulega uppbyggingu gagnavera.



Elísabet Björney Lárusdóttir.
Mynd/aðsend

SASS muni leiða íslenska þáttinn í verkefninu og vinna náið með sunnlenskum sveitarfélögum að greiningu, samráði og miðlun reynslu frá öðrum norðurslóðasvæðum sem hafa staðið frammi fyrir sambærilegum tækifærum og áskorunum.

### Gagnaver og framtíðin

En eru gagnaver framtíðin að mati Elísabetar, eða hvað?

„Já, gagnaver eru líklega hluti af framtíðinni því eftirspurn eftir stafrænni þjónustu og gagnavinnslu fer vaxandi og Ísland hefur ákveðna styrkleika, meðal annars endurnýjanlega orkugjafa, hagstætt loftslag og góða innviði. En það skiptir máli að uppbyggingin sé unnin af ábyrgð og með þarfir samfélaganna að leiðarljósi. Spurningin er því ekki bara hvort gagnaver séu framtíðin, heldur hvernig við tryggjum að þau skili raunverulegum ávinningi fyrir íbúa og atvinnulíf á Suðurlandi,“ segir Elísabet og bætir við: „Það sem við viljum helst leggja áherslu á er að sveitarfélög hafi góðar upplýsingar og þekkingu til að meta bæði tækifærin og áskoranirnar sem fylgja svona uppbyggingu. Markmiðið er að þau geti tekið ákvarðanir út frá eigin forsendum og þeirri framtíðarsýn sem þau hafa fyrir sín samfélög.“

*/mhh*

VÉLFANG – VERKIN TALA

KUHN

## KUHN hey- og jarðvinnutæki til afgreiðslu strax



**Hnífatætarar 1,20 - 6,20 m**




**Rótherfi /Pinnatætarar 1,20 - 8,0 m**

**Yfirgripsmikil vörulína KUHN tryggir að allir finna vél sem er sniðin að þeirra þörfum**



**Diskasláttuvélar 1,6 – 9,90 m**



**Heyþyrlur 4,20 – 17,20 m**

## Vertu klár – veldu KUHN



**Múgavélar 3,20 – 14,70 m**




**FBP 3135 – Sparið allt að 30% í plastnotkun**

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri


Laxeldi á landi í Þorlákshöfn. Mynd / ál

## Áburðarmál:
# Samráðshópur um lífrænan úrgang

**Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur skipað starfshóp um meðhöndlun lífræns úrgangs. Meginhlutverk hópsins er að móta skynsamar og rekstrarhæfar ráðstöfunarleiðir fyrir lífrænan úrgang.**

Áhersla hópsins skal vera á fiskeldis- og svínamykju en magn fiskeldismykju mun samkvæmt framleiðsluspám stærstu fyrirtækjanna í greininni tífaldast á næstu fimm árum.

**Heppilegir farvegir skoðaðir**

Hópnum er gert að starfa samhliða öðrum sem var skipaður í mars 2022 um fráveitur til að efla samráð og samvinnu í fráveitumálum og greina möguleika á nýtingu seyru. Tilskipun þess hóps var endurnýjuð í desember síðastliðnum.

Kröfur nýrrar fráveitutilskipunar Evrópusambandsins (ESB) munu hafa í för með sér frekari áskoranir hér á landi. Krafan nær meðal annars til vaxandi búgreinar landeldis á Íslandi en auknu magni fiskeldismykju þarf að koma í viðeigandi farvegi. Heppilegur farvegur fyrir svínamykju er einnig til skoðunar. Í skipunarbréfi ráðherra, Jóhanns Páls Jóhannssonar, í hópinn segir að ljóst sé að byggja þurfi upp aukna innviði hér á landi til meðhöndlunar á lífrænum úrgangi.

„Þetta er mikilvægt skref til að koma innviðauppbyggingu af stað," segir Margrét Ágústa Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands. „Skortur á innviðum fyrir meðhöndlun lífrænna hliðarstrauma úr matvælaframleiðslu er bæði aðkallandi áskorun og tækifæri. Verkefnið er flókið og krefst samstillts átaks margra aðila til að ná raunhæfum árangri."

**Möguleikar í innviðauppbyggingu**

Nýskipuðum hópi er falið að vinna töluleg gögn um upprunastað og magn fiskeldis- og svínamykju auk annars lífræns úrgangs. Honum er falið að skoða kosti og annmarka á ráðstöfun þessara efna út frá verkefnum sem þegar hafa verið unnin og teikna upp mögulegar sviðsmyndir um innviðauppbyggingu. Þá er hópnum gert að leggja fram tillögur er lúta að hindrunum, hvernig megi koma þeim úr vegi og liðka fyrir uppbyggingu viðeigandi ráðstöfunarleiða umræddra efna. Skýrslu skal skila til ráðherra 15. nóvember.

Ekki kemur fram í skipuninni hvort miðað sé að því að umræddur úrgangur geti nýst sem áburður til lífrænt vottaðrar ræktunar. Í stöðuskjali um bætta nýtingu lífbrjótanlegra efna sem unnin er af EFLU fyrir matvælaráðuneytið árið 2023, kemur fram um nýtingu fiskeldismykju til landbúnaðar að vert sé „að fylgjast grannt með magni þungmálma og lyfjaleifa í seyrunni sem geta í sumum tilvikum safnast upp í jarðvegi". Sæti í hópnum eiga bæði aðilar tilnefndir af Bændasamtökum Íslands og Samtökum fyrirtækja í landbúnaði. Fyrsti fundur hópsins er áætlaður í júlí. */eks*






Matarafgangar úr Hámu mötuneyti Háskóla Íslands fara í moltugerðina.

# Háskóli Íslands gerir moltu

**Háskóli Íslands hefur keypt jarðgerðarvél sem býr til moltu úr matarafgöngum. Vélin breytir lífrænum úrgangi í lífrænan áburð og hafa síðan í byrjun árs farið rúmlega þrjú tonn í gegnum hana.**

Jarðgerðarvél háskólans er frá fyrirtækinu Pure North sem leggur áherslu á sjálfbærni og úrgangsmál. Vélin breytir lífrænum úrgangi í næringarríkan lífrænan áburð á skömmum tíma með aðstoð örvera og hita. Flestallar matarleifar mega fara í vélina en hlutir sem jarðgerast ekki, eins og matarolía og stór kjötbein, mega ekki fara meðferðis og engin ólífræn efni líkt og plast. Moltan sem verður til inniheldur næringarefni sem henta vel til ræktunar samkvæmt upplýsingum frá Pure North.

Sólrún Sigurðardóttir, verkefnastjóri á Framkvæmda- og tæknisviði Háskóla Íslands, segir verkefnið hafa farið vel af stað. „Við höfum verið að kaupa moltu annars staðar frá í gegnum tíðina en hér á háskólasvæðinu er stórt mötuneyti og eldhús svo okkur fannst tilvalið að nýta okkar eigin lífræna úrgang í moltugerð," segir Sólrún. Sú molta er síðan notuð á lóðir Háskólans og segir Sólrún fallegt að sjá þessa hringrás virka. Í samþykktri þróunaráætlun HÍ er áhersla á að auka hlutfall grænna svæða og segir Sólrún að það verði því heldur betur þörf fyrir moltu.

Kveikjan að verkefninu kom í kjölfar kynningar frá Pure North á hagkvæmari og sjálfbærari sorplausnum og keypti Háskóli Íslands bæði jarðgerðarvél og baggapressuvél sem bindur pappaúrgang. „Við kaupum þjónustu frá Pure North til þess að greina reikninga frá Gámafélaginu til að við getum fundið aukna hagkvæmni í okkar úrgangsstjórnun," segir Sólrún. Með því að skilja hvers vegna kostar meira að losa rusl úr einni geymslu en annarri eða hversu margar tunnur þarf á hverjum stað getur Háskólinn unnið að því að minnka rusl en líka gera það hagkvæmara.


Allur lífrænn úrgangur er vigtaður og skráður í spjaldtölvu áður en hann fer í vélina.

„Á einni viku nær vélin að búa til moltu og á þeim tíma minnkar rúmmálið í vélinni um níutíu prósent, svo þetta brotnar hratt niður," segir Sólrún. „Við erum að setja í vélina frá mánudegi til laugardags og svo þarf að passa að ekkert fari í vélina í sólarhring áður en vélinni er leyft að klára ferlið og hægt er að tæma moltu úr vélinni." Enn sem komið er eru það eingöngu matarleifar úr Hámu, mötuneyti háskólans, sem fara í vélina en markmiðið er að geta tekið við úrgangi úr fleiri eldhúsum á háskólasvæðinu, frá kaffistofum og þeim úrgangi sem fer í almennt lífrænu tunnurnar í byggingunum. Að sögn Sólrúnar þarf að virkja fólk til að taka þátt í verkefninu, „til að geta sett það sem fer í lífrænu tunnurnar í vélina þurfum við að biðja fólk að passa sig á að setja ekkert annað í þær tunnur, ekki plast eða neitt annað í dallana. Það þurfa allir að taka þátt." Lífræni úrgangurinn er vigtaður og skráður áður en hann er settur í vélina og að sögn Sólrúnar fara 50 kíló í vélina suma daga.

„Það er þægilegt að nota vélina og það er alls ekki mikil lykt af moltunni," segir Sólrún, sem er bjartsýn á þetta tilraunaverkefni. „Ef þetta gengur vel sjáum við fyrir okkur að auglýsa moltu gefins, auk þess sem við notum hana á okkar stóru svæði. Við höfum tvisvar gefið gestum og gangandi moltu á viðburðum og það er framtíðarsýnin, enda held ég að það sé alveg notagildi fyrir moltuna. Úrgangurinn er ákveðin auðlind. En í bili er þetta okkar litla hringrásarkerfi." */kró*


Þrjár efstu peysurnar, sú í miðjunni lenti í fyrsta sæti, þessi til vinstri í öðru sæti og svo er það þriðja sætið. Mynd / mhh

## Lopapeysukeppni Uppspuna:
# Vinningspeysan „Í Uppsveitum"

**Á dögunum fór fram hönnunarsamkeppni um lopapeysu kvenbóndans en árið 2026 er, samkvæmt Sameinuðu þjóðunum, einmitt ár kvenbóndans.**

Uppspuni, smáspunaverksmiðja í Lækjartúni í Ásahreppi, þar sem Hulda Brynjólfsdóttir ræður ríkjum, stóð í síðasta mánuði fyrir keppninni, en yfir tuttugu peysur bárust og átti dómnefnd erfitt með að velja sigurpeysuna. Það fór þó þannig að vinningspeysan kom frá Helgu Linnet í Hafnarfirði. Hún ber nafnið Í Uppsveitum og hlaut Helga glæsileg verðlaun fyrir peysuna.

Peysurnar í öðru og þriðja sæti voru líka verðlaunaðar, ásamt frumlegustu peysunni, og gestir við verðlaunaafhendingu völdu sína peysu.

Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtakanna, hélt stutt ávarp við athöfnina og þakkaði Huldu fyrir frumkvæðið og þátttakendum fyrir að taka þátt í þessari skemmtilegu hönnunarsamkeppni. */mhh*



ÍSLENSKT LAMBAKJÖT
NÁTTÚRULEGT SÍÐAN 874
NÁTTÚRULEGA GOTT GRILLSUMAR
MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI
Langþráð sumar með samveru, gleði og góðum mat. Njótum daganna með því besta sem við eigum og grillum lambakjöt – náttúrulega.
Skoðaðu uppskriftirnar á íslensktlambakjöt.is

# Viðbúnaður við almyrkva á sólu




**Karólína Rós Ólafsdóttir**
karolina@bondi.is




Það líða að jafnaði 400 ár þar til almyrkvi verður aftur sjáanlegur frá sama stað. Mynd / Jongsun Lee

**Undirbúningur í tengslum við almyrkva á sólu þann 12. ágúst næstkomandi er mikill og er kominn langt á landinu öllu. Vestfirðir eru eitt helsta álagssvæðið en þar mun sólmyrkvinn fyrst nema land við Straumnesvita á Hornströndum kl. 17:34:28.**

Almyrkvinn sést lengst við Látrabjarg þar sem hann stendur yfir í tvær mínútur og þrettán sekúndur. Stjórnvöld benda fólki á vestanverðu landinu og suðvesturhorninu að reyna að njóta þessa einstæða og sögulega atburðar heima eða í sínu nærumhverfi.

### Afmörkuð bjargbrún og umferðarstýring

Unnið er að umferðarstýringu, viðbúnaði, upplýsingagjöf, náttúruvernd og móttöku gesta á öllum svæðum sem eru á almyrkvaslóð. Búist er við miklum fólksfjölda við Látrabjarg og því er verið að afmarka bjargbrúnina, bæta salernisaðstöðu og undirbúa umferðarstýringu og mögulegar lokanir þegar ákveðnir staðir mæta þolmörkum. Einstefna verður á veginum að Látrabjargi í aðdraganda almyrkvans og til baka eftir atburðinn. Landvörðum verður fjölgað og úrbætur verða gerðar á afköstum og útbreiðslu farnetskerfa á svæðinu. Staða fjarskiptakerfa við Látrabjarg er viðkvæm og hefur uppbygging fjarskiptainnviða á svæðinu staðið til en tafist. Innviðaráðuneytið hefur ákveðið að styrkja sérstaklega úrbætur vegna almyrkvans með aðkomu farnetsfyrirtækja þar sem ekki næst að ljúka lagningu rafstrengja og ljósleiðara á svæðinu í tæka tíð.

### Mikill undirbúningur

Sölvi Guðmundsson, forstöðumaður Markaðsstofu Vestfjarða, segir undirbúninginn hafa staðið lengi á Vestfjörðum en að hann hafi fyrst frétt af almyrkvanum fyrir um þremur árum þegar hann hitti Sævar Helga Bragason, kallaðan Stjörnu-Sævar, fyrir tilviljun á flugvelli. „Við hittumst þarna fyrir tilviljun og Sævar segir við mig: við þurfum að ræða saman um 12. ágúst 2026. Hann fer að kynna mér málið og í kjölfarið byrjuðum við að ræða við sveitarfélögin á svæðinu,“ segir Sölvi. Í fyrra urðu svo til starfshópar með þeim sveitarfélögum sem eru á almyrkvaslóð til að ræða hvernig hægt væri að undirbúa sig. „Við vissum ekkert alveg hvernig ætti að tækla svona enda hefur þetta aldrei gerst hér áður. Við förum að bera saman bækur og skoða dæmi að utan þar sem svona hefur gerst. Við komumst að því að sveitarfélögin þurfi að huga að þremur meginþáttum: annars vegar að vera með safnstaði, þar sem er tekið á móti fólki og það er þessi innviðahluti, hins vegar er það svo upplýsingagjöf, og það er upplýsingagjöf til íbúanna um hvar á að vera, hvernig á að haga sér og að lokum fræðsla fyrir almenning um bæði atburðinn, aðbúnað og svæðið,“ segir Sölvi og útskýrir að sveitarfélögin og markaðsstofurnar hafi unnið þétt saman að því að samræma upplýsingagjöf.

Vinnan hefur gengið vel og hafa sveitarfélögin ákveðið safnstaði í öllum þéttbýlum en þar skiptir nálægðin við þjónustu höfuðmáli. „Þar sem eru safnstaðir þurfa að vera salerni, það er frábært ef það er stutt í heilbrigðisþjónustu og veitingar og verslun og því verða þéttbýlin fyrir valinu.“

### Sést í tvær mínútur víða

„Spjótin hafa beinst að Látrabjargi í umræðunni og ástæðan fyrir því er að þar er myrkvin lengstur á landi, í tvær mínútur og þrettán sekúndur, en hann er í tvær mínútur mjög víða. Hann er til dæmis í tvær mínútur og tíu sekúndur í Breiðuvík, tæpar tvær mínútur á Suðureyri og er heilar tvær mínútur á Patreksfirði þar sem er náttúrlega hellings þjónusta og góð aðstaða, þannig að þetta er aðeins spurning um nokkrar sekúndur,“ segir Sölvi. Fundað var sérstaklega út af Látrabjargi með lögreglu, Heilbrigðisstofnun, Vegagerðinni, Náttúruverndarstofnun, sem fer fyrir svæðinu, og landeigendum þar í kring. „Staðan er náttúrlega sú að vegurinn er ekki frábær, þetta er malarvegur og um hann verður umferðarstýring þar sem álagið verður að öllum líkindum mikið. Þetta er gert til að passa að rými sé fyrir viðbragð að keyra um ef þörf er á. Við erum með þennan auka viðbúnað til að reyna að tryggja góða upplifun.“

Sölvi útskýrir að það séu ekki mörg bílastæði við Látrabjarg en í Breiðavík verði aðstaða til að leggja. „Við hvetjum fólk sem er að fara vestur að kíkja í Breiðavík og mælum til dæmis með að njóta þess að horfa á myrkvann þar. Breiðavík er fallegur staður með hvítri sandfjöru og mjög góðu útsýni í átt að sólu.“

Aðspurður hvar hann mæli með að fylgjast með almyrkvanum fyrir vestan segir Sölvi að hann vilji fyrst og fremst dreifa álaginu svo allir geti notið þess að upplifa atburðinn.

„Ég vil að upplifun allra gesta og íbúa sé sem best. Ég vil að fólk upplifi þetta í sátt og á öruggan máta, maður þarf ekki að vera að eltast við tvær eða þrjár eða þrettán sekúndur til að njóta. Ég ætla til dæmis að horfa á þetta heima hjá mér og þar verður þetta svona ein mínúta og þrjátíu og fimm sekúndur. Ég læt mér það duga og ætla að hafa það gott í garðinum heima.“

### Búist við miklum fjölda

Það er ómögulegt að vita hversu margir ferðamenn stefna vestur en búist er við miklum fjölda. „Ég geri ráð fyrir að það verði um 73.000 erlendir ferðamenn á landinu öllu á deginum sjálfum þó við vitum ekki hverjir leggja leið sína vestur. Stóri óvissuþátturinn er í raun og veru hvernig íslenski ferðamaðurinn hagar sér, hverjir munu ferðast hingað og hvenær og hvernig,“ segir Sölvi. „Ég taldi að það verða 40 skip hérna fyrir utan Ísland á deginum og það verða fimm skip í höfninni á Ísafirði þennan dag en þau ætla svo að sigla í átt að almyrkvaslóð klukkan eitt,“ segir Sölvi. Landhelgisgæslan verður þar að auki með skip utan við Patreksfjörð til að tryggja öryggi. Eins og áður hefur komið fram er verið að bæta fjarskiptasamband á svæðinu. „Það er verið að bæta sambandið á þessum svæðum með tímabundnum sendum því það þarf að tryggja að fólk nái í neyðarþjónustur ef þess þarf. Tengingin verður ekki til að hanga á Facebook eða Instagram live heldur til að tryggja öryggi.“



Sölvi Guðmundsson.

### Mikilvæg skilaboð til ferðalanga

„Ein skilaboð til þeirra sem ætla að ferðast á almyrkvaslóð eru að það er mjög mikilvægt að fólk undirbúi sig vel og mæti tímanlega. Það er enn þá betra ef fólk getur verið komið degi fyrir og sé búið að koma sér fyrir á Vestfjörðum. Það er auðvitað ekki hægt að tjalda á Látrabjargi, það má ekki og svæðið verður tæmt kvöldið fyrir, en það er vel hægt að mæta fyrr og vera undirbúin, fylla eldsneyti á bílinn, taka með teppi, vera með nesti og bara almennt vel í stakk búinn,“ segir Sölvi sem leggur áherslu á að það sé mikilvægt að njóta.

„Annað sem er mikilvægt er að vera ekki að flýta sér þegar myrkvinn er búinn. Frekar að njóta þess að vera á svæðinu og skoða sig um. Ef þú ert á Ísafirði, njóttu þess, njóttu þess að heimsækja Tálknafjörð eða Suðureyri. Það að hinkra og vera lengur kemur í veg fyrir að þetta verði svokölluð þjóðvegahátíð, það eru minni líkur á umferðartöfum ef fólk fer ekki allt heim á sama tíma. Við viljum að upplifunin verði ánægjuleg allan tímann þannig að við mælum með að gera ferð úr þessu ef fólk er að koma vestur á annað borð.“

> „ Þetta verður einstök, gullfalleg og ógleymanleg upplifun, sama hvernig viðrar ...

### Verður alltaf mögnuð upplifun

„Hin stóra spurningin er: hvað ef það verður skýjað? Svo ég vitni beint í Sævar Helga, jafnvel ef það verður skýjað þá verður þetta magnað,“ segir Sölvi. „Það þarf ekki að vera alveg heiðskírt til að upplifa almyrkvann, ef það er háskýjað sérðu yfirleitt í sólina og munt sjá muninn. Ef það verður alskýjað þá verður þetta skrýtnasta og stysta nóttin sem þú munt upplifa á ævinni. Þetta verður einstök, gullfalleg og ógleymanleg upplifun, sama hvernig viðrar.“ Að sögn Sölva þarf ekki að eltast við alveg heiðskíran himin því að það verði áþreifanleg breyting í umhverfinu. „Það snöggkólnar allt, litirnir breytast og það er eitthvað sem breytist í umhverfinu. Það er ekki að örvænta, þetta verður merkilegur atburður þó að það sé ský á himni.“

Sölvi minnir á mikilvægi þess að nota vottuð sólmyrkvagleraugu til þess að fylgjast með almyrkvanum en þau má til dæmis nálgast á vefsíðunni solmyrkvagleraugu.is. „Sveitarfélögin hér hafa keypt gleraugu fyrir alla íbúa á svæðinu því það er mikilvægt að nota vottuð gleraugu fyrir augnheilsuna. Þessi heimatilbúnu trikk eru ekki örugg og það er mikilvægt að skadda ekki augun á meðan maður reynir að njóta þessa merkilega atburðar.“

### Ekki fara neitt, almyrkvinn kemur heim til þín

„Það er svo fallegt við þennan atburð að 70% þjóðarinnar býr á almyrkvaslóð svo flestir á landinu geta upplifað þetta heima hjá sér. Þetta er náttúrlega einstakur atburður og eitthvað sem gerist aðeins einu sinni á lífsleiðinni,“ segir Sölvi. „Þetta er eitthvað sem öll þjóðin getur horft á og er almyrkvinn á flestum stöðum í mínútu eða lengur. Allt Vestur- og Suðvesturlandið getur séð almyrkvann og fyrir norðan og austan verður hægt að sjá deildarmyrkvann, en tunglið fer í 98% deildarmyrkva á Akureyri. Það eru einstök forréttindi að fá að upplifa almyrkva á sólu heiman frá sér. Þótt sólmyrkvar verði reglulega einhvers staðar í heiminum líða að jafnaði 400 ár þar til almyrkvi verður aftur sjáanlegur frá sama stað.“

*Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðum markaðsstofa sveitarfélaganna, vef Ísland.is og vefsíðu Sævars Helga.*

## Safnstaðir verða á eftirfarandi stöðum:

- Hólmavík: Arngerðareyri
- Bolungarvík: Bolafjall
- Bolungarvík: tjaldsvæði
- Þingeyri: íþróttamiðstöð og sundlaug
- Suðureyri: íþróttamiðstöð
- Ísafjörður: Safnahúsið
- Ísafjörður: íþróttahúsið á Torfnesi
- Flateyri: íþróttamiðstöð
- Bíldudalur: Baldurshagi
- Tálknafjörður: íþróttamiðstöð og tjaldsvæði
- Patreksfjörður: félagsheimili og tjaldsvæði
- Súðavík: Raggagarður
- Vesturbyggð: Breiðavík






# EYLÍF Active **JOINTS**










Active **JOINTS** fyrir liði, bein og bandvef. Flýtir endurheimt.

**Hrein íslensk gæðahráefni, framleitt á Grenivík**

Active **JOINTS** frá Eylíf fæst í öllum apótekum, Hagkaup, Nettó, Krónunni, Fjarðarkaupum, Heilsuhúsinu og www.eylif.is

## Belgía:

# Verð á kartöflum allt niður í 0 evrur

**20-30% kartöfluuppskeru er seld á frjálsum markaði þar sem nær ekkert fæst fyrir uppskeruna. Um 860 þúsund tonn eru enn óseld frá síðasta ári.**

Kartöflur eru framleiddar á 107 þúsund hekturum í Belgíu, sem er einn af fimm stærstu kartöfluframleiðendum Evrópu og einn stærsti framleiðandi heims á frosnum unnum kartöfluvörum. Eftirspurn eftir kartöflum er nú minni en oft áður og verðhrun hefur orðið á kartöflum ætluðum til framleiðslu á frönskum kartöflum.



Franskar kartöflur geta verið girnilegar. Mynd / Pixabay

### Fordæmalaus kartöfluofgnótt

Verð á kartöflum til framleiðslu á frönskum hefur verið í frjálsu falli í Belgíu undanfarið ár. Frá apríl og fram í júní fengust 0 evrur fyrir hluta uppskeru samkvæmt verðmati Belgapom, samtökum kartöfluiðnaðarins. Verðið á við 20-30% af uppskerunni sem seld er á frjálsum markaði og eru ekki þegar bundin í kaupsamningum. Verðmat Belgapom er nú 20 evrur samanborið við 295 evrur fyrir samningsbundið tonn. Frá 2001 hefur Belgapom vikulega birt sitt eigið verðmat eftir að stjórnvöld ákváðu að hætta að verðleggja kartöflur.

Belgar kalla þessar kartöflur iðnaðarjarðepli (industrieaardappelen) eða geymslujarðepli (bewaaraardappelen). Þær eru að mestu leyti ræktaðar í Flanders héraði í sendnum jarðvegi. Um 860 þúsund tonn eru enn óseld frá síðasta ræktunartímabili. Von er á nýrri uppskeru í mánuðinum en kartöflugeymslur bænda eru margar hverjar enn fullar. Verðhrunið hefur ekki áhrif á verð til neytenda þar sem um stórvaxið kartöfluyrki til frekari vinnslu er að ræða.

Síðasta haust reyndu margir ræktendur að selja þær milliliðalaust fyrir slikk. Takmarkaður möguleiki er á að nýta þær til dýrafóðurs eða í lífgasframleiðslu. Bændur fá ekkert greitt fyrir það, nema mögulega flutningskostnaðinn.

Í frétt belgíska miðilsins VRT NWS er rætt við Guy Depraetere, kartöflusérfræðing hjá Bændasamtökum Belga (ABS). Hann segir kartöfluofgnóttina ekki óþekkt fyrirbæri, en nú sé uppnámið fordæmalaust. Hann segir framleiðendur hafa keypt minna af kartöflubændum en um var samið og án bóta.

### Viðskiptatollar og nýir samkeppnisaðilar

Kartöfluframleiðsla í heiminum hefur aukist um 8% á undanförnum 10 árum og belgísku ræktendurnir eiga í harðri samkeppni við ræktendur í Kína, Indlandi, Egyptalandi og Tyrklandi. Kartöfluframleiðendur í fleiri Evrópulöndum standa frammi fyrir sama vanda.

Christophe Vermeulen, forstjóri Belgapom, segir á heimasíðu samtakanna niðursveifluna eðlilega í ljósi þess að Belgar séu leiðandi á heimsmarkaði í ræktun iðnaðarkartafna. Hann segir nauðsynlegt að bændur séu sveigjanlegir og áréttar að þegar séu um 75% af uppskerunni seld á góðu verði í gegnum samninga. Hann segir kartöfluiðnaðinn frjálsan iðnað sem lúti ekki sömu lögmálum og grænmetisræktun eða mjólkurframleiðsla og ástandið sé tímabundið. Landbúnaðarráðherra lagði fram tillögu um stofnun samtaka framleiðenda, sem Vermeulen sagði sýna samúð, en vera óþarfa.

Krúnudjásn belgískra frönskukartöfluframleiðenda, Clarebout, var á síðastliðnu ári selt til bandarísks risafyrirtækis, J.R. Simplot. Clarebout var fyrir söluna með yfir 3.000 starfsmenn. Clarebout og fleiri stór fyrirtæki kaupa uppskeru frá kartöflubændum samkvæmt samningi og fullvinna úr þeim frosnar kartöfluvörur. Sé þörf á kaupa þau umframuppskeru á frjálsum markaði. Í ljósi sölunnar hafa bandarískir viðskiptatollar nú aukin áhrif, auk samkeppninnar við framleiðendur í öðrum heimsálfum.

Bændasamtök Belga biðluðu í upphafi árs til kartöfluræktenda um að framleiða um 20% minna. Þeir hafa því horft til annarra möguleika í ræktun samhliða kartöflunum. Samkeppni er einnig hörð í kornræktun, sykurrófum og maís, sem eru þær tegundir sem þeir hafa helst horft til. Belgíski sykurframleiðandinn Tiense Suiker hafði þegar lýst yfir 20% minni kaupum á belgískum sykurrófum vegna aukins innflutnings brasilísks reyrsykurs. */eks*



Samkvæmt heimildum Politico meðal embættismanna og diplómata innan sambandsins er ótti við endurnýjuð mótmæli bænda stór ástæða þess að stjórnvöld í aðildarríkjunum forðast að hrófla við landbúnaðarstyrkjunum. Mynd / Croquant

## ESB:

# Tregt til að skera niður landbúnaðarstyrki

## – Þrátt fyrir aukna útgjaldaþörf

**Landbúnaðarstyrkir Evrópusambandsins virðast ætla að halda velli í næstu sjö ára fjármálaáætlun sambandsins, þrátt fyrir vaxandi þrýsting um aukin útgjöld til varnarmála, samkeppnishæfni og utanríkismála. Diplómatar segja niðurskurð á styrkjum til bænda vera pólitískt óframkvæmanlegan kost eftir umfangsmikil mótmæli bænda víða um Evrópu undanfarin tvö ár.**

Leiðtogar Evrópusambandsins standa nú frammi fyrir erfiðum ákvörðunum við gerð næstu langtímafjárlaga sambandsins, sem nema alls um 1,8 billjónum evra. Þrátt fyrir auknar kröfur séu um fjárveitingar til varnarmála, utanríkismála og eflingar samkeppnishæfni virðist sameiginlega landbúnaðarstefnan (CAP) verða að mestu varin fyrir niðurskurði.

Samkvæmt heimildum Politico meðal embættismanna og diplómata innan sambandsins er ótti við endurnýjuð mótmæli bænda stór ástæða þess að stjórnvöld í aðildarríkjunum forðast að hrófla við landbúnaðarstyrkjunum.

„Það væri pólitískt sjálfsmorð,“ sagði einn diplómati sem tekur þátt í fjárlagaviðræðunum við miðilinn.

### Lítil átök um landbúnaðinn

Á leiðtogafundi Evrópusambandsins í síðustu viku ræddu leiðtogarnir hart um málefni á borð við Rússland, Ísrael, Kína og heildarumfang næstu fjármálaáætlunar. Um landbúnaðarstyrkina varð hins vegar lítil umræða.

Forsætisráðherra Grikklands, Kyriakos Mitsotakis, sagði að land sitt myndi berjast fyrir því að varðveita kjarnann í tveimur mikilvægustu útgjaldaliðum sambandsins, samheldnissjóðunum og sameiginlegu landbúnaðarstefnunni.

Á sama tíma gagnrýndu leiðtogar á borð við Friedrich Merz, kanslara Þýskalands, og Ulf Kristersson, forsætisráðherra Svíþjóðar, heildartillögur framkvæmdastjórnarinnar um útgjöld. Hvorugur þeirra kallaði þó eftir skerðingu á fjárveitingum til landbúnaðarins.

### Hundruð milljarða evra til bænda

Drög að samningstexta sem Kýpur hefur lagt fram fyrir hönd aðildarríkjanna gera ráð fyrir að að minnsta kosti 293,7 milljarðar evra fari til tekjustuðnings bænda á næstu sjö árum. Þar að auki gætu rúmlega 40 milljarðar evra verið tiltækir til annarra landbúnaðartengdra verkefna.

Jafnframt vilja ríkisstjórnir að minnsta kosti að tíundi hluti nýrra þjóðlegra fjárfestingaáætlana fari til dreifbýlis, sem almennt er túlkað sem frekari stuðningur við landbúnað.

Þetta sker sig úr í ljósi þess að aðildarríkin virðast leitast við að draga úr heildarútgjöldum sambandsins. Samningstillögurnar fela í sér um 37 milljarða evra lækkun frá upphaflegum tillögum framkvæmdastjórnarinnar.

### Varnarmál og samkeppni fá að bera byrðarnar

Þeir málaflokkar sem helst virðast sæta niðurskurði eru samkeppnissjóðir, varnarmál og utanríkismál. Það vekur athygli þar sem leiðtogar Evrópusambandsins hafa síðustu misseri lagt áherslu á að efla einmitt þessa málaflokka, meðal annars vegna versnandi öryggisástands í Evrópu og aukinnar samkeppni við Kína.

Niðurstaðan bendir til þess að pólitískt vægi bænda innan Evrópusambandsins sé áfram afar mikið. Þrátt fyrir viðvaranir hagsmunasamtaka bænda um að hugmyndir framkvæmdastjórnarinnar um að fella landbúnaðarstyrki inn í víðtækari þjóðlegar útgjaldaáætlanir gætu grafið undan stuðningnum, virðast ríkisstjórnir aðildarríkjanna nú ætla að festa fjárveitingarnar í sessi.

Þannig bendir flest til þess að sameiginlega landbúnaðarstefnan verði áfram einn stærsti útgjaldaliður Evrópusambandsins á komandi árum, þrátt fyrir sívaxandi samkeppni um opinbert fé innan sambandsins. */ph*



Sigling um eyjar Karíbahafsins

27. nóvember – 13. desember 2026
Fararstjórn: Gunnlaugur Hafsteinsson
Verð frá 685.000 kr. á mann í tvíbýli

Taktu stefnuna á sól, pálmatré og tærblátt haf í einstakri siglingu um Karíbahafið. Ferðin hefst í Orlando áður en haldið er um borð í Norwegian Sun í 12 nátta ævintýri um framandi eyjar, suðræna strandbæi og litríka menningu. Við heimsækjum meðal annars Bahamaeyjar, Kólumbíu, Panama, Kosta Ríka, Jamaíka og Cayman-eyjar áður en siglt er til Miami.

bænda FERÐIR

Bókaðu núna á bændaferðir.is

Sími 570 2790 • bokun@baendaferdir.is • Síðumúla 2 • 108 Reykjavík

Framúrskarandi fyrirtæki 2025

**Bændablaðið kemur næst út 13. ágúst**

**STEINSMIÐJA AKUREYRAR**
*steinsmidjaakureyrar.is*





# VIÐHALDSFRÍIR GARÐBEKKIR

**Granít 130cm um 140kg**





















*s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is*
*Verslun Njarðarnes 4, 603 Akureyri*



Mikil umsvif eru í Vaðölduveri núna þar sem verið er að reisa orkuver með 28 vindmyllum. Í hæstu stöðu eru þær um 150 metrar að hæð, en til samanburðar má sjá tvö háspennumöstur framan við vindmyllurnar af sömu stærð og algeng er víða um land. 14 vindmyllur verða settar saman í sumar. Myndir / ál

# Vindmyllur ekki reistar í roki

**Ástvaldur Lárusson**
astvaldur@bondi.is



**Um þessar mundir eru mikil umsvif við byggingu vindmylla í Vaðölduveri handan Búrfells. Samtals verða vindmyllurnar 28 og verður helmingurinn settur upp í sumar.**

Uppsett afl orkuversins verður 120 MW þegar allar 28 vindmyllurnar hafa verið tengdar. Samkvæmt rannsóknum Landsvirkjunar á vindmyllunum á Hafinu, sem eru þarna skammt frá, má áætla að nýtingarhlutfallið verði í kringum 42 prósent. „Framleiðslugetan er 440 GW stundir á ári, en til samanburðar er uppsett afl Hvammsvirkjunar 95 MW og þaðan munu koma um 760 GW stundir á ári,“ segir Gunnar Aron Ólason, upplýsingafulltrúi nýframkvæmda hjá Landsvirkjun, í samtali þann 26. júní.

„Í sumar verða reistar fjórtán vindmyllur og ættu þær að vera komnar upp í lok ágúst eða byrjun september. Þegar spennirinn verður kominn geta þessar fjórtán byrjað að framleiða rafmagn inn á kerfið. Við eigum von á honum í júlí og hann verður mögulega gangsettur í ágúst ef allt gengur eftir. Á næsta ári tengjast hinar fjórtán vindmyllurnar við kerfið eftir því sem þær verða tilbúnar,“ segir Gunnar Aron. Áætluð verklok eru í lok 2027.

### Vinnur vel með vatnsaflsvirkjunum

„Það sem skiptir mestu máli þegar kemur að vindorkuveri er að hafa jöfnunarafl, því að ef það er logn þá er framleiðslan engin,“ bætir Gunnar Aron við. „Í það nýtast vatnsaflsvirkjanirnar sem Landsvirkjun hefur reist. Þegar framleiðslan er mikil í vindorkuverinu er hægt að safna vatni í lónin, sem er í raun ekkert annað en uppsöfnuð orka. Mesti vindhraðinn er á veturna, en hann fer niður á sumrin. Þetta vinnur því vel saman með vatnssöfnuninni í lónin okkar, en hún er mest á sumrin. Þá er engin tilviljun að þetta vindorkuver er byggt upp hérna, því að hér eru mikil vindgæði og allir innviðir til staðar, eins og flutningslínur. Eins er þetta þegar raskað svæði.“

Í hæstu stöðu verða vindmyllurnar um 150 metrar, en mastrið er í kringum 80 metrar á meðan spaðarnir eru tæpir 69 metrar. Mikið hefur verið rætt um sjónræn áhrif í aðdraganda framkvæmdanna í Vaðölduveri. Því kom blaðamanni nokkuð á óvart hversu lengi vindmyllurnar fjórar sem voru risnar þegar undirritaður var á ferðinni voru að birtast þegar ekið var upp eftir Landvegi austan Þjórsár, en framkvæmdasvæðið er í lægð í landslaginu. Í um það bil tólf til þrettán kílómetra fjarlægð var hægt að greina skýrt á milli vindmylla og lágra skýja. Fjarlægðin ætti þó að vera lengri á heiðskírum degi og þegar spaðarnir fara að snúast á fullri ferð. Vestan Þjórsár sjást vindmyllurnar um leið og ekið er yfir fjallaskarðið milli Búrfells og Skeljafells, eða í um fimmtán kílómetra fjarlægð.

### Samsetning tekur örfáa daga

Ársæll Þorsteinsson, öryggisstjóri fyrir hönd Landsvirkjunar í Vaðölduverkefninu, hefur fylgt því frá upphafi og er vel kunnugur framkvæmdunum. Hann segir í samtali þann 26. júní að verkefni af þessari stærðargráðu taki áherslubreytingum á framkvæmdatímanum. Mestu umsvifin eru núna, með um 150 til 200 starfsmenn, þar sem unnið er að mörgum verkþáttum í einu. „Núna erum við að færast úr jarðvinnufasanum yfir í reisingarfasann,“ segir Ársæll.

„Það sem er fram undan er að reisa fleiri vindmyllur og byrja gangsetningu á einni í einu,“ heldur Ársæll áfram. „Við vitum ekki nákvæmlega hvenær fyrsta vindmyllan fer í gang, en það fer eftir því hvernig prófanir ganga og annað slíkt. Núna snúast spaðarnir löturhægt, sem er hluti af prófununum,“ segir hann.

„Fyrsta vindmyllan var tíu daga í uppsetningu á meðan sex daga tók að reisa vindmyllu númer tvö og þá var ferlið eiginlega hnökralaust,“ segir Gunnar Aron. „Það getur vel verið að menn nái að reisa vindmyllu á fimm dögum, en tæp vika þykir gott. Lengri tíma tók að reisa myllur þrjú og fjögur, en samsetning getur tafist þegar vindur hamlar hífingum,“ segir hann.

„Það tekur stuttan tíma að setja möstrin saman,“ bætir Ársæll við. „Þetta eru bara hólkar sem fara hver ofan á annan. Mun flóknara er að setja upp það sem kemur síðar, en blöðin þurfa að snúa rétt og það er meiri kúnst að láta þau hitta rétt á mótstykkið í nafinu. Mesti óvissuþátturinn í þessu verkefni er vindurinn. Þetta er því svolítið tvíbent, því að það er gott að hafa vind þegar vindmyllurnar eru í notkun, en á móti kemur að þær eru erfiðari í uppsetningu ef ekki er logn. Mjög stífar kröfur eru á hversu mikill vindurinn má vera, eða að hámarki





Vindmyllur á framkvæmdasvæði Landsvirkjunar í Vaðölduveri. Myndin er tekin af Landvegi í um níu kílómetra fjarlægð á úrkomudegi 25. júní. Við þessi veðurskilyrði tók að móta fyrir vindmyllunum í um tólf til þrettán kílómetra fjarlægð þegar ekið var eftir Landvegi.



Ársæll Þorsteinsson, öryggisstjóri fyrir hönd Landsvirkjunar í Vaðölduverkefninu.



Gunnar Aron Ólason, upplýsingafulltrúi nýframkvæmda hjá Landsvirkjun.



Vindmylluundirstaða sem ekki er búið að hylja með jarðvegi.

sjö til tíu metra á sekúndu. Vindáttin hefur ekki áhrif, því að það er hægt að snúa krönunum sem eru að hífa,“ segir Ársæll.

### Á Hellu verður þjónustuhús

„Flutningurinn á vindmyllunum úr Þorlákshöfn fór af stað 7. maí og var gefið út að þeir myndu taka sjö til tíu vikur,“ segir Gunnar Aron. „Hingað til hafa þeir gengið samkvæmt áætlun og gætu þeir klárast núna um miðjan júlí. Vindmylluefnið er flutt í lögreglufylgd að nóttu til yfir á kranaplanið sem er útbúið sérstaklega í kringum hverja myllu og efnið geymt þangað til að kemur að uppsetningu. Það að hífa af flutningabílunum niður á jörð er mjög háð vindi, en þar er hámarkið tólf metrar á sekúndu. Þetta eru sérhæfðir flutningavagnar og ef þeir festast hérna upp frá út af vindi getur það valdið töfum á flutningunum,“ segir Gunnar Aron.

„Vindmylluframleiðandinn Enercon er með sitt sérfræðiteymi hérna til þess að reisa vindmyllurnar, en þeir eru verktaki sem Landsvirkjun hefur samið við um að flytja vindmyllurnar hingað upp eftir, setja þær upp og afhenda til gangsetningar. Eftir afhendingu tekur við fimmtán ára þjónustusamningur við Enercon,“ segir Gunnar Aron. Fyrirtækið hefur ráðið íslenskt starfsfólk til þess að sinna viðhaldi á vindmyllunum og mun Enercon hafa aðstöðu í þjónustuhúsi sem Landsvirkjun mun reisa á Hellu.

„Fyrsta vindmylluundirstaðan var steypt í september í fyrra, núna í lok júní eru komnar átján,“ segir Gunnar Aron. „Hérna er járnabindinga- og steypugengi sem ætlar að klára 28 undirstöður í vetur fyrir áramót. Þegar búið er að steypa undirstöðurnar þarf að ganga frá í kringum þær og er planið jafnað þannig að smá boltabúr stendur upp úr jörðinni á meðan undirstaðan sjálf er öll neðanjarðar. Landsvirkjun á eftir að bjóða sérstaklega út frágang á umhverfi þannig að þetta verði sem best verður á kosið að framkvæmdum loknum. Svæðið verður opið að vissu marki, en hér verða akvegir, reiðvegir og gönguleiðir. Sunnan Sprengisandsleiðar er kominn útsýnispallur og síðar verður annar settur upp á Vaðöldu,“ segir Gunnar Aron.






## Íslenskt staðfest:

# Merkingaróreiða ríkir



Edda Kristín Sigurjónsdóttir
edda@bondi.is

**Sjö framleiðendur nota upprunamerkið Íslenskt staðfest á vörum sínum. Eigandi Sólskins grænmetis segir mikilvægt að hafa merki sem er tekið út af þriðja aðila og neytendur geta treyst.**

„Markaðshlutdeild íslenskra búvara fer lækkandi vegna mikils innflutnings, svo bændur vilja hafa færi á að draga athygli að sínum vörum,“ segir Stella Björk Helgadóttir, framkvæmdastjóri merkisins. Hún segir merkingaróreiðu ríkja. Sambærileg upprunamerki voru tekin upp á Norðurlöndunum sem viðbragð við inngöngu í Evrópusambandið og auknum innflutningi.



Jarðarber frá Sólskins merkt Íslenskt staðfest.



Upprunamerkt Grænegg.

Myndir / Aðsendar

### Traustið byggir á þriðja aðila

Íslenskt staðfest er upprunavottun fyrir matvæli og blóm sem innleidd var árið 2022. Sjö framleiðendur nota nú merkið, MS, Holta kjúklingur, Sólskins grænmeti, Grænegg, Lambhagi, Ártangi og Kjarnafæði Norðlenska. Kjarnafæði er nýjasti framleiðandinn sem tekur merkið upp.

„Þetta er ekki gæðavottun, heldur upprunavottun en er fyrir neytandann til að geta tekið upplýsta ákvörðun,“ segir Stella. „Við sjáum ávinninginn af því að nota merkið og heyrum af ánægju framleiðenda.“ Stella nefnir Holta kjúkling sem dæmi, sem hafa fundið fyrir jákvæðum viðbrögðum.

„Merkið er ekki orðið mjög víðtækt,“ segir Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir Sólskinsbóndi, „en það tekur tíma að byggja eitthvað nýtt upp sem fólk getur treyst. Ég held að það sé mikilvægt að hafa merki í umferð sem neytendur geta treyst að sé tekið út af þriðja aðila.“

Langur aðdragandi var að stofnun upprunamerkisins Íslenskt staðfest. Einhugur var meðal bænda, framleiðenda og stjórnvalda um að búa til íslenskt upprunamerki og ályktanir höfðu verið lagðar fram á Búnaðarþingum um stofnun þess. Bændasamtök Íslands eiga merkið og Sýni, sem er faggild vottunarstofa, sér um úttektir og eftirlit.

### Einföld skilyrði

Reglurnar á bak við merkið eru byggðar á sænska upprunamerkinu. Skilyrði fyrir að fá að nota það eru að ræktun skal hafa farið fram á Íslandi, öll dýr skulu fædd, alin og slátrað á Íslandi, kjöt, egg, sjávarafurðir og mjólkurvara skulu vera 100% íslensk, einnig í samsettum eða unnum matvælum og í unnum matvælum skal a.m.k. 75% innihaldsefna vera íslensk. Skyr getur þannig borið merkið þó í því sé mangó, ís verið með turkish peber, pulsur með ananas eða grænmetisbuff með kúskús.

Íslenskt staðfest tryggir neytanda að varan uppfylli sannarlega skilyrðin og gerir honum kleift að velja og þar með hvetja til innlendrar framleiðslu.

Merkið felur ekki í sér hvernig viðkomandi vara var framleidd, hvort notaðar voru plöntuverndarvörur í ræktuninni né annað sem lýtur að eiginlegum gæðum vörunnar. Vel er vitað að notkun á plöntuverndarvörum (skordýraeitri, sveppadrepandi efnum o.þ.h.) er umtalsvert minni í íslenskum landbúnaði en í Evrópu, sem stendur öðrum heimsálfum fremri í reglum og eftirliti með notkun slíkra efna.

Vilji neytandi velja vörur þar sem gæðastaðlar gilda og eftirlit er með til að mynda notkun eiturefna og dýravelferð er til annað íslenskt merki sem fylgir alþjóðlegum stöðlum, sem er merki Vottunarstofunnar Túns fyrir lífrænt vottaðar vörur. Vara getur sannarlega borið bæði merki Túns og Íslenskt staðfest.

### Evrópumál og innflutningur

Upprunamerki voru tekin upp á Norðurlöndunum sem viðbragð við auknum innflutningi og inngöngu í Evrópusambandið. „Við þekkjum dæmi frá Norðurlöndunum um hversu farsæl þeirra merki eru. Notendur þar sjá merkin sem verðmæt til að aðgreina sig frá öðrum vörum,“ segir Stella. Í Svíþjóð hefur jafnvel verið horft til þess að veitingastaðir geti notað merkið.


Stella Björk Helgadóttir.

Merkið er líka til í enskri útgáfu, Certified Icelandic. Stella segir merkið fela í sér tækifæri til aukinnar framleiðslu í sveitum landsins og aukins útflutnings. „Það er eftirspurn eftir því að flytja út íslenskar vörur, en þá þarf að vera hvati fyrir framleiðendur til að auka framleiðsluna. Þetta er verðmætt merki. Fólk úti í heimi er tilbúið til að borga fyrir heilnæmar vörur.“

Til eru fleiri merki sem byggð eru á alþjóðlegum stöðlum og lúta ströngu eftirliti. Flestir þekkja norræna Skráargatið sem byggir á næringargildi, Svansmerkið sem er norrænt umhverfismerki, Fairtrade sem er vottun um siðferði og sjálfbærni og Evrópulaufið og merki Vottunarstofunnar Túns sem eru merki fyrir lífrænt vottaðar vörur. Danska ríkið kom á sinni eigin merkingu fyrir lífrænt vottaðar vörur, stóru rauðu Ø, sem stendur fyrir Statskontrolleret økologisk. Sú merking er býsna áberandi í dönskum matvöruverslunum, enda framleiðsla og framboð af lífrænum vörum miklu meira en á Íslandi.

### Óreiða í merkingum

„Það er orðin merkingaróreiða,“ segir Stella. Hún segir vel þekkt að merkingar geti verið villandi. „Á meðan neytandi veit að tómatar í dós eru ekki íslenskir, því umbúðir leyna því alls ekki, er orðið algengara í búvörum að sjá vörur sem eru líkar íslenskum vörum. Margir eru líka farnir að búa til sínar eigin merkingar.“

Merkingar á borð við „úr sveit“, „úr íslenskri sveit“ og „íslensk framleiðsla“ eru ekki trygging neytenda fyrir því að framleiðslan uppfylli skilyrði fyrir Íslenskt staðfest. Á bak við slíkar merkingar er ekki annað en orð viðkomandi framleiðanda. „Traust til íslensks landbúnaðar virðist vera frekar mikið, en svo koma upp tilvik þar sem það er brotið,“ segir Stella.

> „Þetta verður til á Norðurlöndunum sem viðbragð við inngöngu í Evrópusambandið ...

### Íslenski fáninn í ýmsum myndum

Íslenski fáninn og fánalitirnir eru ekki óalgengir þegar vöruúrval matvöruverslana er skoðað. Reglugerð um notkun íslenska fánans var útvíkkuð árið 2015 sem gerði framleiðendum kleift að nota hann á vörur. „Algengt er að merkja til að mynda brauð sem íslenska framleiðslu, en öll hráefnin koma erlendis frá,“ segir Stella. „Það hefur gerst að fyrirtæki hafa fengið sektir fyrir að nota íslenska fánann á vörur sem voru ekki upprunnar á Íslandi. Neytendastofa fylgist með því, en hún sinnir ekki reglubundnu eftirliti.“

Skylt er að merkja upprunaland á umbúðum vöru en upplýsingar um upprunaland eru oft ritaðar með litlu letri og ekki auðvelt að finna. Íslenskt staðfest auðveldar neytanda að sjá upprunaland vörunnar.

Önnur dæmi eru um vörur sem hafa slíkan sess í íslenskri matarhefð að neytendur halda að þær séu íslenskar, á meðan þeim er til dæmis einvörðungu pakkað á Íslandi, eða jafnvel pakkað erlendis en dreift af innlendum aðila.

### SS vínarpylsan fengi ekki upprunavottun

„Margir kjötframleiðendur eru líka í innflutningi. Þeirra hagur er ef til vill ekki að taka upp merkið,“ segir Stella. Hún segir að SS pylsan gæti þannig ekki borið upprunamerkið Íslenskt staðfest þar sem hún inniheldur innflutt kjöt, en að ástæður fyrir því geti verið margvíslegar. Eftir stendur að neytendur halda ef til vill að pulsan sé alíslensk.

Norska samvinnufélagið Coop notar norska upprunamerkið á sínar vörur, en á einnig ódýrara vörumerki sem það notar merkið ekki á, sökum þess að þar er stundum gripið til innflutnings. Fordæmi eru því fyrir því að sama fyrirtækið geti nýtt upprunamerki á eitt vörumerki sitt en ekki annað með góðum árangri.

Sérhvern dag hafa neytendur áhrif með vali sínu í matarkörfuna. Valið getur snúið að hollustu og næringargildi, umhverfinu, framleiðsluaðferðum, dýravelferð og hvar varan er framleidd. Hver og einn þarf að vega og meta sínar áherslur en til að svo megi vera þurfa merkingar að vera skýrar og ekki villandi.

Vilji neytandi forðast eða velja ákveðnar vörur þarf hann að leggja sig töluvert fram um að læra að lesa merkingar. Slíkt er hægt að gera í skrefum og byrja til að mynda á að þekkja algengustu merkin sem hafa raunverulega staðla og eftirlit á bak við sig.




RYOBI
Milwaukee
W.steps
SUMAR
ÚTSALA
Sjáðu öll tilboðin á vfs.is
RUBIX
VERKFÆRA SALAN
VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALVEGI 32A, KÓPAVOGI • ÓSEYRI 4, AKUREYRI • FITJABRAUT 2, REYKJANESBÆ • 560 8888 • vfs.is


MHG VERSLUN
KJARNABORVÉLAR - GÓLFSAGIR - VEGGSAGIR - KJARNABORAR - STEINSAGARBLÖÐ
Tyrolit FSG513P
Malbikssög - bensínknúin
500mm blað
Sögunardýpt 19,5cm
Tyrolit DME22SU
Kjarnaborstandur
Hám. borunardýpt 160mm
Tyrolit FGE280
Gólfslípivél
Slípiflötur 28cm
Tyrolit VCE2400
Iðnaðarryksuga 2,4 kW
Hönnuð fyrir gólfslípun
TYROLIT
Tyrolit FSE811
Gólfsög - rafknúin
Sögunardýpt 32cm
Tyrolit steinsagarblöð
Tyrolit TS40 Precut
Steinsög - rafknúin
Sögunardýpt 16,5cm
Tyrolit Ringsaw TR40
Steinsög - rafknúin
Sögunardýpt 30cm
MHG VERSLUN | Þjónustuverkstæði og varahlutir | Víkurhvarfi 8 | 203 Kópavogi | S. 544 4656 | mhg.is



Sveinn við „litla" traktorinn sinn, eins og hann kallar hann, en þar aftan í er kurlarinn tengdur og kló sem tekur upp trjáboli og matar kurlarann af miklum móð. Myndir / KHH



Hér má sjá kurlun í gangi, Sveinn situr í traktornum og stjórnar klónni sem tekur upp boli og beinir þeim inn í kurlara og út um ranann kemur kurlið. Allt gengur snurðulaust fyrir sig.

# Leggst út í mánuð með öflugan kurlara

**„Þetta er einhvers konar vertíð hjá mér, ég fer af stað á vorin og kem eins og lóan til þeirra sem óska eftir minni þjónustu. Ég kem langt að, ég bý innst inni í Fljótsdal inni á Hallormsstað austur á landi, þar sem vegurinn endar þeim megin," segir Sveinn Ingimarsson vélaverktaki sem blaðamaður hitti fyrir í Haukadalsskógi í Biskupstungum, en þar var hann að kurla trjáboli af miklum móð. Sveinn leggur upp í langferð í upphafi hvers sumars á risastórum traktor með öflugan kurlara tengdan aftan í.**

Kristín Heiða Kristinsdóttir
khkkristin@gmail.com

„Þessi traktor er rétt rúmlega tvö hundruð hestöfl, en ég kalla hann samt litla traktorinn, því ég átti annan sem var helmingi stærri, hann var fjögur hundruð hestöfl og ég notaði hann mest með vél sem muldi grjót. Mín árlega vertíð við trjákurlun stendur yfir í fjórar til fimm vikur frá því ég fer af stað og þar til ég kem heim aftur. Ég fer ekki hratt yfir, traktorinn fer aðeins á rúmlega fimmtíu kílómetra hraða, en ég er orðinn vanur því að vera lengi á leiðinni. Þetta er níðþungt saman, traktorinn og kurlarinn, ég hef sannarlega reynt á þol vega víða og fest mig í mjúku landi."

**Skógarfólk er skemmtilegt**

Sveinn segist hafa byrjað að kurla á Kirkjubæjarklaustri í hringferð sinni þetta vorið.

„Þar er skógrækt og var verið að grisja undan línu hjá sumarbústað fyrir ofan Fjaðrárgljúfur, lengst inni í dal. Þetta er eitt af því sem er frábært við þessa vertíð hjá mér, ég kem stundum á staði sem ég aldrei hefði annars komið á. Ég fer alls ekki alltaf á sömu staðina til að kurla, þó það séu fastir viðkomustaðir hjá stærri aðilum eins og skógræktum. Ég byrjaði að kurla klukkan átta í gærmorgun og komst yfir að fara nokkuð víða, ég byrjaði í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, fyrst í Árnesi, fór síðan í Brautarholt, innan við Ólafsvelli og að Húsatóftum. Þaðan hélt ég inn í Þjórsárdal og síðan hingað í Haukadal. Ég var kominn hingað klukkan ellefu í gærkvöldi og næst fer ég að kurla fyrir Skógræktarfélag Árnesinga á Snæfoksstöðum í Grímsnesi, þaðan fer ég síðan að Þingvöllum og í Heiðmörk í Reykjavík. Eftir það kem ég við á nokkrum bæjum í Hvalfirði og Skorradal og að því loknu held ég norður," segir Sveinn og bætir við að í þessum árlegu ferðum kynnist hann alls konar fólki.

„Skógarfólk er yfirleitt skemmtilegt, ólíkt því sem margir halda, en það þykir oft skrýtnasta liðið, rétt eins og refaskyttur. Ég er einmitt líka refaskytta," segir Sveinn og hlær.

*- Framhald á síðu 26.*



Hér má sjá hvernig öflugur hnífakurlarinn hakkar í sig níu trjádrumba í einu.



Sveinn við stóra málmkassann framan á traktornum þar sem hann geymir sitt hafurtask, m.a. mótorhjól sem hann leikur sér á að loknum vinnudegi.









Til afgreiðslu **strax!**

**SEGWAY**

## Fugleman UT10X

3.299.000 kr. með vsk.

**T1 dráttarvélaskráning - dráttarkúla - rafmagnsspil**

Kraftmikið vinnutæki hannað fyrir vinnu og ævintýri. Harðgerð 1000cc tveggja strokka vél sem skilar 105 hestöflum. Með mikilli dráttargetu og 350 kg. sturtupalli er hann tilbúinn í hvaða verkefni sem er. **Fugleman er hinn fullkomni vinnufélagi.**



**SEGWAY**

## AT5 L bændahjól

1.349.000 kr. með vsk.

**T3 dráttarvélaskráning - dráttarkúla - rafmagnsspil**

Afkastamikið fjórhjól með öflugri 39 hestafla vél, mikilli dráttargetu og eiginleikum eins og rafmagnsstýri og driflæsingum, býður það upp á óviðjafnanlega getu í utanvegaakstri.
**Segway AT5 er kjörinn kostur til að sigra hvaða landslag sem er.**

Varahlutir og þjónusta
**546-0415 - hesja@hesja.is**

KRONE



HESJA

Nánari upplýsingar á **hesja.is** | **hesja@hesja.is**
**Hafnarfjörður:** Selhella 1 - **Sími 546 0415** | **Akureyri:** Frostagata 2 - **Sími 415 6415**




F.v.: Guðrún, Ægir og Níels að nýloknu verki við að koma kurli í poka. Píla, tíkin hennar Guðrúnar, fylgist spennt með.

## Gríðarlegur munur og vinnusparnaður

„Við höfum verið að í allan morgun að setja kurl í poka, en í hverjum poka er einn rúmmetri af kurli," segir Níels Magnús Magnússon, verkefnastjóri í Haukadalsskógi, þar sem hann stendur við myndarlega stæðu af nýfylltum kurlpokum, ásamt samstarfsfólki sínu, Guðrúnu Rósu Hólmarsdóttur og Ægi Frey Hallgrímssyni.

„Við krækjum hverjum tómum poka á gaffal sem er framan á traktor og stingum undir ranann á kurlaranum hjá Sveini. Þá fer kurlið beint ofan í poka jafnóðum og hann kurlar. Við hér í skógræktinni erum afar ánægð með þessa þróun, að geta fengið svona öflugan kurlara til okkar einu sinni á hverju ári, því þetta er gríðarlegur munur og vinnusparnaður fyrir okkur. Áður en Sveinn fór af stað með þetta verkefni, að koma til okkar og annarra með þennan stórvirka kurlara, þá var ég að draga hvern einasta trjábol með handafli inn í okkar litla kurlara, en hann ræður aðeins við að kurla einn bol í einu," segir Níels og bætir við að þau safni efni yfir allt árið og Sveinn komi svo snemmsumars og kurli allt saman á einum eða tveimur dögum.

„Enda getur kurlarinn hjá honum tekið sjö eða átta stóra boli í einu. Megnið af þessu efni er í þriggja metra lengd og misþykkt, en hann hefur kurlað boli sem voru yfir 40 sentimetra þykkir, þannig að vélin er gríðarlega öflug. Sveinn kurlar fyrir okkur bæði það sem fellur til hjá okkur í grisjun skógar og þau tré sem falla í vindi. Við gerum eldivið úr hluta alls þessa efnis, en sverari bolina notum við til að fletta í borð, klæðningar og bekki."

Níels segir að þau í Haukadalsskógi selji svo kurlið, mest til almennings.

„Kurlið er vinsælt hjá bústaðaeigendum og öðru fólki sem notar kurl í beð og göngustíga í sínum görðum og umhverfi. Umsjónarfólk reiðhalla hefur líka verið að kaupa kurl af okkur til að blanda saman við annað efni sem er í gólfi reiðhalla, til að halda þurru og gera mjúkt undir fót. Fólk getur líka komið til okkar og keypt kurl í lausu, sem er ódýrara, þá mokum við því upp á kerrur hjá viðkomandi. Þeir sem eru í stærri verkum, verktakar til dæmis, koma með vörubíla og þá mokum við lausu kurli beint upp á pallinn," segir Níels og tekur fram að Haukadalsskógur sé innan þjóðskógasviðs hjá Landi og skógi. „Við vinnum því fyrir Land og skóg, en nafninu var breytt þegar Skógrækt ríkisins sameinaðist Landgræðslunni."

### Hnífakurlari með gríðarleg afköst

Á kurlferð sinni um landið er Sveinn verktaki hjá Landi og skógi.

„Þeir sjá um að taka við pöntunum, fyrst og fremst fyrir stærri skógræktir á vegum ríkisins, en allir geta fengið kurlun sem vilja, bæði fyrirtæki og einstaklingar. Fólk þarf bara að skrá sig á ákveðið rafrænt skjal þar sem ég sé hvar ég á að stoppa. Ég skipulegg mína ferð svo eftir því skjali og núna eru þetta um þrjátíu staðir sem ég þarf að kurla," segir Sveinn og bætir við að þótt kurlarinn hafi verið keyptur fyrir tólf árum, þá sé aðeins sjö eða átta ár síðan hann byrjaði að fara hringinn um landið með hann. „Ég fer vestast í Búðardal, en ekki á Vestfirðina sjálfa."

Sveinn segir að hér á landi séu til alls konar kurlarar, en þessi sem hann er með sé sá stærsti sinnar tegundar á landinu.

„Þetta er svokallaður hnífa- kurlari og hann er hundrað sinnum stærri græja en hefðbundnir kurlarar. Þessi vél getur kurlað á bilinu 60 til 70 rúmmetra af kurli á klukkutíma, sem eru gríðarleg afköst," segir Sveinn og tekur fram að þó hann eigi sjálfur traktorinn þá eigi Land og skógur að stærstum hluta kurlarann.

„Ég á hluta af honum og Félag skógarbænda á Héraði á líka hluta í þessari græju. Þörfin var sannarlega fyrir hendi, því kyndistöð á Hallormsstað vantaði græju sem réði við að kurla það magn sem féll til þar, til dæmis tré með greinum. Þessi kurlari er í raun eina græjan sem ræður við boli með greinum, ég get tekið tré í heilu lagi, með greinum og öllu og sett það beint í þennan kurlara.'"

### Ætlaði aldrei aftur í sjálfstæðan rekstur

Sveinn segist hafa verið viðloðandi vinnuvélar alla sína ævi.

„Ég var loðdýrabóndi á tímabili, en fór út úr því stórskuldugur og hét því þegar ég hætti að fara aldrei aftur í sjálfstæðan rekstur. Þegar ég hafði borgað niður stærsta hlutann af skuldunum og eignaðist smá pening, þá datt mér í hug að taka fullt af erlendum lánum og fara út í vélaútgerð. Á því blessaða herrans ári 2007 byrjaði ég því aftur með eigið fyrirtæki, þetta vinnuvélafyrirtæki, og keypti allar græjur. Þetta er á mínu nafni og minni kennitölu, enda hef ég aldrei stefnt að því að fara á hausinn. Ég stend og fell með mínum skuldum. Ég komst í gegnum góðærið og hrunið sem fylgdi, en vissulega var það djúpur dalur," segir Sveinn sem er með gröfur, vagna og alls konar tæki í sínu fyrirtæki fyrir austan og sinnir þar hinum ýmsu verkefnum, mest fyrir sveitarfélög og ríki. „Ég sinni í raun litlum verkefnum hjá stórum stofnunum."

> Mér er alveg sama um drauga og ef þeir eru á sveimi þá hafa þeir aldrei gert mér neitt ...

### Lætur ekki drauga raska ró sinni

Sveinn er með allt sitt persónulega hafurtask í stórum málmkassa framan á traktornum, meðal annars mótorhjólið sitt.

„Þó fáir trúi því þá er ég hvorki með mótorhjólaáhuga eða véladellu, en ég hef samt alltaf átt hjól, farartæki og vinnutæki. Mér finnst gott að skreppa á rúntinn á mótorhjólinu að loknum vinnudegi í þessari hringferð minni, enda gisti ég oft hjá skógræktarstöðunum og þar er ekki mikið við að vera."

Í ljósi þess að Sveinn hafði gist einsamall nóttina áður í húsi starfsmanna í Haukadal, er ekki annað hægt en spyrja hvort hann hafi orðið var við neitt, því þar ku vera reimt. Svo rammt kvað að þeim reimleikum að skógarvörður sem eitt sinn starfaði í Haukadalsskógi neitaði alfarið að sofa í húsinu vegna draugagangs. Hann kaus að keyra frekar til Reykjavíkur að loknum hverjum vinnudegi til að fá svefnfrið. Bergrisanum Bergþóri í Bláfelli hefur löngum verið kennt um draugaganginn í Haukadalsskógi, en hann er grafinn þar skammt frá, hjá Haukadalskirkju.

„Nei, ég varð ekki var við neitt, ekki frekar en aðrar nætur sem ég hef gist hér. Auðvitað eru alls konar hljóð í nóttinni, en ég er vanur slíku, ég bjó lengi einn úti í sveit í mjög gömlu húsi fyrir austan, þar sem voru alls konar furðuleg hljóð, en þau voru ekkert að trufla mig. Reyndar varð ég einu sinni forvitinn, því í logni heyrði ég hljóð eins og verið væri að rúlla tómri olíutunnu á steypu. Ég fór út að athuga hvað þetta væri, en sá ekki neitt, svo ég fór bara aftur inn. Ég hef lent í ýmsum uppákomum, einu sinni slökknuðu til dæmis öll ljós samtímis á nokkrum vélum hjá mér, af óútskýrðum ástæðum. Mér er alveg sama um drauga og ef þeir eru á sveimi þá hafa þeir aldrei gert mér neitt. Þeir eru bara góðir við mig, ég læt þá ekki raska ró minni. Fyrir tveimur árum, þegar ég gisti hér í Haukadalsskógi, þá voru tveir jarðskjálftar hér rétt ofan við um morguninn, upptökin voru víst í Sandfelli, og ég heyrði og fann þetta allt saman mjög vel. Það er eini draugagangurinn sem ég hef orðið var við hér."




**Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra**

RANGÁRÞING EYSTRA

*Samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst tillaga að deiliskipulagi:*

**Austurvegur 10 á Hvolsvelli – Deiliskipulagsbreyting.**

Deiliskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir stækkun l óðarinnar og nýjum byggingarreit B2 undir bílaþvottastöð og 130 m² byggingu tengda starfseminni.

Ofangreinda tillögu er hægt að kynna sér á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt HMS og á viðtalstíma hjá skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, Hvolsvelli.

Umsagnar- og athugasemdarfrestur tillögunnar er frá **17. júlí til og með 20. ágúst 2026.** Athugasemdum skal skila skriflega í gegnum Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

**Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra**

# Husqvarna

Há Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi

- Eigum jarðvegsþjöppur á lager uppí 500 kg
- Þjónustuverkstæði og varahlutir

ERUM FLUTT AÐ LYNGHÁLSI 5

**Husqvarna FS 500 E**
**rafmagns gólfsög**
Sögunardýpt 19 cm

**Husqvarna DM230**
**Kjarnaborvél**
150mm Max

**Husqvarna K770 14"**
**Steinsög/hellusög**
Sögunardýpt 12,5 cm

**Husqvarna K970 16"**
Sögunardýpt 15,5 cm

**Husqvarna LF75**
**Jarðvegsþjappa**
97 kg, 500 mm plata

**Husqvarna FS 400 LV**
**gólfsög bensín**
Sögunardýpt 16,2 cm

**Husqvarna Rammer**
**Hoppari LT6005 bensín**
230mm plata, 69kg

**Husqvarna Trowel BG 245**
Slípivél, vinnslubreidd
60 cm

**Husqvarna K4000**
**Steinsög, 230v**
Sögunardýpt 12,5 cm

**Husqvarna K3600**
**Steinsög, vökvadrifin**
Sögunardýpt 27 cm

**Husqvarna K7000 Ring**
**rafmagnssög**
Sögunardýpt 32,5 cm

**Husqvarna K7000 Pre Cut**
**rafmagnssög**
Sögunardýpt 14,5 cm

HÁ VERSLUN

Lynghálsi 5, 110 Reykjavík
Opið mán.- fös. Kl. 9 - 17
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

**Husqvarna Construction Products**
Gólfsagir, jarðvegsþjöppur, kjarnaborvélar, borstandar, hopparar, slípivélar, garðverkfæri, golfbílar, garðsláttuvélar og margt fleira!
Kíktu á úrvalið á haverslun.is eða til okkar að Lynghálsi 5



GIANT BY TOBROCO

ÚRVAL AUKAHLUTA Í BOÐI!



# HEIL FJÖLSKYLDA AF LIÐLÉTTINGUM

**Eftirfarandi vélar til á lager -**

**GS850T - G1200 - G2300 HD - G2700 HD+ - G2700E - G3500 -**

## AFLMIKLIR | STÖÐUGIR | MIKIL LYFTIGETA

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Lyngási 11, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is



Pálmar Örn Guðmundsson gefur út fræðslumyndbönd um skóga á Youtube rásinni Skógurinn.



Vigdís Finnbogadóttir, Steinn Kárason og Guðmundur Vernharðsson virða fyrir sér vaxtarþroska kynbótabirkis úr Hrolleifsdal í Gróðrarstöðinni Mörk, en þar fór fram ágræðsla og fræækt fyrir endurheimt Brimnesskóga.

# Endurheimta náttúruskóga

Karólína Rós Ólafsdóttir
karolina@bondi.is



**Pálmar Örn Guðmundsson, fjöllistamaður og formaður Skógræktarfélags Grindavíkur, gerði heimildarmynd um endurheimt hinna fornu náttúruskóga Brimnesskóga í Skagafirði. Steinn Kárason, garðyrkjufræðingur og umhverfishagfræðingur, stendur fyrir verkefninu og hefur í þrjátíu ár unnið að því að rækta innlendan birki- og reyniskóg á svæðinu út frá fræjum og græðlingum sérvalinna trjáa í Skagafirði.**

Brimnesskógar koma fyrir í Landnámabók Ara fróða en þar er skrifað að skógarnir hafi verið svo gróskumiklir að hryssan Fluga, sem var allra hrossa skjótust, týndist í skóginum. Þessi frásögn varð kveikjan að endurheimtarverkefninu og segir Steinn frá því í heimildarmyndinni hvernig má sjá leifar þessara horfnu skóga í gljúfrum og dölum Skagafjarðar.



Brimnesskógum er lýst sem gróskumiklum skógum í Landnámabók Ara Fróða.



Steinn Kárason tv. og Pálmar Örn ræða um hina fornu náttúruskóga Skagafjarðar.
Myndir / Aðsendar

### Miðlar fróðleik um skóga

„Ég hef mikinn áhuga á skógrækt og hef áhuga á því að miðla vitneskju og fræðslu um skóga og tré,“ segir Pálmar, sem heldur úti Youtube-rásinni Skógurinn þar sem hann miðlar fróðleik um íslenska skóga í gegnum myndbönd, viðtöl og heimildamyndir. Pálmar hafði samband við Stein þegar hann heyrði af verkefninu og tók við hann viðtal. „Mér fannst áhugavert að einn maður fari af stað með svona verkefni og vinni það allt í sjálfboðavinnu í áratugi. Hann fékk þessa hugmynd og er að framkvæma hana, fara með hana alla leið, sem er metnaðargjarnt og magnað.“ Pálmar er sjálfur í sjálfboðavinnu við gerð myndbandanna en það er áhuginn sem er helsti drifkrafturinn.

„Sumir sem fara í skógrækt stefna að því að selja afurðir úr skóginum en Steinn er ekki að því, hann er með ákveðna hugsjón. Það eru ýmsar trjátegundir sem myndu vaxa hraðar og betur þarna en þá yrði skógurinn ekki eins og sá upprunalegi. Þetta eru skagfirsk tré og hafa vaxið þar í þúsundir ára, í raun tré sem finnast hvergi annars staðar þó að þau líti út eins og hver önnur birkitré í sjón.“ Í heimildarmyndinni má sjá Stein síga niður gil til að nálgast fræ af birki sem honum þótti fallegt til ræktunar og segir Pálmar það bara eitt dæmi um hvað Steinn er tilbúinn að leggja á sig fyrir verkefnið. Pálmar fór í Skagafjörðinn til að skoða skóginn og taka upp myndefni. „Það mættu vera fleiri birkiskógar hér á landi en það tekur auðvitað rosa tíma að rækta þá,“ segir Pálmar. „Stærstu trén í Brimnesskógum eru ekkert mjög stór, þau eru að ná tveimur metrum, en það eru aðeins erfiðar aðstæður á svæðinu og skjóllítið svo gróðurinn vex hægt.“

### Fleiri fornir skógar

„Sagan um hryssuna sem týnist í skóginum úr Landnámabók er ákveðin vísbending um það að Brimnesskógar hafi ekki verið bara eitthvert kjarr, heldur vel vaxin tré og það eru vísbendingar um slík skóglendi víðar á landinu,“ segir Pálmar. „Ég held að margir haldi að birkiskógar hér hafi verið bara eitthvert kjarr en það hafa fundist leifar af skógum víðs vegar um landið og vísbendingar um það að sumir þeirra hafi náð sex til tólf metra hæð. Rétt hjá Hvolsvelli er til dæmis svæði sem kallast Drumbabót og þar hafa fundist leifar af birkiskógi sem grófst undir hlaup. Þar hafa fundist drumbar og stubbar af trjám og nokkuð þykkir bolir sem gefur til kynna að þarna hafi verið stæðileg tré.“ Í riti frá Fornleifastofnun Íslands kemur fram að í Drumbabót séu leifar forns birkiskógar sem talið er að hafi eyðst í hamfaraflóði úr Mýrdalsjökli í kjölfar Kötlugoss. Samkvæmt aldursgreiningu eru þau tré um 1.200 ára gömul.

### Vill halda áfram að vekja áhuga

„Markmiðið með þessum myndböndum er fyrst og fremst að vekja áhuga fólks á skógum og trjám og hvetja fólk til að nýta sér skóga til útivistar, sem er nærandi fyrir sálina,“ segir Pálmar. „Það er mikilvægt að hafa fræðslu sem höfðar til fólks og lætur það vilja kynna sér skóga eða skógrækt.“ Pálmar segir að næsta skref sé að færa sig yfir á samfélagsmiðilinn TikTok þar sem er miklu meira áhorf á myndbönd, sem og að miðillinn nær til fleiri aldurshópa. Þá hefur hann íhugað að hafa fróðleikinn líka á ensku eða enskan texta með myndböndunum til að kynna íslenska skóga alþjóðlega. „Svo er mikilvægt að hafa þetta skemmtilegt líka því skógar eru svo frábærir.“



# Þakklæðningar

H.HAUKSSON

Finnsk framleiðsla • 30 ára reynsla á Íslandi • CE vottuð framleiðsla

GREENCOAT®
## Bárujárn
Verð kr. 3.460 m² með vsk.



GREENCOAT®
## Stallað stál
Verð kr. 3.900 m² með vsk.



GREENCOAT®
## Trapisustál
Verð kr. 3.460 m² með vsk.




**H. HAUKSSON EHF.** Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

WECKMAN® MADE IN FINLAND

Kubota

# Heyvinnuvélar fyrir kröfuharða






TE8590C 9 m
snúningsvél, dragtengd
3.850.000 + vsk.



RA2072 7,2 m
miðjurakstarvél
3.300.000 + vsk.



TE6568 6,8 m
snúningsvél
2.430.000 + vsk.



DM3036 3,6 m
diskasláttuvél,
2.390.000 + vsk.

Reykjavík, Akureyri og Selfossi thor.is velasvid@thor.is s 568-1500

ÞÓR HF

## Matarmenning:

# Íslenskur ljónsmakki, fennel og fíkjur



**Edda Kristín Sigurjónsdóttir**
edda@bondi.is

**Veitingastaðurinn Ylja í Laugarás lóninu var opnaður fyrir rúmu ári síðan. Gísli Matthías Auðunsson er yfirkokkur og segist vera rétt að byrja þróun staðarins, sem þegar tekur á móti allt að 500 manns á góðum degi. Áhersla er á hráefni úr nærsamfélaginu, sem er ein blómlegasta sveit landsins.**

Gísli segir endurtekið „við“, frekar en „ég“ í samtali við blaðamann, sem kíkti við á Ylju á rólegum þriðjudags-eftirmiðdegi. Ljóst er af samtalinu að starfsmannahópurinn skiptir hann miklu máli og að góður andi ríki í kringum þau veitingahúsaverkefni sem hann tekur að sér. Glöggt má sjá á girnilegum og framsæknum en þó kunnuglegum matseðlinum að Gísli er tilraunagjarn og sækir í íslenska matarhefð.

**Lærði að endurmeta upprunann**

Gísli Matthías Auðunsson er frá Vestmannaeyjum þar sem hann opnaði sinn fyrsta veitingastað, Slippinn, strax eftir útskrift, þá aðeins 22 ára gamall. Slippurinn var opinn á sumrin og á veturna hélt Gísli áfram að sækja sér innblástur og læra af öðrum sér reyndari kokkum og eyddi drjúgum tíma meðal annars í New York og í Frakklandi.

Um tíma vann Gísli á veitingstaðnum Dill, sem lengi hefur staðið í fremstu röð á Íslandi og hefur frá 2017 verið sæmdur Michelin stjörnu. „Ég man eftir því að hafa labbað inn í eldhúsið á Dill og hélt að ég kynni miklu meira en ég í raun og veru kunni,“ Gísli lýsir því eins og að það hafi kviknað á nýrri peru hjá sér. „Dill hefur alltaf verið leiðandi í að nota íslenskt hráefni. Ég man að Gunni [Gunnar Karl Gíslason, kokkur, stofnandi og eigandi Dill] sendi mig út að tína hvönn en ég vissi ekki einu sinn hvað hvönn var. Ég lærði helling þar. Ég lærði að endurmeta upprunann og varð ástfanginn af því að nota lókal hráefni og búa til sögur.“



**Yfirkokkurinn Gísli á veröndinni á Ylju. Húðflúraðar teikningar af sölvum, hundasúru, túnfífli og blóðbergi teygja sig upp eftir handlegg Gísla sem er rétt að byrja á flórunni.** Mynd / eks

Gísli fékk frjálsar hendur með að skapa Ylju og segist vera rétt að byrja að finna einkenni staðarins en það gerist með því að vera í tengslum við nærsamfélagið og flýta sér hægt. „Við þurfum að reyna að skynja umhverfið. Við erum bara rétt að byrja það sem við viljum gera hérna, sem er svo spennandi, en við erum til dæmis þegar að versla frá 12 smáframleiðendum.“

**Sögur sagðar með mat**

„Góðir veitingastaðir snúast alls ekki bara um það að verða saddur, heldur eru þeir menningarstaðir sem ganga út á að skapa upplifanir og búa til sögur,“ segir Gísli dreyminn á svip. Aðspurður um hvað hann eigi við með að búa til sögur segir hann að í sínum huga sé matur svo skemmtilegur, það sé alltaf ástæða fyrir öllu, sem gaman er að spá í og vinna með.

„Á veitingastað verður að vera alvöru saga.“ Hann velur og veltir vöngum yfir sérhverju hráefni sem fær að koma í eldhúsið, hvaðan það komi, hvernig það er framleitt, meðhöndlað og framreitt. Ástæður eru gjarnan fyrir því að hann velur að versla við ákveðna framleiðendur, þeir séu kannski að nota ákveðnar aðferðir sem eru næstum gleymdar en séu stór hluti af íslenskri matarsögu. Hann nefnir taðreykingu og gerjun sem dæmi. Allir þættir ferlisins skipta máli og skila sér í upplifun gesta sem koma og borða.

Gísli segir spennandi að taka fyrir eitthvað sem fólk þekkir og á minningar tengt, breyta því og skapa eitthvað nýtt. Hann nefnir dæmi af jólaseðlinum á Ylju þar sem var framreitt hangikjöt með uppstúf og laufabrauði. Laufabrauðið var nánast eins og kex, kjötið taðreykt og uppstúfið var mjólkurmajónes, þar sem mjólk er notuð sem binding í staðinn fyrir egg. Það bragðast eins og uppstúf en aðeins öðruvísi. „Á mínu heimili voru alltaf gulrætur í uppstúfnum svo við vorum með pikklaðar gulrætur með. Þú þekktir öll brögðin en samt var þetta allt öðruvísi upplifun.“



**Laxey laxa krúdó, með piparrót, jurtaseyði, agúrkum og radísum.** Myndir / Aðsendar

Aðspurður um hvaða sögu hann langar að skrifa í Ylju segir hann að hann vilji hafa svipuð gildi og í Vestmannaeyjum, þar sem allt byggði mikið á sjónum og jurtum sem vaxa villt. Í uppsveitunum sé allt annað umhverfi svo þau verði aðlöguð að jarðhitanum, gróðurhúsunum og því sem kraumar í nærsveitum.

**Saknar magálsins**

„Matur er stór hluti af menningu hvers lands og svæðis og það er svo gaman að fara aftur í tímann til að fá innblástur í það sem maður vill búa til.“ Gísli segir að frá degi eitt og til lokakvöldsins á Slippnum hafi einn af eftirréttunum verið skyrmús með hundasúrukrapi. „Þetta er svo einfaldur réttur. Ótrúlega margir Íslendingar hurfu aftur til fortíðar þegar þeir smökkuðu og þótti þetta svo gott.“

Talið berst að upprunanum og innblæstri til matargerðarinnar. Gamlar aðferðir berast fljótt í tal og hvernig þær hafa haft mótandi áhrif á íslenska matarhefð. „Matargerð hvers lands þróast út frá nauðsynjum og Ísland er land með stutt sumur og langa vetur svo mikið af íslenskri matargerð byggir á geymsluaðferðum, hvort sem það er reyking, súrnun eða annað,“ segir hann og tendrast allur upp. „Með nútímatækni er ekki eins nauðsynlegt að nota þessar aðferðir en það er áhugavert.“

Á Íslandi var oft borinn fram reyktur fiskur með smjöri, þó hann sé sjaldnar á borðum nú en áður. Gísli nefnir dæmi um hvernig hefðin getur veitt innblástur en ferskt hráefni notið sín á sama tíma. „Stundum erum við með ferskan fisk og reykjum smjörið, breytum aðeins til, en það er alltaf númer eitt tvö og þrjú að maturinn sé góður.“

Við hverfum aftur í tímann í samtalinu og veltum vöngum yfir mat sem lítið hefur sést að undanförnu. Rúllupylsuna, sem lítið fer fyrir, ber á góma og Gísli nefnir magál, sem hann saknar og er ekki alls óskyldur rúllupylsunni. Hann er gerður úr lambasíðu, reyktur og pressaður. „Þetta er eitthvað sem ég held að gæti orðið frábær réttur ef hann yrði dreginn upp aftur og kynntur.“

**Hvetur unga kokka til að fara utan**

Innblástur er víða að finna og Gísli fer reglulega í matarferðir. „Mér finnst
*– Framhald á síðu 32.*





TENE TREMMI?
KOMDU TIL KENYA!!
"Villa Branca er einn af þessum stöðum sem maður gleymir ekki. Glæsilegt hús, einstök þjónusta og upplifun sem fór langt fram úr væntingum. Við mælum heilshugar með. 🌴☀️"
Eggert og Sólveig
VILLA BRANCA
Frá 20.000 kr.
á mann nóttin
hálft fæði, drykkir og öll þjónusta innifalin.
Einstakt tækifæri fyrir fjölskyldur eða hópa.
Við aðstoðum við bókun á flugi og sjáum um að sækja fólk á völlin.
Bókum einnig safari, golf og fleira
"Dvöl okkar í Villabranca var ógleymanlegt ævintýri þar sem allt var fullkomlega skipulagt, þjónustan einstök og upplifunin full af gleði, afslöppun og þakklæti."
Leifur og Elsa
Hafðu samband
upplysingar@villabranca.co.ke
773 5901
villabrancadiani
villabranca
villabranca.co.ke




Viltu tjalda í skógi í sumar?
Verið velkomin í þjóðskógana!
Tjaldsvæði í eða við þjóðskóga
Land og skógur

London alveg mögnuð núna, þar er ótrúlega mikið af flottum veitingastöðum. Ég hef líka farið mikið til New York og oft í samfloti við góðan vin sem er meðeigandi af Skál! og á og rekur Saltverk. Við kynntumst á slow food-ráðstefnu á Ítalíu og hann stofnaði Saltverk sama ár og ég stofnaði Slippinn svo við höfum fylgst að sem er gaman.“

Gísli er reglulega fenginn til að halda fyrirlestra fyrir útskriftarnema úr Hótel- og matvælaskóla Menntaskólans í Kópavogi. „Ég er á því að það sé allt of mikið af kokkum sem fara beint í mötuneyti og hvet unga kokka til að fara út, víkka sjóndeildarhringinn og koma heim með nýja vitneskju.“

### Hráefni úr nærumhverfinu

Á Ylju líkt og var á Slippnum og nú á Næs, fer talsverður tími í að finna hráefni í nærumhverfinu. Gísli segir þann þátt vera reiknaðan inn í viðskiptamódelið. „Það er auðveldara að panta alltaf af sama birgjanum, en mér finnst galið að vera að nota basiliku sem er ræktuð lengst í burtu og svo þegar horft er í nærumhverfið þá er til dæmis allt mögulegt sem vex villt og er hreint, laust við öll eiturefni og svo bragðgott, eða er ræktað nálægt.“

„Það er eldhússtarfsmaður hjá okkur sem fer á milli smáframleiðenda og sækir tvisvar í viku. Ég fékk póst frá einum af smáframleiðendunum í byrjun árs, sem sagði mér að við hefðum bjargað árinu hjá þeim. Mér finnst það alveg magnað.“

„Við erum líka að framleiða mat fyrir 45 manna starfsmannahóp tvisvar á dag. Þetta er stórt og metnaðarfullt verkefni. Á laugardegi geta 450-500 manns farið í gegnum veitingastaðinn og 1000 manns í gegnum lónið. Það er einhver þrá innra með mér sem vill sína fram á að þetta er líka hægt á stórum skala. Þetta er aðeins flóknara og kostnaðarsamara en ég trúi því að það komi til baka í viðskiptavinum sem vilja koma aftur.“

### Umhverfið er uppspretta hugmynda

Nánasta umhverfi Ylju eru einhver af gróðursælustu héruðum landsins, ólíkt Vestmannaeyjum þar sem sjórinn er alltumlykjandi og lítið um skóglendi til að mynda. „Ég er að læra helling af náttúrunni hér í kring, við höfum verið að kaupa lerkisveppi frá bændum hér og ég er spenntur að læra um alla sveppina og gróðurinn sem vex hér í kring.“

„Okkur langar að nýta hitann á svæðinu til langtímaeldunar. Langtímamarkmiðið er að búa til okkar eigin ofn og nota hitann úr jörðinni. Við erum mikið að nota gerjun, þar sem maður setur 3% af heildarvigt hráefnisins af salti, og það er gott að hafa það í stýrðu hlýju umhverfi í langan tíma. Nú eru svört epli á matseðlinum, sem eru bökuð í þrjár vikur,“ segir Gísli. „Það er hægt að gera þetta við mörg hráefni.“ Blaðamaður byrjar að iða í sætinu af spenningi og spyr hvernig svört epli smakkist. Gísli brosir og biður mig um að bíða stundarkorn, hann ætli að stökkva í eldhúsið og sækja smakk.


Þorskur í bréfi með rófu, kartöflum, sólhnýðum og reyktri hollandaise-sósu. Ómótstæðilegur réttur að mati blaðamanns.

„Þú færð sýruna og ferskleikann úr eplinu, en líka bragðið af þurrkuðum ávöxtum,“ segir hann. Bragðið minnir á sveskju en er eilítið léttara og lagskiptara. Liturinn er koníaksbrúnn, áferðin er mjúk og skeið rennur léttilega í gegnum eplið. Bragðlaukar um allan munn glaðvakna þegar bitinn lendir á tungunni.

„Fiskisúpan okkar er byggð á klassískri lúðusúpu og það voru yfirleitt sveskjur í þeim og svörtu eplin koma í staðinn fyrir sveskjurnar,“ segir Gísli. Enn eitt dæmið um hefðbundinn rétt úr íslenskri matarhefð, sem öðlast nýtt líf í meðförum Gísla.

### Dreymir um sólhnýði

Aðspurður um óskir til bænda um nýjar tegundir í ræktun ber sólhnýði (jarðskokka) og sellerírót á góma. Gísli kallar eftir meiri fjölbreytileika í ræktun á Íslandi. Hann nefnir ræktun á Reykjalundi í Grímsnesi sem spennandi dæmi. „Það eru magnaðir hlutir sem þau eru að gera.“ Blaðamaður rifjar upp dæmi um tomatillo, blæjuber, ýmis tómatayrki, broddgúrkur, hvítlauk, grænkál, pálmakál, radísur, rauðrófur, rabarbara, brokkolíni, eldpipar og fleira sem hann sinnti við fyrri störf á Reykjalundi þar sem allt er ræktað í mold, flest úti en sumt í plasthúsum.

Talið berst óhjákvæmilega að beingreiðslum í grænmetisræktun. „Það er bara borgað með ákveðnum tegundum í ræktun, svo það er enginn hvati til að rækta fjölbreytt. Það eru ekki margir bændur sem eru ríkir, svo hvatinn verður að koma úr kerfinu. Þetta er pólitísk ákvörðun,“ segir Gísli. Hann bendir á að í Danmörku hafi stefna ríkisins um innkaup á innlendum og lífrænum hráefnum áhrif á tegundafjölbreytni í ræktun. „Það er meira að segja mikið úrval af innlendu lífrænu grænmeti og ávöxtum í ódýru búðunum í Danmörku. Það fer í taugarnar á mér hvernig úrvalið í búðunum hér er. Í litlum búðum er kannski hægt að kaupa þrjár tegundir af innfluttu avokadó en takmarkað íslenskt hráefni. Það er alveg stórmerkilegt.“ Hann segir markmið sitt vera að nota bara hráefni úr nærsamfélaginu en eitt og annað þurfi að kaupa annars staðar frá og hann horfi helst til Danmerkur.

### Hvert kvöld var kveðjustund

Fyrir um 10 árum hafði Hjalti Gylfason samband við Gísla en hann er einn af stofnendum Laugaráss lónsins. „Við fórum á smá flug þá en ég sagði honum að hafa samband þegar það væri stutt í þetta.“

Eftir 14 gjöful sumur ákvað Gísli að loka Slippnum. „Okkur fannst við vera búin að ná að sanna það sem við vildum sanna. Þetta endaði ótrúlega fallega síðasta sumar, hvert einasta kvöld var kveðjukvöld og fólk kom alls staðar að úr heiminum til að borða. Smá pressa en ótrúlega mikil viðurkenning og yndislegt.“


Sitthvað pikklað í eldhúsinu á Ylju.

Gísli rekur enn annan en töluvert minni veitingastað í Eyjum. „Mörg gildi af Slippnum hafa fært sig yfir götuna á Næs.“ Þann stað rekur hann sumarlangt sem fyrr, en Ylju allt árið.

„Við vorum þegar búin að ákveða að loka Slippnum þegar Hjalti hafði aftur samband. Ég hreifst svo af hugsjóninni og því sem þau vildu gera hér. Að vilja gera vel fyrir nærsamfélagið, að virkilega sýna fram á eins lókal matargerð og hægt er og styðja smáframleiðendur í kring.“

Það raðaðist þannig að við lokuðum Slippnum á laugardegi, héldum starfsmannafjör á sunnudegi þar sem margir fyrrverandi starfsmenn komu til okkar, og opnuðum hér á mánudegi.“

Gísli var með í að móta veitingastaðinn Mat og drykk sem nýverið flutti sig um set. „Þar vorum við að reyna að lyfta upp gamalli íslenskri matarhefð. Staðurinn var byggður á bókinni Matur og drykkur sem er sterkasta heimildin um íslenskan mat. Það var mikil vinna sem fór í að finna gamlar heimildir og Nanna Rögnvaldardóttir hjálpaði okkur.“ Blaðamaður fær vatn í munninn við tilhugsunina um ævintýralega góðar gellur sem hún smakkaði þar fyrir margt löngu og pínulitlar kleinur sem voru bornar fram með karamellumysusósu.

Gísli er einn stofnandi og enn meðeigandi veitingastaðarins Skál! sem opnaði í fyrstu Mathöllinni við Hlemm en flutti nýlega á Klapparstíg. Hann átti einnig þátt í að koma staðnum Mat Bar á laggirnar en hann lifir enn góðu lífi á sínum upprunalega stað gegnt Þjóðleikhúsinu.

### Núllstilling vetur, sumar, vor og haust

„Allt er gert 100% frá grunni og mig langar að við byggjum upp traust þannig að fólk viti að þetta sé alvöru hollur og góður matur. Þetta tengist líka upplifuninni í lóninu, þar sem fólk getur núllstillt sig og komið hingað bara til að líða vel. Þetta á ekki að vera of fínt.“

Grunngildin á Slippnum í Eyjum voru í samræmi við hugmyndafræði slow food-hreyfingarinnar, en þau snúast um að tengjast nærsamfélaginu, að matur eigi að vera sanngjarn fyrir neytandann og framleiðandann. Þar var líka horft til nýnorrænnar matargerðar, þar sem stolt af upprunanum er í forgrunni og leiðir fundnar til að endurnýja kynnin við hann með virðingu fyrir árstíðunum.

„Við erum ekki flink að borða í takti við árstíðarnar. Sumt hér er hægt að fá allan ársins hring úr gróðurhúsunum, en við reynum samt að vinna með árstíðirnar. Við vorum til dæmis að skipta í sumarseðil og þar kom inn rabarbari þar sem við gerðum nýja útgáfu af lambi og rabarbarasultu sem fólk þekkir svo vel. Þetta eru litlir díteilar hér og þar.“

Gísli velur að hafa lax úr landeldi á matseðlinum. Hann segir mestu gæðin alltaf leynast í því sem er villt og það muni aldrei breytast. „Við búum samt í heimi þar sem það gengur ekki að fæða alla með villtum afurðum og erum að kljást við vandamál tengd fæðuöryggi. Ef við getum búið til flott fyrirtæki, flotta vöru sem hefur ekki áhrif á annað lífríki, í lokuðum kerjum, þá er það gott. Ég er búinn að vera mikill hluti af slow food-hreyfingunni og gæti ekki verið meira á móti sjókvíaeldi. Ég þurfti að hugsa mig um áður en ég tók inn fisk úr landeldi, en ég er ánægður með laxinn sem við erum með.“

### Hvetur til áherslu á nærsamfélagið

Gísla finnst veitingastaðir eigi að versla meira við nærsamfélagið og nýta náttúrna betur. „Ég borðaði þriggja rétta seðil dagsins á flottu hóteli á Suðurlandinu í fyrra, þar sem er alls konar búskapur nálægt, og þar var kókos í tveimur réttum af þremur, ameríkst angus naut í aðalrétt og ástríðuávöxtur í eftirrétt. Ég horfði út um gluggann og sá blóðberg og alls konar girnilegt.“

„Það er líka mikilvægt að fá metnaðarfullt fólk inn í verkefnið alls staðar að. Ég vil alls ekki taka kredit fyrir allt,“ segir Gísli. „Ég trúi mikið á samstarf í teymi, svo við leggjum mikið upp úr því að búa til gott teymi og þjálfa fólk sem vill vonandi vera hjá okkur til lengri tíma.“ Hann segir markmið sitt vera að byggja upp saman, reyna í sérhverju verkefni að halda þróuninni áfram og vera aðeins betri í ár en í fyrra.

„Við erum þakklát fyrir hvað Íslendingarnir hafa verið duglegir að koma á Ylju. Við sjáum það á kortaveltunni að þeir hafa verið um 75% af gestunum. Mér finnst svo mikilvægt að vera í góðri tengingu við lókalinn. Við vorum heppin með það á Slippnum og Vestmannaeyingar hafa verið að leggja lykkju á leið sína frá Eyjum til Reykjavíkur, koma við hér og borða og halda svo áfram,“ segir Gísli um leið og hann brosir. „Túristarnir munu svo fylgja.“

Ákveðinn samhljómur er ljóslega með nöfnum og grunngildum veitingastaðanna Næs í Vestmannaeyjum og Ylju í Laugarás lóninu. Áhersla er á að gestum líði vel. „Þetta er verkefni í þróun og skilaboðin okkar eru einfaldlega að við viljum gera vel.“

Jarðvegsþjöppur
frá Ammann

Mikið úrval af þjöppum á lager með rafmagnsmótor, dísil eða bensínmótor

Wendel




Tangarhöfði 1 / 551-5464 / wendel.is / wendel@wendel.is


VOTTUÐ HEILSÁRSGISTIDÓM
SEM ÞOLA ÍSLENSKA VEÐRÁTTU
ÞRÍR LITIR
ÞRJÁR STÆRÐIR
ÞÍN ÚTFÆRSLA
ÁLRAMMI OG
TVÖFALT
ÖRYGGISGLER
OPNANLEGIR
GLUGGAR
ÁL HURÐ MEÐ
ÞREFALDRI ÞÉTTINGU
3JA PUNKTA LÆSING
HAFÐU SAMBAND
www.domadalur.is
info@domadalur.is
DÓMADALUR


Þarft þú að láta bora??
Heitt vatn? Kalt vatn?? Varmaskiptir??
Við hjá Finni ehf. búum yfir
tækjakosti af allra nýjustu gerð.
Við borum niður allt að
600 metrum með beltabor
sem auðvelt er að koma að
á erfiða staði.
Við borum um allt land.
Fyrir frekari upplýsingar,
sendið á finnur@finnurehf.is eða
hringið í síma 897-1490
FINNUR EHF
VERKTAKAR - VÉLALEIGA

## Norðurslóðir:

# Verndun flóru og fánu norðurslóða



Edda Kristín Sigurjónsdóttir
edda@bondi.is

**Ísland fer með formennsku í einum af sex vinnuhópum Norðurskautsráðs, þeim er snýr að verndun flóru og fánu norðurslóða.**

Í hópnum sitja fulltrúar aðildarríkjanna átta og sex samtaka frumbyggja á norðurslóðum sem safna saman og greina þekkingu sem styður stjórnvöld og samfélög norðurslóða við ákvarðanatöku.

### Umhverfis Norðurpólinn

Í hópnum gætir Snorri Sigurðsson formennsku, en hann er sviðsstjóri náttúrverndarsviðs hjá Náttúrufræðistofnun, líffræðingur og doktor í fuglafræði. Í daglegu tali er vinnuhópurinn kallaður CAFF, sem stendur fyrir Conservation of Arctic Flora and Fauna. Hann sinnir bæði málefnum verndunar í hafi og á landi.

Norðurskautsráð er vettvangur alþjóðaasamstarfs um málefni norðurslóða og ekki hefðbundin alþjóðastofnun, heldur milliríkjavettvangur, sem var stofnaður árið 1996 til að efla samvinnu um sjálfbæra þróun og umhverfisvernd á norðurslóðum. Aðildarríki eru þau sem umlykja Norðurpólinn; Kanada, Bandaríkin, öll Norðurlöndin, líka Danmörk fyrir hönd Grænlands og Færeyja. Áttunda ríkið er Rússland, sem stór hluti af norðurslóðum tilheyrir. Í Norðurskautsráði sitja fulltrúar sex samtaka frumbyggja, sem í alþjóðlegu samhengi gefur ráðinu sérstöðu.

Ráðið tekur ákvarðanir sem varða sameiginlega sýn þátttökuþjóðanna og íbúa þess. Hún er mótuð á fundum ráðsins og krefst samhljóða samþykktar. Þar er safnað saman þekkingu sem styður stjórnvöld og samfélög norðurslóða við ákvarðanatöku. Norðurpóllinn sjálfur og stór hluti Norður-Íshafsins er svæði utan lögsögu einstakra ríkja, en það er þó einnig til umfjöllunar á þessum vettvangi.



**Stuttnefjan er norræn sjófuglategund sem er mikið vöktuð. Lífveruhópar geta verið góðir vísar á það sem er að gerast í umhverfi þeirra.** Myndir / Erling Ólafsson

### Málefnin verða sífellt mikilvægari

Eitt mikilvægasta framlag Íslands til Norðurskautsráðsins er að hýsa tvær af skrifstofum vinnuhópa þess. Skrifstofa CAFF er hýst á Akureyri. „Þar starfar frábært fólk, bæði frá Íslandi og öðrum löndum. Nú eru hæg heimatök fyrir okkur til að rýna inn á við,“ segir Snorri um áherslur á formennskutímabilinu.

„Loftslags- og náttúruverndarmál eru í ákveðinni krísu,“ segir Snorri. „Það er verið að skera niður í þessum málaflokkum í öllum aðildarríkjunum. Öryggismálin eru í öndvegi.“

Innrás Rússa í Úkraínu er þröskuldur fyrir starf CAFF en Rússland er mikilvægur aðili að samstarfinu. „Það er þungur róður að viðhalda fullri starfsemi við þessar aðstæður heimsmála og mörg mikilvæg verkefni í ákveðinni kyrrstöðu vegna til dæmis takmarkana á fundahaldi og fleiru en þjóðirnar vilja halda lífi í þessum vettvangi og sem betur fer miðar ýmsu enn vel áfram. Málefni norðurslóða eru að verða mikilvægari og áskoranirnar eru ekkert að fara.“

### Samhljóða ákvarðanataka

Eitt helsta sérkenni Norðurskautsráðsins er að íbúum svæðanna er gefinn meiri formlegur sess en almennt gerist í alþjóðasamstarfi. Ráðherrar aðildarríkjanna hittast á tveggja ára fresti ásamt þeim sem eru í forsvari fyrir frumbyggjasamtökin. Þess á milli fer fram vinna í vinnuhópunum. Einn þeirra fæst við mál er tengjast sjálfbærri þróun samfélaga, svo sem fæðuöryggi og atvinnuöryggi. Hinir hóparnir hafa umhverfismál að aðal viðfangsefni, svo sem mengunarmál, loftslagsmál, og málefni hafsins. Vinna hópanna er ekki pólitísk í sjálfri sér, en ólíkir hagsmunir landa og svæða hafa áhrif.

Sex samtök frumbyggja hafa sterkan sess og eru fastir þátttakendur og sitja við sama borð og aðildarþjóðirnar, taka fullan þátt í umræðum og verkefnum en eiga ekki atkvæðisrétt. „Yfirleitt eru ekki teknar ákvarðanir ef frumbyggjasamfélögin setja sig á móti því sem verið er að ræða,“ segir Snorri.



Snorri Sigurðsson.

Samtökin endurspegla landfræðilegar og samfélagslegar einingar frumbyggja á svæðunum. Á meðal þeirra eru samtök Inúíta sem búa á Grænlandi, í Alaska, Kanada og Rússlandi, samtök Sama í Skandinavíu, rússnesk frumbyggjasamtök og nokkur frá Norður-Ameríku. Ísland hefur sérstöðu hvað þetta varðar, verandi eina landið þar sem engir frumbyggjar eru.

### Lífríki norðurslóða sérstakt

„Potturinn og pannan í þessu öllu saman eru sérfræðingar í vísindasamfélagi aðildarlandanna, sem vinna tímabundið að einstökum verkefnum,“ segir Snorri.

„Norðurskautsráð er ekki framkvæmdaaðili vísindarannsókna, heldur vettvangur sem vísindamenn beina þekkingu inn í og setja í samhengi við svæðið. Þannig er hægt að rýna í stöðu mála á norðurslóðum sem heild og horfa til framtíðar. Þetta eru stór viðfangsefni og margt er sérstakt við lífríki norðurslóða. Þar eru einstakar tegundir og einstök vistkerfi, sem virka á annan hátt en sunnar á hnettinum.“

Aðspurður um hvernig hvalveiðar eru ræddar á vettvangi CAFF segir Snorri að þar sé áherslan á norrænar hvalategundir. Þær tegundir sem leyft er að veiða við Íslandsstrendur ferðist um heimshöfin og eigi því ekki sérstakt erindi inn á borð hópsins. Það þurfi frekar að ræða veiði á norrænu hvölunum, svo sem náhvölum, sem frumbyggjasamfélög til dæmis við Austur-Grænland nýta sér. Hann segir loftslagsbreytingar, mengun í sjónum og bráðnun jökla og hafíss hafa töluverð áhrif á stofnstærðir og atferli norrænna hvala, sela og fleiri tegunda sem byggja lífsviðurværi sitt á ísnum. Lítil veiði hafi nú áhrif sem hún gerði ef til vill ekki áður.

### Ólík tegund þekkingar mætist

Frumbyggjaþekking hefur vægi til jafns við vísindaþekkingu á vettvangi Norðurskautsráðs. „Frumbyggjarnir nálgast þessa hluti á annan hátt. Þeir eru með annars konar þekkingu sem byggir á reynslu þeirra og sýn. Þær upplýsingar eru oft sambærilegar við vísindaþekkinguna.“ Hann segir að í mörgum tilfellum beri þó á milli og áskorun sé að móta farvegi fyrir samtalið. „Þegar það gengur vel er það áhrifamikið og gefandi.“ Hann segir það geta verið áskorun fyrir hefðbundin vísindi að skilja þessi ólíku viðmið og mælikvarða.

„Þetta snýst um að þeir sem búa yfir þekkingunni, sem er oftast ekki sá sem situr til dæmis á skrifstofunni í Nuuk, heldur sá sem er að veiða hvalinn, eða vakta fuglinn, miðli þekkingunni sjálfur. Frumbyggjaþekking snýst ekki bara um staðreyndir, heldur hvernig henni er komið á framfæri. Hvernig sagan er sögð er jafnmikilvægt og innihald hennar.“

„Gjáin er arfleifð nýlenduhyggjunnar, og þar eru vísindamenn ekkert betri en hver annar. Þeir koma, taka og fara. Það á líka við um upplýsingar og þekkingu.“ Snorri segir íbúa á svæðum frumbyggja oft hámenntaða og tækifæri felast í að vinna með þeim í að safna gögnum sem nýtast í vísindastarfi. „Það er líka spennandi að skoða hvernig við getum innleitt þeirra gildismat og sýn á veruleikann og hvernig hún getur hjálpað okkur að skilja og móta afstöðu okkar og taka ákvarðanir.“

### Laxveiðar samnefnari á norðurslóðum

„Norðurslóðir eru hálfgerður botnlangi,“ segir Snorri. „Birtingarmynd loftslagsbreytinga er óvíða eins skýr og á norðurslóðum. Hánorræn vistkerfi eru að skreppa saman og tegundir aðlagaðar að því umhverfi eiga í fá skjól að leita.“

Siglingar og ásókn í auðlindir eins og fisk, málma og olíu eru að aukast og mengun er meiri. „Norðurskautsráð er vettvangur til að sameinast um sýn á þessi mál, svo sem skipulag hafsvæða sem getur haft áhrif á siglingar, efnistöku úr hafi og jafnvel fiskveiðar þótt þær séu oft undanskildar öðrum ákvörðunum.“

„Hringinn í kringum pólinn ganga laxar í ár. Þar eru gríðarlegar breytingar sem má rekja til loftslagsbreytinga en líka fleiri þátta. Stofnarnir skila sér ekki í árnar, minnka og nýjar tegundir koma inn. Lax er lykilfæðutegund sumra frumbyggjasamfélaga og ákveðinna dýra. Þetta hefur áhrif á allan fæðuvefinn í sjónum.“ Snorri nefnir dæmi um hnúðlaxinn sem var upphaflega fluttur inn til Rússlands úr Kyrrahafinu og hefur breiðst út og sleppingar úr sjókvíaeldi sem hafa neikvæð áhrif. „Þetta hefur verið mikið hitamál því til dæmis stjórnvöld á Norðurlöndunum hafa verið að setja strangar reglur um laxveiði í ám vegna slæmrar stöðu villtra stofna, og það hefur verið í óþökk og haft áhrif á Samana sem veiða sér til matar og er grundvallarþáttur í þeirra menningu.“

Eins séu skógareldar að aukast sem hafa víða áhrif á lífríki. „Þessar breytingar eru það hraðar að við vitum ekki almennilega hvað er að gerast. CAFF er þess vegna mikilvægur vettvangur fyrir rýni og umræður.“

### Í hnattrænu samhengi

Norðurskautsráð hefur líka áheyrnarríki. Þau geta komið ýmsu á framfæri og tekið þátt í verkefnum en hafa engin bein áhrif. Japan, Suður-Kórea, Kína, Indland, nokkur lönd S-Ameríku og margar Evrópuþjóðir eru þar á meðal. Einnig alþjóðastofnanir og félagasamtök, sér í lagi á sviði umhverfismála. Margir taka því þátt í starfinu og fylgjast með. CAFF hefur í þessu samhengi tekið að sér að leiða alþjóðleg verkefni sem snúa að farfuglum sem verpa á norðurslóðum en ferðast suður á bóginn á vetrum.

### Vöktun mikilvæg

Flest verkefni CAFF eru tímabundin en þar eru einnig unnin nokkur langtímaverkefni. Eitt stærsta verkefnið er vöktun á lífríki. Þar undir eru smærri vinnuhópar sem einbeita sér að upplýsingum yfir tíma á einstökum þáttum. „Eitt af því sem þarf að ákveða er hvað á að vakta. Lífveruhópar geta verið góðir vísar á það sem er að gerast í umhverfi þeirra. Stundum eru það einstaka tegundir, eins og stuttnefja sem er mikið vöktuð norræn sjófuglategund, en geta verið sjávarspendýr, botndýr, fiskar í fersku vatni, plöntur, skordýr og fleira.“

Snorri spyr sig hvort við getum sagt að einhver breyting sé að eiga sér stað í náttúrunni byggt á einni tegund þekkingar. „Frumbyggjasamfélögin búa á þessum svæðum, hafa betra aðgengi að því sem þarf að skoða og eru í raun betur í stakk búin til að átta sig á breytingum og stærra samhengi. Þessar þjóðir eru búnar að búa þarna jafnvel í þúsundir ára og læra að lifa með náttúrunni, eru að nýta hana á sjálfbæran hátt og bera mikla virðingu fyrir henni.“

„Líffræðingurinn vill þá fylgjast meðfjölda eggja og unga, holdafari, mæla þungmálma og fylgjast með farinu. Frumbyggjarnir vilja líka vita hvernig kjötið er á bragðið, hvort fjaðrirnar nýtist og hvort veiðitíminn hafi gengið vel svo fátt eitt sé nefnt. Þá eru komnar aðrar kríteríur að fylgjast með. Það er mjög gaman að sjá þetta koma saman. Hvernig þetta leiðir af sér heildarsýn er vandmeðfarið og krefjandi. Þar sem þetta hefur gengið vel hefur niðurstaðan orðið mjög góð.“ Forvitnum er bent á heimasíðu CAFF, www.caff.is.















PGV Framtíðarform ehf. framleiðir einangrandi, viðhaldslitla og orkusparandi glugga og hurðir úr uPVC efni. Margir litir í boði. Tilvalið í sumarbústaðinn, veiðikofann, heilsárshúsið.

Að auki bjóðum við upp á PVC þakrennur og niðurföll, sólpallaefni sem aldrei þarf að bera á, þakkantsefni í mörgum stærðum og gerðum ásamt miklu úrvali lita.
Hafðu samband, veldu viðhaldslítið og notaðu frítíma þinn í annað en málningar-og viðhaldsvinnu.

BÆJARHRAUNI 24, 220 HAFNARFIRÐI | ÆGISGATA 2A, 240 GRINDAVÍK | 510-9700 | PGV.IS | PGV@PGV.IS

PGV
FRAMTÍÐARFORM EHF
PLASTGLUGGAVERKSMIÐJA

- Fyrir Íslenskt veðurfar
- Fallegri gluggar
- Næturopnun
- Upplitast aldrei
- Ryðfríar læsingar
- 10 ára ábyrgð á PVC
- Hvaða stærð sem er
- Mismunandi útlit
- Margir litir
- Meira öryggi
- Meiri einangrun
- Meiri ending





Bændurnir í Hólum á Rangárvöllum hafa viðhaldið hefðbundnu vinnulagi við skyrgerð í margar kynslóðir. Þar er rekið sauðfjárbú, en tvær kýr framleiða mjólk til heimilis. Harpa Rún Kristjánsdóttir, bókmenntafræðingur og bóndi, mjólkar hér aðra kúna að morgni til þess að móðir hennar geti framleitt skyr. Hún hefur lært skyrgerð af móður sinni og vonast til þess að geta viðhaldið þekkingunni áfram.
Myndir / ál

# Hefðbundin skyrgerð kynslóðum saman

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



**Í Hólum á Rangárvöllum hefur skyrgerð haldist óslitið frá ómunatíð. Með því hefur bændunum tekist að varðveita skyrgerlaflóru sem á uppruna sinn langt aftur í aldir og viðhalda vinnulagi sem er nánast glatað.**

Guðrún Auður Haraldsdóttir er uppalin í Hólum og lærði skyrgerð af móður sinni í kringum tíu ára aldur, en hún er 73 ára í dag. Í Hólum er rekið sauðfjárbú, en bændurnir hafa alla tíð verið með tvær til þrjár kýr til þess að framleiða mjólk til eigin nota. Mjólkin er nýtt til þess að búa til skyr og aðrar mjólkurafurðir eins og smjör, rjóma, undanrennu og súrmjólk.

Guðrún Auður býr í Hólum með manni sínum, Kristjáni Gíslasyni, og þremur uppkomnum börnum; Haraldi Gísla, Hörpu Rún og Rökkva Hljómi. Börnin hafa formlega tekið við búrekstrinum og búa á bæjartorfunni með fjölskyldum sínum. Skyrgerðin er enn þá í höndum Guðrúnar Auðar, en hún hefur miðlað þekkingunni áfram til barnanna sinna og segist Harpa Rún ætla að reyna að halda hefðinni áfram.




### Lærði skyrgerð 10 ára

Hólar eru efst á Rangárvöllum í Rangárþingi ytra á svæði sem kallað er Heklukrókur eða Heklubæir. Á bæjunum þar í kring hélst skyrgerð og mjólkurframleiðsla til heimilis nokkuð lengi. Næsti bær er Næfurholt, en samkvæmt upplýsingum sem blaðamaður fékk frá ábúendum þar var hefðbundin skyrgerð á þeim bæ allt til ársins 2020.

Aðspurð af hverju skyrgerð hélst áfram í þessari sveit ályktar Guðrún Auður að slæmt vegasamband og fjarlægð frá verslun hafi haft mikil áhrif. Núna finnst henni mikilvægt að viðhalda skyrgerlaflórunni og að vinnulagið glatist ekki niður.

„Mamma var nokkuð fljót að láta mann prófa að gera skyr, en ég hef verið svona tíu til tólf ára gömul," segir Guðrún Auður. Harpa Rún segist hafa verið sextán ára þegar móðir hennar miðlaði svo áfram af sinni reynslu.

Þegar mikil mjólk er í kúnum gerir Guðrún Auður skyr allavega einu sinni í viku. Hún segist ekki vita hversu lengi óhrært skyr geymist í lokuðum umbúðum í ísskáp þar sem það er yfirleitt búið áður en hún veit af. Ef svo hittir á að önnur kýrin er geld og lítið er í hinni getur hún geymt skyrgerla til næstu skyrgerðar í nokkrar vikur.

### Skyrinu haldið við með skyri

Innihaldsefnin í skyri eru þrjú, það er undanrenna (eða nýmjólk í sumum tilfellum), ostahleypir (sem er hægt að sleppa) og skyrgerlar. Það síðastnefnda fæst með því að blanda skyri úr fyrri skyrgerð við undanrennuna. Ef skyrgerð á heimilum féll niður af einhverjum ástæðum tíðkaðist að fara á næsta bæ til þess að sækja skyrgerla sem eru kallaðir skyrþéttir, eða það sem Guðrún Auður ólst upp við að kalla bragð.

„Þessu er haldið við með því að eiga alltaf skyr. Það sem ég hræri út í undanrennuna er einfaldlega skyr og smávegis hleypir – kannski einn til tvo dropa í sex lítra af undanrennu. Móðir mín lét nægja að setja puttann fyrir stútinn á litlu dropaglasi með hleypi og hvolfa og stinga síðan fingurgómnum í skyrið. Stundum hefur farið of mikill hleypir hjá mér og þá get ég sleppt honum í næstu skyrgerð. Þá er það nógu súrt til þess að skilja sig sjálft. Ég fæ alltaf hleypi úti í mjólkurbúi á lítið glas sem endist mér í tvö til þrjú ár," segir Guðrún Auður. Sami hleypir er notaður í skyrgerð og ostagerð, enda er skyr tæknilega séð ostur.

### Vill varðveita bragðið

„Einstöku sinnum man ég að það kom fyrir að eitthvað mislukkaðist í skyrgerðinni og mamma varð ægilega sár þegar það gerðist. Þá kenndi hún því um að hún hefði ekki verið nógu nákvæm með hitastigið og kallaði það graðhestaskyr, en þá var það alsett litlum kögglum. Þá sagði hún: „Ég verð að fá nýtt bragð," og hún sendi okkur að Næfurholti og alltaf hittist þannig á að þar var til skyr sem við fengum í lítinn bolla eða glas," segir Guðrún Auður.

## Mun flóknara bragð

Guðrún Auður gaf þeim sem þetta ritar skyr að smakka. Þegar það er óhrært er það vel súrt en bragðgott samt sem áður. Hún notar handþeytara til þess að hræra skyrið saman við smá sykur og mjólk. Þá fékk blaðamaður rjóma til þess að hella út á skyrið þegar það var komið í skál, en Guðrún Auður mælti með því að honum væri ekki hrært við skyrið á matardisknum. „Það breytir öllu að hafa rjómann sér," segir hún glettin. Þá var sykurkar aðgengilegt ef undirritaður hefði viljað meiri sætu.

Til þess að lýsa fyrir lesendum hvernig skyrið frá Hólum smakkast í samanburði við skyr sem keypt er í verslun er fyrst rétt að nefna að þegar Hólaskyrinu hefur verið hrært er áferðin mun loftkenndari og ekki fullkomlega einsleit. Bragðið er ekki ólíkt því sem er af KEA skyri, en með mun flóknari bragðtóna sem skýrast af því að örveruflóran í skyrinu í Hólum er fjölbreyttari en í fjöldaframleiddu skyri. Þá er milt eftirbragð sem situr í munninum í góðan tíma eftir neyslu skyrsins. Til þess að nota einhverja myndlíkingu væri hægt að segja að fjöldaframleitt skyr sé á pari við ungan brauðost á meðan Hólaskyrið jafnast á við þroskaðan franskan handverksost.

Við skyrgerðina verður til mysa og segir Guðrún Auður hana aðallega vera notaða sem svaladrykk. Blaðamaður fékk auðvitað að smakka og í samanburði við þá mysu sem fæst úti í búð er sú sem Guðrún Auður gerir ekki eins súr og auðvelt að drekka eina og sér. Eftir að hafa verið geymd í nokkurn tíma byrja gerlarnir að framleiða gos sem gefur mysunni góða áferð.



Í Hólum er rekið sauðfjárbú og eru tvær kýr til heimilis. Fjósið er litla byggingin með torfþakinu lengst til hægri.

> Það sem ég hræri út í undanrennuna er einfaldlega skyr og smávegis hleypir ...



**Guðrún Auður Haraldsdóttir lærði skyrgerð af móður sinni í kringum tíu ára aldur. Hún segir aðferðina sem hún notar nánast óbreytta frá því sem hún lærði á sínum tíma.**



**Skyrinu er viðhaldið með skyri. Hérna blandar Guðrún Auður skyri úr fyrri skyrgerð saman við undanrennuna sem hefur verið hituð að suðu og fengið að kólna aftur niður í um 45 gráður.**



**Guðrún Auður eys skyri, sem hefur fengið að þykkna við stofuhita yfir nótt, í síu sem strengd er á grind. Þar fær mysan að leka af við stofuhita í sólarhring.**

## Mögulega síðasti náttúrulegi skyrgerillinn

Lykillinn að skyrgerð á öldum áður var fjölbreytt örverusamfélag sem áætla má að landnámsmenn hafi flutt með sér til Íslands. Í gerjuðum mjólkurvörum, eins og skyri, jógúrti, súrmjólk og kefir voru mjólkursýrugerlarnir Lactobacillus og Streptococcus thermophilus. Í samlífi við þá gerla lifðu gersveppir og myglusveppir sem allir hjálpuðu hver öðrum til þess að gera afar stöðugt örverusamfélag. Áðurnefndar mjólkurvörur eru náskyldar, en örverurnar af ólíkum stofni.

Skyrgerð var útbreidd á heimilum en dróst verulega saman á 20. öldinni þegar mjólkurbúin fóru að framleiða skyr. Þar þróaðist skyrgerðin í takt við iðnvæðingu til þess að auka fyrirsjáanleika og tryggja stöðug gæði þegar skyrið var gert á stórum skala. Meðal þess sem var gert var að einfalda örverusamfélagið sem býr til skyrið með því að losa út myglusveppi og gersveppi. Sams konar þróun átti sér stað við vinnslu gerjaðra mjólkurvara í öllum iðnvæddum samfélögum. Eins var Lactobactillus gerillinn fjarlægður þannig að eftir stendur einn gerill sem heitir Streptococcus thermophilus Islandicus 1.0 sem er framleiddur fyrir Mjólkursamsöluna í líftækniverksmiðju til þess að tryggja að hann sé alltaf eins.

Árið 2011 kom út skýrsla hjá Matís sem heitir Sérstaða hefðbundins skyrs. Ári áður höfðu skýrsluhöfundar leitað til kunnáttufólks og auglýst eftir upplýsingum um þá sem framleiddu hefðbundið skyr og fengust viðbrögð frá sjö aðilum. Það voru Egilsstaðir á Héraði, Erpsstaðir í Dölum, Skaftholt í Gnúpverjahreppi, Biobú ehf, MS á Akureyri sem gerir óhrært KEA skyr, Næfurholt í Rangárþingi ytra og Hólar í Rangárþingi ytra. Blaðamaður hafði samband við alla áðurnefnda aðila við vinnslu þessarar greinar og hafa Biobú og Næfurholt hætt skyrgerð. Hinir aðilarnir framleiða enn þá skyr og má rekja uppruna skyrgerlanna sem þau nota til fjöldaframleidds skyrs sem keypt er í seinni tíð, fyrir utan Hóla.

Ef ekki eru aðrir aðilar í skyrgerð en þeir sem taldir voru upp í skýrslu Matís má áætla að í Hólum sé eini eftirlifandi skyrgerill landsins sem hefur fengið að lifa milli kynslóða frá landnámi án þess að hafa verið breytt á rannsóknarstofu.

„Núna er ekki lengur hægt að leita í Næfurholt og er ég því síhrædd um að glata bragðinu á einhvern hátt. Ég veit að einhvern tímann datt niður skyrgerðin í Næfurholti af því að það var lítil mjólk í kúnum og þau fóru að prufa sig áfram með því að nota skyr úr mjólkurbúinu, en það hljóp ekki,“ segir Guðrún Auður. Þau fengu þá bragð frá Hólum til að gera nýtt skyr.

### Sama aðferð og móðir hennar kenndi

„Ferlið byrjar í fjósinu þar sem kýrnar eru mjólkaðar. Svo er nýmjólkin sett í skilvindu og undanrennan tekin og hituð þannig að hún rétt nái suðu,“ segir Guðrún Auður. „Svo er undanrennan kæld niður við stofuhita í þrjá til fjóra klukkutíma.“ Hún miðar við að undanrennan hafi kólnað nóg þegar hún getur lagt flata lófa utan um pottinn án þess að brenna sig, sem er líklegast rétt í kringum 40 til 45 gráður.

„Þá tek ég bragð og einn til tvo dropa af hleypi og hræri saman í bolla. Ég hræri þetta fyrst þykkt og þynni smá með undanrennunni. Þegar bragðið er orðið vel þunnt og kekkjalaust helli ég því í og hræri á meðan. Mér var kennt að hræra í undanrennunni í góða stund, en þá myndaðist einhvers konar botnfall í miðjum pottinum sem var kallað folaldsfótur,“ segir Guðrún Auður.

Þá er undanrennan látin standa yfir nótt við stofuhita þar sem hún þykknar og skilur sig í mysu og skyr. „Ég nota skál til þess að ausa skyrinu á síuna og tek alltaf út í kantana til þess að skilja folaldsfótinn eftir, en ef þetta þykkni fær að fylgja koma stakir kögglar sem er ekki skemmtilegt að fá á diskinn sinn. Skyrið fær að vera á síunni við stofuhita í sólarhring og þá er skyrið tilbúið, sem er svo hægt að matreiða á ýmsa vegu,“ segir Guðrún Auður. Aðspurð segir hún aðferðina sem hún beitir við skyrgerð vera þá sömu og hún lærði af móður sinni sem var fædd árið 1911.



**Kristján Brandur Sigurðarson, Rúnar Freyr Haraldsson og Kolbrá Edda Haraldsdóttir sýna ljósmyndara hvernig hægt er að kæla mjólkina í ánni.**

### Ólíkt skyri úti í búð

Yfirleitt hrærir Guðrún Auður skyrið með mjólk og örlitlum sykri áður en það er borið fram. Á heimilinu er borðað þónokkuð af skyri, en bóndinn fær sér það alltaf í morgunmat og hún býður af og til upp á það í kvöldmat. Annað heimilisfólk er ekki síður hrifið af skyrinu, fyrir utan eitt barnabarn sem vill frekar Ísey skyr með vanillubragði.

Aðspurður segir Haraldur Gísli, sonur Guðrúnar Auðar, að skyr úr verslun og það heimagerða sé ólíkt. „Það sem ég kalla skyr er allt annað skyr á meðan mér finnst alltaf eins og ég finni eitthvert aukabragð eða ranga áferð af búðarskyrinu. Ég er þannig uppalinn að ég drekk yfirleitt mjólk með mat. Ef ég lendi í því að vera í mat þar sem fernumjólkin er bara í boði þá finnst mér hún sleppa til ef hún er alveg ísköld! Eins get ég alveg drukkið skyrdrykki, en í mínum huga er þetta ekki skyr,“ segir hann.

Harpa Rún segir að skyr úr búð sé ekki vont að hennar mati, en það sé sannarlega öðruvísi. „Ég myndi ekki afþakka ef mér væri boðið búðarskyr, en ég sæki ekki í það. Þetta er eitthvað sem við kaupum ekki, enda eigum við alltaf skyr.“



# Varð hugfangin af gróðri og garðyrkju

Björn Teitsson
bjorn.teitsson@gmail.com



Á vormánuðum þessa árs fékk áhugafólk um garðrækt, skógrækt og gróður óvæntan glaðning frá Ríkisútvarpinu. Þáttaröðinni Gulli og grænum skógum var þá útvarpað á Gufunni, þættirnir voru alls 16 talsins og slógu rækilega í gegn. Nú er búið að staðfesta að þættirnir koma til með að halda áfram í haust. Bryndís Björgvinsdóttir er umsjónarkona þáttaraðarinnar en hún á að baki afar fjölbreyttan starfsferil þrátt fyrir ungan aldur.

Bryndís á það til að sökkva sér rækilega í hugðarefni sín hverju sinni. Gull og grænir skógar ber áhuga hennar á gróðri og garðyrkju gott vitni. Bændablaðið settist niður með Bryndísi og ræddi við hana um ólík hlutverk starfsævinnar, sem þó tengjast, og fegurðina og hugmyndafræðina sem er að finna í garðyrkju og skógrækt.



„Gróður, tré, runnar, blóm – gera okkur kleift að tengjast nánasta umhverfinu og bjóða okkur að finna eitthvað sem er áhugavert á hverjum tíma, tengjast árstíðunum og sýna okkur fjölbreytileikann sem vex og dafnar og er um leið nálægt okkur í túnfætinum,“ segir Bryndís Björgvinsdóttir. Mynd / ál

## Garðyrkja og skógrækt eru líka sagnfræðileg og samfélagsleg viðfangsefni

Bryndís og blaðamaður þekkjast frá því að hafa verið samstarfsfólk í spurningaþættinum Gettu betur um nokkurra ára skeið, fyrir rétt um áratug síðan. Á þessum tíma hafði Bryndís þá þegar getið sér gott orð sem sagnfræðingur, þjóðfræðingur, verðlaunaður rithöfundur og einn helsti sérfræðingur þjóðarinnar um reimleika, svo fátt eitt sé nefnt. Síðan þá hafa tekið við enn fleiri hlutverk og áhugamál. En plöntur eru efstar á listanum í dag. Líklega eru margir sem kynnu að öfunda Bryndísi af þessari fjölbreytni, aðrir kynnu að telja það óðs manns æði að fara sífellt úr einu í annað. Allt frá bernsku hefur þetta verið markmiðið, að eigin sögn – að hafa nóg fyrir stafni. Þegar Bryndís var barn var draumastarfið sem dæmi „að vera náttúrufræðingur, kafari og Hólmfríður Karlsdóttir“. En fyrir henni tengjast öll þessi hlutverk og vinna hvert með öðru, frekar en að þau rekist á.

„Sagnfræðin hefur skapað okkur rosalega breytt svið og hefur gefið okkur mörg verkfæri til að meta mismunandi hugðarefni og rannsaka þau. Fyrir mér tengist þetta allt og skilningur á sögunni er nauðsynlegur þegar við skoðum ræktun og dreifingu plantna. Þar má minnast sérstaklega á landafundina um og upp úr 15. öld og þróun breska heimsveldisins, sem nær hápunkti sínum nokkrum öldum síðar. Allt í einu er hægt að sigla út um allt og um leið mögulegt að flytja plöntur, ekki aðeins milli landa heldur milli heimsálfa. Dreifing gróðurs er þess vegna bæði samfélagslegt og ekki síður sagnfræðilegt viðfangsefni.“

Bryndís heldur áfram: „Það sem er einnig heillandi er að horfa á hvernig gróður er síðan notaður. Ekki aðeins með tilliti til notagildis en líka með tilliti til fagurfræðilegs gildis, að gróður og garðrækt voru taldar vera meðal helstu listgreina – alveg til jafns við myndlist eða tónlist. Þetta endurspeglast til dæmis í þróun skrúðgarða á 18. og 19. öld, sem eru hannaðir með listræna tjáningu og fagurfræði tiltekinna listastefna að leiðarljósi og jafnan gerðir drottningu eða konungi eða öðru hefðarfólki tiltekinna landa til dýrðar.“

## Ferðalag til Nýja-Sjálands skipti sköpum

Var það þá þessi sagnfræðilega og listfræðilega nálgun sem leiddi þig í garðræktina?

„Alls ekki. Það má frekar segja að eftir að hafa hellt mér í fagið þá séu sífellt fleiri dyr að opnast og heimurinn stækkar. Í grunninn, þegar ég fer að hafa áhuga á gróðri, þá var það einfaldlega hreinn áhugi á gróðri. Ég var búin að vera að kenna í Listaháskóla Íslands í nokkur ár og þá gerist tvennt. Í fyrsta lagi förum við fjölskyldan í ferðalag til Nýja-Sjálands þar sem er ótrúleg náttúrufegurð og um leið mikil áhersla á náttúruvernd. Þar heillast ég sérstaklega af þessum tengslum milli manns og náttúru, þá áherslu sem íbúar leggja á að vera í sífelldum tengslum við græn svæði og gróður, til dæmis í gegnum alls konar tómstundir, og ekki síður virðingin sem náttúran nýtur, sem sést til dæmis í ríkri hefð að skilja aldrei eftir rusl eða annað sem gæti valdið náttúrunni skaða. Annað sem síðan gerist er að ég eignast garð. Þá kemur strax mikill áhugi á gróðri og plöntutegundum. Í kjölfarið ákveð ég að skrá mig í nám í Landbúnaðarháskólanum í skógfræði og fer skömmu síðar einnig að taka námskeið í garðyrkjunni í Hveragerði. Þar hef ég verið með annan fótinn síðan að stunda námið með vinnu. Í náminu fer ég að átta mig á því að minn grunnur úr sagnfræði nýtist vel við alls konar verkefnagerð og ritgerðarskrif, þar get ég nýtt mín verkfæri til að fá annars konar sjónarhorn en til dæmis nemendur hafa sem koma úr annarri átt. Þannig verður til fyrir mér svona skemmtilegur sambræðingur af bæði raunvísindum og hugvísindum. Mér hafði oft fundist að þessa blöndu vantaði, því í grunninn eru skógfræði og garðyrkja hrein raunvísindi.“

## Gerði ekkert nema grúska í Kurt Cobain í eitt ár

En hvernig sér Bryndís fyrir sér framtíðina, heldur starfsferillinn áfram að vera fjölbreyttur eða er einhver stefna að myndast?

„Fyrir mér hefur aldrei verið neitt lokamarkmið. Ég hef í rauninni bara gert það sem mig langar að gera hverju sinni. Ég viðurkenni að þegar ég fæ áhuga á einhverju þá á ég það til að verða „obsessíf“ á það, fer með það alla leið. Svo reyni ég ef til vill að fara á einhverja hefðbundnari braut, ef svo má segja. En einmitt þegar ég geri það verður oft til eitthvað sem ég bjóst aldrei við, sem ég hefði ekki skipulagt sjálf og í raun eru Gull og grænir skógar dæmi um slíkt verkefni. Þarna sá Rás 1 eitthvað í mér, að þarna sameinast ákveðnir eiginleikar, reynsla og áhugi, og ég fæ þetta skemmtilega verkefni upp í hendurnar. Ef maður leyfir sér að verða svona „ofur-áhugasamur“ um eitthvað ákveðið, þá er oftar en ekki hægt að vinna með það og finna áhugamálinu gagnlegan farveg. En það er síðan heldur engin regla. Einu sinni var ég til dæmis með Kurt Cobain og Nirvana á heilanum í eitt ár. Það heltók mig í alvörunni í heilt ár, þar sem ég gerði eiginlega ekkert annað en að grúska í Nirvana! Það kom kannski ekkert mikið upp úr því ef ég á að vera hreinskilin. Það hefur komið talsvert meira út úr þessum gróðurpælingum og auðvitað mikið hægt að læra í kringum þær allar saman.“

Þannig þetta er ekki spurning um að þú fáir leiða á þínum hugðarefnum og leitir í annað? Eins og með myndlíkinguna um fíkjutréð í Bell Jar eftir Sylvíu Plath, þar sem hún getur ekki ákveðið hvaða fíkju eigi að taka og á meðan fara þær allar að skemmast?

„Nei, alls ekki. Ég lít frekar á þetta þannig að þótt það komi nýtt áhugamál eða rannsóknarefni sem fangar athygli mína þá bý ég enn að þeirri þekkingu og þeim verkfærum sem ég hef aflað mér áður. Til dæmis að hafa skrifað barnabækur áður, það reyndist mér virkilega dýrmætt þegar kom að því að skrifa handritin fyrir Gull og græna skóga. Hefði ég ekki haft þessa reynslu og þessi verkfæri væri ólíklegt að mér hefði tekist að skrifa handrit að 16 þáttum með stuttum fyrirvara. Þannig hvað gerist í framtíðinni, það kemur bara í ljós. Það er fullkomlega óráðið hvað verður eftir ár. Og þó. Ég er mjög ánægð núna og á auðvelt með að dúlla mér með hendurnar í moldinni í kirkjugarði eða gróðrarstöð eða í kennslu.“

## Gróðurinn gefur jarðtengingu og stöðugleika

Mætti þá segja að þú sért enn á því skeiði að vera hugfangin af gróðrinum?

„Já, það er enn svo mikið að læra á þeim vettvangi. Það má kannski segja eftir að hafa verið í félags- og hugvísindum, þar sem eru svo stórar grundvallarspurningar um heiminn, og ekki síður í pólitíkinni síðasta áratug eða svo, að það var mikil blessun að finna garðyrkjuna og plönturnar sem eru frekar staðbundnar í nærumhverfinu. Gróður, tré, runnar, blóm – gera okkur kleift að tengjast nánasta umhverfinu og bjóða okkur að finna eitthvað sem er áhugavert á hverjum tíma, tengjast árstíðunum og sýna okkur fjölbreytileikann sem vex og dafnar og er um leið nálægt okkur í túnfætinum. Þetta tengist líklega jarðtengingu og núvitund ... en líka að þarna eru aðstæður sem maður að einhverju leyti ræður við og getur stjórnað upp að vissu marki. Það er einhver stjórn en líka ófyrirsjáanleiki. Í gróðri, rétt eins og í lífinu, geta orðið stór áföll sem geta valdið mikilli sorg. En þetta er annað samhengi. Mér fannst gott að geta beint athygli minni á þessa braut ekki síst til að tengjast landinu mínu betur. Það er til dæmis áhugavert hvað maður heyrir oft að ekkert vaxi hér, hér sé svo kalt og þvíumlíkt – en um leið er svo margt hægt. Að leiða hugann að því hvað er þó margt sem vex, sem eykur virkilega skilninginn á umhverfinu. Sá skilningur hvetur mann síðan til frekari útivistar og þekkingarleitar. Trén og skógurinn geta líka verið ákveðinn fasti í síbreytilegri veröld. Eins mikið og okkur þykir lífið vera að umbreytast á fleygiferð er oft nóg að fara út í garð og sjá þar tré sem var þar líka í gær og verður þar að öllum líkindum á morgun. Það er stöðugleiki, og um leið hvatning og ákveðin huggun. Að þrátt fyrir allt áreitið er stöðugleikinn enn til staðar.“






# Við hættum ekki að leika okkur af því við verðum gömul.

# Við verðum gömul af því að við hættum að leika okkur.

**Rafmagns Porsche Cayenne.**
**Drægni er allt að 806 km* í borgarakstri og 643 km* í blönduðum akstri.**

Dæmi um ríkulegan staðalbúnað: Hæðarstillanleg loftpúðafjöðrun, mjúklokun á hurðum, snjalllykill (hægt að nýta allt að sjö síma/úr sem lykil), forhitun í gegnum app, rafstillanleg aftursæti og 113 kWh Long Range rafhlaða.

Hannaðu þinn Cayenne.

Verðlisti og búnaður.

Verð Cayenne: **16.950.000 kr.**

* Samkvæmt WLTP.

Porsche á Íslandi | Krókhálsi 9 | S: 590 2000 | benni.is

Bílabúð Benna
Í fimmtíu ár

Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl. Bílabúð Benna áskilur sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara.



Hér er dæmi um læsigrind við framhlið sem einnig er með innri milligrind sem getur lagst upp að kúnni t.d. til að auðvelda mjaltir.

# Hönnun á burðarstíum




Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com


Í öllum fjósum ætti að vera góð burðarstía, nú eða burðarstíur séu kýrnar margar, svo kýrnar geti fengið ró og næði til þess að bera og án þess að verða fyrir truflunum. Kýr hafa nefnilega ríka náttúrulega þörf til þess að geta dregið sig í hlé frá hjörðinni, þegar þær eru að bera, og því veita burðarstíur þeim það næði sem þær þurfa við burðinn. Þá eru burðarstíur, sé rétt staðið að hönnun þeirra og meðferð, afar heppilegar einnig fyrir kálfinn enda geta þær varið hann mögulegu smiti. Enn fremur henta burðarstíur vel til að hægt sé að veita kúm aðstoð við burð ef þörf krefur, án þess að sá sem aðstoðina veitir verði fyrir ónæði eða hættu af forvitnum eða afskiptasömum kúm.

**Reglugerðarákvæði ekki hönnunarforsenda**

Þegar horft er til hönnunar á burðarstíum er of algengt að reglugerð um aðbúnað sé notuð sem einhvers konar leiðbeiningarrit en samkvæmt aðbúnaðarreglugerð á að vera burðarstía í öllum lausagöngufjósum byggðum eftir 2014, og þau fjós sem eru byggð fyrir þann tíma skulu hafa slíka aðstöðu einnig innan fárra ára. Þá stendur í reglugerðinni einnig hver eigi að vera lágmarksmál á burðarstíum á Íslandi, 9 m2 í heildina og með 3ja metra hlið hið minnsta. Það er af og frá að líta eigi á þessar málsetningar reglugerðarinnar sem einhvers konar hönnunarforsendur enda er um lágmarksmál að ræða en ekki ráðlögð mál. Það á í raun enginn að nota lágmarks málsetningar úr reglugerðum sem forsendur hönnunar og gildir það fyrir hönnun á aðstöðu fyrir allt búfé, en það hefur verið lenska hjá of mörgum að teikna búfjárbyggingar út frá reglugerðarlágmörkum. Þannig eru t.d. ótal hesthús í dag einungis með stíustærðir sem eingöngu uppfylla reglugerðarkröfuna. Þessari hugsun við hönnun þarf að breyta og ættu allir sem byggja fyrir búfé að leita til þar til bærra sérfræðinga við hönnun, svo hjá því verði komist að byggingin uppfylli einungis reglugerðarkröfuna.

**Margs konar kröfur**

Þegar burðarstíur eru hannaðar þarf að huga að ýmsum þáttum svo sem góðu aðgengi gripa, þ.e. að stutt sé úr geldkúastíu eða aðlögunarstíu yfir í burðarstíu, en ekki síður gott aðgengi manna. Þá þarf að huga að framangreindri þörf fyrir rými í stíunni, öryggi fólks við t.d. burðaraðstoð, smitvörnum og vinnuhagræðingu. Með því að velta sem flestum þáttum upp sem varða burð og mögulega burðaraðstoð, áður en farið er út í framkvæmdirnar, minnka líkurnar á því að vandamál komi upp síðar meir.

**Rýmisþörf**

Eins og áður segir kveður reglugerðin á um að burðarstíur séu a.m.k. 9 m2 en flestir bændur eru á því að það sé algjört lágmark sem bendir þá til þess að reglugerðin sé í raun rétt! En hver á stærðin þá að vera? Eigi að vera hægt að veita góða burðaraðstoð og t.d. í einhverjum tilfellum að nota burðartjakk, eða hafa pláss fyrir tvo til þess að aðstoða kúna við burðinn, þá þarf stían að vera með a.m.k. 4 metra langhlið og líklega best að hún sé a.m.k. 4,5 metrar.

> Þegar horft er til hönnunar á burðarstíum er of algengt að reglugerð um aðbúnað sé notuð sem einhvers konar leiðbeiningarrit ...

Það þekkist einnig að vera með hópstíur, svo fleiri kýr geti verið saman. Það hefur bæði kosti og galla en dönsk rannsókn á því, sem gerð var í tilraunafjósinu á Foulum, benti til þess að betra væri að vera með hópstíur fyrir kýr og kvígur fyrir burð, en þegar að burðinum sjálfum kæmi ætti að gefa þeim færi á að vera einar. Þessa þörf kúa má raunar uppfylla í hópstíu með því að geta sett upp milligrind í stíuna þannig að kýr sem er að bera geti verið í friði.

**Innréttingarnar**

Innréttingarnar í burðarstíunni þurfa að vera þannig gerðar að hægt sé að opna sem flestar hliðar, enda getur farið svo að kýrin leggist alveg upp við eina hlið og vilji sig hvergi hræra. Þá er gott að geta opnað og stækkað rýmið. Þá þarf að huga að hönnun innréttinganna. Hér eru mannop mikilvæg, þ.e. að vera með góðar og hindrunarlausar leiðir inn og út úr stíunni fyrir fólk. Bæði er þetta kostur til þess að geta brugðist skjótt við, sé þörf á aðstoð eða lífsbjörg ef viðkomandi þarf að geta flýtt sér út úr stíu t.d. ef á kúna rennur bræði eins og gerist stöku sinnum, með öðrum orðum að vera með góða flóttaleið út úr burðarstíunni. Til viðbótar er afar gott að vera með læsigrind að framan, þannig að t.d. sé hægt að ná broddinum úr kúnni með fyrstu mjöltum. Enn betra er að geta lagt upp að kúnni hliðgrind, sjá mynd, svo meira næði fáist.






Hjónin Páll Sigurvinsson og Hanna Björk Ragnarsdóttir fyrir utan plöntusölu sína á Hellissandi. Þar selja þau harðgerðar plöntur sem ræktaðar eru undir berum himni rétt utan við þorpið. Myndir / ál



Páll Sigurvinsson og Hanna Björk Ragnarsdóttir selja svokallaða orkusteina sem þau tína í sameiningu á Snæfellsnesinu og Páll slípar í sérstakri vél í margar vikur.

## Gróðrarstöðin Björk:

# Selja blóm, steina og tré

**Hjónin Páll Sigurvinsson og Hanna Björk Ragnarsdóttir hafa verið í plöntuframleiðslu á Hellissandi í um 40 ár, en þau reka Gróðrarstöðina Björk.**

Páll segir starfsemi hjónanna ekki vera stórtæka, en þau sjái samt sem áður um ýmsa garða fyrir Snæfellsbæ og víðar. Þau eru með sölusvæði fyrir utan húsið sitt að Keflavíkurgötu 4 á Hellissandi á meðan framleiðslan er á lóð utan við þorpið. Þar rækta þau plöntur sem geta verið undir berum himni. Nýlega færðu þau út kvíarnar og opnuðu sölubás í Vogum á Vatnsleysuströnd þar sem þau fengu góðar viðtökur.

„Uppáhaldið er keisaraöspin og rifs,“ segir Páll aðspurður um sínar uppáhaldsplöntur. „Eins erum við með garðasól, en hún er svo seig og er sú planta sem fer fyrst af stað á vorin og endar síðust á haustin,“ segir hann. Aðrar plöntur sem þau selja eru meðal annars birki, sólber og strandavíðir. „Allar plönturnar eru harðgerðar og ræktaðar fyrir opnu, en við forræktum sumt í húsi,“ bætir Páll við.

Enn fremur eru hjónin að selja svokallaða orkusteina sem eru handverk úr fjörugrjóti. Þau tína steinana í sameiningu, en Páll sér um að slípa þá og gera úr þeim muni, eins og lyklakippur og hálsmen. Hann hefur unnið í þessu handverki í hátt í tuttugu ár og segir flesta steinana tínda í sömu fjörunni á Snæfellsnesinu. „Í dulrænum fræðum er talað um þetta sem draumasteina eða orkusteina, og það efast enginn um að Snæfellsnesið gefi steinunum þá orku,“ segir Páll.

„Eftir að steinarnir hafa verið tíndir set ég þá í tromlur þar sem þeir velta í sjö til átta vikur. Með veltingnum og efnunum sem sett eru í tromluna verða þeir glansandi mjúkir. Hver tromla tekur um fjögur kíló af steinum með vatni. Svo þarf ég að nota sérstaka bora ef ég ætla að festa eitthvað við steinana,“ segir hann. Hjónin segja steinana vinsæla meðal ferðamanna. */ál*










# Landbúnaður þrautseigur samkvæmt fyrirtækjakönnun landshlutanna


Vífill Karlsson.

Niðurstöður Fyrirtækjakönnunar landshlutanna 2025 benda til þess að landbúnaður standi fremur sterkur í samanburði við margar aðrar atvinnugreinar, þrátt fyrir að nýsköpun mælist almennt minni en víða annars staðar í atvinnulífinu.

Könnunin sýnir að ráðningaráform í landbúnaði eru stöðugri en í flestum öðrum greinum. Af þeim tíu atvinnugreinum sem bornar voru saman var landbúnaður eina greinin þar sem ráðningaráform drógust ekki saman frá síðustu könnun árið 2022. Þótt ekki sé gert ráð fyrir mikilli fjölgun starfsfólks er stöðugleikinn meiri en í öllum öðrum greinum þar sem fyrirtæki hafa dregið úr ráðningaráformum á undanförnum árum.

Sérstaklega vekur athygli mikill fjárfestingahugur innan greinarinnar. Landbúnaður er meðal þeirra atvinnugreina sem sýna hvað mestan vilja til fjárfestinga á næstu misserum og jafnframt ein af aðeins tveimur greinum þar sem fjárfestingaráform hafa aukist frá síðustu könnun. Þetta bendir til þess að bændur og landbúnaðarfyrirtæki sjái tækifæri til áframhaldandi uppbyggingar þrátt fyrir krefjandi rekstrarumhverfi og kannski vegna þess. Landbúnaður hefur lengi gengið í gegnum hagræðingarferli sem að sumra mati hefur gengið of hægt en annarra of hratt. Ef horft er rúmlega 100 ár aftur þá starfaði um 80% við landbúnað en í dag innan við 2% sé horft til gagna Hagstofu Íslands yfir fjölda starfandi eftir atvinnugreinum (Landbúnaður og skógrækt). Þar af eru karlar um 65% á móti konum, innflytjendur 8% á móti Íslendingum. Athygli vekur samt að meðal innflytjenda eru konur fleiri starfandi í landbúnaði en karlar, eða 55%.




**Mynd 3: Starfaskipting eftir atvinnugreinum 1870-2015.**
Gögn Hagstofu Íslands. Heimild Guðmundur Jónsson (1999) og Hagstofa Íslands

Þegar litið er til mannafla kemur fram að landbúnaður býr við minni skort á formlega menntuðu starfsfólki en flestar aðrar atvinnugreinar. Aðeins um 12% fyrirtækja í greininni töldu sig skorta starfsfólk með tiltekna menntun, sem er lægsta hlutfall allra atvinnugreina í könnuninni. Samt jókst það hlutfall á milli kannana. Þörf greinarinnar fyrir starfsfólk með ákveðna færni aðra en þá sem hægt er að fá í skólakerfinu er hins vegar nærri meðaltali allra atvinnugreina og enn jókst einna mest á milli kannana. Þar komu orð sem endurspegluðu almenna reynslu af bústörfum, sjálfstæð vinnubrögð og vélar oftast fyrir.

Á hinn bóginn benda niðurstöðurnar til þess að nýsköpun í landbúnaði sé minni en í mörgum öðrum greinum og að hún hafi dregist saman frá fyrri könnun. Það á einkum við um þróun nýrra vara og þjónustu. Undantekning frá þeirri þróun virðist þó vera þróun nýrra vinnuferla þar sem landbúnaður kemur tiltölulega vel út. Þó eru til mörg skemmtileg dæmi, t.d. í Dölunum, þar sem bændur eru að stíga skref í átt að aukinni garðyrkju og úrvinnslu ullar sem gætu talist til nýsköpunar þar sem afurðirnar eru nýjar á markaði hérlendis.

Könnunin sýnir einnig að fyrirtæki í landbúnaði telja sig njóta talsverðs stuðnings frá Byggðastofnun og eru meðal þeirra atvinnugreina sem meta stuðning stofnunarinnar hvað mest.

Heildarmyndin sem dregst upp er því sú að landbúnaður einkennist af stöðugleika, fjárfestingarvilja og aukinni þörf fyrir hæft starfsfólk, en að á sama tíma sé tækifæri til að efla nýsköpun og þróunarstarf innan greinarinnar.

Fyrirtækjakönnun landshlutanna 2025 var framkvæmd á tímabilinu apríl til október og tóku alls 2.165 fyrirtæki þátt – þar af 168 í landbúnaði – og 164 fyrirtæki í landbúnaði svöruðu könnuninni 2022. Könnunin náði til fyrirtækja um allt land; hún var send til fyrirtækja á landsbyggðinni í gegnum tengslanet landshlutasamtakanna og til tæplega 3.700 fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt fyrirtækjaskrá Creditinfo. Til að auka þátttöku innan einstakra atvinnugreina komu Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Bændasamtök Íslands, Samtök ferðaþjónustunnar og Landssamband smábátaeigenda einnig að dreifingu könnunarinnar.

*Höfundur er hagfræðingur og atvinnuráðgjafi.*







# Mikilvægt skref til framtíðar



Jóhann Már Sigurbjörnsson.

Það voru mikil gleðitíðindi þegar sjóðsfélagar samþykktu sameiningu Lífeyrissjóðs bænda við Frjálsa á ársfundi sjóðsins 19. júní síðastliðinn. Að mati stjórnar er þar um að ræða mikilvægt framfaraskref sem mun styrkja stöðu sjóðsfélaga og skapa traustari grunn til framtíðar.

Um langt skeið hefur verið rætt meðal bænda og innan stjórnar sjóðsins hvort rétt væri að sameina LSB stærri lífeyrissjóði. Ástæðan er einföld. Þótt sjóðurinn hafi þjónað sjóðsfélögum sínum vel í gegnum árin er hann lítill í samanburði við flesta aðra lífeyrissjóði landsins. Með stærri einingu skapast betri möguleikar til áhættudreifingar, aukið rekstrarhagræði og sterkari umgjörð utan um réttindi sjóðsfélaga.

Leiðin að þessari niðurstöðu hefur ekki alltaf verið greið. Ýmsar hugmyndir og sameiningartilraunir hafa komið til umræðu í gegnum tíðina án þess að ná fram að ganga. Það er því sérstaklega ánægjulegt að sjá þetta mikilvæga verkefni loksins komast í höfn.

Í vetur hóf stjórn LSB að nýju vinnu við að kanna möguleika á sameiningu og fóru fram vandaðar viðræður við Frjálsa lífeyrissjóðinn. Frá upphafi var lögð áhersla á að hagsmunir sjóðsfélaga væru í fyrirrúmi og að niðurstaðan yrði metin út frá því hvað væri best fyrir framtíð sjóðsins og þeirra sem á honum treysta.

Niðurstaðan liggur nú fyrir. Sjóðsfélagar hafa samþykkt sameininguna og þar með tekið mikilvæga ákvörðun sem stjórn LSB er sannfærð um að muni reynast farsæl til lengri tíma litið.

Frekari upplýsingar um samrunann, skipulag Frjálsa lífeyrissjóðsins, ársreikning 2025 og samþykktar breytingar, sem staðfestar voru á ársfundinum, eru á heimasíðu LSB, lsb.is.

Fyrir hönd stjórnar vil ég þakka sjóðsfélögum fyrir traustið og þann stuðning sem þeir hafa sýnt í þessu ferli. Við teljum að með þessari ákvörðun hafi verið stigið mikilvægt skref í átt að öflugri og öruggari framtíð fyrir alla sjóðsfélaga.

*Höfundur er nýkjörinn formaður stjórnar LSB.*




Skagafjörður:

# Atvinnulífssýning dagana 19. og 20. september

**Atvinnulífssýning verður haldin í íþróttahúsinu á Sauðárkróki í haust eða dagana 19. og 20. september.**

Sýningunni er fyrst og fremst ætlað að varpa ljósi á flóru fyrirtækja og stofnana í þjónustu, framleiðslu, mannlífi og menningu í sveitarfélaginu. Reiknað er með að á milli fjögur og fimm þúsund manns sæki sýninguna.

„Við hér í Skagafirði erum svo ótrúlega lánsöm að búa yfir fjölbreyttu og öflugu atvinnulífi. Smá og stór fyrirtæki eru lífæð samfélagsins og það er því ótrúlega gaman að geta búið til vettvang fyrir þessa aðila til að koma saman og kynna sig og sína þjónustu eða vöru. Á sýningunni munum við sýna flóru fyrirtækja sem styðja við grunnstoðir atvinnulífsins í Skagafirði. Þá ætlum við einnig að leggja okkur fram við að bjóða upp á málstofur þar sem einstaklingar úr öllum áttum atvinnulífsins koma saman og ræða framtíðarsýn Skagafjarðar í atvinnumálum, sérstöðu sveitarfélagsins, mikilvægi nýsköpunar og verðmætasköpunar svo fáeitt sé nefnt. Þá ætlum við einnig að bjóða upp á skemmtidagskrá fyrir alla aldurshópa og vera með ýmsar óvæntar uppákomur meðan á sýningunni stendur," segir María Neves, deildarstjóri þróunar, miðlunar og menningar hjá Sveitarfélaginu Skagafirði. /mhh



María Neves, sem er af fullum krafti að undirbúa atvinnulífssýninguna í haust með sínu fólki. Mynd / Gunnhildur Lind






# Riðusérfræðingar mættu – óvæntar nýjar niðurstöður

**Síðan 2021 hefur stór alþjóðlegur hópur vísindamanna úr sex löndum unnið að umfangsmiklum og brautryðjandi rannsóknum á riðuveiki á Íslandi („ScIce – Scrapie in Iceland“). Christine Fast frá Þýskalandi, verkefnastjóri, og Stefanía Þorgeirsdóttir, riðusérfræðingur á Keldum, mættu í síðustu viku í Húnaver. Í gegnum Zoom tóku þátt Vincent Béringue nemisérfræðingur, Frakklandi, og Jörn Gethmann faraldsfræðingur, Þýskalandi. Miðað við að heyskapur var kominn víða í gang, var mætingin mjög góð. Svo var hægt að fylgjast með á Zoom; einnig eru upptökur aðgengilegar: tinyurl.com/upptokur-hunaver**



Karólína Elísabetardóttir.

Tilgangurinn með fundinum var að upplýsa bændur og dýralækna um nýjustu niðurstöður úr rannsóknunum sem komu að hluta til á óvart. Fyrir þremur árum heimsótti stór hópur vísindamanna Norðurlandið; um 200 manns mættu þá í Miðgarð í Varmahlíð til að fræðast um fyrstu rannsóknirnar. Haustið 2023 mætti Vincent aftur til landsins og tók fundatúr í kringum landið ásamt íslenskum sérfræðingum. Rétt áður hafði greinst riða á Stórhól í Víðidal og heimsókn Vincents var þess vegna kærkomið tækifæri til að ræða stöðu þekkingar. Meðan á túrnum stóð, tilkynnti ráðuneytið að fé með breytileikunum T137, C151, H154 (AHQ) og R171 (ARR) yrði ekki skorið niður, sem var bylting miðað við reglurnar sem höfðu verið í gildi í nærri 40 ár.

Rannsóknirnar héldu áfram eftir það og sér í lagi niðurstöðurnar sem urðu til síðustu mánuðina varpa nýju ljós á þó nokkra þætti sem varða íslenska sauðfjárbændur beint. Þess vegna ákvað Karólína Elísabetardóttir, sauðfjárbóndi í Hvammshlíð, að skipuleggja einu sinni enn fund til að gera bændum kleift að taka tillit til þessarar þekkingar við val ásetningslamba í haust. Léttur kvöldverður var í boði og aðalrétturinn var í samræmi við umræðuefnið: lífræn beykireykt kindabjúgu frá Sölvanesi ásamt meðlæti.




28 íslensk smitsýni voru notuð í rannsóknunum síðustu árin (eftir gögnum frá Vincent Béringue, INRAE)

**Helstu niðurstöður fundarins:**

• Það er komið skýrt í ljós að talsvert **fleiri en einn riðustofn eru virkir á Íslandi** og að stofnarnir eru í stöðugri þróun/aðlögun. Rannsóknir með erfðabreyttar mýs til að greina fjölda og eðli þessara stofna eru enn yfirstandandi og lokaniðurstöður væntanlegar 2028. Yfirlitskortið sýnir 28 íslensk smitsýni sem voru notuð í PMCA-næmispróf og að hluta til einnig í músatilraunir til stofngreiningar.

• Það er **talsverður munur** á milli þeirra. Á Suðurlandi virðist t.d. sterk **„sérhæfing“** riðustofna í VRQ (V136), þeir umbreyta í miklu minna mæli ARQ. Á Norðurlandi er það sums staðar öfugt.

• **AHQ (H154) sýndi í fyrsta sinn veikleika.** Í samanburði við önnur lönd er Ísland með sérstöðu, þessi breytileiki virðist hafa meiri mótstöðu hér en í Evrópu. En núna kom í ljós að þessi mótstaða er mjög misjöfn og fer mikið eftir riðustofni. Sumir riðustofnar í tveimur mismunandi landshlutum ná að umbreyta („smita“) AHQ í PMCA-næmisprófum. Umbreytingin er samt minni en við ARQ eða VRQ.

• Tiltölulega margir riðustofnar ná að umbreyta **N138**, en það er samt betra en ARQ eða VRQ.



Skrautlegt hrútlamb í Hvammshlíð undan Margréti frá Sunnuholti með T137 – þessi breytileiki kom áfram mjög vel út í rannsóknunum.

• Hins vegar líta **T137, C151 og R171 (ARR) áfram mjög vel út** og allt bendir til þess að þau séu með mjög mikla mótstöðu og a.m.k. í PMCA-næmisprófunum allir þrír sambærilegir.

• Sum próf eru enn í staðfestingarferlinu – mikilvægt er að endurtaka þau nógu oft til að útiloka skekkjur sem best. Nákvæmt kort og frekari upplýsingar verða birtar eftir að búið er að staðfesta allar niðurstöður og ritrýnd vísindagrein hefur verið birt; það má ekki birta smáatriði fyrir fram í blaði, annars getur það gerst að greininni er hafnað. Það má nefna að Vincent hlakkar nú þegar til að deila öllum niðurstöðum með bændunum – um öll smitsýni, hvaða breytileika þau ná að umbreyta og í hversu miklum mæli.

• **Riðujákvæðir gripir með VRQ = V136 (VRQ/VRQ og VRQ/ARQ) dreifa smiti** frá sér í talsvert meira mæli en riðujákvæðir gripir með ARQ/ARQ. Það kom fram í samanburði smitmælinga í fjárhúsum á riðubæjum. Áhugavert dæmi: Á Urriðaá þar sem eina jákvæða kindin (með ARQ/ARQ!) kom upphaflega frá Bergsstöðum, fannst ekkert riðusmit í fjárhúsunum þótt þessi ær hafi verið þar í tvö og hálft ár.

• Einnig kom fram að þrátt fyrir ítarlega sótthreinsun í samræmi við ströngustu reglur getur samt verið smit eftir í fjárhúsum, sérstaklega ef riðujákvæðu gripirnir voru með VRQ. Þannig að: Eina leiðin til að forðast enduruppkomu riðu eru arfgerðir með sterka mótstöðu.

• **Faraldsfræðileg rannsókn** komst að því með tölfræðilegum útreikningum að hvorki sala né fjárflutningar auka líkurnar á að riða komi upp á ákveðnum bæ (ólíkt öðrum löndum!), né afréttir/sameiginlegar réttir. Hins vegar kom í ljós að m.a. eftirfarandi aðgerðir minnka líkurnar á riðu: fjarlægja hildir sem fyrst og ekki dreifa þeim með áburðinum á túnin, hafa lambærnar sem styst inni í sauðburði.

• **Nýjar reglugerðir varðandi fjárflutning** eru **strangari** en áður, en staðalferlið einfaldara: Oftast þarf eingöngu seljandinn að vera með leyfi, ekki lengur kaupandinn – fresturinn rennur út 1. júlí ár hvert. En til að selja ákveðna gripi á milli áhættuhólfa þarf seljandinn að sækja um undanþágu með tölvupósti – og eins ef bóndi í áhættuhólfi vill kaupa fé án græns flaggs, sem er samt með sérstaka eiginleika (t.d. forystufé, feldfé, ferhyrnt/ferukollótt fé). Enginn sérstakur frestur er í þessu tilfelli. Meira um þessi mál finnst á mast.is (svo eru til samantekt og frekari vísbendingar á heimasíðunni riduvarnir.is).

• **Bú með atýpíska riðu** (þ.e. afbrigðilega riðu eða „Nor98“) eru samkvæmt nýjustu reglugerðum flokkuð sem áhættubú. Þetta ósamræmi hefur verið mjög umdeilt og samkvæmt Þórði Pálssyni, Matvælastofnun (MAST), er markmið þeirra að **því verði breytt.** ESB-reglur hafa verið nefndar sem rök fyrir þessari breytingu, en slíkar reglur hafa fyrir löngu verið felldar úr gildi, eins og Christine Fast staðfesti á fundinum.

*Höfundur er sauðfjárbóndi og meðlimur í alþjóðlega rannsóknarhópnum um riðuveiki á Íslandi.*

ÞRÝSTIAUKDÆLA

Hámarks hitastig< 60°C
Max flæði 95L/mín
Max hæð 58m

- Þrýstiauka dæla 0,75kw
- Afköst 57 l/min við 3 bör 0,75 kw afl
- Inntak/úrtak 1"
- Soggeta 8 metrar
- Hraðastýrð eftir þrýsting
- Innbyggður einstefnuloki
- Hljóðvist við afköst 45 dpa (hærra við sogdælingu)



Verð 96.248.kr m/vsk

Vatnsvirkinn.is - Sími 510 1400 - Skemmuvegur 48



Vinningshafar á Norðurlandameistaramótinu í eldsmíði, Beate Stormo, Þröstur Sigmundsson og Guðmundur Sigurðsson. Mynd / Aðsend

Norðurlandameistaramót í eldsmíði:

# Þröstur Norðurlandameistari

**Norðurlandameistaramót í eldsmíði fór fram dagana 11.-14. júní síðastliðinn í Tidaholm í Svíþjóð. Þröstur Sigmundsson, sem býr í Reykjanesbæ, gerði sér lítið fyrir og varð Norðurlandameistari í opnum flokki.**

Beate Stormo úr Eyjarfjarðarsveit og Guðmundur Sigurðsson frá Akranesi náðu einnig mjög góðum árangri í sínum flokkum og urðu bæði í þriðja sæti.

Félag eldsmiða á Íslandi er með smiðju á Akranesi en félagið stendur fyrir og tekur þátt í ýmsum viðburðum, eins og opnum smiðjum, námskeiðum, sýnikennslu og uppákomum á söfnum og hátíðum alls konar.

„Eldsmíði á sér djúpar rætur í íslenskri sögu allt frá landnámi. Landnámsmenn komu með þekkingu á járnsmíði sem varð grundvöllur fyrir lífi og samfélagi í nýju landi. Smiðir sköpuðu nauðsynleg verkfæri, hnífa og búnað til daglegs lífs, allt mótað með eldi, járni og handverki,“ segir Þröstur stoltur með Norðurlandameistaratitilinn sinn.

*/mhh*

Hörpusjóðurinn:

# Einni milljón króna úthlutað

**Samfélagsverkefnið „Voices of Vík; Language, Culture & Community“, undir forystu Ann Irene Peters, hlaut fyrsta styrkinn úr svonefndum „Hörpusjóði“ Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, en hann var afhentur formlega á aðalfundi samtakanna í Þorlákshöfn 26. júní.**

Alls bárust 13 umsóknir í sjóðinn, sem er til minningar um Hörpu Elínu Haraldsdóttur, sem var ötull talsmaður þess að taka vel á móti nýjum íbúum og draga fram það sem sameinar fólk á hverjum stað, en Harpa bjó í Vík í Mýrdal.

Verkefni Ann Irenu byggir á því að styrkja tengsl, þátttöku og tilfinningu fyrir því að tilheyra í hinu fjölmenningarlega samfélagi í Vík í Mýrdal.

Á tímabilinu ágúst 2026 til júlí 2027 verður staðið fyrir fjölmörgum viðburðum þar sem markmiðið er að efla samskipti milli íbúa með íslenskan og erlendan bakgrunn, draga úr félagslegri einangrun og auka samfélagslega samkennd.



Helga Þorbergsdóttir, móðir Hörpu Elínar heitinnar í Vík, afhenti styrkinn til Ann Irenu, eina milljón króna. Mynd / Aðsend

Meðal verkefna má nefna tungumálakaffihús, kvikmyndakvöld og „Viks Got Talent“, sem er hæfileikasýning þar sem íbúar deila hæfileikum sínum og menningu.

„Við óskum Ann Irene Peters og íbúum í Mýrdalshreppi innilega til hamingju með styrkinn og hlökkum til að fylgjast með þessu mikilvæga inngildingarverkefni blómstra á komandi misserum,“ segir Ingunn Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

*/mhh*










# Verðkönnun án aðferðafræði



Erna Bjarnadóttir.

Fullyrðingar um að aðild Íslands að Evrópusambandinu geti lækkað matvælaverð um allt að 25% hafa verið áberandi í umræðunni undanfarið. Fremstur í flokki hefur farið formaður utanríkismálanefndar, Pawel Bartoszek, sem hefur jafnframt haldið því fram að slíkt eigi einnig við um skyndibita og algenga rétti á veitingastöðum.

**Ekki 25% lækkun kannske 3%**

Eitt af fyrstu dæmunum sem Pawel tók í þessu sambandi var verð á tiltekinni vefju á veitingastaðnum Saffran sem hann rakti í myndbandi á samfélagsmiðlum sínum. Hann hélt því fram að verð á þessum rétti, sem hann sagði kosta um 4.000 krónur, gæti lækkað um 25% við ESB-aðild. Til að kanna hvernig þessi niðurstaða fékkst var ráðist í skoðun á vefjum á Saffran með því að kaupa eina slíka. Allar vefjur á Saffran kosta 2.590 krónur. Samkvæmt upplýsingum frá starfsfólki inniheldur venjuleg vefja 120 grömm af kjúklingakjöti úr kjúklingaleggjum. Við nánari athugun kom í ljós að kjúklingurinn var í reynd eina hráefnið sem er háð tollvernd. Grænmeti, hrísgrjón, sósur og vefjan sjálf eru þegar tollfrjáls í innflutningi frá Evrópusambandinu. Tollar hafa því engin áhrif á innkaupsverð þessara hráefna, jafnvel þótt sum þeirra séu framleidd hér á landi.

Líklegt innkaupsverð kjúklingakjötsins í vefjunni var metið á um 280–290 krónur. Enginn getur fullyrt hvaða áhrif afnám tolla gagnvart ESB hefði á innkaupsverð kjúklingakjöts. Það má áætla að 25% lækkun myndi leiða til rúmlega 70 króna lækkunar á hráefnisverðinu, eða um 3% lækkunar á verði vefjunnar ef engu öðru yrði breytt. Fullyrðing um 25% verðlækkun stóðst því ekki þegar fyrir lá hvaða hráefni í henni bera yfirleitt tolla og hvaða hráefni gera það ekki.

Í framhaldinu var farið yfir fullyrðingar formanns utanríkismálanefndar um hvaða landbúnaðarvörur bera almennt háa tolla. Þar virðist honum hafa orðið alvarlega á í framsetningu sinni. Frá gildistöku samnings Íslands og Evrópusambandsins um aukið gagnkvæmt tollfrelsi árið 2018 hafa langflestar kornvörur, brauð, jurtaolíur, sykur, sætindi, ávextir og stór hluti grænmetis verið tollfrjáls við innflutning frá ESB. Þeir vöruflokkar sem áfram njóta verulegrar tollverndar vega aðeins takmarkað í útgjöldum heimilanna til matarkaupa. Þessara mikilvægu atriða var hvergi getið í umfjöllun hans. Hann upplýsti þó í athugasemdakerfi við færslu sína að mat hans á umfangi tollfrelsis byggðist á svörum frá gervigreindinni Google Gemini.

**Ábyrgð handhafa valds**

Það breytir þó engu um ábyrgðina. Hvorki gervigreind, leitarvélar né önnur verkfæri bera ábyrgð á þeim upplýsingum sem birtar eru í opinberri umræðu. Sú ábyrgð hvílir á þeim sem setur þær fram. Þegar alþingismaður og formaður utanríkismálanefndar birtir tölulegar fullyrðingar um jafn stórt stefnumál og hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu verður að gera þá kröfu að þær hafi verið bornar saman við frumheimildir og sannreyndar áður en þær eru lagðar fyrir almenning.

Pawel Bartoszek er ekki venjulegur samfélagsmiðlanotandi heldur alþingismaður og formaður utanríkismálanefndar Alþingis. Með því embætti fylgir rík skylda til að sannreyna upplýsingar áður en þær eru lagðar fram sem rök í jafn mikilvægu máli og hugsanlegri aðild Íslands að Evrópusambandinu. Í öllu falli verður að tryggja rekjanleika þeirra þannig að lesandi geti sannreynt þær. Sá sem birtir upplýsingarnar verður að geta vísað til frumheimilda og staðið fyllilega á bak við þær.

Í kjölfarið birti Pawel einnig eigin samanburð á matvöruverði í Lúxemborg og Reykjavík. Engar upplýsingar fylgja um hvernig verðkönnunin var unnin, hvorki hvaðan verðupplýsingarnar koma, hvernig matvörurnar voru valdar eða í hvaða verslunum. Hann heldur því einnig fram að laun í Reykjavík séu 13% lægri en í Lúxemborg. Hvaðan kemur þessi tala? Hagstofa Íslands birtir almennt ekki sérstakar tölur um laun í Reykjavík og engin heimild fylgir fullyrðingunni.

**Hvernig getum við borið saman verðlag milli landa?**

Stofnanir á borð við Eurostat og OECD byggja verðsamanburð milli landa á fyrir fram skilgreindri aðferðafræði þar sem vörur, úrtak og úrvinnsla eru stöðluð. Aðferðafræðin er opinber og því geta aðrir yfirfarið útreikningana og sannreynt niðurstöðurnar. Þess vegna eru gögn Eurostat mun traustari grunnur að samanburði á verðlagi milli landa en óskýr verðkönnun þar sem hvorki heimildir né aðferðafræði liggja fyrir.

Eurostat birtir sambærilegar verðlagsupplýsingar fyrir aðildarríki ESB, EFTA-ríkin og flest umsóknarríki. Samkvæmt þeim gögnum er hlutfallslegt verðlag matvæla á Íslandi 150,5 stig þegar meðaltal ESB er 100. Fyrir brauð og kornvörur, sem eru tollfrjálsar gagnvart ESB, er vísitalan 153,5 en fyrir kjöt, sem almennt nýtur tollverndar, er hún 169,6. Ef tollar eru meginskýringin á háu matvælaverði á Íslandi, hvers vegna er munurinn aðeins um 16 stig á tollfrjálsum brauð- og kornvörum annars vegar og kjöti, sem almennt nýtur tollverndar, hins vegar?

*Höfundur er hagfræðingur.*







# Öflugt starf Lands og skógar á sviði vöktunar og rannsókna



Bryndís Marteinsdóttir.

Eitt af verkefnum Lands og skógar er að halda úti öflugu rannsóknar- og vöktunarstarfi. Starfið fer fram á sviði rannsókna, vöktunar og árangurs í nánu samstarfi við önnur svið stofnunarinnar. Á sviðinu starfa um 40 sérfræðingar við fjölbreytt verkefni og á sumrin bætast yfir 15 ungir rannsakendur og háskólanemar í náttúruvísindum í hópinn til að sinna vettvangsvinnu víða um land.

Land og skógur vaktar ástand gróðurs og jarðvegs í fjölbreyttum vistkerfum, bæði þar sem land er nýtt og þar sem náttúran fær að þróast án verulegra áhrifa mannsins. Sum verkefnin eiga sér áratugalanga sögu, á meðan önnur, eins og vöktun votlendis, eru ný af nálinni. Sífellt fleiri verkefni eru jafnframt unnin í samstarfi við landeigendur og landnýtendur sem taka þátt í gagnaöflun á eigin landi.

Í dag fylgist Land og skógur með vel yfir 3.000 mælipunktum víðs vegar um landið. Gögnin sem safnast á mælipunktunum veita mikilvægar upplýsingar um ástand og þróun gróðurs og jarðvegs. Upplýsingarnar nýtast meðal annars við loftslagsbókhald Íslands, mat á ástandi beitilanda og skóglendis, ráðgjöf til landeigenda og mat á árangri landgræðslu- og skógræktaraðgerða.

Með því að sameina upplýsingar úr mælipunktum, gervitunglamyndir og nýjar greiningaraðferðir, þar á meðal gervigreind, er hægt að varpa niðurstöðum yfir stærri svæði. Þannig fæst heildstæð mynd af ástandi gróðurs og jarðvegs um land allt og hvernig það breytist milli ára eða vegna ólíkra landnýtingar- og endurheimtaraðgerða.

Land og skógur heldur einnig úti vöktun á skaðvöldum í skógum landsins. Markmiðið er að fylgjast með útbreiðslu skaðvalda og skemmdum af þeirra völdum, þannig að hægt sé að bregðast tímanlega við og draga úr tjóni.

Rannsóknir eru stór þáttur í starfsemi Lands og skógar og spanna fjölbreytt viðfangsefni. Meðal annars er unnið að rannsóknum á nýtingu lífræns áburðar, svo sem seyru, fiskimykju, kjötmjöli og búfjáráburði, þróun nýrra aðferða við endurheimt votlendis og prófunum á nýju efniviði til landgræðslu og skógræktar. Jafnframt eru stundaðar rannsóknir sem styðja við aðlögun skógræktar að loftslagsbreytingum, meðal annars með því að meta hvaða tegundir og kvæmi henta best við hlýnandi loftslag og aukna ásókn skaðvalda. Markmiðið er að ný þekking skili sér í betri aðferðum, markvissari framkvæmdum og auknum árangri í endurheimt vistkerfa, landgræðslu og skógrækt.

Á sviðinu eru einnig unnar fjölmargar rannsóknir á áhrifum aðgerða Lands og skógar á vistkerfi. Þar má nefna rannsóknir á áhrifum skógræktar og endurheimtar vistkerfa á líffræðilega fjölbreytni og kolefnisbúskap og áhrif beitar á vistkerfi. Þar að auki er unnið að samræmdu árangursmati fyrir verkefni stofnunarinnar, allt frá gæðamati á efniviði sem notaður er í framkvæmdum til mats á langtímaárangri landgræðslu- og skógræktaraðgerða.

Þekkingin sem verður til með rannsóknum og vöktun nýtist landeigendum, bændum, stjórnvöldum og öðrum sem koma að landnýtingu til að meta ástand og þróun lands, skilja áhrif landnýtingar og endurheimtaraðgerða og styðja við upplýsta ákvarðanatöku. Þannig leggur rannsóknar- og vöktunarstarf Lands og skógar grunn að því að aðgerðir og ráðgjöf stofnunarinnar byggi á traustri þekkingu og skili sem bestum árangri.

*Höfundur er sviðsstjóri á sviði rannsókna, vöktunar og árangurs hjá Landi og skógi.*

# Stöndum saman

Ég er Skagfirðingur, Reykvíkingur, Íslendingur og Evrópumaður.

Og ég nýt þess mjög líkt og margir aðrir að eiga rætur að rekja til allra landsfjórðunga eins og ég hef lýst í örstuttu máli í sjö ólíkum héraðsmiðlum að undanförnu. En þessi grein fjallar þó ekki um það. Hún fjallar heldur um nauðsyn þess að við stöndum saman þegar mikið liggur við og ógnvænlega horfir um heiminn. Sum okkar eru hlynnt inngöngu Íslands í ESB, en önnur eru andvíg. Skynsamt fólk getur greint á um stjórnmál og einnig efnahagsmál, innan marka. Fátt er eðlilegra. Lýðræði hentar vel til að leysa úr slíkum ágreiningi þegar þess er þörf þannig að flestir geti við úrslitin unað.

Samkvæmt nýrri skoðanakönnun Maskínu fyrir DV um framhald viðræðna Íslands við ESB segjast 59% svarenda í Reykjavík munu segja Já í þjóðaratkvæðagreiðslunni 29. ágúst nk. og 56% í nágrannabyggðum Reykjavíkur, en aðeins 48% á Suðurlandi og Reykjanesi, 47% á Vesturlandi og Vestfjörðum, 44% á Norðurlandi og 24% á Austurlandi. Mig undrar þetta misræmi því að þjóðarhagurinn sem í húfi er hlýtur af sjónarhóli hvers og eins að teljast áþekkur um allt land líkt og birtist skýrt í þjóðaratkvæðagreiðslunni um nýju stjórnarskrána 2012. Þar sagði ríflegur meirihluti kjósenda í öllum kjördæmunum sex Já við nýrri stjórnarskrá: 77% í Reykjavík norður, 72% í Reykjavík suður, 68% í Suðvesturkjördæmi, 58% bæði á Suðurlandi og Norðausturlandi og 55% á Norðvesturlandi. Mér þætti eðlilegt að hliðstætt samræmi væri milli þéttbýlis og dreifbýlis í þjóðaratkvæðagreiðslunni sem í hönd fer 29. ágúst.

Hvernig kemst ég að þeirri niðurstöðu? Ég þurfti ekki að „kíkja í pakkann" áður en við gengum í SÞ 1946, ekki vegna þess að ég var ekki fæddur þá, heldur vegna hins að SÞ eru félagsskapur sem ég tel rétt af pólitískum ástæðum að Ísland sé í hvað sem kostum og göllum líður. Ég lít ESB svipuðum augum. Þar eru allir okkar nánustu vinir og vandamenn í Evrópu nema Norðmenn (og Bretar sem dauðsjá nú margir eftir að hafa látið ginna sig út 2016). Öll 27 aðildarlöndin una sér vel í ESB (72% svarenda, sjá mynd) og þar eigum við því heima líka hvað sem kostum og göllum líður. Ég met kostina og gallana að vísu svo að kostirnir vegi mun þyngra en gallarnir, en það er ekki aðalatriðið í mínum huga heldur hitt, að við eigum samleið með Evrópu, langa samleið, einkum nú þegar heimsmálin hafa riðlazt svo að Bandaríkjastjórn hefur í hótunum við Grænland og Nató.



Þorvaldur Gylfason.

Við þessar nýju kringumstæður tel ég að við þurfum að þétta raðirnar og ganga inn í ESB með evrunni og öllu saman sem fyrst (og Norðmenn líka), ekki bara til að hagnast á því heldur einnig til að gera gagn. Sælla er að gefa en þiggja.

Reynsla Finna er lærdómsrík. Það var Miðflokkurinn, flokkur finnskra bænda, sem hafði forustu um aðildarumsókn Finna 1992 og réð úrslitum um að Finnar samþykktu í þjóðaratkvæðagreiðslu að ganga inn í ESB 1995. Flestir bændur voru þá að vísu andvígir inngöngu, en mörgum þeirra hefur snúizt hugur í ljósi reynslunnar af veru Finnlands í sambandinu. Nú er mjótt á munum milli þeirra bænda sem styðja aðild Finnlands og hinna sem enn eru andvígir. Óttinn við að sameiginleg landbúnaðarstefna ESB myndi bitna á finnskum bændum reyndist ekki eiga við gild rök að styðjast. Alls 78% Finna telja land sitt hafa notið góðs af veru sinni í sambandinu.

Mér segir svo hugur um að svipað geti hæglega átt við um Ísland. Reglur ESB mæla fyrir um ríflegan stuðning við landbúnað á jaðarsvæðum til að efla dreifðar byggðir, stuðning sem litla sem enga andúð myndi vekja meðal Íslendinga. Okkur ætti að vera í lófa lagið að semja þannig við ESB að bændur geti vel við unað ekki síður en við hin.

Spyrjið Finna.

*Höfundur er prófessor emeritus, Háskóla Íslands.*

Bændablaðið www.bbl.is









# Verða íslenskir bændur áburðarframleiðendur í framtíðinni?



Unnsteinn Snorri Snorrason.

Framleiðsla köfnunarefnisáburðar gæti tekið miklum breytingum á næstu árum. Íslenska nýsköpunarfyrirtækið Atmonia vinnur að þróun nýrrar aðferðar sem nýtir raforku, loft og vatn til að framleiða ammóníak, grunnhráefni köfnunarefnisáburðar. Takist þróunin gætu bændur í framtíðinni framleitt hluta af þeim áburði sem þeir nota sjálfir og þannig dregið úr innflutningsþörf og styrkt fæðuöryggi landsins.

Atmonia var stofnað árið 2016 upp úr rannsóknum við Háskóla Íslands og þróunarstarfi í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Fyrirtækið hefur þróað nýja rafefnafræðilega aðferð til að framleiða ammóníak úr köfnunarefni úr andrúmsloftinu og vatni með endurnýjanlegri raforku. Markmiðið er að bjóða upp á umhverfisvænni og sveigjanlegri framleiðslu en hið hefðbundna Haber–Bosch-ferli, sem byggir á jarðgasi, háum hita og miklum þrýstingi og veldur umtalsverðri losun gróðurhúsalofttegunda.

Fyrsta afurð Atmonia verður framleiðslubúnaður í 40 feta gámi sem getur framleitt allt að 150 tonn af ammóníaki á ári. Ammóníakið verður síðan unnið áfram í mismunandi áburðarefnasambönd, svo sem ammóníumsúlfat, díammóníumfosfat eða önnur form köfnunarefnisáburðar, allt eftir næringarþörfum þeirra plantna sem ræktaðar eru.



Áburðardreifing á Suðurlandi árið 2025. /ál

Þessi framleiðsluaðferð gæti haft sérstaka þýðingu fyrir Ísland. Í dag er allur köfnunarefnisáburður fluttur inn og íslenskur landbúnaður því háður alþjóðlegum mörkuðum, flutningum og sveiflum í verði á orku og hráefnum. Samkvæmt áætlunum Atmonia gætu um 70–100 framleiðslueiningar annað allri þörf Íslands fyrir köfnunarefnisáburð. Fyrirtækið gerir jafnframt ráð fyrir samstarfi við innflytjendur áburðar til að tryggja að bændur hafi áfram aðgang að þeim næringarefnum sem mismunandi ræktun krefst.

Framleiðslubúnaðurinn gæti hentað sérstaklega vel búum sem hafa aðgang að eigin raforkuframleiðslu, til dæmis með smávirkjunum, vindorku eða annarri endurnýjanlegri orkugjöf. Slík bú gætu í framtíðinni framleitt hluta af þeim áburði sem reksturinn þarfnast. Einnig má ímynda sér sameiginlegar framleiðslueiningar sem þjóna fleiri búum eða heilum byggðarlögum og skapa þannig ný tækifæri til verðmætasköpunar í dreifbýli.

Framleiðsluaðferðin hefur þegar vakið athygli bæði hér á landi og erlendis. Atmonia hefur hlotið fjölda styrkja og viðurkenninga og fékk nýverið, ásamt samstarfsaðilum sínum, 2,5 milljóna evra styrk frá Evrópusambandinu til verkefnisins EASY – Electrocatalytic Ammonia Synthesis. Verkefnið sameinar rannsóknastofnanir og fyrirtæki frá nokkrum Evrópulöndum með það markmið að þróa og færa þessa framleiðsluaðferð nær markaði.Landbúnaðarháskóli Íslands er einn af samstarfsaðilum EASY-verkefnisins og hefur það hlutverk að meta hvernig þessi nýja framleiðsluaðferð gæti nýst íslenskum landbúnaði. Því er mikilvægt að sjónarmið bænda liggi fyrir strax á þessu stigi þannig að lausnirnar taki mið af íslenskum rekstrar- og ræktunaraðstæðum.

Sem hluti af verkefninu óska Atmonia og Landbúnaðarháskóli Íslands nú eftir þátttöku íslenskra bænda í stuttri könnun. Markmið hennar er að kanna áhuga bænda á framleiðslu köfnunarefnisáburðar á eigin búi, í nágrenni búa eða í sameiginlegum framleiðslueiningum sem gætu þjónað heilu byggðarlagi. Einnig er leitað eftir sjónarmiðum um hvaða tækifæri og áskoranir bændur sjá í slíkri þróun.

Niðurstöður könnunarinnar verða nýttar við áframhaldandi vinnu verkefnisins og gefa mikilvægar upplýsingar um hvort og hvernig slík framleiðsla gæti hentað íslenskum bændum. Um leið verða þær grunnur að mati á tæknilegum, rekstrarlegum og fjárhagslegum forsendum innlendrar framleiðslu á köfnunarefnisáburði.

**Viltu taka þátt?**
**Skannaðu QR-kóðann og svaraðu stuttri könnun. Svör bænda eru mikilvæg til að meta áhuga, þarfir og möguleika á innlendri framleiðslu köfnunarefnisáburðar.**

Ef áform Atmonia ganga eftir gæti þessi framleiðsluaðferð orðið mikilvægt skref í átt að sjálfbærari íslenskum landbúnaði. Ísland býr yfir hreinni endurnýjanlegri raforku, hreinu vatni og sterkri nýsköpunarþekkingu. Með því að nýta þessar auðlindir til framleiðslu á köfnunarefnisáburði gæti kolefnisspor áburðar minnkað, verðmætasköpun innanlands aukist og íslenskur landbúnaður orðið síður háður innflutningi. Um leið myndi fæðuöryggi landsins styrkjast og áhrif sveiflna á alþjóðlegum mörkuðum minnka.

Þótt framleiðsluaðferðin sé enn á þróunarstigi er mikilvægt að hún taki mið af reynslu íslenskra bænda og þeim aðstæðum sem þeir búa við. Við hvetjum því alla bændur til að gefa sér nokkrar mínútur og svara könnuninni. Með þátttöku sinni geta þeir lagt sitt af mörkum til að móta lausn sem gæti í framtíðinni orðið mikilvægur þáttur í sjálfbærum, samkeppnishæfum og öflugum íslenskum landbúnaði.

*Höfundur er aðjunkt við Landbúnaðarháskóla Íslands.*



# Yfirlýsing hestamanna vegna samgönguáætlunar 2026–2040

Alþingi bregst öryggi þúsunda hestamanna og lætur elstu samgönguinnviði þjóðarinnar sitja eftir.

Samþykkt Alþingis á samgönguáætlun 2026–2040 veldur íslenskum hestamönnum miklum vonbrigðum. Þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar frá Landssambandi hestamannafélaga, Reiðvega- og samgöngunefnd LH, hestamannafélögum um allt land og fjölmörgum öðrum hagsmunaaðilum var ákveðið að halda árlegu framlagi ríkisins til reiðvegamála óbreyttu í 100 milljónum króna næstu fimmtán árin.

Þetta er ekki óbreytt staða. Þetta er áframhaldandi niðurskurður.

Á meðan verðlag og framkvæmdakostnaður hækka ár frá ári stendur fjárveitingin í stað. Raunvirði hennar rýrnar því stöðugt. Alþingi hefur þannig samþykkt að fjárfesting ríkisins í reiðvegakerfi landsins dragist saman ár eftir ár allt til ársins 2040.

Stöðug rýrnun á framlögum ríkisins til reiðvegamála hefur átt sér stað frá árinu 2009 er framlagið var 70 milljónir króna. Framreiknað til dags í dag með verðlagsreiknivél Hagstofunnar jafngilti það 143 milljónum króna.

Þessi ákvörðun er alvarleg afleiðing fyrir öryggi, innviði og samfélagið.

Reiðvegir eru ekki sérhagsmunamál. Þeir eru öryggisinnviðir.

Þúsundir hestamanna ferðast daglega eða reglulega um reiðleiðir sem víða liggja meðfram eða þvera fjölfarna þjóðvegi. Þegar hestar og bifreiðar mætast við slíkar aðstæður skapast hætta, ekki aðeins fyrir knapa og hesta heldur einnig ökumenn, farþega og aðra vegfarendur.

Sama samfélag og byggir göngu- og hjólastíga til að tryggja öryggi vegfarenda hlýtur einnig að tryggja öruggar reiðleiðir. Uppbygging reiðvegakerfis er fyrst og fremst fjárfesting í umferðaröryggi.

Þetta mál snýst um fólk.

Í Landssambandi hestamannafélaga eru nær 14.000 skráðir félagsmenn í 40 hestamannafélögum víðs vegar um landið og þar að auki stunda fjölmargir hestamennsku án félagsaðildar. Tugþúsundir landsmanna nýta reiðleiðir til íþróttaiðkunar, útivistar og ferðalaga.

Hestamennska er jafnframt ein fárra íþróttagreina sem sameinar börn, unglinga og fullorðna í sama áhugamáli og innan sömu fjölskyldna. Öruggar reiðleiðir eru því samfélagslegir innviðir sem þjóna öllum kynslóðum.

Reiðleiðir eru jafnframt elstu samgönguinnviðir Íslands.

Um þær fóru landnemar, bændur, póstar, prestar, alþingismenn og ferðamenn öldum saman. Þær eru hluti af sögu þjóðarinnar og lifandi menningararfi sem á sér fáa líka. Íslenski hesturinn er eitt sterkasta tákn landsins og hornsteinn hestatengdrar ferðaþjónustu sem skapar þjóðarbúinu verulegar tekjur á hverju ári.

Því er óskiljanlegt að stjórnvöld skuli láta þá innviði sem þessi starfsemi byggir á halda áfram að rýrna.

En það sem vekur hvað mesta furðu er að stjórnvöld skuli líta fram hjá eigin faglegu ráðgjöf.

Árið 2022 skipaði innviðaráðherra starfshóp til að fara yfir stöðu reiðvegamála og leggja fram tillögur um framtíðarfjármögnun þeirra. Starfshópurinn skilaði niðurstöðum sínum í byrjun árs 2023 og lagði til að hóflegt árlegt framlag ríkisins til reiðvega yrði 300 milljónir króna.

Engin þessara ráðlegginga endurspeglast í samgönguáætluninni.

Því spyrjum við:

Til hvers var skipaður starfshópur á vegum innviðaráðherra ef niðurstöður hans áttu aldrei að hafa áhrif á ákvarðanir stjórnvalda?

Þegar stjórnvöld kalla sjálf eftir faglegri vinnu en líta síðan fram hjá niðurstöðum hennar, er grafið undan trausti á stjórnsýslunni og því samráði sem stjórnvöld segjast vilja byggja á.

Íslenskir hestamenn hafna þessari niðurstöðu.

Við sættum okkur ekki við að öryggi þúsunda vegfarenda verði látið víkja.

Við sættum okkur ekki við að ein fjölmennasta íþrótta- og útivistargrein landsins búi við innviði sem rýrna ár frá ári.

Við sættum okkur ekki við að elstu samgönguinnviðir þjóðarinnar verði látnir grotna niður með hægfara vanrækslu.

Við krefjumst þess að samgönguáætlun verði endurskoðuð og að fjárframlög til reiðvegamála taki mið af raunverulegum kostnaði, verðlagsþróun og þeirri samfélagslegu þýðingu sem reiðvegakerfið hefur fyrir umferðaröryggi, íþróttir, lýðheilsu, ferðaþjónustu, byggðaþróun og menningararf þjóðarinnar.

**Við skorum á Alþingi og ríkisstjórn að leiðrétta þessa ákvörðun áður en frekari hnignun verður á reiðvegakerfi landsins.**

**Þjóð sem talar um öryggi vegfarenda, eflingu útivistar og vernd menningararfs getur ekki um leið samþykkt að elstu samgönguinnviðir landsins skuli rýrna ár eftir ár. Það er ekki ábyrg samgöngustefna. Það er vanræksla.**

*Halldór H. Halldórsson,*
*fv. formaður ferða- og samgöngunefndar LH.*









## Sagnaþáttur:

# Tak hnakk þinn og hest



Kristján B. Jónasson
kbjonasson@gmail.com


Sú hugmynd að leiða saman helstu hryssur, fola og gæðinga landsins á einn stað og láta kunnáttufólk skera úr um hvert þeirra stæði öðru framar varð að veruleika árið 1950. Þá var fyrsta landsmót íslenskra hestamanna haldið á Leirum á Þingvöllum, á þeim slóðum þar sem vegurinn liggur nú yfir Hvannagjá.

Þetta var þá ein fjölmennasta samkoma sem haldin hafði verið hér á landi frá landnámi. Svipaður fjöldi fólks kom til Þingvalla á mótið og hafði komið til Þingvalla á Alþingishátíðina 1930 sem og á lýðveldisstofnunina 1944, rétt yfir tíu þúsund manns. Má sjá af viðtölum við stafnbúa íslenskrar hestamennsku á þessum tíma að vonir voru bundnar við að hafin væri glæst öld íslenskrar reiðmennsku. Í framtíðinni myndu tugþúsundir steðja fjórða hvert ár til Þingvalla til að dást að tign og glæstu fasi íslenska hestsins.


Nökkvi 260 frá Hólmi.

### Á eyrinni

Fjórum árum síðar, árið 1954, var annað landsmót hestamanna svo haldið. Það fór ekki fram á Þingvöllum. Þingvallanefnd hugnaðist ekki þegar til kom að láta hross tæta upp Leirurnar og naga upp hvern grænan blett kringum helgireit þjóðarinnar. Þingvellir voru þó enn sem fyrr óskastaður slíkra móta í hugum hestafólks og úr varð að hrossum og mönnum var vísað á fornan áningarstað við Skógarhóla undir Ármannsfelli þar sem landsmótið var haldið árið 1958. Síðast var landsmót haldið á Skógarhólum árið 1978 í einmuna blíðu og íslensku sumarveðri eins og það gerist allra best og er enn í minnum haft.

Mótið árið 1954 fór hins vegar fram fyrir norðan, á Þveráreyrum í Eyjafirði. Fyrir þá sem ekki eru staðkunnugir eru Þveráreyrar fram að austan í firðinum, niður undan bænum Þverá á Staðarbyggð í gamla Öngulsstaðahreppi. Þar höfðu Eyfirðingar komið upp mótssvæði og héldu þar kappreiðar. Nú var bætt við danspalli og hús byggt yfir stóðhestana en að öðru leyti voru bæði menn og hestar undir berum himni. Engar brekkur né áhorfendapallar voru næst keppnisvöllunum utan hinir fornu sjávarmelar og börð upp af, en þannig hafði það reyndar líka verið á Leirum á Þingvöllum. Fólk stóð einfaldlega í kringum sýningarvöllinn og tróðst þar fram fyrir hvert annað til að verða vitni að því markverðasta, ekki síst kappreiðunum sem voru langvinsælasta atriðið á landsmótum langt fram eftir tuttugustu öld enda grimmt lagt undir og veðbankar opnir.

### Aurflóðið mikla

Það væri hins vegar synd að segja að mótið á Þveráreyrum hafi verið jafn fjölmennt og mótið á Þingvöllum. Líklegast sóttu rétt um fjögur þúsund manns mótið í Eyjafirði og ef marka má tölur frá Landssambandi hestamannafélaganna er þetta það landsmót sem fæstir hafa verið á.

Þar lék náttúran stórt hlutverk. Í vikunni fyrir mótið urðu einar mestu stórrigningar á Norðurlandi sem um getur á síðari tímum. Mest var úrkoman í og við fjallgarðinn milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Ár og lækir hlupu upp og urðu að beljandi fljótum. Seinni partinn þann 6. júlí fóru skriður að renna fram hér og hvar en hvergi samt í líkingu við þær hamfarir sem urðu í Norðurárdal í Skagafirði. Þar má heita að öll fjallshlíðin ofan við bæinn Fremri Kot hafi runnið fram. Grjót og aur eyðilagði flest útihús og nánast öll túnin á bænum og tók í leiðinni burt þjóðleiðina norður til Eyjafjarðar. Bíll var á ferð eftir veginum í þann mund sem skriðan féll, bjalla af fólksvagnstegund með Borgarfjarðarnúmeri. Tveir menn voru þar á ferð og komust þeir með naumindum út, en bíllinn sökk í aurinn svo aðeins rétt toppurinn og skottið stóðu upp úr. Annar bíll króaðist inni í skriðunni en slapp við tjón á blikki og mönnum fyrir tóma hendingu þótt bæði fyrir framan og aftan ylli fram for og vatn.

Þegar yfir lauk voru skriðurnar vel yfir kílómetra á breidd og þöktu megnið af heimalandi Fremri Kota frá brún niður að Norðurá í dalsbotni. Framhlaupin ollu einnig miklum búsifjum í landi Ytri Kota þótt ekki væri ástandið þar í líkingu við hörmungina framar í dalnum. Húsfreyjan á Fremri Kotum og börnin voru heima þegar skriðurnar runnu en bóndinn í vegavinnu og ekki heima. Það var nánast óskiljanlegt að mitt í öllum grjótburðinum skyldi íbúðarhúsið á Fremri Kotum sleppa óskemmt og skriðurnar renna beggja megin við það. Hin kunna bensíndæla sem var á Fremri Kotum og nýttist áratugum saman sem mikilvægur póstur á leiðinni yfir Öxnadalsheiði hvarf í grjótið og fé sem hafði verið á beit í hlíðunum fórst. Sömuleiðis tók af brýr og ræsi á veginum. Grjóttaumarnir voru svo úfnir að menn töldu fuglinum fljúgandi einum fært að komast þar yfir en Gunnar Valdimarsson, bóndi á Fremri Kotum, braust þó heim til sín utan úr Blönduhlíð til að vitja um konu sína og börn. Þau reyndust ómeidd.

### Horngrýtis Hornfirðingarnir

Þjóðvegurinn vestur í Skagafjörð var því lokaður á versta tíma, einmitt þegar mótið á Þveráreyrum stóð helgina 7. til 11. júlí. Aurskriðan í Norðurárdal hafði til að mynda þau áhrif að landbúnaðarráðherra, Steingrímur Steinþórsson, komst ekki á setningu mótsins 7. júlí, en náði í skottið á því við slit að kvöldi sunnudagsins 11. júlí 1954.

En kunnast er þetta mót fyrir að þar skarst í odda með tveimur meginfylkingum íslenskrar hrossaræktar um miðja tuttugustu öld. Dómnefndin sem úrskurðaði um hver væru fremstu ræktunarhross landsins og hvaða stóðhesti skyldi veittur hinn eftirsótti Sleipnisbikar þverklofnaði og var þar stál í stál. Annars vegar stóðu stuðningsmenn hrossa ættaðra úr Hornafirði, hins vegar voru þar eitilharðir stuðningsmenn Svaðastaðastofnsins úr Skagafirði. Á sveif Svaðastaðahrossa voru þeir nafnar Jón Pálsson á Selfossi og Jón Jónsson á Hofi á Höfðaströnd, en Hornfirðingana studdu Borgfirðingurinn Símon Teitsson og Bogi Eggertsson, sem lengi var formaður Fáks í Reykjavík. Mitt á milli stóð svo hinn stórbrotni Gunnar Bjarnason hrossaræktarráðunautur sem var sjálfur landskunnur fyrir ást sína á hornfirskum hrossum.

Frásagnir Gunnars af kynnum sínum af hornfirska hrossastofninum eru án efa einn af hátindum íslenskra hrossabókmennta. Gunnar kemur í Bjarnanes í Hornafirði og uppgötvar þar gæðinga sem hann finnur að eiga sér enga hliðstæðu meðal annarra stofna íslenska hestsins. Öryggi þeirra, styrkur og vöðvabygging, mótuð af margra alda ræktun í því skyni að eiga gott vatnahestakyn, hrífur Gunnar upp úr skónum. Hann fær að eigin sögn hreina hugljómun og sér að íslenski hesturinn megi alls ekki missa þessa eðliskosti í þeirri deiglu sem nútíminn hafði búið íslenska hestinum. Hröð vélvæðing sveitanna á 5. og 6. áratugnum sýndi að vinnuhesta yrði ekki þörf á Íslandi í framtíðinni. Nú þyrfti að gjörbreyta ræktun hestsins og horfa fyrst og fremst til fegurðar í reið, glæsileika og ganghæfileika. En í stofninum væru margir aðrir eiginleikar og Gunnar áttaði sig á að þeir máttu ekki tapast. Í Hornfirðingunum var skaplyndi sem varð að varðveita, styrkur sem skyldi lifa af umbrotin miklu. Þetta var hugsunin á bak við landsmótin og hún var orðuð aftur og aftur í ræðu og riti á þessum árum. Mótin áttu að leiða fram reiðhest framtíðarinnar.

### Framtíðarkyn

En menn voru bara ekki sammála um hvernig framtíðarhrossið ætti að vera. Fegurðarídealið sem stóð á móti hinum stæltu og þróttmiklu Hornfirðingum voru fínbyggð, háreist og töltgeng hross, ýmist kennd við Svaðastaði í Skagafirði eða sveitirnar austan Héraðsvatna og einfaldlega kölluð Austanvatnahross. Þetta var línan sem Jón á Hofi og Eggert bróðir hans á Kirkjubæ voru á. Eggert hafði verið í gæðingadómnefnd á landsmótinu 1950 og haldið tölu við það tilefni þar sem hann skilgreindi í fáum en hnitmiðuðum orðum hvernig sannur gæðingur ætti að vera. Þar ber mest á orðum á borð við „fegurð", „mýkt", „glæsileiki" og „frelsi". Til að ná í skottið á þessum gildum var þó bara ein leið fær í ræktun að mati hans og skoðanasystkina hans.

Þessir kallar tóku nefnilega hrossaræktina alvarlega. Álit Svaðastaðahrossamanna var að hornfirsku hrossin ættu einfaldlega að „fara í sláturhúsið". Það var enginn millivegur. Annaðhvort yrðu framtíðarhrossin eins og þeir vildu eða þau yrðu afmyndaðir hjassar. Það var þeirra álit á hornfirska kyninu. Einhverra hluta vegna virðist sem Gunnar Bjarnason, hinn yfirlýsti aðdáandi Hornfirðinga og í raun talsmaður blöndunar beggja stofna, hafi snúist á sveif með „slátrurunum" á Þveráreyrum og því enduðu dómar þannig að hinn skagfirski Hreinn frá Þverá varð efstur og hlaut Sleipnisbikarinn sem hann hafði þegar fengið á Þingvöllum 1950 (og átti eftir að verða sæmdur honum í þriðja sinn árið 1958). Í öðru til fjórða sæti voru svo stóðhestar af sama meiði. Hornfirðingarnir voru allir felldir. Komust ekki á blað. Þeir sem mundu þetta mót gátu talað um sárindin og ósættið áratugum síðar.

En Hornfirðingarnir voru ekki af baki dottnir. Stofnarnir runnu að endingu saman og úr varð reiðhestastofninn sem nú lifir. Um 95% af núlifandi íslenskum hrossum rekja ættir sínar til Hornfirðingsins Nökkva 260 frá Hólmi sem settur var í „sláturflokk" á Þingeyrum 1954.




# Vísnahornið

Stuðst fram á stafinn heitir þetta kvæði **Rósbergs G. Snædal:**

*Hvíli eg fót við feyskinn staf*
*finnst ei bót á högum.*
*Margir hljóta undir af*
*eigin spjótalögum.*

*Heimsins tál og haldlaus rök*
*hafa brjálað sinni.*
*Heyri eg váleg vængjablök*
*víða í nálægðinni.*

*Þannig fer, ef boðinn ber*
*bát á sker og kletta:*
*Næstur hver er sjálfum sér.*
*Svona er nú þetta. –*

Þetta erindi er úr ljóði Rósbergs G. í Tjarnarskarði og á nú vel við:

*Sefgrænir bakkar, silfurgáruð tjörn,*
*sundfuglakvak og mosabrúnar skriður.*
*Valllendisgrundir, steinbyrgi og börn.*
*Búsmali í hlíðum, foss og lækjaniður*

**Egill Jónasson** frá Húsavík kom á byggingarstað, hitti þar arkitekt og bauð honum góðan dag, en sá heyrði ekki kveðju Egils:

*Enga fékk ég undirtekt,*
*á því mína skoðun byggði,*
*að arkitekt með eftirtekt*
*sé afar sjaldgæft fyrirbrigði.*

Þegar **Ásgeir Jónsson** frá Gottorp, hinn kunni hestamaður, varð áttræður sendi Egill Jónasson honum þessa:

*Minnast vil ég merkisdags,*
*mæni á þínar slóðir,*
*þé ég hafi ei hóf né fax*
*hneggja ég til þín bróðir.*

**Hjörleifur Jónsson** á Gilsbakka orti þegar hann sá pilt frá Keldulandi á dansgólfi með unga stúlku í fangi:

*Gleði veldur, lund fær létt,*
*lifnar heldur grínið.*
*Hryssu geldri á harðasprett*
*hleypir Keldusvínið.*

Fyrir löngu síðan orti Hjörleifur, þegar dróst hjá einhverju pari að setja upp hringana. En pilturinn sagðist ekki geta keypt hringa fyrr en hann hefði selt folald:

*Hef ég ekki úr huganum*
*hrundið neinum vafa,*
*fyrr er þau á fingrunum*
*folaldsverðið hafa.*

**Jakop Jóhannesson** var sagður húnvetnskur en var búsettur í Ólafsvík. Hann orti um hómópata sem Sigurjón hét og mun Jakop litla trú hafa haft á lækningunum:

*Fer um landið eins og örn*
*aðstyðjandi tjóni*
*siljúgandi Sigurbjörn,*
*síðspillandi dóni.*

Ekki þorði Jakop að hafa þessa útgáfu uppi við hvern sem var og breytti henni til öryggis:

*Fer um land og færir vörn*
*fyrir grandi og tjóni,*
*sílæknandi Sigurbjörn*
*síðelskandi á Fróni.*

Í Þingeyskum ljóðum frá 1940 má finna þessa vísu **Indriða Þórkelssonar** á Fjalli:

*Sé til lengdar barnlaus bær*
*breyskjast hjartarætur.*
*Þungt ef vantar þann sem hlær,*
*þyngra hinn er grætur.*

*Umsjón: Magnús Halldórsson*
*mhalldorsson0610@gmail.com*














Johanna Seelemann starfar á sviði vöruhönnunar, rýmisuppsetninga og efnisrannsókna. Verkið Oase skoðar aðstæður trjáa í borgarrýmum. Myndir / Eyþór Árnason

## Myndlist:

# Jarðvegurinn sem lifandi minni

Karólína Rós Ólafsdóttir
karolina@bondi.is



**Endurnýjun jarðvegs, sveppagróður og tengsl við vistkerfi eru í brennidepli á myndlistarsýningunni Himna: Goðsagnir & skáldskapur úr Jörðu sem stendur yfir í Norræna húsinu í sumar.**

Níu listamenn frá fimm löndum sem vinna í ólíkum miðlum taka þátt í sýningunni: Eglė Budvytytė, Johanna Seelemann, Urbonas Studio, sem eru þau Nomeda og Gediminas Urbonas, Linda Boļšakova, Peder Bjurman, Lucrezia Costa og Sigrún Thorlacius. Thomas Pausz, sýningarstjóri og rannsakandi, setti upp sýninguna í samtali við starfsfólk Norræna hússins, listamennina sem sýna, hönnuði og fræðimenn. Markmið sýningarinnar er að sýna jarðveg sem fjöltegunda arkíf og lifandi minni og skapa rými fyrir endurnýjuð jarðnesk tengsl sem eru handan mannmiðjunnar.

„Jarðvegurinn er mikilvægt málefni þegar kemur að vistfræði og umhverfismálum, bæði hvað varðar ræktun lands og matvæla og þegar kemur að heilsu. Okkur langaði að fjalla um þetta með vísindafólki og listamönnum og skoða hvernig list getur í gegnum ímyndunaraflið og frásagnarlist hjálpað okkur að nálgast umræðuna á nýjan máta,“ segir Thomas. Norræna húsið hélt í maímánuði málþing um mold og heimildarmyndin Planet Soil verður sýnd í lok ágúst í samstarfi við Sjálfbærnistofnun Háskóla Íslands.

### Lífræn efni í sýningarrýminu

Á sýningunni eru lífræn efni tekin inn í sýningarsalinn. Í verkum listakonunnar Jóhönnu Seelemann, sem ber titilinn Oase, styðja þrjár moldarhrúgur við terrakottakrukkur sem eru eins og vatnsgeymar. „Moldina fengum við hér fyrir utan húsið, raunar bara við hliðina á bílastæðinu,“ segir Thomas. „Norræna húsið er staðsett hér í ofboðslega fallegri náttúru við friðlandið í Vatnsmýrinni og okkur fannst mikilvægt að vera í samtali við umhverfið og taka þátt í því.“

Verk Jóhönnu skoða aðstæður trjáa í borgum og hvernig litið sé á þau sem „götuhúsgögn“ og þar af leiðandi ekki alltaf hugað að aðstæðum þeirra né mikilvægi trjáa fyrir vistkerfið. „Krukkurnar eru eins og vatnsgeymar. Þær eru grafnar í moldina við hlið trjáa til að aðstoða þau við að safna vatni. Þetta er gert á stöðum þar sem eru miklir þurrkar en hér er listakonan að skoða hvernig þetta gæti gagnast trjám í borgum þar sem landslagið sem umlykur trén er einna helst hörð steinsteypa,“ segir Thomas og útskýrir að stærð moldarhrúganna sé á við magn þeirrar moldar sem rætur trjáa hafa aðgang að í borgum.



Linda Boļšakova rannsakar tengsl manna við umhverfið og dregur fram hliðstæður milli mannlegra og ómannlegra líkamsforma.

### Vitneskja í jarðveginum

„Við erum að skoða ferli sem eiga sér stað í jarðveginum, ræktun, rotnun, jarðvegseyðingu og jarðmyndun. Öll þessi ferli tengjast tíma og gefa okkur upplýsingar um hvað er að gerast í jörðinni,“ segir Thomas. Listamennirnir nálgast efnistökin á fjölbreyttan máta en goðsagnir






Lucrezia Costa vinnur með ferla endurheimtar og viðgerðar í efnislegu, vistfræðilegu og félagslegu samhengi.



Healing Earth er listaverk eftir Sigrúnu Thorlacius og sýnir bílvél sem hefur smám saman brotnað niður vegna sveppagróðurs.



Listamannadúóið Urban Studios sýnir verk inn í vegg Norræna hússins.

og þjóðsögur eru rauður þráður í verkunum. „Fólk hefur vitað það í gegnum mannkynssöguna að jarðvegurinn sé lykilþáttur í lífi okkar en áður en við áttum smásjár og örverufræðina þá notuðum við sögur til þess að útskýra og skilja jörðina og náttúruna. Svo er hluti af þessu líka hvað varðveitist í jörðinni, hvaða fornleifar jörðin geymir og hvað þær geta kennt okkur.“

### Sveppir sem stunda þrif

Eitt af verkunum sem kom snemma inn á sýninguna var verk Sigrúnar Thorlacius sem ber titilinn *A Matter of Time (Healing Earth)*. Sigrún er líffræðingur og hönnuður og kannar hvernig líffræðileg kerfi geta mótað nýjar hugmyndir um umhyggju, umbreytingu og samvist. Í þessu tiltekna listaverki skoðar hún hvernig sveppagróður getur brotið niður eiturefni sem myndu annars menga jarðveginn. „Sigrún hefur verið að vinna með svæðið í kringum Geirsnef og skoða hvernig má stuðla að hreinni jarðvegi þar. Úrgangur og eiturefni sem lenda í jarðveginum seytlast í gegnum landið og enda í vatni eða sjó og þá geta skapast vandamál í vistkerfi hafsins,“ útskýrir Thomas. „Í þessu verki gróf listakonan upp bílvél sem var þakin olíu og sáði mismunandi sveppagróum utan á hana. Sigrún sérvaldi sveppi sem gátu brotið olíuna niður í efni sem gætu að endingu farið út í jarðveginn án þess að vera skaðleg.

Sveppurinn hefur verið á bílvélinni í 11 ár og liggur í dvala sem stendur en myndi vakna og virkjast ef hann kæmist í raka en Thomas útskýrir að það var ekki hægt að sinni þar sem Norræna húsið hefur áður þurft að kljást við rakavandamál í húsinu. „Sveppurinn er nú búinn að hreinsa upp alla olíuna og eiturefnin en næsta skref væri að finna sveppi sem gætu étið og brotið niður plastið líka. Þetta er listaverk sem mun breytast og halda áfram. Það er jákvætt að skoða hvernig við getum unnið með list og hönnun til að skilja og finna leiðir til þess að leysa vandamál með langtímalausnum í stað þess að finna skammtíma plástra sem endast ekki endilega,“ segir Thomas.

### Dans við steina og kíkt út í mýri

Linda Boļšakova leitast í sínum verkum eftir að draga fram hliðstæður mannlegra og ómannlegra líkamsforma og er á sýningunni með innsetningu og gjörning. „Linda er að skoða hvernig mannslíkaminn getur þýtt og hermt eftir hægum hreyfingum vatnsins og steintegundanna. Hún er að skoða hvernig við getum dansað við efnin og hreyft okkur eins og náttúran,“ segir Thomas.

Listamennirnir í Urbanos Studio vinna gjarnan með sérfræðingum úr ólíkum faggreinum til þess að þróa rannsóknarlíkön sem sameina aðferðir úr borgarfræðum, félagsvísindum, fræðslu, vistfræði og list. „Þau skoða hvernig mýrin getur verið þekkingarveita og í verkinu sem þau eru með hér, Swamp Intelligence, blanda þau saman myndum af byggingarformum og lífverum úr mýrarvistkerfum.“ Í myndbandsverkinu verður erfitt að greina á milli þess manngerða og þess lífræna og þar sem stafrænu myndirnar eru sýndar í holu í vegg Norræna hússins er líkt og sýningargestir séu að horfa beint út í mýrina fyrir utan.

„Þetta er einn styrkleiki bæði hönnunar og myndlistar, að hjálpa okkur að skapa nýjar tengingar og nýjar tilfinningar til lífvera og náttúrufyrirbæra,“ segir Thomas. „Að láta okkur hugsa um landið og trén og sveppina og hvernig við getum nálgast moldina og allar lífverurnar í henni annaðhvort á nýjan máta eða að endurtengjast þeim á gamlan máta sem við höfum gleymt.“









# Gíslasafn á Uppsölum

**Safn Gísla á Uppsölum verður opnað á Selárdalshátíð föstudaginn 7. ágúst næstkomandi.**

Hollvinafélag Gísla á Uppsölum var stofnað í maí til að stuðla að söfnun og varðveislu verka Gísla og til að miðla sögu hans og Uppsala. Kári G. Schram, Íris Huld Einarsdóttir og Ólafur J. Engilbertsson hafa staðið að undirbúningi að opnun Gíslasafns undanfarin ár.

„Við höfum unnið að því að endurreisa Uppsali og laga húsið, leggja þangað rafmagn og vatn og innrétta það upp á nýtt,“ segir Ólafur J. Engilbertsson. Mikil vinna hefur farið í að lagfæra veginn að Uppsölum og setja upp salernisaðstöðu og eldhús. Eftir stendur að lagfæra aðgengi að húsinu og setja upp sýninguna. „Við Kári og Íris erum í félagi um Safn Gísla á Uppsölum og höfum unnið saman að þessu verkefni í þó nokkur ár. Ég og Kári höfum einnig séð um Listasafn Samúels Jónssonar sem verður samstarfsaðili í þessu. Til að byrja með verður hægt að kaupa miða í Samúelssafni til að fá aðgang að Uppsölum,“ segir Ólafur.



Mikil vinna hefur farið í að gera upp húsin á Uppsölum.

### Eins og Gísli sé á staðnum

„Þetta verður upplifunarsýning með skemmtilegu ívafi,“ segir Ólafur. Á sýningunni verða bæði spjöld með upplýsingum og sögum, það verða ljósmyndir og hægt verður að skoða myndskeið líkt og Stikluþátt Ómars Ragnarssonar. „Það eru hinir ýmsu munir til eftir Gísla. Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti tók til varðveislu bæði hatt Gísla, jakka hans og fleiri persónulega muni sem ekki hafa sést fyrr. Þá er einnig til stóll og hluti af eldhúsinnréttingunni sem var í húsinu og er það sama eldhús og má sjá á myndum þegar Gísli fór í sjómann við Jón Pál. Þessir munir eru nú komnir til okkar og verða á Gíslasafni.“

Neðri hæð hússins er nánast komin í upprunalegt horf. „Stefnt er á að nota eldhús og herbergi neðri hæðarinnar sem gestastofu eða fyrir ferðalanga sem munu geta dvalið á staðnum og upplifað stemningu



Ólafur J. Engilbertsson.



Sólveig Ólafsdóttir.

þeirra tíma þegar heimilishald hússins var upp á sitt besta,“ segir Ólafur. „Eldhúsið hefur verið endurgert í svipuðum anda og það var en hugmyndin er að geta boðið upp á einfaldar veitingar þess tíma sem Gísli var á staðnum og matarupplifanir í tengslum við það. Einnig verða þessi rými notuð til frekari upplýsingagjafar og frásagna af Gísla, fjölskyldu, staðnum og dalnum.“ Í risi hússins var herbergi Gísla og þar hafa híbýli hans verið endurgerð í upprunalegri mynd. „Hann notaði ekkert af innri herbergjum hússins nema sitt eigið eftir fráfall móður sinnar. Markmið okkar er að fanga stemninguna sem var á meðan Gísla naut við,“ segir Ólafur.

### Ræktaði grænmeti og jarðarber

Auk þess að vera með búskap var Gísli með garð og ræktun sem hægt er að sjá fyrir utan Uppsali. „Gísli var framsýnn maður. Hann var áhugasamur um ræktun og sjálfum sér nægur. Hann fór sjaldan af bæ en ræktaði grænmeti og matjurtir og meira að segja jarðarber,“ segir Ólafur og bendir á að Gísli hafi lifað ansi sjálfbæru líferni. „Við ætlum að gera garðinn fínan og vera með upplýsingar um það sem hann var að



Gísli við mógröf í Uppsölum.

rækta þar. Þá stefnum við einnig á að hafa matjurtagarð sem við ætlum að nýta í matarveislur á staðnum.“

Sólveig Ólafsdóttir, formaður Hollvinafélags Gísla á Uppsölum, segir að félagið hafi verið stofnað til að styðja við uppbyggingu safnsins. Félagið er enn að finna sér verkefni en hefur til að mynda áhuga á því að endurprenta bókina sem kom út með verkum Gísla og hlúa að garði Gísla í samstarfi við safnið. „Hann var með þennan litla garð ekki langt frá fjárhúsunum og setti niður tré þar, svo var hann með ýmis blóm og jurtir sem hann ræktaði. Okkur langar að hlúa að þeim plöntum sem eru enn á lífi, girða garðinn og endurvekja þennan lund sem hann skapaði,“ segir Sólveig.

### Gestrisinn einstæðingur

Í stjórn félagsins eru fjölmargir sem tengjast Gísla fjölskylduböndum, fólk sem þekkti hann eða á rætur að rekja í dalinn. „Ég kynntist Gísla þegar ég var barn í dalnum. Við fórum oft að heimsækja hann og þá var okkur alltaf boðið inn. Hann bauð alltaf upp á kaffi og þó maður væri bara sjö ára þá þáði maður það. Þá kveikti hann einnig upp í kamínunni með þurrkuðum mó uppi í risi og þar bjó hann til ketilkaffi fyrir okkur og hellti í fína bolla sem hann þurrkaði úr með viskustykki. Það var upplifun að fara til hans og hann var gestrisinn,“ segir Sólveig og bætir við að samskipti þeirra við Gísla hafa alltaf verið ánægjuleg. Hún segir að hann hafi alls ekki verið ófélagslyndur þó hann hafi ekki haft mikinn félagsskap nema kindurnar.

„Það sem mér finnst fallegt við stofnun þessa safns er að hann fái uppreist æru eftir sinn dag og að við stöldrum aðeins við þá sérstöðu hans og til dæmis Samúels Jónssonar, hvað þeir bjuggu yfir miklu listrænu lífi. Það liggur töluvert eftir þá merkilegt sem var ekki öllum ljóst á meðan þeir lifðu. Svo er Selárdalur algjör töfrastaður,“ segir Sólveig.

### Opnunarhátíð í Selárdal

Safnið mun taka á sig mynd næsta mánuðinn og verður opnað á Selárdalshátíðinni föstudaginn 7. ágúst. „Þann dag verður opnunarhátíð og flott dagskrá. Fyrst verður opnun sýningar á Listasafni Samúels og svo verður farið saman þaðan og að Uppsölum þar sem safnið verður formlega opnað.“ Ólafur bætir við að á þessari hátíð verði einnig sólmyrkvasmiðja, Íslandsmeistaramót í flugdrekagerð, matarveisla og tónleikar.

„Við vonum að þetta gangi vel og fólk taki vel í þessa upplifun sem tekur á móti því á staðnum. Við stefnum svo að því að hafa opið alltaf á sumrin og fram á haust,“ segir Ólafur og hvetur fólk sem á leið um Arnarfjörð og Vestfirði að kíkja við á safninu. „Markmiðið með fjölbreyttri og alhliða upplifunarsýningu er að leyfa gestum að komast inn í daglegt líf Gísla, hans hugmyndaheim og skáldskap.“

/kró

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



• Stuttur afhendingartími
• Hágæða íslensk framleiðsla
• Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
• Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

Gastec Hurðir ehf.

Vagnhöfða 9 Reykjavík - bilskurshurdir.is - netfang: olafur@gastec.is



Hönnuðirnir Veronika Sedlmair og Brynjar Sigurðarson.
Myndir / Studio Brynjar & Veronika

# Tilraunir með að hitameðhöndla íslenskan við

**Í HAKK Gallery við Óðinsgötu í Reykjavík stendur yfir sýning á munum sem framleiddir eru úr hitameðhöndluðum íslenskum við. Hönnuðir verkanna eru hjónin Brynjar Sigurðarson og Veronika Sedlmair. Sýningin verður opin út júlí.**

Brynjar er vöruhönnuður og er Veronika innanhúshönnuður. Þau reka saman hönnunarstúdíóið Studio Brynjar & Veronika í Þýskalandi. Brynjar segir í samtali að ef ætlunin er að framleiða vörur og húsgögn á Íslandi sé mest vit í því að nota íslenskan við, enda sé meira af honum en margir telja.

„Áður en við fórum í þetta verkefni höfðum við ekki kynnt okkur íslenskan við að neinu ráði og áætluðum að birkið væri það eina sem kæmi til greina í húsgagnasmíði,“ segir Brynjar. „Við áttum svo samtal við Skógræktarfélag Reykjavíkur í Heiðmörk og sáum þá að það er nóg til af íslenskum við. Þau sögðu okkur frá öspinni, en þrátt fyrir að vaxa einstaklega vel má segja að öspin sé á vissan hátt illa liðin trjátegund á Íslandi þó svo að fá tré vaxi jafn beint og hratt.

Asparviður flokkast sem harðviður, en er einn mýksti harðviðurinn sem finnst. Öspin er almennt ljós, en svo getur hún verið skellótt. Eins er hún mjög kvistótt, þannig að það er mikið líf í henni sem getur verið fallegt út af fyrir sig. Það er hins vegar eitthvað sem hentar illa við framleiðslu húsgagna þannig að við fórum að skoða hvernig við gætum gert öspina að stöðugra og einsleitara hráefni.

Þá kom upp sú hugmynd að baka viðinn, sem nefnist einnig hitameðhöndlun eða thermo treatment á ensku. Þetta er þekkt aðferð og er auðvelt að kaupa innfluttan hitameðhöndlaðan við á Íslandi sem er gjarnan notaður í klæðningar. Ég veit hins vegar ekki til þess að viður hafi verið hitameðhöndlaður á Íslandi áður,“ segir Brynjar.



**Húsgagn smíðað úr bakaðri íslenskri ösp sem er til sýnis í HAKK Gallery.**

### Hitameðhöndlunin heppnaðist yfirleitt

„Við fengum viðarborð úr skógræktinni í Heiðmörk og þeir í Fjarðarstáli í Hafnarfirði gáfu okkur aðgang að loftþéttum og stórum ofni sem er notaður við dufthúðun,“ segir Brynjar. „Viðurinn er hitaður í einhverjar klukkustundir í súrefnisleysi við 180 til 190 gráður. Við þessa bökun karamelliserast sykurinn í viðnum og við það breytist liturinn. Þegar sykurinn er farinn er enginn matur eftir fyrir örverur. Viðurinn bakast alveg í gegn, sem er ólíkt yfirborðsmeðhöndlun þar sem kjarninn í viðnum er óbreyttur.

Sumar prufurnar enduðu sem brunarústir á meðan aðrar komu vel út. Ég held að ef við ætluðum að fara að gera þetta á stærri skala þyrfti að vera hægt að stýra ofninum mun nákvæmar, en þú vilt losna við allan raka úr viðnum áður en þú byrjar að baka hann. Eins er mikilvægt að hindra aðgang súrefnis, því að annars kviknar í viðnum,“ segir Brynjar.

### Öspin verður eins og dýr viður

„Við framleiddum bakaða viðinn úr ösp, en gerðum einnig prufur úr reynivið, birki, greni og furu sem var áhugavert að sjá,“ segir Brynjar. „Okkur finnst spennandi að geta beitt þessari aðferð til að breyta notkun viðarins, en það er mikil verðmætasköpun fólgin í því að geta gert fín íslensk húsgögn í staðinn fyrir að kurla viðinn.

Eftir hitameðhöndlunina verður þægilegt að vinna með viðinn en hann verður aðeins stökkari og losnar við alla spennu og því er hann afar stabíll. Liturinn sem kemur við bökunina minnir á margan hátt á dökkan og dýran við. Við bárum prufurnar saman við hnotu og tekk og það var varla hægt að sjá mun. Þetta er hálfgerð gullgerðarlist, því að við hitameðhöndlun á ösp verður eitthvað allt annað efni til.

Við erum með sýningu í HAKK gallery sem verður opin út júlí. Þar er bæði hægt að sjá húsgögnin sem við hönnuðum og létum húsgagnasmiðinn Gústav Jóhannsson smíða fyrir okkur og viðarprufur af nokkrum ólíkum viðartegundum sem fólk getur skoðað ef það er forvitið. Verkin eru til sölu og eru allt frá sófaborði úr bakaðri ösp og blágrýti og annar hálfgerður skúlptúr sem getur nýst sem skilrúm og var málaður af leikmyndahönnuði,“ segir Brynjar.

/ál

Langar þig að þekkja landið þitt betur?



Landvöktun
lykillinn að betra landi

Land og skógur auglýsir eftir þátttakendum í vöktunarverkefnið Landvöktun - lykillinn að betra landi

Verkefnið gefur þér tækifæri til að fylgjast með þróun gróðurs og jarðvegs á þínu landi með einföldum, fljótlegum og áhrifaríkum hætti

Umsóknareyðublað og frekari upplýsingar er að finna á
www.grolind.is/landvoktun

Fyrirspurnir skulu berast til Bjarkar Sigurjónsdóttur
bjork@logs.is eða 861-2688

Bjálkahús til sölu

Hundrað fermetra bjálkahús til sölu, með tvöfaldri þéttingu.
Þykkt á bjálka er 75x90. hentar fyrir ferðaþjónustu,
skiptist í fjórar 25 fm. stúdíóíbúðir.
Löggiltar teikningar fylgja, burðarvirki, rafmagn og lagnir.
Verð kr. 16.000.000 +vsk.
Upplýsingar í síma 655-0506 og á netfangið: gretarmoar@gmail.com





# Örlög fransk-íslenskra kartaflna



**Samkvæmt fréttum sem fara eins og stormsveipur um landsbyggðina og nær heiminn allan standa kartöflubændur frammi fyrir þeirri staðreynd að offramboð er á þessari annars ljúffengu afurð. Öruggar heimildir eru fyrir því að kynstur íslenskra kartaflna liggi undir skemmdum nú rétt áður en nýtt ræktunartímabil hefst, þá meðal annars vegna afbragðs uppskeru síðasta árs, en einnig vegna þess hve mikið innflutningur erlendra kartaflna hefur aukist síðustu ár. Sem þó einnig urðu fyrir áhrifum velsældar þegar kemur að uppskerutímum.**

Til viðbótar við yfirmáta góða uppskerutíma vilja samtök norðvestur-evrópskra kartöfluræktenda, NEPG, meina að Evrópumarkaður hafi einkennst af miklum sveiflum sl. ár. Ekki hafi bætt úr skák hressilegir innflutningstollar Bandaríkjaforseta, sem lagði innflutningstolla á evrópskar vörur – þar á meðal frosnar franskar kartöflur.

Þó við heimamenn njótum góðs af því að eiga erlendar franskar kartöflur í frystinum má velta fyrir sér, með það offramboð sem hér virðist ríkja, hvers vegna hérlend framleiðsla á frönskum kartöflum sé ekki í tísku lengur?

### Trúir þú enn á álfasögur?

Sú sorglega staðreynd, að Íslendingar þurfi að henda hráefni á sama tíma og við flytjum inn allar okkar frönskur, má að einhverju leyti rekja til örlaga Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar. Liðin er sú tíð að álfar búi til franskar, parísar, strá og skífur en í stað þess fáum við þessar hefðbundnu beint úr jörðinni í poka, hægt er að gleðja sig með grillkartöflum, forsoðnum, kartöflumús, salati og gratínum ýmiss konar. Sem er svosum ágætt. En íslenskar franskar kartöflur – nei. Rosalega mikið ekki í tísku.

Árið 1981 þóttu þær ómissandi. Skyndibitafæðið var allsráðandi en franskar þóttu einnig henta með fínni réttum. Í helgarblaði DV rétt fyrir jólin sama ár var farið yfir jólamatinn og það lostæti sem honum fylgir. Hamborgarhryggur og franskar var þar ofarlega á blaði.

Tæpum áratug síðar liggur skip Elísabetar Bretadrottningar við bryggju hérlendis en í frétt Morgunblaðsins er rætt við Jens Kristjánsson, þá framkvæmdastjóra Skipaverslunarinnar, sem sá um að útvega kost um borð í skipið. Sagði Jens að sérstök ósk hefði komið um að útvega franskar kartöflur og voru útveguð 25 kíló – en af þeim voru þó aðeins 5 kíló talin nógu góð fyrir drottninguna sem einnig bað um ferskan appelsínusafa og mangó.

Þetta sama ár, 1990, fór ein þekktasta sjónvarpsauglýsing landsins í loftið en hún vakti gífurlega athygli fyrir tæknibrellur sínar og hefur í raun skipað sér sess í íslenskri menningarsögu ... Þetta var auglýsing þeirra Þykkvabæjarmanna, Trúir þú á álfasögur þar sem hinum ýmsu tegundum djúpsteiktra kartaflna var hampað auk kartöfluflaga sem áttu engan sinn líka. En galdurinn í loftinu á víst ekki við í dag.

### Óþarfi að framleiða franskar

Samkvæmt fréttaflutningi RÚV árið 2022 kom fram að eftir nær 40 ára feril framleiðslu þessa ágætis hérlendis þótti ekki tækt að endurnýja tækjabúnaðinn í Þykkvabænum. Þetta svaraði ekki kostnaði og sagði rekstrarstjóri, (nú framkv.stjóri) Halldór Pétursson, framleiðslu frönsku kartaflnanna vera mjög lítinn hluta rekstursins sem myndi ekki hafa neikvæð áhrif sem slík á fyrirtækið.

Kartöflubændur á Suðurlandi fóru þó ekki varhluta af lokuninni – sem hafði reyndar neikvæð áhrif á þá.

Kemur annars fram á síðu markaðsstofu Suðurlands að kartöfluræktun hafi verið í Þykkvabænum síðan árið 1934 og Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar stofnuð 1981 með það fyrir augum að nýta kartöflur sem annars hefði verið hent vegna offramleiðslu. Sem væri mjög hentugt þessa dagana – að nýta það sem umfram fer af þessari gnægð kartaflna sem nú liggja undir skemmdum hérlendis.

En auðvitað geta allir gert franskar heima hjá sér. Ekki síst ef einhverjum dytti í hug að setja þessa ofgnótt kartaflna á útsölu, bæði ljótar og fallegar, og benda fólki á að nýta þær í þessa spennandi hugmynd. Heima-franskar ættu að vera til í frystinum á hverju nútíma heimili, enda endurnýting móðins nú sem aldrei fyrr.

### Ef tími er til og konur hafa gaman af ...

Reyndar má bæta við að franskar kartöflur hafa fylgt þjóðinni mun lengur en landsmenn ef til vill gera sér grein fyrir. Jafnvel þó einhverjir muni eftir heimagerðum frönskum með matnum „í gamla daga“ þá birtist nú í dagblaðinu Fálkanum, árið 1930, sérstök blaðsíða ætluð kvenfólki – titluð „Fyrir kvenfólkið“. Þar var farið yfir tísku í bland við heimsmálin, en kvenfólkinu semsé einnig bent á að ...„*Ef tími er til og konur hafa gaman af að reyna eitthvað nýtt skal þeim hér bent á hvernig matreiða má kartöflur á nýjan hátt.*“ Greinin hefst svo: „*Franskar kartöflur 1,5-2 kg fastar góðar kartöflur, 1 kg pálmafeiti. Kartöflurnar eru afhýddar, hráar og skornar í þunnar flísar, best að nota agúrkuhefil. Þær eru látnar liggja í tíu mínútur í köldu vatni og þerraðar í hreinum klút rjett áður en þær eru soðnar ...*“

Þetta, svona á meðan enginn sér sér fært að standa í verksmiðjuframleiðslu á frönskum, má reyna heima hjá sér. Með agúrkuhefli auðvitað, þeir sem eiga slíkt tæki, eða bara því sem hendi er næst ...

/sp

**NEPG** (samtök norðvestur-evrópskra kartöfluræktenda, e. North-Western European Potato Growers) eru hagsmunasamtök og markaðsvettvangur fyrir ræktendur í Belgíu, Hollandi, Frakklandi og Þýskalandi. Samtökin vinna að aukinni upplýsingamiðlun, gagnsæi og hagkvæmni í kartöflurækt.







**Sjónvarpsauglýsing Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar frá árinu 1990 er mörgum minnisstæð og sungu margir hástöfum með þegar hún birtist á skjánum.**

Kartöflur úr Þykkvabænum
þykja kjarnafæða.
Þær eru einnig ljúffengar
og lystugar að snæða.
Hitaðar í ofni eða
steiktar stutta stund.
Stráin bæðog skífurnar
létta þína lund.
Þær spara tíma og fyrirhöfn
og flestum þykja góðar
stráin bæðog skífurnar
á borðum heillar þjóðar.
Já kartöflur úr Þykkvabæ ...
Franskar, parísar, strá og skífur
þykja kjarnafæða!






## Hátíðahöld & skemmtanir í júlí....



Hér má sjá brot af því sem er á döfinni næstu vikur, þó ekki komist allt á lista.

**9.–12. júlí Grill- og tónlistarfestivalið Kótilettan** fer fram á Selfossi, en í bland við tónleikahald hefur hún fest sig í sessi sem ein stærsta grillveisla landsins. Skipa íslenskir matvælaframleiðendur stóran sess á hátíðinni og um að gera að bragða á íslensku kjöti, grænmeti og öðru góðgæti og kynna sér heitustu grillin á markaðnum í dag. Fram koma ma. Retro Stefson, Siggu Beinteins, Eirík Hauksson, Herra Hnetusmjör, Kristmund Axel, Aron Can, 12:00, Issa, GDRN, Tónhyl Akademía o.fl. Stuð sem enginn má missa af og miðar á festivalið fljótir að seljast upp. www.kotilettan.is

**9.–12. júlí Vopnaskak** – Bæjarhátíð á Vopnafirði, heilmikil dagskrá; t.a.m. kampavínshlaup, sápurennibraut og stórtónleikar með Herberti Guðmunds ásamt fleiri hetjum.

**9.–12. júlí Støð í Stöð** – Bæjarhátíð á Stöðvarfirði - nú í 30 ár. Pétur Jóhann verður með uppistand, hoppukastalar, partíbingó, froðuhlaup og bubblubolti er meðal þess sem gestir geta skemmt sér við á þessari frábæru hátíð.

**10.–11. júlí Hríseyjarhátíð** – boðið er upp á fjölskylduvæna dagskrá sem felst m.a. í óvissuferðum um eyjuna, garðakaffi, kvöldvöku, varðeld og söng.

**10.–11. júlí Heima í Hólmi** – Heljarinnar tónlistarhátíð á Stykkishólmi.

**10.–12. júlí Flughátíðin á Hellu** Stanslaust stuð alla helgina, karamelluригning og skýlisball svo eitthvað sé nefnt.

**10.–12. júlí Náttúrubarnahátíð á Ströndum** Skemmtileg fjölskylduhátíð haldin á Sauðfjársetrinu rétt fyrir utan Hólmavík. Fróðleikur, útivist og fjör.

**15.–19. júlí Húnavaka –** Bæjarhátíð Blönduóss fer fram og þétt dagskrá verður í boði. Götugrill, kótilettukvöld, torfæra, bókamarkaður, golfmót, gömludansaball og vöfflurölt svo eitthvað sé nefnt!

**17.-18. júlí Hlaupahátíð Vestfjarða** fer fram, skráning og frekari upplýsingar má finna á vefsíðunni www.hlaupahátíð.is eða í síma 695 2222
**17.-19. júlí Götubitahátíðin í Reykjavík** Frábær fjölskyldudagskrá og stemning verður að venju í Hljómskálagarðinum.

**18.-19. júlí Miðaldadagar á Gásum**
– Kaupskapur, handverk og ýmis skemmtun.

**18.-19. júlí Bæjarhátíð Þórshafnar, Kátir dagar** Ratleikur, tónlistarbingó, handverksmarkaður, Color Run, lasertag og dansleikur með Færibandinu á Holtinu. Þar er 18 ára aldurstakmark (afmælisdagurinn gildir) og kostar kr. 6000 við hurð.

**18. júlí Bryggjuhátíð á Drangsnesi fagnar 30 ára afmæli og verður haldið upp á tímamótin af öllum kröftum.**

**17.-19. júlí Ögurhátíðin vinsæla í Ísafjarðardjúpi** fer fram í samkomuhúsinu Ögri, en innifalið í miðaverði er tjaldsvæði, rabarbaragrautur og Ögurballið.

**16.-20. júlí Franskir dagar** – Bæjarhátíð á Fáskrúðsfirði fer fram að venju og verður mikið um dýrðir enda 30 ára afmælishátíð. Emmsjé Gauti kemur fram á Brekkutónleikum hátíðarinnar og tekur þátt í fjölskyldudagskrá. Skítamórall leikur svo fyrir dansi á stórdansleiknum í ár og eins fer fram Sumarfjarðaball fyrir ungmenni fædd 2008-2013. Þar mun Daniil mæta á svæðið ásamt DJ Loga Snæ. Allt þetta og miklu meira er hægt að kynna sér á Facebook-síðu Franskra daga.

**18.-20. júlí Sápuboltinn fer fram á Ólafsfirði,** en þar verður af ýmsu að taka. Páll Óskar heldur uppi stuðinu í Tjarnaborg á föstudeginum, farið verður í sápubolta og BMX Brós sýna listir. Aron Can, Birnir, Daniil og Flóni koma svo fram í lokapartí laugardagsins og halda stuðinu áfram í Tjarnaborg.

**25. júlí Trilludagar,** fjölskylduhátíð á Siglufirði, útsýnissiglingar, grill, hoppukastalar og Bryggjuball svo eitthvað sé nefnt.

**25. júlí Bræðslan,** tónlistarhátíðin alkunna á Borgarfirði eystri opnar dyr sínar að venju eitt kvöld á ári, síðasta laugardagskvöldið í júlí. Í vikunni fyrir Bræðslu bjóða Borgfirðingar þó upp á ýmiss konar viðburði sem hægt er að fylgjast með á samfélagsmiðlum.

**23.-26. júlí fara fram Mærudagar Húsavíku þar sem verður tívolí, tónleikar og margt margt fleira.**

**23.-26. júlí Eldur í Húnaþingi - Bæjarhátíð Hvammstanga** býður gestum upp á mikið stuð enda eru miðar nær uppseldir. XXX Rottweiler stíga á stokk, Friðrik Dór, Papar, Herbert Guðmundsson, Kristmundur Axel og margir fleiri halda uppi stuðinu.

## ... og ágúst

Ýmislegt verður um að vera um verslunarmannahelgina, en Bændablaðið er annars á leið í sumarleyfi þar til 13. ágúst.
Hér eru nokkrar hátíðir verslunarmannahelgarinnar, svona sirka frá föstudeginum 31. júlí til mánudagsins 3. ágúst.

Innipúkinn í Reykjavík - Neistaflug - Fjölskylduhátíð í Neskaupstað - Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum - Unglingalandsmót UMFÍ
Síldarævintýri á Siglufirði - Sæludagar KFUK og KFUM - Kotmót Hvítasunnukirkjunnar - Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð - Ein með öllu og Íslensku sumarleikarnir á Akureyri - Norðanpönk í Laugarbakka Vestur-Húnavatnssýslu - Árlegt ættarmót paunkara.
Flúðir um versló - Bæjarhátíð á Flúðum - Hraunborgir í Grímsnesi ... svo við minnumst nú á eitthvað. **Snjáfjallasetur** verður einnig með fjölskylduhátíð um verslunarmannahelgina með leikjum, viðburðum og tónlistaratriðum, en nánari upplýsingar má finna á www.snjafjallasetur.is

Fyrir þá sem eru óþreyttir viku síðar má leita uppi bæjarhátíð Þorlákshafnar, Hamingjuna við hafið, dagana 5.-10. ágúst, drífa sig á árlega leiklistarhátíð Act Alone á Suðureyri dagana 6.-8. ágúst, eða líta við á Hvanneyri þann 8. ágúst, og virða fyrir sér traktora eða líta á handverks- og matarmarkað, nú eða eða taka þátt í gleðigöngunni í Reykjavík sem fer fram sama dag.

**12. ágúst Listasafn Samúels á Vestfjörðum** verður þá með sólmyrkvahátíð, en hægt verður að tjalda, fá leiðsögn, hlýða á tónlist og njóta matarveislu þennan magnaða dag. Miða má nálgast á tix.is og gott að hafa tímann fyrir sér!

Gleðilegt sumar!




ÓDÝR
gleraugu
umgjörð og gler

Gleraugu með glampa og rispuvörn
19.900 kr.
Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

Margskipt gleraugu
39.900 kr.
Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002

OPTIC REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN

Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi með eða án rekstrar.
Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.
Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali,
s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is
Eignatorg
Syðsta-Mörk, 861 Hvolsvöllur

Stíflubjónusta Sævars Selfossi
Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com
Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.
Yfir 20 ára reynsla

Stólpi




Vantar þig geymslupláss?
Við bjóðum upp á tvo þægilega valkosti fyrir geymslu gáma, eftir því hvað hentar þínum þörfum best

24/7 geymslugámur
Þjónustusvæði með 24/7 aðgangi að læstu geymslusvæði alla daga vikunnar. Þú hefur fulla stjórn á aðgengi að gámnum þínum þegar þér hentar.

Langtíma geymslugámur
Gámurinn er geymdur á tilteknum stað. Aðgangur er veittur með dags fyrirvara, sem hentar vel fyrir lengri geymslu án daglegrar notkunar.

Hafðu samband í **422-1230** eða **stolpigamar@stolpigamar.is** og fáðu frekari upplýsingar um geymslulausnir Stólpa.

Staðsetning er að Gullhellu 2, 221 Hafnarfirði og aðeins gámar í eigu Stólpa eru geymdir á svæðinu.

Bókaðu geymslupláss á www.stolpigamar.is

Segðu BLESS við óværuna!




YKKAR pest control
BANINN SEM VIRKAR
-fæst í öllum betri landbúnaðar- og byggingavöruverslunum

## Hannyrðir:

# Skagaprjónspeysa




Íslensk textílsaga á mikið að þakka frumkvöðlum sem mótuðu listsköpun úr innlendu hráefni. Á meðal þeirra fremstu var prjónahönnuðurinn Astrid Ellingsen, fædd árið 1927, en verk hennar áttu stóran þátt í að breyta sýn fólks á íslensku lopapeysuna á síðustu áratugum tuttugustu aldar. Hún lést árið 2006, en eftir hana liggur ríkulegur hönnunararfur sem lifir enn góðu lífi meðal nýrra kynslóða þeirra sem stunda prjónaskap. Mynstrin má meðal annars kaupa á netinu á vefsíðunni www.lopidesign.is.

Astrid bjó yfir meðfæddri sköpunargáfu og einstakri næmni á handverki en á blómatíma ullarverksmiðjunnar Álafoss varð hún einn afkastamesti hönnuður landsins og hlaut hönnun hennar mikla og verðskuldaða athygli. Til viðbótar við Álafoss hannaði Astrid einnig fyrir aðrar innlendar verksmiðjur á borð við Skagaprjón hf. sem stofnað var á Akranesi árið 1970.

Hér bjóðum við lesendum upp á skemmtilega uppskrift að Skagaprjónspeysu, handverki sem birtist í Heimilistímanum árið 1976 og merkt Astrid Ellingsen. Þökkum Ernu Svölu Ragnarsdóttur, dóttur Astridar, góðfúslegt leyfi til þessarar birtingar. /sp

**Stærðir:**
LS - LM - LL/MS - MM - ML
(Lítil-, meðal- og stór kvenstærð / lítil-, meðal- og stór karlastærð)

**Efni:** Lopi. Hringprjónar, 40 og 70 cm langir, nr. 3K og nr. 5.

**Prjónafesta:** 14 1 og 16 umf með prjónum nr. 5: 10x10 cm. Breytið um stærð á prjónum, ef með þarf til þess að ná réttri prjónafestu.

| | LS | LM | LL/MS | MM | ML |
|---|---|---|---|---|---|
| **Lopi:** | | | | | |
| hvítt (51) | 500 g | 500 g | 600 g | 600 g | 600g |
| mórautt (53) | 200 g | 200 g | 300 g | 300 g | 300g |
| sauðsvart (52) | 200 g | 200 g | 200 g | 200 g | 200g |

**Bolur:** Fitjið upp á prjóna nr. 3½ með hvítum lopa og tengið saman í hring.

| LS | LM | LL/MS | MM | ML |
|---|---|---|---|---|
| 128 1 | 138 1 | 148 1 | 158 1 | 168 1 |

Prjónið brugðningu 1 sl, 1 br.

| LS | LM | LL/MS | MM | ML |
|---|---|---|---|---|
| 6 cm | 6 cm | 7 cm | 8 cm | 8 cm |

Skiptið um á grófu prjónana og aukið 12 1, jafnt yfir 1. umferð í

| LS | LM | LL/MS | MM | ML |
|---|---|---|---|---|
| 140 1 | 150 1 | 160 1 | 170 1 | 180 1 |

Byrjið að prjóna munstur og prjónið eftir teikningu, það til bolurinn mælist

| LS | LM | LL/MS | MM | ML |
|---|---|---|---|---|
| 62 cm | 65 cm | 68 cm | 71 cm | 74cm |

eða óskuð lengd er fengin, mæld frá öxl. Endið á samskeytum.

Setjið

| LS | LM | LL/MS | MM | ML |
|---|---|---|---|---|
| 30 1 | 31 1 | 32 1 | 33 1 | 34 1 |

á þráð f. öxl. Setjið næstu

| LS | LM | LL/MS | MM | ML |
|---|---|---|---|---|
| 20 1 | 22 1 | 24 1 | 26 1 | 28 1 |

á ermaprjóninn nr. 3½.

Setjið þá aftur á þráð f. hina öxlina

| LS | LM | LL/MS | MM | ML |
|---|---|---|---|---|
| 40 1 | 44 1 | 48 1 | 52 1 | 56 1 |

og næstu

| LS | LM | LL/MS | MM | ML |
|---|---|---|---|---|
| 30 1 | 31 1 | 32 1 | 33 1 | 34 1 |

á ermaprjóninn.

Að síðustu eru

| LS | LM | LL/MS | MM | ML |
|---|---|---|---|---|
| 20 1 | 22 1 | 24 1 | 26 1 | 28 1 |

settar á þráð f. öxl.

Prjónið nú kragann með þeim lykkjum, sem á prjóninum eru, í hring með hvítu, 1 sl, 1 br, þar til kraginn mælist

| LS | LM | LL/MS | MM | ML |
|---|---|---|---|---|
| 12cm | 12cm | 13 cm | 14 cm | 14 cm |

Fellið þá af í brugðningu.

Lykkið saman axlimar með hvítu.

**Ermar:** Fitjið upp með hvítu á prjóna nr. 3½

| LS | LM | LL/MS | MM | ML |
|---|---|---|---|---|
| 32 1 | 34 1 | 36 1 | 38 1 | 40 1 |

og prjónið brugðningu 1 sl, 1 br.

| LS | LM | LL/MS | MM | ML |
|---|---|---|---|---|
| 6 cm | 6 cm | 7 cm | 8 cm | 8 cm |

Ekki er ástæða til að tengja saman, fyrr en eftir brugðninguna, ef þröngt er á prjóninum. Er þá brugðningin saumuð saman á eftir. Skiptið um prjóna og aukið jafnt út í 1 umf, í

| LS | LM | LL/MS | MM | ML |
|---|---|---|---|---|
| 40 l | 40 l | 50 l | 50 l | 60 l |

Byrjið á munstrinu. Merkið 1. 1 í umf. og aukið út í 1 1 sitt hvoru megin við hana í 8. hverri umferð 5 sinnum

| LS | LM | LL/MS | MM | ML |
|---|---|---|---|---|
| 50 l | 50 l | 60 l | 60 l | 70 l |

Prjónið, þar til ermin mælist

| LS | LM | LL/MS | MM | ML |
|---|---|---|---|---|
| 51 cm | 52 cm | 53 cm | 54 cm | 5 cm |

Hættið þá að prjóna munstrið, en prjónið fram og aftur með hvítu, 5 umf garðaprjón.
Fellið laust af.

Mælið eftir breidd ermarinnar að ofan, hversu langt ermaopið þarf að vera. Saumið í vél 2 sauma niður að merkinu og klippið á milli þeirra. Saumið ermarnar í þannig, að garðaprjónskanturinn hylji sárið á röngunni. Saumið ermarnar í frá réttunni með því að taka 1 spor innan við vélsauminn á bolnum og 1 spor innan við garðaprjónskantinn á erminni. Snúið peysunni við og saumið garðaprjónskantinn laust niður á röngunni. Gangið frá öllum lausum endum og pressið peysuna að undanskildum brugðningunum.

*Prjónauppskrift: Astrid Ellingsen*






Minjar:

# Bærinn undir sandinum

## – Merk rannsókn á Grænlandi



**Birna Lárusdóttir**
birnalar@gmail.com


Haustið 1990 gerðu tveir grænlenskir hreindýraveiðimenn merkilega uppgötvun á afskekktum stað innarlega í svonefndum Lýsufirði (gr. Ameralik) vestan til á Suður-Grænlandi. Þeir tóku eftir hleðslum og öðrum mannvistarleifum sem gægðust út úr rofi við bakka jökulfallsins Naajat Kuuat þar sem áin hafði sópað jarðvegi frá. Þar blöstu við leifar af byggingum, bein úr skepnum, ullar- og viðarleifar. Þjóðminjasafni Grænlands var gert viðvart um fundinn og í kjölfarið hófst merkilegur björgunaruppgröftur sem haldið var úti við ótrúlega krefjandi aðstæður næstu sex árin. Þurfti að sæta lagi eftir að snjóa hafði leyst, koma fólki og búnaði á staðinn með þyrlu og grafa í örfáar vikur þar til snjóbráð hafði náð hámarki og jökuláin tók að flæða inn í rústirnar. Þær reyndust vera af óþekktum bæ, en áður voru vel þekktar byggðir norrænna manna bæði í Eystri- og Vestribyggð. Þessi tiltekni bær hefur tilheyrt þeirri síðarnefndu.

Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur, sem starfaði um áratuga skeið á Þjóðminjasafni Íslands, tók virkan þátt í rannsókninni og er hann einn aðalhöfunda merkilegrar bókar um uppgröftinn sem kom út á dögunum í ritröðinni Ólafíu á vegum Félags fornleifafræðinga og Þjóðminjasafns Grænlands. Þetta er stórfrétt, enda er rannsóknin talin ein sú allra mikilvægasta sem gerð hefur verið á miðaldabæ á Norður-Atlantshafssvæðinu og mikill fengur að því að fá hana útgefna. Hér er varpað ljósi á byggingarsögu grænlenska bæjarins og dregin upp önnur og nákvæmari mynd af þeirri þróun en áður hafði þekkst. Ljóst er að bærinn tók sífelldum breytingum og reglulega breyttu rými um hlutverk og nýjum var bætt við. Sem dæmi um þetta má nefna



**Guðmundur Ólafsson í tjaldi sínu á Grænlandi sumarið 1992.**

skepnuhús, líklega fjárhús, sem var reist á grunni eldra íveruhúss á 14. öld. Í því fundust ummerki um að skepnur hefðu verið tjóðraðar, leifar af undirburði eða fóðri í gólfinu og auk þess mikið af spörðum úr sauðfé eða geitum sem halda enn lögun sinni og eru fersk að sjá, gott dæmi um hina frábæru varðveislu á staðnum.

Bæjarhóllinn spannar 350 ára búsetu. Elstu byggingar á staðnum eru taldar vera frá því um 1050, en fyrstu norrænu mennirnir stigu fæti á grænlenska jörð nokkrum áratugum fyrr. Byggðin á þessum ónefnda bæ varði allt fram undir lok 14. aldar en þá virðist sem íbúarnir hafi tekið eigur sínar og haldið á brott. Meira að segja sjást merki um að vaðmálsdúkur hafi verið skorinn í skyndi frá vefstað og haft með. Nokkru síðar taka byggingar að hrynja en þó sjást merki um mannaferðir, nánar tiltekið hafa Thule-inúítar dvalið þar um tíma og kveikt eld. Auk þess er ljóst að sauðfé og geitur hafa verið á beit kringum hrörnandi húsin um tíma og ranglað þar inn og út. Ein geitanna bar raunar beinin inni í húsunum og fannst beinagrindin þar í heilu lagi. Bent hefur verið á að þetta rími vel við frásögn Ívars Bárðarsonar, norsks prests, sem sendi menn úr Eystri-byggð í Vestribyggð til að reka burt




skrælingja á síðari hluta 15. aldar. Þá voru byggðirnar auðar og enginn maður sást en búsmalinn var enn á beit.

Rannsóknin í Lýsufirði markar tímamót í skilningi á þróun miðaldabæjar á norðurslóðum. Í því samhengi má geta þess að hér á Íslandi eigum við eitt stórmerkilegt dæmi um yfirgripsmikla rannsókn á bæjarhól sem nær yfir tímabilið allt frá víkingaöld og fram yfir 1800 – á Stóruborg undir Eyjafjöllum. Líkt og í Lýsufirði var bæjarhólnum ógnað af ágangi bæði vatnsfalla og sjávar. Uppgröfturinn var gerður á vegum Þjóðminjasafns Íslands og stýrt af Mjöll Snæsdóttur sem lést nýverið, en í ár eru 36 ár síðan honum lauk. Kannski gæti útgáfan um bæinn undir sandinum á Grænlandi orðið hvatning til að veita fjármagni svo unnt sé að ljúka þeirri útgáfu með sóma.


CONSENSA
INNKAUPAÞJÓNUSTA
Við veitum viðskiptavinum okkar innkauparáðgjöf og innkaupaþjónustu og tökum að okkur framkvæmd útboða, óháð tegund innkaupa
• • •
www.consensa.is - consensa@consensa.is






VERKVAL EHF.
Bjóðum upp á eftirtalda þjónustu:
- Holræsahreinsun/lagnahreinsun
- Rotþróarhreinsun
- Götu- og gangstéttasópun
- Lagnamyndun
- Stíflulosun

Hægt er að hafa samband við Verkval ehf.
í síma: 892-3762
eða senda póst á netfangið: verkval@verkval.is








**Rebekka Karolína Björgvinsdóttir** Hér höfum við konu sem alla dreymir um! Hjartahlý og brosmild allan hringinn, hörkutól OG kona með kvóta og kýr. Stærsta skilyrði er ást á hrossum og að koma fram við dýr og fólk af virðingu, skemmir ekki fyrir ef hann er góður kynbótagripur. Það fylgir sætt og fyndið stúlkubarn með í þessum pakka ... segir vinkona Rebekku sem skrifar þennan texta.




**Lárus Jóhannsson** *Já, kominn með nóg af einhleypingsskap. Árg. '54 í góðu formi, nálægt kjörþyngd. Rólyndur, skapgóður, heiðarlegur, traustur, með góðan húmor, handlaginn. Áhugamál: Hönnun, smíðar, útivera í náttúrunni, sagnfræði, bókmenntir o.fl. Óska eftir maka sem hefur svipaða eiginleika m.a. Bý í Reykjavík en á mér líka athvarf á Ströndum.*



**Ósk Reynisdóttir** Ég leita að manni sem er duglegur, handlaginn og til í smá bras. Hjálpar til ef hann getur lagað Cruiser og hefur áhuga á kindum. Sjálf er ég frekar róleg og hjálpsöm með menntun í búfræði og búvísindum. Ég hef mikinn áhuga á kindum og hestum. Bý í Mosfellsbæ en er með annan fótinn á sveitabæjum hér og þar um landið. Er ekki að leita að prinsi á hvítum hesti en bóndi á dráttarvél kemur vel til greina.



**Hildur Þórsdóttir** Leita að manni með húmor, dugnað og helst smá handlagni. Bónusstig ef þú hefur gaman af kindum. Stofninn er lítill, en arfgerðargreiningin er góð. Sjálf er ég róleg Snæfellsnestútta frá Snæfellsbæ.



**Daði Geir Samúelsson** 32 ára, alinn upp á kúabúi í Hrunamannahreppi og rekstrarstjóri hjá Sólskins grænmeti á Flúðum. Ég eyði dögunum innan um dísæt jarðarber og ferskt grænmeti, en nú vantar mig líka dísæta skvísu til að njóta lífsins með. Það væri kostur ef hún hefði gaman af sveitalífinu, útivist og tæki lífinu hæfilega alvarlega.



**Ólafur Auðunn Steinþórsson** 35 ára fullvaxið karldýr, tveggja manna maki, faðir, vinur, sonur, barnsfaðir … draumakonan þarf að vera lagleg og fyndin, bið ekki um mikið. Dýrfirðingur, Mýrhreppingur.



**Bríet Auður Baldursdóttir** er 26 ára gömul og orðin þreytt á því að vera single. Er með blandað bú, hesta,naut og kindur, og henni fylgir einn lítill snáði sem er að verða 5 ára Bríet býr í Landeyjum og rekur einnig lítið sveitahótel með fjölskyldu sinni þar. Eins og má sjá þá er nóg að gera. Enda best að heyra í henni þegar kemur að hausti. Maki þarf að vera heiðarlegur, snyrtilegur og duglegur vinnukall (svo hægt sé að nota hann). Ekki væri verra ef kauði er með lyftarapróf.



**Elísabet Ólafsdóttir** Draumabóndinn er lífsglaðu og jákvæður – sjálf er ég sveitasinnuð hestakon og búkona góð af Suðurlandi.

Ég er alveg ágæt kona
elskuleg og iðin
útlitið er svona og svona
sérlega vel liðin.
Lífsglaður, góður og ljúfur maður
vongóð leita þar til ég finn
á hestum hann gjarnan má syngja svo glaðu
er hér að finna bóndann minn.



**Ása Dóra Finnbogadóttir** einstök móðir 4 ára stelpuskotts býr í Húsey í Skagafirði, ásamt tík af íslensku fjárhundakyni, sem er eina húsdýrið á bænum – enn sem komið er. Vinkona hennar skrifar; "Ása Dóra þússar nú veiðihárin og bíður eftir stórskemmtilegum, hressum manni til að bralla hitt og þetta með. Aðallega hitt. Langur listi er til yfir mannkosti þess sem kemur til greina, en ekki er verra að álitlegt mannsefni sé barngóður, hafi gaman af ævintýrum, geti tekið til hendinni og hafi hressan og góðan húmor. Svo skiptir auðvitað mestu að neistinn sé til staðar!"



**Bryndís McFadden Ragnarsdóttir (Blómarósin)** Sveitin hefur alltaf átt sérstakan stað í hjarta mínu, sérstaklega kýrnar. Vorið 1984 fór ég í Bændahöllina við Hagatorg í þeirri von að komast í sveit. Mér bauðst að leysa af í þrjár vikur á bóndabæ á Suðurlandi, en úr varð að ég var þar allt sumarið. Minningarnar þaðan hafa fylgt mér æ síðan og nú langar mig aftur að tengjast sveitalífinu og kúabúskapnum.



**Bjarki Leó Brynjarsson** Ungur maður, 22 ára gamall ættaður frá Selfossi. Áhugamál, íslensk náttúra, hekl og er mikill vélakall (dráttavélar og því um líkt).



**Sara Hrönn Viðarsdóttir** frá Brakanda í Hörgársveit Draumaprinsinn minn er ekki á hvítum hesti, frekar á áttavilltri skjaldböku fyrst hann er ekki enn mættur til mín!! Hann mætti endilega vera skemmtilegur, með góðan húmor, heiðarlegur, traustur, hreinskilinn og með fallegt bros. Má líka vera smá kjánalegur, get stundum verið það líka. Það væri stór plús ef hann er kúabóndi og með rauðan blæ í hári og/eða skeggi svo fyrrum verknámsbóndinn minn samþykki hann mér til handa! Ég sjálf er fædd og uppalin í sveit (kýr og kindur) og menntaður búfræðingur, á nokkrar ær í ýmsum litum í sveitinni. Er sjálf róleg, heimakær, umhyggjusöm, með frábæran húmor, ákveðin, hreinskilin og heiðarleg. Hef gaman af flest allri tónlist, fylgist með handbolta, elska góðan og hollan mat en líka alvöru sveitamat. Finnst gaman að dansa (vantar dansfélaga), göngutúrar í náttúrunni er hreyfing sem ég hef gaman af, ekki verra ef draumaprinsinn hafi gaman af einhverri þess háttar hreyfingu.

# Ást á tímum Bænder

Þetta frumstæða afl sem býr í okkur öllum og tekur yfir án þess að við fáum nokkru við ráðið. Því má líkja við stormsveip í brjóstinu, villtan hest eða skógareld sem getur skilið eftir sig rústir jafnt sem rósagarða ... uppsprettu allrar fegurðar sem þó getur brotið allar reglur rökseminnar ... eins og þeir sem einhvern tíma hafa orðið ástfangnir geta eðlilega vitnað um.

Yfir áratugina hefur ástin birst á ýmsa vegu. Ekki er langt síðan fólk á öllum aldri sat afar spennt við útvarpstækin þegar vinsældalistar útvarpsfréttanna loguðu og á milli laga las þulurinn upp viðlíka kveðjur: *„Eldheitar ástar- og stuðkveðjur til Þórdísar Sifjar með laginu Miss Flower eftir Emilíönu Torrini ... frá leyndum aðdáanda.“*

En nú er sagan önnur og því miður virðist sem þessar æsilegu kveðjur ljósvakans séu liðnar undir lok. Rómantíkin í andarslitrunum enda situr stór hluti landsmanna með símann við andlitið í stað þess að fá sér gönguferð í ísbúðina með ástvinum sínum. Nú þykir eðlilegt að leita sér fanga á einkamal.is eða fara á svokölluð stefnumótaöpp á borð við Feeld eða Tinder.

Við hér á Bændablaðinu erum ekki alveg til í svo tölvuvædda framtíð og berjum í borðið. Fyrst endurvöktum við rómans einkamáladálks smáauglýsinganna. Næst tókum við til þess bragðs að birta síðu í blaðinu ætlaða einhleypu fólki á landsbyggðinni. Miðað við fiðringinn sem fór um landið eftir þá lesningu gengum við í málið aftur nú í síðasta blaði fyrir sumarfrí og settum út netin fyrir einhleypa einstaklinga hvaðanæva að af landinu – því jú, Bændablaðið er allra.

BÆNDER er mættur aftur og fyrir þá sem hafa áhuga á frekari kynnum sem hér birtast mega hafa samband við okkur á blaðinu – nú eða leita viðkomandi uppi á samfélagsmiðlum.

Við elskum ykkur öll og bjóðum gleðilegt sumar. Njótið lestursins. Ekki hanga í símanum.



**Embla Dögg Bachman** (f. 1998) Fyrrverandi sauðfjárbóndi! Ég er að leita að þroskuðum, góðum og umburðarlyndum manni sem hefur húmor og tekur lífinu ekki of alvarlega. Einhverjum sem er til í bæði skipulögð plön og spontant ævintýri. Sveitaáhugamaður er klárlega kostur. Ég er móðir fjögurra – og ef það hræðir þig, þá erum við líklega ekki að leita að því sama. Líf mitt er gott eins og það er, svo ef þú ætlar að verða hluti af því þarftu að gera það enn betra. Stefnumótaöpp hafa ekki heillað mig, svo bjóddu mér bara á deit. Kannski virkar gamla góða deitmenningin enn.

Og hver veit… kannski er afi bara að auglýsa jörðina sína um leið.



**Isaiah Cedron Dodson** (f. 1996) kallaður Isa er frá Appalachia-fjöllum í Bandaríkjunum en býr á Seyðisfirði. Hann er lærður smiður og mjög laginn við það, sannkallaður himnasmiður eins og margir komast að orði fyrir austan. Hann langar í stóran hund og hesta. Er bæði mikill dýravinur og mikill veiðimaður. Hann á land á Seyðisfirði en langar að eignast stærri jörð, á bíl og breiðan faðm. Hann vantar hjartahlýja góða konu sem hefur sama áhuga á landi og náttúru og hann. Hann er með einstaklega fagra söngrödd en þó feimna og væri kostur að maki myndi tæla sönginn upp á yfirborðið. Honum þætti gaman að fá póstkort eða bréf austur, segir sá sem þetta skrifar.



**Pálína Sif Gunnarsdóttir** Ólst upp í litlu sveitaþorpi norður í landi, ég syng í hestakór og er ágætlega reiðfær eins og Skagfirðingi sæmir. Nýt þess að ferðast, spila golf, veiða, vera með fjölskyldu og vinum, syngja og samvera með kórnum mínum. Sá sem ég hrifist af þyrfti sennilega að vera með eitthvert sameiginlegt áhugamál, að auki góður kokkur, vinur, heiðarlegur og ekki verra ef hann væri nokkuð laghentur. Stór fjölskylda ekkert vandamál. Við erum komin á þann stað í lífinu að það þarf ekki að flækja hlutina – bara hafa gaman saman.



**Ragnheiður Elín Gunnarsdóttir** Vinnur á kúabúi hjá þeirri sem þetta skrifar, hún er sjálf sauðfjár- og hrossabóndi. Ragnheiður er með stórt hjarta og frábær í alla staði, hún er fyndin og getur allan andskotann, ef það er eitthvað í skralli þá hringir maður í Ragnheiði. Hana dreymir um að finna einhvern dýravin sem finnst gaman af lífinu og finnst ís góður. Ekki verra ef sá og hinn sami sé vöðvastæltur og nautsterkur.
... segir vinkona Ragnheiðar sem skrifar þennan texta.
















Matarkrókurinn:

# Hann setur ekki grillið inn




**Hafliði Halldórsson**
hafliði@icelandiclamb.is




Við neitum að víkja frá grillinu hvað sem lægðum og hæðum veðurfarsins líður. Fyrirsögnin er tekin að láni úr texta meistarans Prins Póló og Hjálma við lagið stórgóða „Grillið inn“ sem er auðvitað tilvalið að hlusta á yfir glóðarsteikingunni, enda var skáldinu grillið ofarlega í huga og tengdi alltaf þráðbeint í þjóðarsálina með þetta sem önnur yrkisefni.

Lamb er í efstu hillu þess sem við getum yljað á grillgrindinni í okkar íslensku sól eða rigningu, enda víðast uppáhalds hér á skerinu af ofureðlilegum ástæðum.

Kótelettur eru í uppskriftinni en þið vitið auðvitað að hér er lítið mál að skipta þeim út fyrir aðra og minna þekkta bita af lambakjöti. Eins og t.d. framhryggjarsneiðar sem eru bragðmiklar og innihalda töluverða fitu sem skilar sér í safaríkri steik.

Vegna fitunnar í lambakjöti er mjög mikilvægt að passa grillið og fylgjast með til að kjötið brenni ekki. En nóg er nú komið af bullinu, hellum okkur í sjálfa uppskriftina. Sósuóður landinn þarf ekkert að óttast þó engin sé rjóma eða smjörsósan, í bygginu eru bæði smjör og rjómi sem koma í stað sósunnar í þessu tilfelli.

Auk þess sem við notum ögn af edikssósu, svokallaðri „vinaigrette“ sem er líka fínasta tilbreyting.

***Grillaðar kótelettur og spergilkál***
***1 kg lambakótelettur***
***¼ tsk. chiliduft***
***½ tsk. broddkúmenduft***
***½ tsk. hvítlauksduft***
***1 dl matarolía***
***1 spergilkál***

Blandið kryddinu saman með ögn af olíu og penslið á kóteletturnar, látið standa á meðan þið undirbúið allt annað en það sem gerist á grillinu.

Skerið spergilkálið í nokkra stóra bita, leyfið stilknum að halda sér að mestu. Hitið grillið og saltið kjötið fyrir eldun, grillið eftir smekk og piprið eftir eldun.

Best er að pensla ögn af olíu á spergilkálið og salta fyrir eldun og sama gildir hér að elda eftir smekk, það getur verið þægilegt að ljúka elduninni á kálinu í ofninum eftir að það hefur fengið sinn tíma á grillinu.

***Rjómasoðið bygg***
***150 g bygg frá Móðir Jörð***
***1 laukur***
***1 box sveppir***
***2 dl olía***
***2 msk. eplaedik***
***50 g smjör***
***handfylli Feykir***
***1 dl rjómi***

Skolið byggið og setjið í pott ásamt 3 dl af vatni, saltið og sjóðið þar til er orðið mjúkt, tekur um 30-40 mín. Saxið sveppi og steikið í olíunni þar til brúnast, saxið lauk og bætið í pottinn og svitið. Bætið ediki við og svo byggi og ögn af vatni. Hitið að suðu og bætið þá við rjóma og rífið ostinnn fínt yfir, takið af hitanum, hrærið smjöri við og saltið til með salti og e.t.v. meira eplaediki.

***Edikssósa***
***2 dl góð ólífuolía***
***1dl balsamic edik***
***Salt***
***Pískið saman***
***og smakkið til með salti.***

***Auka meðlæti á grillið***
Oft er fólk fast í sama farinu hvað meðlæti á grillið varðar og eru kannski að rembast eins og blessuð rjúpan við staurinn með hráar risastórar bökunarkartöflur á pínulitlu grilli sem eðlisfræðin afgreiðir fljótt sem alls ómögulegt. Nema fólk hafi ótakmarkaða þolinmæði eða kunni vel við að borða hráar kartöflur? Kannski mætti prófa eitthvað af þessu í staðinn:

● Rótargrænmeti skorið í stóra munnbita, kryddað með hvítlauk og blóðbergi og eldað í bakka á grillinu.

● Sætar kartöflur í um ½ cm sneiðum, penslaðar með olíu og grillaðar

● Portobellosveppi, takið stilkinn úr og penslið með hvítlauksolíu og grillið þar til eru eldaðir í gegn.

● Nýtt hvítkál er tilvalið á grillið. Skerið í báta þannig að rótin haldi sér. Penslið með olíu, saltið og grillið á öllum hliðum þannig að brúnist, færið á lægri hita og klárið eldunina þar. Kreistið sítrónusafa yfir áður en kálið er borið fram.

● Nýtt smælki, eldað í bakka á grillinu.

● Rauðlaukur, eldið laukinn heilan í hýðinu á grillinu þar til er mjúkur. Skrælið áður en þið berið fram.

## KROSSGÁTA




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




www.bbl.is

## HUGARÍÞRÓTTIR

# Svíinn og þingeyski bóndinn

Ég hitti þingeyskan bónda fyrir skemmstu, roskinn spilamann sem fylgist töluvert með bridds á netinu þótt hann sé að mestu hættur að spila sjálfur. Hann er af gamla skólanum er kemur að sagnstíl og vill að allir eigi fyrir sínu þegar meldað er á spilin.



Björn Þorláksson.

„Þessar meldingar sem nú eru í tísku eru orðnar eitt helvítis rugl og havarí,“ sagði sá gamli. „Vita menn ekki að hugaríþrótt eins og bridds er íþrótt rólyndis og íhugunar?“ bætti hann við. „Þeir sem þykjast bestir í heimi eru farnir að þynna svo voðalega út allar hendur, að það er opnað á drasli og svo þykjast þeir oft eiga langliti sem þeir eiga alls ekki og enginn veit neitt lengur hvað er að gerast við borðið!“ sagði bóndinn.

Þegar ég fylgdist með viðureign Svía og Íslendinga á Evrópumótinu í Riga fyrir skemmstu varð mér hugsað til þessara orða. Var kannski allt betra í ganla daga?

Hvert sem svarið er við þeirri spurningu hefði bóndanum sennilega ekki þótt mikið varið í Svíann Nystrom sem hindraði á fjórum spöðum með tíuna sjöundu í fyrstu hendi á jöfnum hættum á meðan fulltrúi Íslands lét 3 spaða duga. Þar sem opnað var á fjórum sat Stefán Jóhannsson í suður og meldaði blessunarlega 5 hjörtu, 100 út en á hinu borðinu varð lokasamningurinn 4 hjörtu í suður.

Íslendingarnir voru heppnir að gefa aðeins út tvo impa í spilinu, því eins og glöggir lesendur Bændablaðsins hafa uppgötvað hriktir ekki í fjórum spöðum.

„Þeir eru oft heppnir, þessir Svíar,“ myndi þingeyski bóndinn kannski segja ...

**Norður**
♠ AJ6
♥ 762
♦ 932
♣ J652

**Vestur**
♠ 10985432
♥ 9
♦ AK54
♣ Q

**Austur**
♠ K7
♥ A53
♦ Q76
♣ 109873

**Suður**
♠ Q
♥ KQJ1084
♦ J108
♣ AK4



**Landsliðsmennirnir í opnum flokki æfðu vel fyrir EM, jafnt andlega sem líkamlega eins og sjá má á strákunum okkar.** Mynd / BSÍ

*Umsjón: Björn Þorláksson,*
*bjornthorlaksson@gmail.com*

# Teflt utanhúss

Í gamla daga var helsta firmamót Taflfélags Reykjavíkur haldið utanhúss, yfirleitt á Lækjartorgi. Keppendur skelltu sér í stóra svuntu, þar sem nafn fyrirtækisins og merki þess var framan á svuntunni. Þetta er aðeins lágstemmdara í dag, þar sem menn smella smá nælu á sig, merkta fyrirtækinu. Í seinni tíð hefur stundum verið teflt á Lækjartorgi, en um tíma hélt Skákakademía Reykjavíkur viðburði þar í tengingu við 17. júní og menningarnótt, einnig á Vitatorgi. Maður hefði ætlað að mótum af þessu tagi myndi fjölga, en með hverju árinu eykst skjól í borgarlandinu með meiri gróðri.



Gauti Páll Jónsson.

Það getur þó verið snúið að skipuleggja mót sem þessi, því veðurguðirnir þurfa helst að samþykkja mótahaldið. Nú er Borgarskákmótið haldið í sjálfu Ráðhúsinu, í kringum afmæli borgarinnar, og hefur það tekist nokkuð vel. Stundum er einfaldlega tekin ákvörðun á staðnum, eins og í Viðey, hvort hægt sé að tefla að einhverju leyti úti. Teflt er í Viðeyjarstofu á hverju sumri, og ef veðrið er einstaklega gott, þá er borðum líka skellt á stéttina fyrir utan. Í fyrra var hins vegar teflt í mikilli þoku. Þess má geta að mótið í ár verður sunnudaginn 19. júlí næstkomandi, hægt er að lesa meira um það á taflfelag.is.

Taflfélag Reykjavíkur heldur þrjú skákmót yfir sumarið í góðu samstarfi við Reykjavíkurborg, ásamt Viðeyjar- og Borgarskákmótinu er einnig haldið mót á Árbæjarsafni. Það verður í ár þann 30. ágúst.



**Greinarhöfundur kannast hér við Jóhann Hjartarson, til vinstri. Frá útiskákmóti á Lækjartorgi, 1983. Lesendur þekkja kannski fleiri.** Mynd / Úr safni Taflfélags Reykjavíkur.

Ég minnist þess ekki að teflt hafi verið utanhúss í Árbænum heldur alltaf í Kornhúsinu svokallaða. Þó var á tímabili haldin lifandi útiskák á safninu þar sem menn klæddu sig upp sem taflmenn og léku listir sínar!

Einnig hélt Miðbæjarskák um nokkurra ára skeið skákmót á bökkum Laugardalslaugar sem vakti alltaf þónokkra athygli sundlaugargesta. Með þessum pistli vil ég hvetja uppátækjasama skákáhugamenn sem vilja halda skemmtileg sumarmót, að einfaldlega láta á það reyna. Sjálfur sótti ég sumarnámskeið Skákakademíunnar fyrir 15 árum eða svo, og reglulega voru haldin mót í kringum þessi námskeið, bæði innandyra og utan. Þetta er líka hin ágætasta leið að gera skákina sýnilega almenningi og miklu máli skiptir að hafa nokkur taflborð laus fyrir frjálsa taflmennsku, burt séð frá því móti sem er haldið!

Ef lesendur Bændablaðsins luma á áhugaverðum skákum geta þeir haft samband.

*Umsjón: Gauti Páll Jónsson,*
*gauti.pj@hotmail.com*



Erfinginn:

# Dagur Kári

**Nafn:** Dagur Kári Sigurðsson.

**Aldur:** 8 ára.

**Stjörnumerki:** Steingeit.

**Búseta:** Reykjavík.

**Skemmtilegast í skólanum:** Íþróttir og myndmennt.

**Áhugamál:** Leika við vini, teikna og tölvuleikir.

**Tómstundaiðkun:** Fimleikar.

**Uppáhaldsdýrið:** Hundur.

**Uppáhaldslitur:** Grænn.

**Uppáhaldsmatur:** Sushi.



**Uppáhaldslag:** Þemalagið úr Despicable me.

**Uppáhaldsmynd:** Despicable me 4.

**Fyrsta minningin:** Þegar mamma var að brjóta saman þvottinn og setti þvottastaflann óvart ofan á mig.

**Hvað ertu ánægð/ánægður með í fari þínu:** Að ég er góður vinur vina minna.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert:** Að fara í sleggjuna í tívolíi á Húsavík.

**Hver er fyndnastur sem þú þekkir:** Ég sjálfur.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór:** Hef ekki hugmynd.

**Áttu þér einhverja fyrirmynd?** Mamma mín.

**Viltu taka þátt? Hafðu samband. sigrunpeturs@bondi.is**

## SUDOKUÞRAUTIR

**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 2 | 6 | | | | | 1 |
| | | | | | | 7 | | 8 |
| | | 6 | 3 | 1 | 5 | | | |
| 6 | | 5 | 2 | 3 | | 8 | | |
| 1 | | 4 | | | | | 7 | 2 |
| | | | 7 | 5 | 1 | | 3 | |
| 8 | | | 1 | 6 | 7 | | 2 | |
| 2 | 1 | | 5 | | | | 4 | |
| | | 7 | | 2 | | 1 | 8 | 3 |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | | | | | | |
| | 4 | | | 9 | | | 1 | |
| 2 | 1 | | | | | | 7 | |
| | | 5 | | | | 7 | 9 | |
| | | | | | 3 | | 2 | |
| 7 | | | | 5 | | 8 | | |
| | | 9 | 8 | | | | | 5 |
| | | | 6 | 1 | | 3 | | |
| | | | 9 | 4 | | | | |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | | | | |
| 1 | 4 | | 9 | | | | 7 | 2 |
| | 2 | | | 3 | | | | |
| | 7 | | | | | | | |
| | | | 5 | | | 1 | | |
| 5 | | 6 | | 8 | | | | 9 |
| 8 | 1 | 4 | | | | 6 | | |
| | | | | | 4 | | | 3 |
| 9 | | | | | 5 | | | 8 |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 1 | 5 | | |
| 5 | | | | 3 | | | | 8 |
| | 3 | | 4 | | | | | |
| | | | 5 | 6 | | 8 | | |
| 2 | 9 | 4 | 8 | | | | | |
| | | 5 | | 7 | | | | |
| | | 3 | | | | | | |
| 9 | | | | | | | | 6 |
| | | | 6 | 8 | | | 4 | 7 |

**Setja skal inn tölur frá 1-9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

# Stjörnuspá

**Vatnsberinn** má búast við óvæntum tíðindum og ætti að grípa ný tækifæri því þau opna spennandi gáttir til framtíðar. Allt sem á hefur staðið gengur upp þegar traust er lagt á flæði lífsins og forvitninni fylgt út í daginn. Vatnsberanum er bent á að anda djúpt og stika vongóður áfram veginn. Happatölur 4, 17, 29.

**Fiskarnir** ættu að nýta næstu daga í að fara yfir gömul skjöl því þar gæti leynst áhugaverður flötur á fjármálunum. Mikil ólga er í loftinu varðandi peningamál og mega fiskarnir vera á varðbergi. Þeir eiga jafnframt von á nokkrum gróða ef þeir halda að sér höndum og eru með gott yfirlit, helst í allar áttir. Happatölur 8, 12, 33.

**Hrúturinn** ætti að gefa sér tíma til að sinna garðvinnu, helst berfættur því það veitir góða jarðtengingu. Eins og flestir vita er jarðtenging rót alls góðs og veitir oft kjark til að stíga skref sem nauðsynlega þarf. Hrúturinn mætti jafnvel tína jurtir í te, valhoppandi á milli blómanna til að slaka alveg á og ná þannig skýrri sýn á framtíðina. Happatölur 1, 19, 22.

**Nautið** ætti að skella sér í sund eða gufubað því líkaminn kallar á algjöra slökun og endurnýjun. Einhverjir mun rekast á gamlan skólafélaga sem heldur betur lýsti upp tilveruna hér áður fyrr og endurnýja gömul kynni. Aðgát skal þó höfð því illa getur farið ef farið er of geyst í „gömlu kynnin“. Happatölur 5, 14, 26.

**Tvíburarnir** ættu að huga að því hvernig mætti betur ná innri ró. Góður nætursvefn og almenn innri ró er dýrmætast öllu og með það í huga er tvíburanum ráðlagt að sleppa því ekki að fara í greiningu vegna athyglisbrests. Enda er það í tísku þessa dagana og fólk sefur víst betur ef það fær aðstoð við óróleikann innra með sér. Happatölur 3, 21, 30.

**Krabbinn** ætti að prófa að fara nýja leið heim úr vinnunni því hversdagsleikinn þarfnast smá tilbreytingar. Jafnvel hugsa stærra. Næstu vikur einkennast af góðu jafnvægi og snemmbúnum undirbúningi fyrir það sem koma skal, en krabbinn má, eins og áður var nefnt, flýta fyrir nýjum tímum með því að bregða út af vananum. Happatölur 7, 16, 25.

**Ljónið** ætti að nýta næstu vikur til að hreinsa til heima hjá sér, losa sig við allan óþarfa, ekki síst sem ekki er tengdur því neinum tilfinningaböndum. Þetta er ljóninu í raun bráðnauðsynlegt þessa dagana því slík hreinsun skapar rými fyrir nýja tíma og áframhaldandi jákvæðni í stað stöðnunar. Svo ekki sé talað um plássið sem myndast á heimilinu ... Happatölur 9, 18, 31.

**Meyjan** ætti að leyfa sér að sleppa öllum plönum og fara bara þangað sem hugurinn dregur hana hverju sinni. Hvort sem er út á land, utan landsteinanna eða innra með sér. Hún má eiga von á skemmtilegum tíma næstu vikur, jafnvel óvæntri gjöf eða glaðningi í pósti sem mun lýsa upp daginn. Happatölur 2, 11, 28.

**Vogin** ætti að skrifa niður drauma sína strax á morgun því þeir geyma áhugaverð skilaboð. Þessu merki mun vegna vel í sumar þegar kemur að öllum skyldum sem þarf að uppfylla en mætti aðeins aga sig betur. Vogin ætti að setja skyldur sínar í stundaskrá og njóta lífsins utan þess. Þá rætast margir draumar. Happatölur 6, 15, 24.

**Sporðdrekinn** þarf að fjárfesta í nýjum strigaskóm því nú er hreyfing ekki eitthvað sem má sleppa. Sporðdrekinn hefur verið allt of værukær og þarf að gera eitthvað í málunum ef hann ætlar ekki að missa öll tök á sjálfum sér. Hann ætti reyndar einnig að eyða tíma með sjálfum sér – eftir göngutúrinn, jafnvel leyfa sér að horfa á góða kvikmynd í einrúmi. Happatölur 13, 23, 35.

**Bogmaðurinn** sem sjaldnast hefur leyft sér að vera með hömlulausan vitleysisgang ætti að endurskoða þann hluta skynseminnar. Hann ætti ekki að vera undanskilinn þeirri ánægju í lífinu að upplifa svolítið óheflað frelsi þó það sé í raun svolítið á móti hans annars siðfáguðu lífsgæðum. Svolítil vitleysa er öllum holl og í raun eðlilegri en nokkuð annað. Happatölur 10, 20, 32.

**Steingeitin** ætti að sækja einhvers konar sýningu eða aðra sjónræna upplifun sem mun kveikja neista sem hún áður hafði gleymt. Í framhaldinu verður neistinn að báli. Til viðbótar ætti hún að fara í dagsferð og drekka kaffi með gömlum kunningja. Það á eftir að ylja, bæði innan og utan svo skín langar leiðir. Happatölur 11, 27, 34.

## Tíska:

# Sumarið er tíminn ...

**Falla bringuhár undir sumartískuna 2026? Þegar stórt er spurt.**

Gegnum árin hafa bringuhár þótt annaðhvort ákaflega móðins, eða alls ekki. Voðalega lítið þar á milli. Sumum þykir hreinlegast að vera hárlausir og leggja sig í líma við slíkt, þó það kalli á daglegan rakstur eða vikulega heimsókn á snyrtistofu – á meðan aðrir leyfa hárvextinum að spretta frjálslega, jafnvel þótt hann fari einnig fram á bakhluta líkamans.



Tom Selleck greip ekki endilega til rakvélarinnar enda eitt helsta kyntákn níunda áratugarins sem stundaði lítt takmarkaðan hárvöxt.



Söngvarinn Brett Michaels úr hljómsveitinni Poison ber augnblýantinn vel.

### Karlmennskan uppmáluð eða skortur á snyrtimennsku?

Ef tekið er örlítið yfirlit svona frá fornöld er vert að minnast þess að í Grikklandi og Róm til forna var hárlaus og vöðvastæltur líkami ímynd fullkomnunar. Jafnvel þó þeir hafi, samkvæmt rannsóknum þéttasta líkamshár Evrópubúa að jafnaði. Svo tók Viktoríutímabilið við þar sem skeggvöxtur var á undanhaldi og nær líklegt að bringuhár hafi fengið að spretta óhindrað. Á þessum tíma var mikill pempíuháttur í gangi, enda gengu karlmenn í mörgum lögum af fatnaði og báru þar á meðal bæði háa skyrtukraga og hálsklúta sem huldu líkamann alveg upp að höku. Nekt var ekki viðeigandi og meira að segja var sundfatnaður karlmanna samfestingur sem akkúrat huldi alla bringuna. Þó, á meðan líkamshárum væri best haldið prívat, þótti mikill skeggvöxtur merki karlmennsku og hreysti alla jafna. Til að mynda voru hermenn helst með mikið skegg – sem hefur reyndar mögulega verið liður í því að halda á sér hita. En – að öllu jöfnu þótti hermennska einnig afar karlmannleg þannig þetta hefur eitthvað haldist þarna í hendur.

Í upphafi síðustu aldar, eftir tímabil hinna hárprúðu varð óskapleg bylting þegar bandaríski kaupsýslumaðurinn King Camp Gillette setti rakvél á markaðinn. Merkið Gillette þekkja flestir enn í dag enda var þetta ein byltingarkenndasta uppfinning sem litið hefur dagsins ljós. Sundsamfestingar karlmanna voru þó enn við lýði þannig að bringuhárin hafa mögulega sloppið undan festulegum handtökum raksturs.

Nú, það var svo einhvern tíma milli 1930–1950 að sundfötin þróuðust heldur betur og í fyrsta sinn í nútímasögunni sýndu karlmenn berar bringurnar opinberlega og þótti smartast að bera náttúrulegan, en þó hóflegan, hárvöxt svona heilt yfir. Örlítil afturför varð svo á næsta áratug, þegar þótti smartast að hafa sléttrakað andlit, stuttklippt hár greitt til hliðar og vera alla jafna frekar íhaldssamur.

### Áttundi áratugurinn, gullöld bringuhársins

Sprengja varð svo á tímum hippaáranna þegar hárvöxtur fór fram úr öllu valdi og stefnan að vera taumlaus í sem flestu. Var taumleysið svokallaða þáttur í því frjálsræði sem hipparnir stóðu fyrir, að hlýða ekki endilega öllum þeim stífu reglum, boðum eða bönnum sem samfélagið stóð fyrir á þessum tíma, heldur leika lausum hala. Hipparnir voru mikið með alls konar slagorð, flestir þekkja „Make love, not war“ t.d., en einnig má nefna „Wild hair, free spirit“, og svo „The bigger the mane, the smaller the chain“, sem var þá bein vísun í að því óheftari sem maður væri, því lengra væri maður kominn frá íhaldsseggjum áranna á undan.

Loðnara tímabil hefur ekki enn farið fram hjá nútímamanninum – en við tóku hárlausar hetjur níunda áratugarins í formi glysrokkara. Þeir sem þekkja til vita þó að í rauninni skiptist þessi áratugur í tvennt þar sem annars vegar hélt hefðbundið bringuhár velli með Hollywood-stjörnum á borð við Tom Selleck, en hins vegar boðuðu hljómsveitir á borð við Mötley Crüe og Poison alveg nýja stefnu.

### Alvöru karlmenn nota augnblýant

Þar þóttu hárlausar, vel olíubornar bringur, mögulega með glimmeri hæstmóðins, farði og sítt hátt mikil prýði. Það verður þó að segjast að þetta er líklega kynþokkafyllsta tímabil sögunnar ef vel er að gáð, því alvöru karlmenn eiga að geta gengið með augnblýant.

Þetta fór eitthvað fram hjá þeim sem hæst bar á næstu áratugi. Tískan hélt áfram á kynlausri vegferð sinni, en nú varð til hugtakið „metrósexúal“, sem átti við um gagnkynhneigðan karlmann sem leggur ríka áherslu á útlit sitt með bæði snyrtimennsku og einfalda, hlutlausa tísku í fyrirrúmi. Sléttir hárlausir líkamar, óspennandi fatnaður og stuttar herraklippingar einkenndu þennan tíma – alveg öfugt við fyrirrennara sinn, hárlausu, kynlausu tískuna og augnblýantinn sem glysrokkið bar svo vel.

Í dag hafa viðhorfin breyst á ný. Þótt margir haldi fast í snyrtimennskuna, þá er náttúrulegt brjósthár komið aftur í tísku. Karlmenn sleppa í auknum mæli sársaukafullu vaxi og fagna náttúrulegum hárvexti sem merki um sjálfstraust – sem er frábært, því ekki má fréttast að þeir hafi látið bugast í vaxmeðferð. Þetta er allt gott og blessað, en annars mætti íhuga hvort ekki sé rétt að fjárfesta í augnblýanti fyrir sumarfríið og prófa að nota í laumi. Það er örugglega kominn tími til þess, ef miðað er við endalausa hringrás tískunnar. Ef einhver efast er rétt að minna á Egypta í fornöld sem svertu augnlínu sína, meðlimi Poison og já, nú er kominn tími til að bretta upp ermar og æfa sig í að dekkja augnlínuna. Jafnvel bara með ljósgráum. */sp*




# Vísnagáta

Skána talsvert við stopp og stag
stundum er ég kölluð tík
texti sunginn við sálmalag
sögð er ganga í Reykjavík.

Lausnin er eitt nafnorð með fjórar mismunandi merkingar. Lausnin verður birt á vef Bændablaðsins, www.bbl.is, mánudaginn 13. júlí. Lausnarorð síðustu gátu var **hraun.**

**Umsjón: Guðbjörn Sigurmundsson
Gudbjorn.Sigurmundsson@mk.is**

# Smáauglýsingar

**Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni:** www.bbl.is/smaauglysingar

**Verð:** Textaauglýsing kr. 3.200 m/vsk (innan við 140 slög) og kr. 7.500 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is

**Jesús sagði:**
„Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar."
*Matt. 28.20*
biblian.is



GÁMASLISKJURNAR KOMNAR, GOTT VERÐ.
VÍR OG LYKKJUR EHF
772-3200



Infrarauður klefi, 150x120x200 sm. (BxDxH)
Er með halogenljósum, bæði að utan og innan ásamt útvarpi m/blátannartengingu, m/fjarstýringu, kolefnahitaplötum og hreinsibúnaði.
Viður er þöll (hemlock).
Klefinn er mjög auðveldur í samsetningu.
Orkunotkun er 2.100w.
**Verð aðeins kr. 260.000**

**GODDI.IS Auðbrekku19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550**

# Lok
## á heita potta



**Fjórar stærðir af lokum á lager, m/rúnuðum hornum, 10 cm svuntu, fjórum festingum, og þrem styrktarbitum. Þykkt 12 cm. Verð kr. 85.000 Til í tveim litum.**



**GODDI.IS Auðbrekku19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550**

# Heitir Pottar



**Sex manna heitir pottar með einn legubekk og fimm sætum.**

**Fjöldi vatns- og loft nuddstúta. Ljós inni í pottum og að utan og með wifi tengingu.**
**Lok, trappa og sía fylgir.**

**Verð kr. 850.000**

**GODDI.IS Auðbrekku19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550**

www.velaval.is - Alltaf opið
VÉLAVAL
- Sendum um land allt -




# Hársnyrtistofan Topphár
**Dverghöfða 27, 110 Reykjavík**
**Bændur og búalið og allir hinir hjartanlega velkomin**
**Opið 8-17 virkar daga og 10-16 á laugardögum**
**Engar tímapantanir bara mæta!**



Border Collie rakki til sölu. Fæddur 12 apríl. Efni í góðan félaga og vinnuhund. Er rólegur og yfirvegaður. Uppl. í s. 865-7001.




Bændur og búalið ath. Plast í fjárhús, hesthús, fjós og girðingar. Dren- og básamottur, jarðvegsgrindur. Gúmmíhellur, útileiktæki, járnrimlagirðingar, gervigras o.fl. Heildarlausnir á leik og íþróttasvæðum. Jóhann Helgi & Co jh@johannhelgi.is s. 565-1048.






Ný kerrusending. Kerra, skjólborð úr áli lengd 2,10 x breidd 1,10 m. Heildarburðargeta 750 kg. 13"dekk. Létt og skemmtileg. Flott í garðvinnuna. Verð kr. 219.000 m/vsk. Ýmsar aðrar kerrur. Brimco ehf. Desjamýri 14, Mosó s. 894-5111.

Hraunkimi 7, 52 fm danskur gæðabústaður + eignarland (2.500 fm) í fallegri sumarh. byggð að Kolsstöðum 2 (Hvítársíðu, Borgarf.) til sölu. Þarfnast nokkurs viðhalds á þaki og verönd. Er án að- og fráveitna. Verð kr. 8.900.000 eða tilboð. Guðrún s. 692-0267 / eirvik@gmail.com



Til sölu Korando Ultimate, 4x4, bensín, árgerð 2021, sjálfskiptur. Verð kr. 4.600.000. - notadir.benni.is - s. 590-2035.



Til sölu tvö snyrtileg 11 fm hús. Mál eru 496x240 ca. Húsin eru staðsett rétt fyrir utan Selfoss og eru tilbúin til afhendingar. Húsin fara á kr. 3.500.000 stykkið eða 6.000.000 saman. Hafið samband í skilaboðum ef áhugi er fyrir húsunum. Sendið skilaboð á netfangið: hafthormag@gmail.com

# Harðskafi



**Vélsópur 870 EL hleðslu**
Kr 295.000 án vsk

**Beltabörur bensín**
Kr 545.000 án vsk

**Vélbörur 4x4 bensín**
Kr 335.000 án vsk

**Kurlari 120 15HP EL**
Kr 565.000 án vsk
**Kurlari 80 6,5HP EL**
Kr 195.000 án vsk

**Vélsópur euro 150cm**
Kr 560.000 án vsk

**Premium Sláttuvél PTO 220**
Kr 725.000 án vsk
Stærðir 200cm – 500cm

**Flórskafa hleðslu**
Kr 595.000 án vsk

**Kurlari 250 PTO RPM1000**
Kr 1.190.000 án vsk

**Hnífatætari PTO 150cm**
Kr 365.000 án vsk

**Sláttuvél f. fjórhól 120cm**
Kr 365.000 án vsk

**Sláttuvél PTO 175cm**
Kr 295.000 án vsk

**Hrífa tvöföld 230cm**
Kr 100.000 án vsk

**NÓG TIL OG MEIRA FRAMMI**

**Upptökuvél**
Kr 475.000 án vsk

30% afsláttur
**Tindaherfi ATV 200cm**
Kr 175.000 án vsk

**Gras- og laufsafnari**
Kr 85.000 án vsk

**Dreifari 26ltr**
Kr 60.000 án vsk

**Viðarkljúfur 230V**
Kr 155.000 án vsk

**Sturtuvagn 2ja tonna**
Kr 520.000 án vsk

25% afsláttur
**Brettatjakkur 2,5T**
Kr 55.000 án vsk

**Rafbörur 500kg**
Kr 445.000 án vsk

**Skógarkló 500kg**
Kr 148.000 án vsk

**Dráttarkúla cat1**
Kr 58.000 án vsk

**Forsölutilboð hafið á snjóblásurum**

25% afsláttur 1 stk
**Avenger 26 HST 4x4**
Kr 2.190.000 án vsk

30% afsláttur 1 stk
**Rúllubindivél Mini**
Kr 875.000 án vsk

15% afsláttur
**Kassi á þrítengi**
Kr 145.000 án vsk

30% afsláttur
**Hreyfiplógur**
Kr 135.000 án vsk

Nýtt blað   *www.hardskafi.is*   *sala@hardskafi.is*   *Sími 555 6520*   *Júlí 2026*



**Samaz KDF 341 S.**
Árgerð 2018. Tekin í notkun 2020.
Yfirfarin af Vélfang
og tilbúin til notkunar.
**TILBOÐ kr. 1.400.000 +vsk.**



**Kuhn GA 8731 +**
Miðjumúgavél. Árgerð 2025.
Vinnslubreidd 7,7-8,6 m.
Vél tilbúin til notkunar.
Verð kr. 5.100.000 +vsk.



**Kuhn GMD 3525F-FF**
Framsláttuvél. Árgerð 2024.
Vinnslubreidd 3,5m.
Notuð 2 sumur. Alltaf geymd inni.
Verð kr. 2.750.000 +vsk.



**Kuhn GMD 310F.**
Árgerð 2023. Vinnslubreidd 3,1m.
Ónotuð eftirársvél.
**TILBOÐ kr. 1.690.000+vsk**



**Claas Rollant 455 Uniwrap.**
Árgerð 2012.
Notuð um 18.000 rúllur.
Alltaf geymd inni.
Verð kr. 4.500.000 +vsk.



**Lely Lotus heytætla.**
Árgerð 2012. Vinnslubreidd 6m.
Yfirfarin og smurð hjá Vélfangi.
Verð kr. 650.000+vsk



**Claas Volto 900T.**
Árgerð 2025. Vinnslubreidd 8,7m.
Vél tilbúin til notkunar.
Verð kr. 3.100.00 0+vsk.

VÉLFANG

**www.velfang.is**
**velfang@velfang.is**
**Gylfaflöt 32, Reykjavík**
**Óseyri 8, Akureyri**
**Sími: 580-8200**



## Þessi er til sölu !

BÍLASALA GUÐFINNS

**Auk þess tíu tonna aftanívagn.**
**Selst helst saman.**
**Upplýsingar í s. 562-1055 og 892-0655**



Fisléttu fjárgrindurnar. Krækt saman án aukahluta. Breidd 180 cm x 90 cm. Verð frá kr. 11.900 til 13.900 +vsk. S. 669-1336 og 899-1776. Aurasel.




Hleðslustöð 12v. 2,5 kw. 230v. hleðsla 100a frá neti. Sólarselluhleðsla 30-400v. 3.000w. Verð kr. 89.900 orkubondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík s. 888-1185.



Canam 650 6x6 árgerð 2025 (maí) ek. 2.500 km. Smurt hjá Ellingsen í byrjun júní. Vel útlítandi og óslitið hjól. Verð kr. 3.190.000 m/vsk. S. 680-0444.




Sökkulkerfi undir allar tegundir húsa. Stuttur afhendingartími. Íslensk framleiðsla. Einfalt, fljótlegt og ódýrt. Heyrðu í okkur og saman finnum við bestu lausnina fyrir þig. Polynorth@polynorth.is




Sennilega sterkustu vélarkerrurnar á markaðnum. Eigum eftirfarandi stærðir á lager: 300 × 150, 300 × 180, 400 × 180 og 480 × 180 cm. Verð frá kr. 1.050.000 +vsk. Nánari upplýsingar á bergvagnar.is eða í s. 897-6871.



Til sölu '08 Mercedes Benz Actros 2651, ekinn 441.000 km. V8, sjálfskiptur, retarder, fjaðrir framan, loft púðar aftan. Verð kr. 4.900.000 +vsk. Uppl í s. 898-4414.



Til sölu 3 stk. 40 ft háir gámar, nýir. Skoða ýmis skipti á fjórhjóli, bátum öðrum tækjum eða upp í sumarhúsaland, er í Keflavík. Verð pr stykki, kr 700.000 +vsk. Haukur s. 891-9131.




Trússkerrur! Eigum fjórar mismunandi tegundir/stærðir á lager, verð frá kr. 548.500 +vsk. og kr. 680.000 m/ vsk. Upplýsingar á bergvagnar.is eða í s. 897-6871.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Desjamýri 14, Mosf. s. 894-5111 Opið 13-16.30 www.brimco.is



Til sölu Scania 2005 124c - 420 ekinn 518.000 með víbring í palli, smurkerfi, góð dekk og nýskoðaður. Verð kr. 3.000.000 +vsk. Er á Hvanneyri. Uppl í s. 899-6159.



Hlið til sölu. Notað akstursHlið og tvöfalt gönguhlið úr steypujárni. Hentar fyrir innkeyrslur og sumarbústaði. Stærðir eru: 2,48 m og 2x0,85 m. Upplýsingar í s. 892-3252.



Ný kerrusending. Kerra, skjólborð úr áli, 35 cm há, skúffan lengd 2,50 x breidd 1,40 m. Heildarburðargeta 750 kg. 13"dekk. Opnanleg að framan og aftan. Flott fyrir fagmanninn, fjórhjólið eða vélsleðann. Ýmsar aðrar kerrur eins eða tveggja öxla. Brimco ehf. Desjamýri 14, Mosó s. 894-5111.




Sporthýsi hentar hjólafólki og öðru útivistarfólki, með flutnings- og gistingarlausn í einu. Eigum tvær stærðir á lager 3,2 og 3,6 metrar. Upplýsingar á bergvagnar.is eða í s. 897-6871.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



Slöngubátar fyrir alhliða veiði. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Solis 50Hp árg. 2024 - notkun aðeins 250 klst. 4x4 - Vendigír - Ámoksturstæki með skóflu. Hægt að velja um dekk. Ef á golfvallardekkjum er verð kr. 5.850.000 +vsk. Ef á dráttarvéladekkjum er verð kr. 5.450.000 +vsk. Upplýsingar í s. 778-3638.



Gróðurhús fyrir matjurtarækt, liggjandi yfir beði eða standandi. Dúkurinn er úr ljósgrænu pe. plasti með styrkingarþræði og sterkum rennilásum. Eigum einnig mjög falleg fuglahús til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is / hak@hak.is



Til sölu Mercedes Benz GLK 220 CDI 4matic, dísel, árgerð 2012, sjálfskiptur, ekinn 191.000 km. Verð kr. 1.890.000. – notadir.benni.is – s. 590-2035.



FK Machinery Rúllugreip með keflum og spjótum. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 209.000 +vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Faðmgreip - Rúllugreip fyrir endastöflun frá FK Machinery. Ásoðnar Eurofestingar og slöngur fylgja. Verð kr. 199.000 +vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Stórbaggagreip FK Machinery. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 280.000 +vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Til sölu. Nissan terrano árgerð 2000, keyrður 209.345 km. Fylgir umgangur með og er endurnýjað pústkerfið. Ekkert ryð komið. Verð kr. 650.000. Nánari upplýsingar í s. 698-5554 Andri Páll.



Til sölu vélavagn, 40t. Þarfnast lagfæringar. Verð tilboð. Upplýsingar í s. 893-6975.



Til sölu malarvagn, Muller HRM 78-TH Thermo, árg. 2015. Skoðaður 27. Góður vagn, verð kr. 3.000.000 +vsk. Upplýsingar í s. 893-6975.



27 mx2 + 10mx2 svefnloft, gestahús/ sumarhús til sölu. Staðsett á Þórshöfn. Auðvelt í flutningi. Verð kr. 7.200.000. Frekari uppl. Björn í s. 762-6873.



Brettagafflar með vökvafærslu. Burður 2,5 tonn. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 225.000 +vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.




Microlift
material handling solution

ETNA EHF.

*Krókhálsi 1 • S. 698 1539 • etna@etna.is*

**Brettatjakkar og staflarar með lithium rafhlöðum.**
**Vönduð smíði - nýjasta tækni.**
**Microlift getur meira með búnaði, sem Microlift hefur einkaleyfi á og aðrir hafa ekki.**




# FULLBÚIN HEILSÁRSHÚS

**Stærðir: 15m², 18m², 27m², 36m², 42m² og 49m²**

Í BYKO færðu fullbúin heilsárshús í mörgum stærðum. Húsin koma fullkláruð að utan sem innan og koma þau með eldhúsi og baðherbergi (15 m² húsið kemur ekki með eldhúsi). Húsin fást í mismunandi stærðum og gerðum, en afhendast án húsgagna.



Man 26-403 árg. 1997. Ekinn 344.000 km. Krani Palfinger PK27000kg 5 í glussa 3 handdregin. Aukabúnaður - Stólgrind fest með laxalásum. Verð kr. 4.900.000 +vsk. S. 899-1035.



Álsliskjur fyrir brettatjakka á lager. Burðargeta 2 tonn. Lengdir: 100 cm eða 150 cm Breidd: 70 cm Hákonarson ehf. S. 892-4163 hak@hak.is www.hak.is



Sólarrafstöð 4.2 kw hleðslustöð, 4st. 600w sólarsellur 200 ampertíma lithium rafhlöður vírar og festingar. Verð kr. 582.500. Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík s. 888-1185.




Dísilmiðstöð 5kw 12,24 og 220v Verð kr. 58.900. Viðgerðaþjónusta. Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavik s. 888-1185.



Til sölu Plymouth árgerð 1942.Fallegur bíll, nýlega innfluttur frá Bandaríkjunum, þar sem hann var á bílasafni. Sjá myndir á vefsíðu blaðsins. Verð hugmynd kr. 4.800.000. Upplýsingar í s. 615-4335.



Lambheldu hliðgrindurnar. 420 x 110. Möskvar 10 x 15. Verð frá kr. 31.900 til 36.300 +vsk. Lamasett kr. 4.400 +vsk. S. 669-1336 og 899-1776, Aurasel.



Traktorsdrifnar/glussadrifnar vatnsdælur í mörgum stærðum á lager. Háþrýstar eða lágþrýstar. Slöngubúnaður, 3" , 4" með hraðkúplingum, 21 Bar. Flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Hákonarson ehf. S. 892-4163 hak@hak.is www.hak.is




Steinullarbíllinn. Blásum steinull í loft, hólf og gólf. Blástur þýðir minni kuldabrú. Minnkaðu hitatap, lækkaðu kyndikostnaðinn. Blásum í ný og einnig gömul hús, förum um allt land, erum við í s. 577-4444.



Geymslur. Komast nýju garðhúsgögnin ekki inn í gamla skúrinn ... eða er ekki lengur pláss fyrir bilinn í bílskúrinn? Framleiðum geymslur frá 7,5 fm og upp í 15 fm sem henta í garða. Geymslurnar eru sérsmíðaðar eftir þörfum kaupenda hvað varðar s.s. klæðningu, þakgerð, staðsetningu glugga, hurða o.s.frv, 13 cm veggþykkt og þakið venjulega hangir á án þess að það sé strappað í dauðans ofboði niður fyrir fyrstu haustlægð. 95 mm þéttull í hólf og gólf. Rakaþéttir tenglar og rofar, innfellt plexo. Tengingar fyrir inni og útiljós ásamt útitengli í skyggni ... Sérlega hentugt svo þú flækir þig ekki í framlengingarsnúrunni fyrir jólaseriuna. Afhendast samsettar á burðardregurum tilbúnar til niðursetningar í garðinn eða við sumarhúsið. Snilldar „dótakassar" til framlengingar á bílskúrnum Verð frá kr. 1.590.000 frekari uppl. og verðskrá í s. 899-0913 Fríða eða á reisum@simnet.is



# VIÐ ERUM ÖLL ÚR SÖMU SVEIT



**JCB 5CX PRO.**
Árgerð 2023. Notkun 860 klst.
Opnanleg skófla. 3 skóflur á bakkó.
Vökvahraðtengi.
Verð kr 14.500.000+vsk



**Valtra N114 E.**
Árgerð 2022.
Notkun 2410 klst.
Ámoksturstæki og skófla.
Verð kr. 10.500.000 +vsk.



**JCB 145W.**
Árgerð 2016. Notkun 12.900 klst.
1.600mm skófla fylgir.
Verð kr. 7.500.000+vsk.



**Claas Arion 460.**
Árgerð 2015. Notkun 7.500 klst.
Ámoksturtæki og skófla. Nýsmurð.
Verð kr. 7.600.000 +vsk.



**CASE 695SR-4PS.**
Árgerð 2006. Notkun 9430 klst.
Opnanleg skófla. 3 skóflur á bakkó.
Verð kr. 3.900.000+vsk



**Manitou MLT 625-75H.**
Árgerð 2021. Notkun 5.500 klst.
Snúningsgafflar.
Verð 6.700.000 +vsk



**Schäffer 23e Rafmagn.**
Árgerð 2022. Notkun 1500 klst.
Euro rammi. Taðgreip 120cm fylgir.
Vél í góðu standi.
Verð kr. 7.000.000+vsk

VÉLFANG

**www.velfang.is**
**velfang@velfang.is**
**Gylfaflöt 32, Reykjavík**
**Óseyri 8, Akureyri**
**Sími: 580-8200**



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is




Einangraður aðstöðuvagn með salerni og eldhúskrók. Opnun að aftan gerir það einnig mögulegt að nota vagninn sem flutningsvagn. Fæst í 420, 470, 500, 550 og 600 cm lengdum. Verð frá kr. 2.855.000 +vsk. Eigum vagna á lager. Nánari upplýsingar á bergvagnar.is eða í s. 897-6871.



Sjálfsogandi neyðardælur (Trash) 2", 3", 4". Öflugur búnaður með mikla dælugetu, fyrir mjög óhreint vatn og einnig skolp, soghæð allt að 8 m. dæluhæð allt að 30 m. Þessar dælur henta mjög vel til að eiga sem neyðardælur ef von er á miklum vatnsveðrum með tilheyrandi flóðum í kjallara o.fl. Tilvalinn búnaður fyrir sveitarfélög, slökkvilið, hjálparsveitir, verktaka o.fl. Getum skaffað dælubarka á góðu verði. Vélarnar eru af gerðinni Honda með smurolíuöryggi. Framleiðandi: Koshin í Japan. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is, www.hak.is



Lítill snattari til sölu ZD D2S, 2021 árgerð. Tveggja manna. Keyrður 7.000 km. 200 km drægni á rafhlöðunni. Bluetooth tenging í útvarpi. Bakkmyndavél. Fæst á kr. 750.000. Skoða líka skipti. Nánari upplýsingar í s. 848-7996. Hægt að skoða í RVK.



Langir gámarampar, fyrir 10 tonn. Heitgalvaniserað stál. Heildarlengd: 2.400 mm. Lengd á láréttum fleti: 1500 mm. Lengd á hallandi fleti: 900 mm. Breidd: 2.200 mm. Passa fyrir venjulega vörugáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 Netfang: jhh@hak.is



Tvöföld vökvastýrð rúllugreip á þrítengisbeisli dráttarvéla. Tveir vökvastýrðir tjakkar. Slöngur fylgja. Verð kr. 438.000 +vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.




Gámatjakkar – nýjung á Íslandi! Nú þarftu ekki lengur að hringja á kranabíl til að flytja gáminn. Verð kr. 99.000 +vsk. pr. stykki. Nánari upplýsingar á bergvagnar.is eða í s. 897-6871.



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager- 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól úr kopar og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Sólarrafstöð 12v í 220v 2.5kw með 200ah rafgeymi og st 610w sólarsellum. Hægt að tengja neti eða rafstöð. Verð kr. 241.000. Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík S. 888-1185.



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163 hak@hak.is



Gólfhiti, gólffræsing fyrir 16 mm.rör. Ryklaus gólfhitafræsing, verð á fermetra frá kr. 4.500 +vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Tilboð og upplýsingar á https://www.golffraesing.is s. 892-0808 - Oliver.



Til sölu Mitsubishi Outlander, 4x4, bensín/rafmagn, árgerð 2026, sjálfskiptur, ekinn 4.000 km. Verð kr. 9.790.000. – notadir.benni.is – s. 590-2035.

HATZ DIESEL

Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dísilvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í S. 527-2600.



Sliskjur úr áli, fyrir lyftara og brettatjakka. Fyrir lyftara: L 100 cm og 150 cm x B 42 cm par. Burðargeta á par: 7.200 kg. Fyrir brettatjakka: L 100 cm og 150 cm. x B 70 cm. 1 stk. Burðargeta: 2.000 kg. Hákonarson ehf. s. 892-4163. netfang: hak@hak.is www.hak.is



Básamottur. Drenmottur. Gúmmíhellur. Plastgirðingarstaurar. Plastprófílar í fjárhús, fjós og hesthús. Jarðvegsgrindur fyrir plön, gerði og garða. Gervigras. Útileiktæki og heildarlausnir. jh@johannhelgi.is S. 565-1048.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Argo-Watt) Með AVR spennujafnara eða án hans. AVR tryggir örugga keyrslu á öllum rafbúnaði. Mjög mörg, stór kúabú eru með þennan búnað. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.




Með margfletavagninum geturðu verið með eitt fleti fyrir hvert verkefni – en aðeins eina kerru. Auðvelt er að leggja fletunum frá sér og skipta á milli þeirra eftir þörfum. Frábær lausn með endalausum möguleikum. Nánari upplýsingar á bergvagnar.is eða í s. 897-6871.



Gámarampar á lager. Heitgalfaniserað stál. Burðargeta 8.000 kg. Stærð 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163. www.hak.is




Midi fjölnota vagn. Er frábær vagn sem hentar vel fyrir flutninga, geymslu, fjórhjólið, sleðann eða útileguna. Fæst með rampi eða hlerum. Stærð 320x150x150 cm. 750 kg heildarþyngd og krefst ekki skráningar. Upplýsingar á bergvagnar.is eða í s. 897-6871.



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari: 680 kg.og 1500 kg. CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 / netfang- hak@hak.is




Einangraðir cargovagnar fáanlegir í 3,0 – 3,6 – 4,2 – 4,7 – 5,0 – 5,5 og 6,0 metra lengdum. Henta jafnt sem verkstæði, kaffistofa, flutningsvagn eða fyrir ótal önnur verkefni – möguleikarnir eru nánast endalausir. Eigum allar stærðir á lager. Verð frá kr. 1.835.000 +vsk. Nánari upplýsingar á bergvagnar.is eða í s. 897-6871.




Kornvalsar frá SIPMA í Póllandi. https://www.sipma.pl/produkt/zgniatacze-ziarna/ Frábærir valsar í mörgum útfærslum. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, netfang hak@hak.is




Gámafleti! Sparaðu þér flutning á gámnum. Fletið hentar einnig vel sem klassískur flatvagn fyrir flutning á timburbúntum eða öðru efni. Upplýsingar á bergvagnar.is eða í s. 897-6871.


TENTBOX®
PASSAR Á FLEST ÖKUTÆKI
POULSEN
Líttu við hjá okkur í Poulsen, Skeifunni 2
eða á www.poulsen.is


MODULA
CASE SYSTEM
FARANGURSBOX
Ítölsk hágæða farangursbox í mörgum stærðum og gerðum






Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól o.fl. Lengdir- 1,6 m, 2 m, 2,1 m, 2,5 m-3 m, 3,5 m, 4 m, 4,5 m, 5m. Burður fyrir par 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163. www.hak.is



Brettagafflar með handfærslu. Burður 2,5 tonn. Ásoðnar Eurofestingar. Verð kr. 160.000 +vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Sólarrafstöð 5,5 kw 220v með hleðslustöð og 5 st 600w sólarsellum og 100 ampertíma 48v rafhlöðu. Verð kr. 731.400. Orkubóndinn.is, Tanavogi 3, 104 Reykjavæik. S. 888-1185.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt 1,3–4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Nýr Kempf 2ja öxla malarvagn. Til afhendingar strax. Hardox 450 - 8 mm botn og 5 mm hliðar. Alcoa Durabright felgur, skúffa og grind (tvöföld grind) heitsprautuzinkað, 6 þrepa sturtutjakkur sem gefur um 53 gr. halla. Eigum einnig kraftmikla 24V víbratora fyrir vagna og vörubíla. Eigum von á einangruðum malbiksvögnum. Th. Adolfsson ehf. S. 898-3612 thadolfs@gmail.com



Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is




Hótelið og tjaldstæðið að Bjarkalundi í Reykhólasveit hefur verið opnað eftir endurbætur og lokun í nokkur ár. Verðum með opið allt árið.

Bókanir á www.booking.com og í síma 562-1900.

## Atvinna

Reglusöm ellikerling óskar eftir hlutastarfi, t.d. í garðyrkju eða einhverju utandyra með fólki. Er með fjölbreytta starfsreynslu; frá eldhús- og ritstörfum til fiskvinnu, uppeldis og aðhlynningar og ýmislegt þar á milli. Ekki dauð úr öllum æðum og vill taka þátt í samfélaginu. Fyrirspurnir óskast sendar á netfangið: joninaos@googlemail.com

Vanur handyman/húsvörður verktaki óskar eftir starfi. Getur verið laus fljótlega. Uppl. hifingur@gmail.com s. 767-3154.

## Einkamál

Hæ, vildi láta alla vita að nokkur laga minna eru komin á Spotify og YouTube. Sigurlaugur Oddur Jónsson.

Fjárfestingartækifæri. Leitað er að öflugum fjárfesti og samstarfsaðila sem hefur áhuga á að taka þátt í spennandi uppbyggingarverkefni á stórri jörð með verulega þróunarmöguleika. Fyrirhugað er að skipta jörðinni upp í smærri einingar og þróa fjölbreytta starfsemi, þar á meðal landbúnað, smábýli, ferðaþjónustu og sumarhúsabyggð. Áhugasamir eru beðnir um að hafa samband á netfanginu: uppbyggingarverkefni@gmail.com fyrir frekari upplýsingar.

Myndarlegur, handlaginn fjárhagslega sjálfstæður pípari og annálaður hestamaður, staðsettur á Suðurlandi, óskar eftir að kaupa „heyrúllur" s. 893-9110.

## Óska eftir

Kaupi vínylplötur, CD diska, frímerki, gömul póstkort, mynt og seðla. Safna alls kyns tónlistarefni. Óli, s. 784-2410.

Óska eftir Honda XL , XR 1979-80. Er að gera upp slíkt og vantar eitt og annað. Ólafur s. 849-3166/ olafursveinsson21@gmail.com

Kaupi vínylplötur og CD diska, staðgreiði stór söfn. Einnig sum hljómtæki. Ingvar s. 865-1709 og myrkinn@hotmail.com

Við kaupum gamla Toyota Land Cruser 120 og Hilux sem eru komnir á líknardeildina eða við það að fara þangað, hugsanlega munum við ná að lækna þá og eða jafnvel endurlífga. Sækjum sjúklinga hvert á land sem er. Upplýsingar um bílnúmer og símanúmer má senda á vignir62@gmail og í s. 897-0999.

Skóflu fyrir gömul trimatæki ,1.020 og lítið gröfubakkó. S. 865-3739.

## Til sölu

Heimaræktaðar ódýrar trjáplöntur til sölu. Birki, ilmreynir, skrautreynir, loðvíðir, rifsber, sólber, einnig ýmsir runnar og kvistir. Er í Reykjavík. S. 857-7363.Til sölu Dasia Journey 2025 módel, ekinn 7.500 km. Bíllinn er frá BI í desember 2025, dökkgrár og eins og nýr, sjálfskiptur (mjög háfættur en ekki 4x4). Gullmoli á góðu verði kr. 7.000.000 hjá BI (nýr kostar kr. 8.690.000) Nánari upplýsingar í s. 862-2158 (engin skipti).

Til sölu Dasia Journey 2025 módel, ekinn 7.500 km. Bíllinn er frá BI í desember 2025, dökk grár og eins og nýr, sjálfskiptur (mjög háfættur en ekki 4x4). Gullmoli á góðu verði kr. 7.000.000 hjá BI (nýr kostar kr. 8.690.000) Nánari upplýsingar í s. 862-2158 (engin skipti).

Til sölu notaðar trésmíðavélar í góðu lagi á gjafaverði, ásamt öðrum verkfærum. Ýmsir bónusar í boði fyrir áhugasama Upplýsingar í s. 896-9365.

Pallaefni. Til sölu um 60 fm notað pallaefni, bankirai harðviður, 21x145. Mestmegnis í lengd 4,5–5,m. Upplýsingar í s. 892-3252.

Til sölu M.F. 165. Þarnast lagfæringar verð kr. 200.000. Nalli B275, árg. 1960, bilaður, verð kr. 100.000. W 4 árg. 1944, gangfær, verð kr. 400.000. Farmal Cub árg. 1953, gangfær, verð kr. 400.000. Innblásari fyrir þurhey, verð kr. 25.000. Kartöfluflokkunarvél, verð kr. 15.000. Lóðavigt með palli, verð kr. 15.000. Uppl. s. 894-0283.



**Þessi sérsmíðaði bar er til sölu. Breidd 180cm. Verð kr. 140.900. Upplýsingar í s. 866-3855**




Kvenna athvarf

Opið allan sólarhringinn s. 561 1205. Húsaskjól og aðstoð fyrir konur sem búa við ofbeldi í nánu sambandi. Einnig er boðið upp á ráðgjafaviðtöl fyrir konur.

**Bændablaðið kemur næst út 13. ágúst**

Heimilisfriður

Meðferð fyrir gerendur heimilisofbeldis
Fáðu hjálp og breyttu lífi þínu og þinna
s. 555 3020 heimilisfridur@salfraedistofan.is
www.heimilisfridur.is

# Nei takk

## VIÐ AÐILDARVIÐRÆÐUM

NOKKRIR PUNKTAR

### Þjóðin klofin næstu ár

Nei takk í ágúst leggur málið til hliðar, en já þýðir að tekist verður á um framtíð Íslands af vaxandi þunga næstu misseri. Aðildarviðræður við ESB ættu ekki að vera á dagskrá nema aukinn meirihluti landsmanna hafi áhuga á aðild og meirihluti sé fyrir aðild á Alþingi.

### Kostnaður telst í milljörðum

Ríkisstjórnin áætlar að beinn kostnaður við aðildarviðræður muni nema tveimur milljörðum króna sem er líklega vanmat. Kostnaður sveitarfélaga, samtaka og fyrirtækja sem þurfa að leggja fram vinnu í aðildarferlinu hefur ekki verið metinn.

### Óljós ávinningur

Ísland hefur nú þegar aðgang að innri markaði ESB og yrði fyrsta landið í áratugi sem sækist eftir aðild án þess að hafa fjárhagslegan hag af því. Aðildargjöld myndu nema tugum milljarða árlega og ESB áformar verulegar hækkanir á þeim.

### Aukin óvissa

Aðildarferli væri skref í átt að gjörbreyttu umhverfi undirstöðuatvinnuvega landsins. Það gæti dregið úr fjárfestingu í landbúnaði, matvælaframleiðslu, fiskvinnslu og fleiri greinum.

### Biðstaða í utanríkismálum

Gerð fríverslunarsamninga er á forræði ESB og taki Ísland stefnuna inn fyrir tollmúra ESB er ólíklegt að erlend ríki vilji ræða fríverslun við Ísland.

### Röng forgangsröð

Aðildarviðræður kalla á mikla vinnu hjá ráðuneytum, ríkisstofnunum, sveitarfélögum, aðilum vinnumarkaðar og hagsmuna-samtökum. Þetta mun óhjákvæmilega bitna á brýnni verkefnum.

### Meirihluti vill ekki ESB

Meirihluti landsmanna vill ekki ganga í ESB. Minnihluti þingmanna styður aðild og einn af ríkisstjórnarflokkunum er andvígur aðild. Engin sátt um að hefja aðildarferlið

### Óljóst samningsumboð

Í aðildarviðræðunum sem hófust 2009 samþykkti Alþingi skýr markmið og línur sem ríkisstjórnin mátti ekki víkja frá í aðildarviðræðum. Ríkisstjórninni var einnig skylt að upplýsa Alþingi reglulega um gang viðræðna. Segi þjóðin já í ágúst er óljóst hvort þessir fyrirvarar halda.

### Samningur breytir ekki ESB

Aðildarsamningur breytir því ekki að stór og vaxandi hluti ríkisvalds flyst til ESB, áhrif Íslands í ESB yrðu hverfandi lítil, tollar ESB koma á 70% allra vörunúmera í stað aðeins 10% í dag. Ísland mun greiða með sér tugi milljarða árlega til ESB. Aðildarsamningur breytir því ekki að ESB hefur dregist aftur úr öðrum hagkerfum og að efnahagshorfur þar eru slæmar. Auk þess er ESB í stöðugri þróun í átt að aukinni miðstýringu og hervæðingu.

# Hentar alls ekki

### Ólíkar aðstæður

Hagkerfi Íslands byggir á auðlindum og landið er fjarri meginlandi Evrópu. Aðstæður okkar, tækifæri og áskoranir krefjast öðruvísi löggjafar og skjótari viðbragða en hægt er að búast við af embættismönnum í Brussel. Við þurfum að stýra okkar eigin málum. Regluverk og stjórnsýsla ESB er hvort tveggja of dýrt og viðamikið fyrir Ísland.

### Ólíkir hagsmunir

Áhrifaleysi Íslands er áhyggjuefni því hagsmunir okkar og ESB eru ólíkir. Ísland ræður yfir auðugum fiskimiðum, stórri efnahagslögsögu og hreinni orku. Allt er þetta af skornum skammti í ESB. Þjóðartekjur Íslands á íbúa eru tvöfalt hærri en meðaltalið í ESB. Reikna verður með að ESB taki hag heildarinnar fra yfir hagsmuni Íslands.

### Hervæðing

Bæði ummæli leiðtoga og viðhorfskannanir sýna vilja til að stofna sameiginlegan her í ESB. Stór og dýr átaksverkefni til að efla vígbúnað aðildarríkja og samstarf þeirra á þessu sviði eru í gangi.

### Efnahagsleg stöðnun

Hagvöxtur í ESB hefur verið helmingi hægari en í Bandaríkjunum og á Íslandi. Ástæðurnar eru margar, svo sem íþyngjandi regluverk, hátt orkuverð, skortur á nýsköpun og fyrirtækjaflótti.

### Tollar hækka

ESB er tollabandalag sem leggur tolla á um 70% af öllum innfluttum vörutegundum en Ísland á aðeins um 10% vörutegunda. Við aðild myndi tollur á kínverska rafbíla hækka úr 0% í allt að 45%. Tollur á föt úr 0% í 12% á skó í allt að 17%. Rafhjól úr 0% í 10-70%. ofl. mætti nefna. Kolefnistollar ESB falla á áburð, sement ofl. Verðlag innan ESB verður því almennt hærra en utan þess. Tekjur af tollum renna að 3/4 til ESB.

### Evran er vandamál

Hagkerfi Íslands er kraftmikið og sveiflukennt. Með krónu hefur hagkerfið jafnað sig hraðar eftir áföll. Með evru leiða áföll frekar til atvinnuleysis, gjaldþrota og búferlaflutninga í stað verðbólgu. Peningastefna sem tekur ekkert mið af aðstæðum okkar getur valdið miklu tjóni.

### Tugmilljarða framlög til ESB

Árlega myndi Ísland greiða ESB 0,7% af þjóðarframleiðslu, 0,3% af VSK- tekjum og 75% af innheimtum tollum. Samtals um 50 milljarða króna árlega. Við fengjum aðeins brot af því til baka því við stöndum mun betur en hin aðildarríkin. ESB hefur kynnt áform um að hækka þessi gjöld um meira en helming. Við þetta bætast framlög til átaksverkefna ESB, oft tugir milljarða árlega.

### Útganga bæði erfið og dýr

Útganga Breta úr ESB var bæði erfið og dýr sem staðfestir að inngangа í ESB er verður ekki auðveldlega aftur tekin. Auk þess eru engin ákvæði í reglum ESB um hvernig tryggja eigi örugga útgöngu fyrir þau ríki sem hafa tekið upp evru.

### Áhrifaleysi

Ísland yrði fámennasta ríki ESB og hefði minnst áhrif. Við ættum eitt sæti af 28 í leiðtogaráðinu, eitt af 28 sætum í ráðherraráðinu en aðeins 1/1000 af atkvæðavæginu. Ísland fengi sex þingmenn af 720 og mætti tilnefna fulltrúa í framkvæmdastjórn ESB en hann mætti ekki ganga erinda Íslands.


**Hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum**
heimssyn@heimssyn.is
Kennitala: 680602-5810
Banki: 101 -26-5810 **Frjáls framlög vel þegin**

Heimssýn

# AFLVÉLAR

*Nánar á aflvelar.is:*





































**GARÐABÆ | SELFOSSI | AKUREYRI | sími 480-0000 | www.aflvelar.is**